EIRDÍS HEIÐUR

*Spilaði tennis í sex tíma á dag í Kína*

• Heilsa

allt Í MIÐJU BLAÐSINS



BÖRN OG FORELDRAR

*Sögustundir styrkja tengslin*

Sérblað um börn

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU Í DAG




Hin árlega stórsýning á fasteignum á Spáni:

LÁTTU DRAUMINN RÆTAST 2007

Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

heimili FASTEIGNASALA

Síðumúla 13 - Sími 530-6500

www.heimili.is

gloria casa

Síðumúla 13 - Sími 517-5280

www.gloriacasa.is



# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

30. janúar 2007 — 29. tölublað — 7. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000


## ÞRIÐJUDAGUR



**Vefari af hugsjón**

Bandaríski myndlistarmaðurinn James Koehler heimsótti Ísland.

MENNING 30

**Hótel Glymur vinsælt**



Emma Thompson og fleiri Hollywood-stjörnur sækja í Hvalfjörð eftir friði og ró.

FÓLK 46

**Af hverju málþóf?**

„Mér fannst málþófið svokallaða gott hjá stjórnarandstöðunni og gef lítið fyrir hneykslan fjölmiðla og fréttamanna. Þetta var vont frumvarp og þetta verða vond lög," segir Valgerður Bjarnadóttir.

Í DAG 18



**Vinnum með góðri vörn**

Alfreð Gíslason er hæfilega bjartsýnn fyrir stórleikinn gegn Dönum í dag.

ÍÞRÓTTIR 38 & 40

## VEÐRIÐ Í DAG




**VINDASAMT -** Í dag verða yfirleitt vestan eða suðvestan 8-18 m/s, hvassast með ströndum. Rigning eða skúrir á landinu sunnan og vestanverðu, snjókoma eða slydda norðan til en skýjað með köflum austast. Hiti 0-6 stig.

VEÐUR 4

# Þrjú flutningaskip kyrrsett eftir skoðun í íslenskri höfn

**Siglingastofnun gerði athugasemd við 61 flutningaskip sem skoðað var í fyrra. Alls voru skipakomur flutningaskipa 1.600 talsins. Beina þarf flutningaskipum frá landinu að mati framkvæmdastjóra aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar sem segir glapræði að hleypa skipum upp í landsteina með stóran olíufarm.**

**ÖRYGGISMÁL** „Það er algjört glapræði að hleypa stórum flutningaskipum hér nánast upp í fjöru," segir Halldór Nellet, framkvæmdastjóri aðgerðasviðs Landhelgisgæslunnar, og að löngu sé orðið tímabært að setja sérstakar siglingaleiðir við landið. „Við höfum lagt til að stórum skipum og þeim sem hafa hættulegan farm sé beint ytri leiðina svokölluðu hér suðvestanlands, sem er djúpar áll á milli Fuglaskerja og Eldeyjarboða."

Í hafnarríkiseftirliti Siglingastofnunar á síðasta ári voru skoðuð 102 erlend kaupskip frá 32 löndum. Þrjú skip voru kyrrsett vegna ágalla við skoðun. Athugasemdir voru gerðar við 61 flutningaskip.

Hermann Guðjónsson siglingamálastjóri segir að skip séu kyrrsett í höfnum hérlendis á hverju ári. „Þá er það mikið að skipinu að það fær ekki að fara fyrr en búið er að gera nauðsynlegar lagfæringar. Skoðað er hvort skipið sé sjóklárt en ekki síður hvort skipið sé rétt mannað eða hvort skipstjórnarmenn séu með tilskilin réttindi." Hermann lítur svo á að mest hætta stafi af skipum sem eru að koma til hafnar á Íslandi í fyrsta skipti og menn þekkja ekki aðstæður. Hann tekur þó fram að það sé mjög sjaldan sem gerðar séu alvarlegar athugasemdir varðandi þau skip sem hingað koma.

Fjögur hundruð flutningaskip komu til hafnar hérlendis árið 2006 og vel á annað hundrað risaolíu- og gasflutningaskip sigldu um íslensku landhelgina á leið sinni frá olíuvinnslusvæðum í Múrmansk til Bandaríkjanna. Alls voru skipakomurnar um 1.600.

> „Það er ábyrgðarhluti að leyfa skipum með allt að 20.000 tonn af olíu innanborðs sigla hér reglulega upp við landsteinana.
>
> HALLDÓR NELLET
> LANDHELGISGÆSLUNNI

Inntur eftir því að þrjú skip voru kyrrsett í höfn hérlendis og athugasemdir voru gerðar við 61 skip til viðbótar, segir Halldór Nellet að Íslendingar eigi alveg eftir að koma þessum málum í viðunandi farveg og bendir á að í Noregi verði teknar í notkun reglur á þessu ári um að öll skip stærri en 5.000 tonn og olíuskip, þurfi að halda sig fjær landi en 30 mílur. „Það er ábyrgðarhluti að leyfa skipum með allt að 20.000 tonn af olíu innanborðs að sigla hér reglulega upp við landsteinana. Þau geta siglt hvar sem er og svo eru risaolíuskipin með margfalt þetta magn. Eins þarf að hafa í huga að flutningaskipin okkar, sem hingað koma til hafnar oft á ári, eru með mörg hundruð tonn af olíu innanborðs." - shá




**FUNDAÐI MEÐ STUÐNINGSMÖNNUM** Sverrir Hermannsson og Gréta Kristjánsdóttir eiginkona hans komu til fundar með Margréti og öðrum stuðningsmönnum hennar. „Maður getur ekki harmað þessa niðurstöðu eins og komið er fyrir flokknum undir stjórn þessara manna. Þeir munu aldrei ná neinum árangri þessir menn," sagði Sverrir eftir fundinn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Margrét Sverrisdóttir segir skilið við frjálslynda eftir fund með stuðningsfólki sínu:

# Ætlar að halda áfram í pólitík

**STJÓRNMÁL** Margrét Sverrisdóttir hefur ákveðið að segja skilið við Frjálslynda flokkinn. Þetta ákvað Margrét á fundi með sínu nánasta stuðningsfólki í gærkvöldi. Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður flokksins, segir leitt að hún hafi tekið þessa ákvörðun.

„Forysta Frjálslynda flokksins sneri baki við sínum dyggu flokksmönnum til margra ára," segir Margrét, sem segir forystuna hafa greitt leið Nýs afls inn í flokkinn. „Ég treysti mér alls ekki til að vinna með þeim mönnum sem þarna eru komnir til forystu."

Margrét segir að í ljósi vinnubragðanna sem viðhöfð voru á flokksþinginu um síðustu helgi hafi hún ekki talið sér fært að vinna innan vébanda flokksins lengur.

„Framtíð mín er algerlega óráðin eins og er, ég er ekki með neitt á prjónunum," segir Margrét, sem segist þó ekki hætt í pólitík. Hún beinir því til stuðningsmanna sinna að opna augun fyrir því hvað gerðist á flokksþinginu um helgina, en segist þó aðeins taka ákvarðanir fyrir sjálfa sig. Flokksmenn taki eigin ákvarðanir.

Margrét er varaborgarfulltrúi frjálslyndra, og borgarstjórnarflokkurinn hefur staðið að baki henni. Hún segir flokkinn hafa boðið fram undir merkjum Frjálslyndra og óháðra, og hún reikni með að starfa sem óháður borgarfulltrúi. Það geti aðrir gert líka.

„Þetta er svolítið leitt," sagði Guðjón Arnar Kristjánsson, formaður Frjálslynda flokksins, þegar blaðamaður bar honum tíðindin. Hann hafnar því algerlega að þingmenn flokksins og félagar í Nýju afli hafi markvisst unnið að því að bola Margréti úr flokknum. „Hún fer með rangt mál þegar hún segir þetta."

Sverrir Hermannsson, stofnandi Frjálslynda flokksins, segir að Margrét hafi ekki haft annað úrræði. Með þessari flokksforystu hafi hún ekki getað starfað. Aðspurður um nafn flokksins og merki, sem eru skráð á hann, segir Sverrir að hann hafi ekki tekið neina ákvörðun um framhaldið. - bj

Fimm ungmenni handtekin:

# Fylltu heimilisbílinn af þýfi

**LÖGREGLUMÁL Fimm ungmenni voru handtekin á Akureyri aðfaranótt mánudags og í gær, grunuð um innbrot og fjársvik. Þar af voru tveir piltar, fimmtán og átján ára, handteknir á bíl sem þeir höfðu stolið í Laugardalnum í Reykjavík. Piltarnir höfðu brotist inn í hús á meðan heimilisfólk svaf aðfaranótt sunnudags og haft á brott með sér heimabíókerfi og aðra muni. Þeir gerðu sér lítið fyrir og komu þýfinu fyrir í jeppa heimilisins og óku sem leið lá til Akureyrar. Á leiðinni keyptu þeir mat og greiddu með greiðslukorti úr veski sem þeir stálu úr húsinu.**

**Um hádegi í gær voru stúlka og tveir piltar handtekin þegar þau reyndu að senda þýfi til Reykjavíkur. Talið er að ungmennin tengist innbyrðis og hafa flest þeirra komist í kast við lögin áður.** - sþs

Vísitalan nái 7.000 stigum:

# Búist við góðum uppgjörum

**VIÐSKIPTI** Úrvalsvísitalan endaði í 7.000 stigum í Kauphöllinni í gær, en hafði farið hærra um stund í viðskiptum dagsins. Vísitalan hefur ekki áður farið hærra.

Líklegt má telja að vísitalan slái enn met í dag þar sem búist er við góðum niðurstöðum í uppgjörum banka í dag. Uppgjör Landsbanka Íslands fyrir helgi var hátt yfir væntingum, en í dag birta Kaupþing, Glitnir og Straumur-Burðarás Fjárfestingarbanki ársuppgjör sín.

Gróði þessara þriggja banka nemur 146,4 milljörðum króna á síðasta ári ef tekið er mið af meðalspám greiningardeilda banka hér á landi. - óká / sjá síðu 25




## SPURNING DAGSINS



*Aron Pálmi, hvernig líst þér á að vera bundinn við skólabekk næstu tíu árin?*

„Mér líst vel á það en ætli þau verði nú tíu, ég efast um það.“

Aron Pálmi Ágústsson hyggst hefja nám í Háskóla Íslands í haust. Aron Pálmi hefur verið í refsivist í Bandaríkjunum í tíu ár. Hann var dæmdur barn að aldri í Texas og hefur þurft að hlíta ströngum sérreglum á þeim tíma.

Sjálfsmorðsárás í ísraelskum ferðamannabæ:

# Ísraelar segja vopnahléi ógnað

**JERÚSALEM, AP** Tvítugur Palestínumaður, Mohammed Saksak frá Gaza-borg, sprengdi sjálfan sig í loft upp í gær og varð um leið þremur öðrum að bana í bakaríi í ferðamannabænum Eilat, sem er syðst í Ísrael.

Þetta er í fyrsta sinn í níu mánuði sem Palestínumaður gerir sjálfsmorðsárás í Ísrael. Aldrei fyrr hefur slík árás verið gerð í Eilat.

Ráðamenn í Ísrael fordæmdu árásina og segja hana stofna vopnahléi á Gaza-svæðinu í hættu.

„Það er greinilegt að öfgahópar gera allt sem þeir geta til að stöðva vopnahléð,“ sagði Amir Peretz varnarmálaráðherra, og kallaði saman yfirmenn öryggismála á neyðarfund til að ræða hver viðbrögðin ættu að vera.

Tveir herskáir hópar Palestínumanna, Heilagt stríð íslams og Al Aksa skæruliðasveitirnar, lýstu yfir ábyrgð sinni á árásinni.

Báðir hóparnir sögðu tilganginn með árásinni vera þann að binda enda á innbyrðis átök milli Hamas og Fatah, tveggja helstu hreyfinga Palestínumanna.

„Aðgerðin gefur andstæðum hópum Palestínumanna skýr skilaboð. Það er nauðsynlegt að hætta innbyrðis átökum og beina byssunum að hernáminu sem hefur skaðað palestínsku þjóðina,“ segir á vefsíðu Heilags stríðs íslams. **- gb**



**SPRENGJUÁRÁS Á BAKARÍ** Tveir hópar herskárra Palestínumanna hafa lýst ábyrgðinni á hendur sér. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Draugasögur á kínversku:

# Íslensku draugarnir í útrás

**MENNING** „Það er ekki spurning um að útrás íslensku drauganna gengur vel enda hljómar Djákninn á Myrká afskaplega vel á kínversku,“ segir Benedikt Gunnarsson, forstöðumaður Draugasetursins á Stokkseyri. Þar hefur verið brugðist við síaukinni fjölgun kínverskra ferðamanna með því að þýða draugasögur á kínversku. Benedikt segist vonast til þess að þetta muni verða öðrum til eftirbreytni þar sem afþreyingarefni fyrir þessa fjölmennu þjóð sé af skornum skammti hér á landi.

Sögurnar hafa verið þýddar á japönsku, rússnesku, þýsku, ensku, Norðurlandamál og frönsku. **- kdk**

Lögregla fann hass í bíl:

# Keyrði á mann og stakk af

**SLYS** Ekið var á gangandi vegfaranda á Frakkastíg í Reykjavík um fimm leytið í gær. Hann var fluttur á slysadeild Landspítalans en er að sögn fulltrúa lögreglunnar ekki alvarlega meiddur. .

Ökumaður bílsins stakk af eftir ákeyrsluna en annar vegfarandi sá bílnúmerið og skrifaði það niður. Lögregla hafði uppi á bílnum um hálftíma síðar og fór með ökumanninn ásamt farþega niður á lögreglustöð. 140 grömm af hassi fundust í fórum farþegans þegar leitað var á honum. **- sþs**



**UMRÆÐUR Á ÞINGI** Skýrsla um fátækt barna var til umræðu á þinginu í gær.

# Fátækt virðist mjög tímabundið ástand

**Tekist var á um aðferðafræði í umræðum um fátækt barna á Alþingi í gær. Forsætisráðherra segir stöðu Íslands með því besta sem gerist innan OECD en Helgi Hjörvar segir rétt að miða við Norðurlöndin og Ísland standa þeim að baki.**

**STJÓRNMÁL** Geir H. Haarde forsætisráðherra segir niðurstöður nýlegrar skýrslu um fátækt barna sýna að fátækt virðist mjög tímabundið hlutskipti hjá flestum og sé það staðfesting á hve Íslendingum virðist í blóð borið að bæta stöðu sína eftir því sem tíminn líður. Máli sínu til stuðnings benti hann á að athugun hefði leitt í ljós að þrír fjórðu þeirra fjölskyldna sem töldust fátækar árið 2000 voru það ekki lengur árið 2004.

Skýrsla sem unnin var fyrir forsætisráðherra að beiðni Helga Hjörvar Samfylkingunni og annarra, og var kynnt í desember, var til umræðu á Alþingi í gær.

Geir H. Haarde sagði að með aðferðafræði OECD til mælingar á fátækt – sem notuð var við skýrslugerðina – myndu alltaf einhverjir teljast fátækir. Mikil hækkun tekna og kaupmáttaraukning leiði til hærri fátæktarmarka. „Af því leiðir að ráðstöfunartekjur þeirra sem flokkast fátækir eru miklu hærri í dag en ráðstöfunartekjur þeirra sem töldust fátækir hér á landi fyrir tíu árum. Hins vegar helst hlutfallsleg fátækt nánast óbreytt hér á landi á þessu tímabili.“ Jafnframt sagði Geir það annmarka á aðferðafræðinni að mæla fátæktina á aðeins einum tímapunkti. Ábyrgðarmenn barna gætu verið nýkomnir inn á vinnumarkað eða hafa lent í tímabundnum áföllum. Mælingin gæfi því rangar upplýsingar um raunverulega fátækt til lengri tíma.

Geir sagði það meginniðurstöðu skýrslunnar að Ísland væri í hópi þeirra OECD-ríkja þar sem fátækt barna mældist hvað minnst.

Helgi Hjörvar gaf lítið fyrir þessa túlkun forsætisráðherra og sagði rangt að bera Ísland saman við OECD-ríkin, rétt væri að bera okkur saman við Norðurlöndin. „Þegar hæstvirtur forsætisráðherra segir að við séum í fremstu röð í OECD-ríkjunum þá er það út af fyrir sig rétt, í samanburði við Mexíkó og Tyrkland og svo framvegis. En í samanburði við lönd sem við erum vön að bera okkur saman við – hin Norðurlöndin – þá erum við aftast. Hér er staða fátækra barna verst.“ Helgi gerði jafnframt athugasemdir við að skýrslan hefði borist seint og í henni væri ósvarað hluta þeirra spurninga sem óskað var svara við.

Fjölmargir þingmenn tóku til máls og höguðu málflutningi sínum ævinlega í takt við hvort þeir tilheyrðu stjórn eða stjórnarandstöðu. **bjorn@frettabladid.is**

Umræður á Alþingi í dag:

# Efnahagsmálin utan dagskrár

**STJÓRNMÁL Staða efnahagsmála verður rædd utan dagskrár á Alþingi í dag. Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, verður málshefjandi en til andsvara verður forsætisráðherra Geir H. Haarde, formaður Sjálfstæðisflokksins.**

**Af dagskrármálum þingsins í dag má nefna lokafjárlög ársins 2005 sem er mál fjármálaráðherra og vegalög og fjarskipti sem heyra undir samgönguráðherra. Þá er í starfsáætlun gert ráð fyrir að þingmannamál verði tekin til umræðu.** **- bþs**



**HVALIR VIÐ ÍSLAND** Fjöldi ríkja stendur að talningunni í sumar.

Umfangsmikil hvalatalning:

# Fjölþjóðlegt átak í sumar

**UMHVERFISMÁL Viðamikil hvalatalning verður í Norður-Atlantshafi í sumar og gæti orðið sú viðamesta frá upphafi. Talningin er hluti af fjölþjóðlegu rannsóknarverkefni.**

**Rannsóknaskipið Árni Friðriksson mun telja hvali samhliða karfarannsóknum, auk þess sem talið verður úr lofti á landgrunninu. Unnið er að því að talningamenn verði líka á karfarannsóknaskipum Þjóðverja og Rússa hér við land. Hafrannsóknastofnunin ætlar að fá til samstarfs eitt til tvö íslensk skip til að aðstoða við talninguna.**

**Gott mat hefur fengist á fjölda langreyða og hrefnu við Ísland úr talningum sem þessum. Niðurstöður benda ennfremur til verulegrar fjölgunar hnúfubaks hér við land auk nokkurrar fjölgunar í öðrum tegundum.** **- shá**



**VIÐ UNDIRRITUN** Nítíu lögreglumenn starfa hjá embættinu á Suðurnesjum.

Björn Bjarnason á Suðurnesjum:

# Skrifaði undir nýtt skipurit

**LÖGREGLA** Björn Bjarnason dómsmálaráðherra staðfesti sameiningu lögregluembættanna á Keflavíkurflugvelli og í Keflavík í gær. Hann heimsótti lögregluvarðstofuna í Reykjanesbæ í gær og skrifaði undir staðfestingu nýs skipurits sem sameinar embættin tvö.

Embætti lögreglunnar á Suðurnesjum tók til starfa um seinustu áramót. Það er nú orðið næststærsta lögregluembætti landsins með yfir 220 starfsmenn. Jóhann R. Benediktsson, lögreglustjóri á Suðurnesjum, kynnti nýjar áherslur embættisins, meðal annars aukinn sýnileika og eflingu teymis lögreglumanna í fíkniefnamálum. **- sþs**


BÍLL DAGSINS

CHEVROLET TRAIL BLAZER LT

Nýskr. 09.04 - Sjálfskiptur - Ekinn 48 þús. km. - Allt að 100% lán.




Ingvar Helgason NOTAÐIR BÍLAR

Opið: Alla virka daga kl. 9:00-18:00 og laugardaga kl. 12:00-16:00. Sími: 525 8020.


Skólastjóri Fellaskóla sendir alla kennara á námskeið í fjölmenningarkennslu :

# Meira en fjórði hver nemandi er af erlendum uppruna

**MENNTUN** Meira en fjórða hvert barn í Fellaskóla í efra Breiðholti er af erlendum uppruna. Börnin eiga það öll sameiginlegt að íslenska er þeirra annað tungumál. Um 60 prósent þessara barna hafa búið skemur en í fjögur ár hér á landi og segir Þorsteinn Hjartarson, skólastjóri Fellaskóla, nauðsynlegt að líta til breyttra kennsluhátta fyrir þann stóra hóp sem hefur íslensku sem annað tungumál. Hefðbundin móðurmálskennsla dugi ekki fyrir þau.

Til þess að auðvelda samskipti og kennslu við skólann hefur Þorsteinn meðal annars ákveðið að láta nær alla upphæð sem Símenntun veitir til námskeiðshalds í fjölmenningarlegri kennslu.

„Hlutfall erlendra barna hefur hækkað mjög hratt síðustu ár. Til að mynda held ég að aðeins 15 prósent hafi verið af erlendu bergi brotin hér árið 2002. Það reynir auðvitað á þegar margir og ólíkir menningarheimar mætast en hluti af námskeiðinu felst í því að við temjum okkur jákvætt hugarfar svo við náum að nýta reynslu og þekkingu þessa ólíku hópa,“ segir Þorsteinn.

Hann segir samsetningu hópanna mjög margvíslega en Filippseyingar séu þeirra fjölmennastir. Þegar hafi verið ráðinn kennari sem talar filippseysku við skólann en hann segir nauðsynlegt að stundakennarar með þekkingu á tungumálum algengustu hópanna verði ráðnir til skólans. **- kdk**



**NÁMSKEIÐ VIÐ FELLASKÓLA** Þorsteinn Hjartarson skólastjóri hefur brugðist við mikill fjölgun nemenda af erlendum uppruna með því að halda námskeið um fjölmenningu. FRÉTTABLAÐIÐ/FELLASKÓLI

# 14,5%

ARGUS / 07-0054

**SPRON Vaxtabót – allt að 14,5% vextir***

Óverðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu.

**SPRON Viðbót – allt að 6% vextir***

Verðtryggður sparnaðarreikningur á Netinu.




Frábær ávöxtun sparnaðarreikninga SPRON á síðasta ári endurspeglaðist m.a. í hávaxtanetreikningunum SPRON Vaxtabót og SPRON Viðbót. Nú hafa vextir þeirra reikninga verið hækkaðir enn frekar!

Njóttu ávöxtunarinnar og stofnaðu netreikningana SPRON Vaxtabót og SPRON Viðbót á **spron.is**

spron

Upplýsingar í næsta útibúi SPRON í síma 550 1200, í þjónustuveri í síma 550 1400 eða á spron.is

**Samkvæmt gildandi vaxtatöflu SPRON 21. janúar 2007*

## GENGIÐ 29.01.2007

| GJALDMIÐLAR | KAUP | SALA |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 68,88 | 69,20 |
| Sterlingspund | 134,79 | 135,45 |
| Evra | 88,95 | 89,45 |
| Dönsk króna | 11,93 | 12,00 |
| Norsk króna | 10,883 | 10,947 |
| Sænsk króna | 9,808 | 9,866 |
| Japanskt jen | 0,5645 | 0,5679 |
| SDR | 102,51 | 103,13 |

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR 122,61

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Helgir dagar sjía-múslíma:

# Blóði drifin sorgarhátíð

**ÍRAK, AP** Undanfarna daga hafa sjía-múslímar í Pakistan, Afganistan, Írak og víðar minnst dauða Husseins, sonarsonar Múhameðs spámanns, með ýmsum helgiathöfnum. Meðal annars hafa heittrúaðir sjíar stundað það að húðstrýkja sjálfa sig með hnífum.

Hámarki náðu þessi blóði drifnu hátíðahöld á þriðjudaginn, tíunda dag sorgarmánaðarins muharram, sem er fyrsti mánuðurinn í tímatali múslíma. Þann dag er sagt að Hussein hafi fallið árið 680 í valdabaráttu sem leiddi til klofnings múslíma í tvær meginfylkingar sjía og súnnía. - gb



**SJÁLFSHÝÐINGAR Í PAKISTAN** Sjíar í Pakistan pynta sjálfa sig. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Bitu á agn Kompásstálbeitu:

# Þrír af fjórum gefið sig fram

**LÖGREGLUMÁL Þrír af þeim fjórum mönnum sem gengu í gildru fréttaskýringaþáttarins Kompáss þegar þeir héldu sig vera að fara á fund þrettán ára stúlku, hafa gefið sig fram við lögreglu.**

**Kompás setti inn auglýsingu á vefinn Einkamal.is í nafni þrettán ára stúlku. Í þættinum, sem sýndur var í fyrradag, sjást fjórir menn koma á fund stúlkunnar en hittu fyrir einn þáttastjórnenda Kompáss ásamt myndatökumanni. Andlit mannanna voru hulin í þættinum. Fulltrúi lögreglunnar segir mennina hafa verið yfirheyrða og framhaldið verði ákvarðað á næstunni.** - sþs

# Baugsmálið líklega sjö vikur í réttarsal

**Allt stefnir í að réttarhöldin í Baugsmálinu verði þau umfangsmestu hér á landi til þessa. Dómarinn gagnrýndi í gær umfang málsins og sagði að hægt ætti að vera að fjalla um það á tveimur dögum í stað þeirra sjö vikna sem áætlaðar eru.**

**DÓMSMÁL** Sækjandi í Baugsmálinu gerði athugasemdir við að verjendur sakborninga legðu fram talsvert magn af nýjum gögnum þegar málið var tekið fyrir í Héraðsdómi Reykjavíkur í gær, í síðasta skipti áður en aðalmeðferð hefst 12. febrúar.

Sagði sækjandinn að það væri fremur seint að leggja fram sjö möppur með gögnum tveimur vikum fyrir aðalmeðferðina.

Um er að ræða þann hluta Baugsmálsins sem varð til eftir að Hæstiréttur vísaði frá dómi 32 af 40 ákæruliðum í upprunalegri ákæru. Gefin var út endurákæra í 19 liðum, en fyrsta ákæruliðnum síðan vísað frá. Þeir 18 liðir sem eftir standa snúa að meintum bókhaldsbrotum og fjárdrætti. Ákærðir eru þeir Jón Ásgeir Jóhannesson, Tryggvi Jónsson og Jón Gerald Sullenberger.

„Fannst einhverjum á gagnamagnið bætandi?“ spurði Arngrímur Ísberg dómari viðstadda þegar hann fór yfir nýju möppurnar, en honum virtist blöskra það magn gagna sem lagt hefur verið fram. Honum virtist ekki heldur skemmt þegar möppustæða á borði hans hrundi á vatnskönnu svo vatn flæddi yfir borðið. Gögnin virtust þó sleppa við flóðið.

„Þetta mál er orðið ótrúlega stórt,“ sagði Arngrímur, og benti á að ef ákæran í málinu sé lesin megi ætla að dómurinn þyrfti um tvo daga til að fara yfir málið. Í dag er reiknað með að málið verði í réttarsal í um sjö vikur.

Ætla má að um eða yfir 100 möppur þurfi til að halda utan um öll gögnin sem lögð hafa verið fram. Til gamans má því ætla að sækjendur og verjendur geti vitnað í um 50 þúsund síður af gögnum. Enda hafa verjendur farið fram á að fá að hafa fartölvur í réttarsal til að auðvelda uppflettingar.

Sigurður Tómas Magnússon, settur ríkissaksóknari í málinu, hefur nú lagt fram lista með nöfnum 115 vitna sem hann mun kalla fyrir dóminn. Til viðbótar við það munu verjendur kalla fyrir 10-20 vitni, og því endanlegur fjöldi á bilinu 125 til 135.

Arngrímur dómari benti sækjanda og verjendum á að kalla aðeins þau vitni sem hefðu eitthvað um málsatvik að segja, en sagði jafnframt að hann sem dómari gæti ekki metið fyrirfram hvaða vitni væru mikilvæg og hver ekki. Því væri það ekki hans hlutverk að skera niður langa vitnalista.

brjann@frettabladid.is



**GAGNAFLÓÐ** Gríðarlegt gagnamagn hefur verið lagt fram í Baugsmálinu, líklega um 100 bréfabindi með á að giska 50 þúsund síðum. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Maðurinn sem lenti í snjóflóði:

# Í öndunarvél en á batavegi

**SLYS** Líðan mannsins sem lenti í snjóflóði í Hrappsstaðaskál í Hlíðarfjalli sunnudaginn 21. janúar fer batnandi að sögn læknis á Fjórðungssjúkrahúsinu á Akureyri. Honum er enn haldið í öndunarvél en hann verður vakinn á næstu dögum.

Maðurinn var í vélsleðaferð með félögum sínum þegar flóðið féll á hann. Hann barst um hundrað metra með því og var á tveggja metra dýpi þegar félagar hans grófu hann upp. Hann var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar á sjúkrahús. - sþs

Ingibjörg Sólrún Gísladóttir:

# Segir dóm Jóns ótímabæran

**STJÓRNMÁL Ingibjörg Sólrún Gísladóttir, formaður Samfylkingarinnar, hafnar þeim orðum Jóns Baldvins Hannibalssonar að allt bendi til að Samfylkingunni hafi mistekist það ætlunarverk sitt að verða valkostur við Sjálfstæðisflokkinn. Ingibjörg segir dóm Jóns Baldvins ótímabæran því Samfylkingin hafi komið þétt upp að hlið Sjálfstæðisflokksins í síðustu kosningum. Hún er sannfærð um að svo verði einnig í kosningunum í vor. Að mati Ingibjargar hefur verið nægilega mikil sundrung á þeim væng stjórnmálanna þar sem Samfylkingin er, og því sé mikilvægt að fólk standi saman þó að á móti blási.** - ifv



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**



**FERÐAMAÐUR Í KÍNA** 842 milljónir manna fóru í millilandaferðir á síðasta ári. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ferðamönnum fjölgar:

# Aldrei fleiri á faraldsfæti

**MADRID, AP** Þrátt fyrir hryðjuverkaógn, fuglaflensu og hækkandi olíuverð hafa aldrei fleiri ferðamenn verði á þeytingi heimshorna milli heldur en á síðasta ári.

Alls lögðu 842 tvær milljónir manna upp í ferðalög út fyrir landamæri sín á árinu 2006, en það er 5,4 prósentum fleira fólk en árið áður. Það ár hafði þó ferðamönnum fjölgað um 5,5 prósent frá árinu 2004.

Ferðaþjónustustofnun Sameinuðu þjóðanna skýrði frá þessu í Madrid í gær. Jafnframt spáði stofnunin því að á þessu ári yrði vöxturinn aðeins fjögur prósent. - gb

## DÓMSMÁL

### Flugnema dæmdar bætur

Héraðsdómur Reykjavíkur dæmdi í gær flugkennara og flugskóla til þess að greiða flugnema um 3,8 milljónir króna í skaðabætur vegna flugslyss sem hann lenti í í æfingaflugi árið 2003. Mátu læknar örorku flugnemans 18 prósent.


CAPACENT KYNNIR

STJÓRNENDUR FRAMTÍÐARINNAR

Námið hefst 15. febrúar

Ávinningur þátttakenda og fyrirtækja er:

- Yfirgripsmikil þekking, þjálfun og skilningur á stjórnun og hlutverki stjórnenda.
- Aukin hæfni þátttakenda við stjórnun fólks.
- Aukið öryggi þátttakenda um eigin stjórnunaraðferðir og framkomu.
- Aukinn skilingur þátttakenda á eigin hegðun og hvernig hún hefur áhrif á fólk.
- Tengslanet við aðra stjórnendur

Skráning er hafin á www.capacent.is

www.capacent.is

capacent RÁÐGJÖF


## VEÐURSPÁ



Sigurður Þ. Ragnarsson, veðurfræðingur

**LÆGÐAGANGUR** Veðrið næstu daga verður nokkuð keimlíkt og verið hefur. Lægðir koma og fara og meðan þær eru að mjaka sér framhjá landinu hvessir með vætu og þess á milli kólnar. Þannig mun kólna nokkuð í dag frá því sem var í gær en á hinn bóginn er meira af hlýju lofti á leiðinni með næstu lægð. Hún kemur seinnipartinn á morgun og þá hlýnar á ný með rigningu eða slyddu og það víða um land, fyrst þó sunnan og vestan til.

**VEÐURHORFUR Í BORGINNI Í DAG**
Stíf vestan átt með rigningu og súld. Hiti 3-5 stig.

um hádegi »



» á morgun



Vaxandi sunnan og suðaustan átt, 8-15 m/s síðdegis, hvassast vestan til.

» fimmtudagur



13-18 m/s, hvassast með ströndum sunnan og vestan til.

um hádegi »

| | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Kaupmannahöfn | 6°C | hálfskýjað | London | 11°C hálfskýjað | Alicante | 17°C skúrir |
| Þórshöfn | 7°C | hálfskýjað | París | 10°C hálfskýjað | Mallorca | 15°C skúrir |
| Osló | 2°C | hálfskýjað | Frankfurt | 10°C hálfskýjað | Algarve | 16°C skúrir |
| Stokkhólmur | -1°C | alskýjað | Friedrichshafen | 6°C hálfskýjað | Krít | 14°C hálfskýjað |
| Gautaborg | 6°C | hálfskýjað | Berlín | 7°C skúrir | Las Palmas | 19°C hálfskýjað |

* Vindhraði er í metrum á sekúndu.


VIÐ HEIMTUM
ÓDÝRA
FARSÍMA!
ÓDÝR BLUETOOTH SÍMI
MYNDAVÉLASÍMI MEÐ FM ÚTVARPI
HÖGGÞÉTTUR
SÁ ALLRA ÓDÝRASTI!
Nokia 6070
Vodafone: kr. 13.900
Farsímalagerinn.is:
kr. 11.995
Nokia 5140i
BT: kr. 17.999
Farsímalagerinn.is:
kr. 12.990
Nokia 6021
Elko: kr. 10.995
Farsímalagerinn.is:
kr. 9.900
Nokia 1112
Hátækni: kr. 5.995
Farsímalagerinn.is:
kr. 4.395
Motorola RAZR
Alment verð um 20.000
Farsímalagerinn.is:
kr. 15.990
Bluetooth búnaður
Vertu öruggari í umferðinni!
kr. 2.990
VIÐ ERUM HÉR!
Marel
66 Norður
Hér er 66 Norður skilti
Reykjanesbraut
Ikea
Max
Farsímalagerinn.is

**KJÖRKASSINN**



*Fylgist þú með undankeppni Eurovision?*

| | |
|---|---|
| Já | 53% |
| Nei | 47% |

**SPURNING DAGSINS Í DAG:**

*Finnst þér að prestar eigi að kynna þjónustu sína í skólastofum?*

Takmarkaðar upplýsingar til um sprengjusvæði á Íslandi og ástand þeirra:

# Þekkt sprengjusvæði ókönnuð

**STJÓRNMÁL** Enn eru 44 þekkt sprengjusvæði á Íslandi frá tímum seinna stríðs lítt eða ekkert könnuð. Upplýsinga um 27 svæði til viðbótar er beðið.

Þetta kemur fram í svari utanríkisráðherra við fyrirspurn Jóns Gunnarssonar Samfylkingunni.

Jón spurðist fyrir um hvar þekkt sprengjusvæði væru á landinu, hve stór þau væru, hvort hægt væri að áætla magn skota og sprengna á hverju svæði og hvort sprengjuleit og hreinsun hefði verið framkvæmd.

Í svarinu kemur fram að vitað er um 73 svæði sem Bandaríkjamenn notuðu til sprengju- og skotæfinga frá 1940. Af þeim eru til greinargóðar upplýsingar um 29 svæði og hefur sprengjuleit og -eyðing þegar farið fram á nokkrum þeirra.



JÓN GUNNARSSON



VALGERÐUR SVERRISDÓTTIR

Í svari ráðherra segir að alls gætu sprengju- og skotæfingasvæði náð yfir 24.000 ferkílómetra lands. Flest þeirra eru á höfuðborgarsvæðinu og á Reykjanesi en nokkur á Vesturlandi, Norðurlandi og á Austfjörðum.

Fram kemur að erfitt sé að áætla hve langan tíma geti tekið að hreinsa öll svæðin en fyrirséð er að hreinsun á nokkrum þeirra geti lokið á næstu árum og að hægt verði að ljúka úttekt á ástandi annarra á næstu fimm árum.

Í ljósi óvissunnar telur utanríkisráðherra erfitt að henda reiður á kostnað við leit og hreinsun. - bþs

Hjálpar blindum eiganda:

# Hestur gegnir hlutverki hunds

**BANDARÍKIN, AP** Blindrahesturinn Panda hjálpar eiganda sínum Ann Edie að komast á milli staða í New York auk þess sem hún ver eiganda sinn, er kattþrifin og elskar að sækja spýtur.

Edie, sem er á sextugsaldri, segist hafa leitað að blindrahundi eftir að labrador-hundur hennar dó fyrir nokkrum árum, en ákveðið að prófa smáhest og hún sjái ekki eftir því. Panda er réttilega smáhestur, enda bara 74 sentimetrar á hæð og er rúm fimmtíu kíló.

Þegar Panda er ekki að vinna kúrir hún hjá eiganda sínum, leggur sig á teppi eða leikur sér að leikföngunum sínum. - sþs



WINDOWS VISTA Útlitið er nokkuð breytt miðað við Windows XP. Þó geta notendur stillt á hefðbundið útlit vilji þeir það.

Vinsælasta stýrikerfið uppfært:

# Windows Vista í almenna sölu

**TÆKNI Arftaki Windows XP stýrikerfisins, Windows Vista, fer í almenna sölu í dag. Meðal helstu nýjunga er einfaldað viðmót, bætt leit og fjölbreyttari tengimöguleikar fyrir margmiðlunartæki á borð við tónlistarspilara.**

**Stýrikerfið, sem hefur verið í þróun hjá Microsoft í sex ár, kemur út í sjö útgáfum og er hver þeirra ætluð mismunandi notendahópum. Sú ódýrasta, Home Basic, mun kosta rúmar tuttugu þúsund krónur hér á landi. Sé stýrikerfið keypt með nýrri tölvu lækkar verðið niður í um það bil tíu þúsund krónur.**

**Ekki geta þó allar tölvur notað stýrikerfið. Lágmarkskröfur eru 512 megabæti af innra minni og fimmtán gígabæta pláss á hörðum diski.** - sþs

Stefna Frjálslyndra rædd:

# Guðjón færði Guðjóni málefnahandbók

**STJÓRNMÁL** Guðjón Ólafur Jónsson, þingmaður Framsóknarflokks, sagði framkvæmd flokksþings frjálslyndra skrumskælingu lýðræðisins við upphaf þingfundar í gær. Það hann ennfremur formann flokksins, Guðjón Arnar Kristjánsson, um að beygja af stefnu Frjálslynda í málefnum útlendinga.



GUÐJÓN ÓLAFUR JÓNSSON



GUÐJÓN ARNAR KRISTJÁNSSON

Guðjón Arnar sagði flokksþing Frjálslynda flokksins hafa farið vel fram og kvað flokk sinn bæði opinn og lýðræðislegan. Las Guðjón Arnar ennfremur upp ályktun þingsins um málefni útlendinga og lauk máli sínu á að afhenda nafna sínum málefnahandbók Frjálslynda flokksins. - bþs



VIÐBYBGGING Í NESKAUPSTAÐ AFHENT Í MARS Þörfin fyrir hjúkrunarrými er knýjandi hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands. Sjúkrahúsin á Austurlandi geta illa sinnt bráðveiku fólki sem þarf að leggja inn þar sem aldraðir fá ekki hjúkrunarrými. Viðbygging verður afhent í Neskaupstað í byrjun mars.

# Sjúkrarúm sögð teppt af öldruðum

**Sjúkrarúm hjá Heilbrigðisstofnun Austurlands eru svo teppt af öldruðu fólki að sjúkrahúsin geta illa sinnt bráðveiku fólki. „Engar úrbætur í sjónmáli," segir framkvæmdastjóri HSA. Ráðuneytið talar um misskilning.**

**HEILBRIGÐISMÁL** Sjúkrarúmin á vegum Heilbrigðisstofnun Austurlands eru teppt af öldruðu fólki sem hefði þurft að komast inn á hjúkrunarheimili og því getur sjúkrahúsið illa sinnt bráðveiku fólki sem þyrfti að liggja í sjúkrarúmi. Þetta segir Einar Rafn Haraldsson, framkvæmdastjóri Heilbrigðisstofnunar Austurlands, HSA.

„Við höfum ekkert svigrúm. Samtals eru um níutíu sjúkrarúm á Heilbrigðisstofnun Austurlands, þar af erum við að reka rúmlega þrjátíu sjúkrarúm en þau hefðu þurft að vera um fjörutíu til þess að við hefðum það svigrúm sem við hefðum þurft. Við erum í þeirri kreppu að það er allt fullt hjá okkur og við sendum alla sjúklinga sem við getum á sjúkrahús annars staðar," segir hann.

Ástandið hefur versnað hægt og sígandi síðustu tvö til þrjú ár. Íbúum hefur fjölgað um þrjátíu og sex prósent eftir að framkvæmdir hófust fyrir austan og þess vegna fleiri sem þurfa þjónustu stofnunarinnar. „Ástandið var orðið verulega þrúgandi á síðasta ári og engar úrbætur í sjónmáli," segir Einar Rafn.

Í byrjun mars mun húsnæði fyrir tólf rúma hjúkrunardeild í Neskaupstað verða afhent en Einar Rafn segir að stofnunin hafi ekki peninga til að búa hana tækjum og búnaði og því sé ekki víst að hægt verði að opna hana.

„Grunnbúnaðurinn kostar 30-40 milljónir króna. Við höfum að sjálfsögðu óskað eftir þessu fé en það er ekki enn í hendi. Við bíðum bara eftir svari úr heilbrigðisráðuneytinu.

Vonandi dregur að því að við fáum svar," segir hann.

Leifur Benediktsson, verkfræðingur í heilbrigðisráðuneytinu, segir að um misskilning sé að ræða. Ekki standi á peningum. Spurningin sé hvenær sjúkrahúsið verði búið að koma sér fyrir í húsnæðinu og þá verði hægt að opna. Hugsanlega verði opnað þó að hluta af búnaðinum vanti, það sé ekkert óvenjulegt við það.

Þörfin fyrir hjúkrunarrými er knýjandi fyrir austan, að mati viðmælenda Fréttablaðsins. Fyrir utan hjúkrunarrýmin í Neskaupstað hefur lengi staðið til að byggja við hjúkrunarheimilið Hulduhlíð á Eskifirði. Hjúkrunarheimili er rekið á Fáskrúðsfirði og einnig hefur verið þrýst á viðbyggingu á Egilsstöðum.

ghs@frettabladid.is

**Þorrablót Bolvíkingafélagsins verður haldið 3. febrúar í Ýmishúsinu við Skógarhlíð**

Upplýsingar og pantanir hjá: Önnu í síma 840-3219 og Ingibjörgu í síma 664-5564 eða á **steinunna@esso.is**

*Fjölmennum og skemmtum okkur saman.*




MasterCard

*Greiðsludreifing — einföld og þægileg!*

- engin stimpilgjöld
- engin lántökugjöld
- aðeins eitt símtal til útgefanda!

*Láttu ekki áhyggjur af fjármálum íþyngja þér að óþörfu – hringdu núna!*

Eimskipafélag Íslands og Eiður Smári Guðjohnsen í þriggja ára samstarf:

# Mörk Eiðs styrkja veik börn

**FÓLK** Eimskipafélag Íslands ætlar að styrkja Neistann, styrktarfélag veikra barna, um hálfa milljón króna fyrir hvert mark sem Eiður Smári Guðjohnsen, fyrirliði íslenska landsliðsins og leikmaður Barcelona, skorar í spænsku deildarkeppninni. Fyrirtækið mun einnig styrkja Umhyggju, félag til styrktar langveikum börnum, um eina milljón króna fyrir hvert mark sem Eiður skorar í meistaradeild Evrópu. Þetta kemur fram í samstarfssamningi sem Eiður og Magnús Þorsteinsson, stjórnarformaður Eimskipafélags Íslands, undirrituðu í Barcelona á sunnudaginn.

Samstarfssamningurinn er á sviði markaðs- og kynningarmála og gildir í þrjú ár. Samkvæmt honum er Eimskipafélagi Íslands heimilt að nota nafn og ímynd Eiðs Smára til að kynna fyrirtækið, meðal annars í auglýsingum og kynningum.



EIÐUR SMÁRI GUÐJOHNSEN Í Barcelona á sunnudaginn skrifaði landsliðsfyrirliðinn undir samstarfssamning við Eimskipafélag Íslands sem gildir til þriggja ára. MYND/ÞORVARÐUR BJÖRGÚLFSSON

Í fréttatilkynningu frá Eimskip kemur fram að slagorð fyrirtækisins, „Íslensk sókn um allan heim", tengist Eiði Smára því hann sé í fremstu röð knattspyrnumanna í heiminum í dag og að Eimskip sé leiðandi fyrirtæki á sviði hitastýrðra flutninga í N-Evrópu.

Magnús Þorsteinsson segir að Eiður setji slagorð fyrirtækisins í nýja merkingu. „Ég er stoltur af því að ganga til samstarfs við Eið Smára og vona að þessi tvö óskabörn þjóðarinnar muni saman ná miklum árangri," segir Magnús. Hann bætir því við að með samningnum vilji fyrirtækið einnig láta gott af sér leiða með því að styrkja íslensk börn sem eigi við veikindi að stríða.

Eiður Smári segir að samningurinn sé spennandi fyrir hann og að hann sé stoltur af því að Eimskip vilji nota ímynd hans til að kynna fyrirtækið. - ifv




**Brisa Sol** Verðdæmi: 44.138



Vinsælasta íbúðahótelið á frábærum stað í Albufeira

Verðdæmi: **44.138** á mann m.v. 2 með 2 börn í viku, brottför 21. ágúst. Verð á mann m.v. 2 fullorðna: **51.453**

Innifalið: Flug, gisting, flugvallarskattar og íslensk fararstjórn. Verð miðast við að bókað sé á netinu. Ef bókað er á skrifstofu eða símleiðis er bókunargjald 2.500 kr. fyrir hvern farþega.

**VELDU ÞITT HÓTEL Á WWW.UU.IS**



Portúgal er land sólgylltra stranda, öldusorfinna kletta og hvítkalkaðra húsa. Við bjóðum upp á ferðir til Albufeira í Algarve sem er sólríkasta hérað landsins. Á bæjartorginu er iðandi mannlíf og úrval af veitingastöðum, kaffihúsum og börum. Í Portúgal mætast gamli og nýi tíminn og kjörið er að skoða kastala, kirkjur og vindmyllur. Ótal skoðunar- og ævintýraferðir eru í boði fyrir alla fjölskylduna. Komdu til Portúgal og veldu úr ævintýrunum.

ÚRVAL·ÚTSÝN

ÚRVAL ÚTSÝN ~ LÁGMÚLA 4 ~ 108 REYKJAVÍK ~ SÍMI 585 4000 ~ FAX 585 4065 ~ INFO@UU.IS

Stefnumót atvinnulífsins
– föstudaginn 2. febrúar í Hafnarborg

HAGSÆLD Í HAFNARFIRÐI

Samtök atvinnulífsins og Alcan á Íslandi efna til stefnumóts fyrirtækja í Hafnarfirði föstudaginn 2. febrúar frá kl. 7:45-10:00. Þar verður rætt um stækkun álversins í Straumsvík og fyrirhugaða kosningu Hafnfirðinga um nýtt deiliskipulag við álverið. Leitað verður svara við áleitnum spurningum.

Til hvers að stækka álverið og hvað felst í stækkun?
Hvaða áhrif hefur stækkunin á önnur fyrirtæki í Hafnarfirði?
Hvaða áhrif getur kosningin haft á fyrirtæki í Hafnarfirði?
Hvað er í húfi fyrir Hafnarfjörð og Hafnfirðinga?

7:45-8:30 **Stefnumót byrjar**
- skráning, kaffispjall og morgunverðarhlaðborð

8:30 Formleg dagskrá hefst

**Ný tillaga að deiliskipulagi við Straumsvík**
Lúðvík Geirsson, bæjarstjóri Hafnarfjarðar.

**Hvers vegna að stækka álverið í Straumsvík? Hvað felst í stækkun?**
Rannveig Rist, forstjóri Alcan á Íslandi

**Áhrif Alcan á atvinnulíf í Hafnarfirði**
Hannes G. Sigurðsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SA

**Þýðing viðskipta Alcan við fyrirtæki í Hafnarfirði**
Kolbrún Jónsdóttir, framkvæmdastjóri JRJ.

Fyrirspurnir og umræður

**Fundarstjóri: Vilhjálmur Egilsson, framkvæmdastjóri Samtaka atvinnulífsins.**

10:00 Stefnumóti lýkur

**Fundurinn er opinn fulltrúum fyrirtækja í Hafnarfirði**
**– nauðsynlegt er að skrá þátttöku á vef SA - www.sa.is - eða í síma 591 0000.**

SAMTÖK ATVINNULÍFSINS
ALCAN

SKAPARINN AUGLÝSINGASTOFA

Sjálfbær atvinnustarfsemi á Vestfjörðum:

# Villimey fær vottun

**ATVINNUMÁL** Fyrirtækið Villimey hefur fengið alþjóðlega vottun Vottunarstofunnar Túns til sjálfbærrar söfnunar á villtum íslenskum plöntum. Vottunin nær til tæplega 80 ferkílómetra landsvæðis í Tálknafirði og Arnarfirði og mun fyrirtækið nýta villtar plöntur af svæðinu til fjölþættrar framleiðslu á lífrænum heilsuvörum, græðikremum og snyrtivörum. Fréttavefurinn Tíðis segir frá.

Vottunin markar tímamót að því leyti að aldrei fyrr hefur jafn stórt landsvæði á Íslandi verið vottað til lífrænnar framleiðslu. Nú þegar safnar Villimey um tíu algengum tegundum villtra



**VILLT MEY** Aðalbjörg Þorsteinsdóttir hefur náð góðum árangri í framleiðslu á lífrænum vörum.

plantna, þar á meðal baldursbrá, brenninetlu, blóðbergi, mjaðurt og vallhumli. **- shá**



**GUÐRÚN GÍSLADÓTTIR Á STRANDSTAÐ** Norðmenn hækkuðu bótatakmörkunarfjárhæðir fyrir nokkrum árum eftir að nokkur kostnaðarsöm tilvik komu upp, þar á meðal strand Guðrúnar Gísladóttur árið 2002.

# Hærri bótatakmörkun

**Norðmenn hafa miklu hærri bótatakmörkunarfjárhæðir en Íslendingar. Þeir lærðu af reynslunni og hækkuðu fjárhæðirnar fyrir nokkrum árum. Frumvarp er í bígerð.**

**SKIPSSTRAND** Hámarksbætur vegna skipsstrands eru miklu lægri á Íslandi en í Noregi. Norðmenn breyttu siglingalögum sínum fyrir nokkrum árum og hækkuðu fjárhæðina verulega eftir að nokkur skip stönduðu við Noreg. Norðmenn telja sig hafa lært af reynslunni.

„Þau tilvik sem höfðu komið upp voru það kostnaðarsöm að Norðmenn töldu nauðsynlegt að hækka þessar fjárhæðir til að kostnaður gæti ekki lent eftir atvikum á hinu opinbera,“ segir Guðmundur Sigurðsson, prófessor við Háskólann í Reykjavík.

Guðmundur fjallaði nýlega um strand Wilson Muuga í Hvalsnesfjöru og fór meðal annars yfir takmarkanir bóta í siglingareglum á Íslandi og í Noregi. Fram kom að bætur hefðu verið hækkaðar verulega í norsku siglingalögunum árið 2005.

Guðmundur tók nokkur dæmi, ný og gömul, um skipsströnd við Noreg sem hefðu kennt Norðmönnum lexíu. Guðrún Gísladóttir KE-15 sökk við Lófóten í júní 2002. Hún var 2.600 brúttótonn. Kröfurnar námu 36 milljónum norskra króna. Fjárhæðin nam 12,5 milljónum norskra en væri 52 milljónir samkvæmt núgildandi lögum. Samkvæmt íslenskum siglingalögum væri hún 5 milljónir norskra króna.

Um miðjan janúar 2007 strandaði flutningaskipið Server, tæp 20 þúsund tonn. Bótafjárhæðin er samkvæmt norskum siglingalögum tæpar 2.600 milljónir íslenskra króna en væri 351 milljón króna samkvæmt íslenskum lögum. Rocknes strandaði við Noreg í ársbyrjun 2004. Kröfurnar námu 110 milljónum norskra króna. Bótatakmörkunarfjárhæðin var um 73 milljónir. Samkvæmt núgildandi lögum væri hún 240 milljónir norskra króna en samkvæmt íslenskum lögum væri hún 30 milljónir króna.

Lögfræðingar samgönguráðuneytisins og Siglingamálastofnunar hafa verið að fara yfir siglingalög og lög um verndun gegn mengun hafs og stranda og vinna að tillögum um breytingar á lögum. Samkvæmt upplýsingum úr ráðuneytinu má búast við frumvarpi en ekki hefur verið ákveðið hvorum lögunum verði breytt. Búist er við að það skýrist síðar í vikunni. **ghs@frettabladid.is**

FRÉTTABLAÐIÐ AUGLÝSINGASÍMI 550 5000


Tilboðsdagar
29. janúar til 2. febrúar
Þriðjudagur Kleinuhringur 50 kr*
Miðvikudagur Pekan vínarbrauð 100 kr*
Alla daga Kaffi 150 kr
* meðan byrgðir endast
Veisluþjónusta & veislusalir
Við erum byrjuð að baka brauðin okkar aftur
Café KONDITORI Copenhagen
Kringlan
Reykjavíkurvegur 74
Suðurlandsbraut 4A
konditori.is 588 1550

# Útsölulok!

## síðustu dagar húsgagnaútsölunnar

## Nú fer hver að verða síðastur!

## Allt að 95% afsláttur af húsgögnum

| | | | |
|---|---|---|---|
| Svefnsófi | 14.995 kr. | ~~29.990~~ kr. | 50% |
| Svefnsófi með púðum | 17.495 kr. | ~~34.990~~ kr. | 50% |
| Stóll með snúningi | 22.495 kr. | ~~56.000~~ kr. | 60% |
| Relax sófasett 3+1+1 | 144.950 kr. | ~~289.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 3ja sæta | 84.950 kr. | ~~169.900~~ kr. | 50% |
| Relax sófi 2ja sæta | 82.450 kr. | ~~164.900~~ kr. | 50% |
| Relax stóll | 42.450 kr. | ~~84.900~~ kr. | 50% |
| Rúm 90x200 | 25.740 kr. | ~~42.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 120x200 | 32.940 kr. | ~~54.900~~ kr. | 40% |
| Rúm 150x200 | 40.140 kr. | ~~66.900~~ kr. | 40% |
| Hornsófasett | 86.400 kr. | ~~144.000~~ kr. | 40% |
| kommóða | 13.600 kr. | ~~40.000~~ kr. | 66% |
| Meubar borðstofuborð | 19.996 kr. | ~~49.990~~ kr. | 60% |
| Sea borðstofuborð | 27.960 kr. | ~~69.990~~ kr. | 60% |
| Skinnklæddur skenkur | 5.990 kr. | ~~109.990~~ kr. | 95% |
| Spegill úr rauðu leðri | 1.990 kr. | ~~19.990~~ kr. | 90% |






**Húsgögn eru einungis fáanleg í Smáralind og á Akureyri.**

Gildir til 2. febrúar eða á meðan birgðir endast.
Með fyrirvara um villur í texta.

HAGKAUP
Skemmtilegast að versla

PENINGAMARKAÐSSJÓÐURINN

Hæsta ávöxtun 2006

Ávöxtunartölur 2006*




* Samkvæmt gögnum frá Lánstrausti hf., sem birtir ávöxtun sjóða á Íslandi á hlutlausan hátt, er Peningamarkaðssjóðurinn með hæstu ávöxtunina 2006 miðað við sambærilega sjóði.

Markmið Peningamarkaðssjóðsins er að skila jafnri ávöxtun með fjárfestingum í skammtímaverðbréfum. Aðallega er fjárfest í innlánum, skuldabréfum og víxlum skráðum í Kauphöll Íslands. Meðaltími sjóðsins er mjög stuttur, innan við ár og því er ekki að vænta mikilla sveiflna á gengi sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn skilaði 12,6% nafnávöxtun frá 30. desember 2005 til 29. desember 2006.

Hafðu samband við ráðgjafa okkar í síma **575 4400** eða kíktu á vefsíðu okkar, **www.vsp.is**.

**Engin kaup- eða söluþóknun.**

Peningamarkaðssjóðurinn er rekinn af Rekstrarfélagi Sparisjóðanna hf. Verðbréfaþjónusta Sparisjóðanna hf. er vörsluaðili sjóðsins. Peningamarkaðssjóðurinn er fjárfestingarsjóður sem starfar skv. lögum nr. 30/2003 um verðbréfasjóði og fjárfestingarsjóði. Fjárfestingarsjóður telst vera áhættusamari fjárfesting en verðbréfasjóður skv. lögunum. Meiri áhætta fjárfestingarsjóðs er m.a. fólgin í rýmri fjárfestingarheimildum sem geta leitt til minni áhættudreifingar en í verðbréfasjóði. Frekari upplýsingar um sjóðinn má finna í útboðslýsingu og útdrætti útboðslýsingar sem

SPARISJÓÐURINN

Fíton/SÍA


Eyjamenn boða til mótmæla á Básaskersbryggju:

# Mótmæla hækkun

**SAMGÖNGUR** Eyjamenn boða til mótmælastöðu á Básaskersbryggju við Herjólf klukkan 16 á morgun. Ástæðan er hækkanir á gjaldskrá ferjunnar, bæði á far- og farmgjöldum.

„Þessi hækkun á eftir að skila sér í vöruverð Vestmannaeyinga þar sem dýrara verður að flytja vörur til eyjarinnar heldur en til annarra staða sem geta notað hefðbundna þjóðvegi,“ segir Páll Scheving, oddviti Vestmannaeyjalistans og framkvæmdastjóri ÍBV.

Hann segir gjaldskrárhækkunina nema 11,5 prósentum að meðaltali, slíkt eigi Vestmannaeyingar ekki að sætta sig við. „Við viljum árétta að leið Herjólfs er þjóðvegurinn okkar, hver einasti þingmaður sem hingað hefur komið í heimsókn hefur sýnt þessu máli skilning en því miður virðast efndirnar engar,“ bætir Páll við. **- kdk**



**HERJÓLFUR** Efnt er til mótmælastöðu við Básaskersbryggju í Eyjum á morgun vegna gjaldskrárhækkana í ferjuna.



**FRÁ SRI LANKA** Uppbygging á vegum Þróunarsamvinnustofnunar Íslands getur skipt sköpum fyrir samfélög fiskimanna. MYND/ÁRNI HELGASON

# Byggja ellefu þjónustuhús

**Þróunarsamvinnustofnun Íslands annast uppbyggingu hafnaraðstöðu á Sri Lanka sem verður afhent heimamönnum til eignar.**

**ÞRÓUNARAÐSTOÐ** Þróunarsamvinnustofnun Íslands (ÞSSÍ) byggir ellefu þjónustuhús á hafnarsvæðum á sex stöðum á vestur- og suðurströnd Sri Lanka. Um er að ræða fiskmarkaðshús, fjarskiptahús og salerni fyrir sjómenn og fiskverkendur sem nýta löndunarstaðina. Ráðgert er að byggingaframkvæmdum ljúki í maí á þessu ári.

Árni Helgason, umdæmisstjóri ÞSSÍ á Sri Lanka, segir að byggingarnar verði að framkvæmdum loknum afhentar heimamönnum til eignar og reksturs. Í nokkrum byggðarlögum eru starfandi fiskimannafélög eða samvinnufélög sem ráða við slíkt en annars staðar er slíku ekki til að dreifa að sögn Árna. Því er Þróunarsamvinnustofnun í viðræðum við frjáls félagasamtök á Sri Lanka sem heita SEWALANKA, en þau vinna að margvíslegum félagslegum viðfangsefnum í fiskimannasamfélögum eyjarinnar.

„Ef af samvinnu verður, mun SEWALANKA aðstoða við að koma fiskimannafélögum á laggirnar. „Samtökin hafa ef til vill ekki getu eða þekkingu í dag til að stunda rekstur á mannvirkjum en við væntum árangurs á þessu sviði samhliða byggingarframkvæmdum þannig að þegar þeim lýkur verði heimamenn tilbúnir til að taka við“, segir Árni.

Einnig er verið að skoða þrjátíu staði á austurströnd landsins með það í huga að byggja þar þjónustuhús með ýmiss konar aðstöðu. Árni segir að héruðin sem um ræðir hafi öll orðið illa úti í flóðbylgjunni (tsunami) árið 2004 og að héruðin séu jafnframt á umdeildum svæðum í borgarastyrjöldinni á Sri Lanka. Um er að ræða fyrsta áfanga framkvæmda eftir flóðin sem kostaðar eru af sérstakri 50 milljóna króna fjárveitingu sem ríkisstjórnin veitti til uppbyggingastarfa á Sri Lanka og fól ÞSSÍ að sjá um.

ÞSSÍ er einnig að athuga með meltuframleiðslu úr fiskúrgangi. Meltan er notuð sem lystauki í svínafóður og er eftirsótt af svínaræktendum.

Að sögn Árna er unnið að verkefninu með heimamönnum og tilraunir reyndar á einum til tveimur löndunarstöðum á þessu ári.

svavar@frettabladid.is

Karl á fimmtugsaldri ákærður fyrir þjófnað og rán:

# Ógnaði með hamri

**DÓMSMÁL** Karlmaður á fimmtugsaldri hefur verið ákærður í Héraðsdómi Reykjavíkur fyrir þjófnað og rán og fyrir að hafa ógnað með hafnaboltakylfu og hamri.

Maðurinn hótaði tveimur lögreglumönnum sem voru að sinna skyldustörfum í íbúð í Yrsufelli. Hann gekk að þeim með hafnaboltakylfu á lofti. Sú háttsemi var til þess fallin að vekja með lögreglumönnunum ótta um líf sitt og heilbrigði. Þetta telst brot gegn valdstjórninni.

Þá er manninum gefið að sök að hafa í maí brotist inn í verslunina Gull og demantar á Skólavörðustíg. Þar braut hann rúðu og stal demantsarmbandi og hvítagullshring með demanti, samtals að verðmæti 370 þúsund krónur.

Síðar sama dag framdi maðurinn rán í söluturni við Hafnarstræti þar sem hann ógnaði afgreiðslustúlku með hamri og skipaði henni að afhenda sér fimm þúsund krónur.

Ákæruvaldið krefst þess að maðurinn verði dæmdur til refsingar. Eigandi Gulls og silfurs krefst bótagreiðslu upp á tæpar 500 þúsund krónur. **- jss**

Lífseigasta önd í heimi:

# Önd endurlífguð í skurðaðgerð

**BANDARÍKIN, AP** Önd sem lifði af tveggja daga ísskápsvist eftir að hafa verið skotin af veiðimanni var við dauðans dyr á skurðarborði dýralæknis í Flórída í Bandaríkjunum á dögunum. Hún hætti að anda í miðri aðgerð þar sem átti að gera við skotsár á væng hennar, en náði andanum á ný eftir lífgunartilraunir dýralæknisins Davids Hale.

Öndin, sem heitir Perky, varð fræg í seinustu viku þegar eiginkona veiðimannsins opnaði ísskáp sinn og sá öndina reisa hausinn upp. Perky mun sennilega ekki gangast undir fleiri aðgerðir og er nú á batavegi. **- sþs**

Búddistar á Íslandi biðja kirkjumálaráðherra að útvega 12 þúsund fermetra lóð:

# Vilja reisa búddahof á Vífilsstöðum

**TRÚFÉLÖG** Búddistafélag Íslands hefur óskað eftir því við Björn Bjarnason, dóms- og kirkjumálaráðherra, að hann beiti sér fyrir því að búddíski söfnuðurinn fái lóð undir hof við Vífilsstaði.

Að sögn Páls Júlíussonar, fyrrverandi formanns Taílensks-íslenska félagsins, hefur auðmaður í Taílandi lofað fjármagni til að reisa hofið. Páll segir að um nokkrar bygggingar yrði að ræða. Hann ítrekar að málið sé allt á byrjunarstigi varðandi staðsetninguna í Garðabæ.

Lóðin við Vífilsstaði er í eigu ríkisins og á forræði fjármálaráðuneytisins. Björn Bjarnason segir í bréfi til Gunnars Einarssonar, bæjarstjóra í Garðabæ, að Páll hafi, fyrir hönd Búddistafélagsins, beint þeim tilmælum til sín að beita sér gagnvart fjármálaráðuneytinu þannig að Garðabæ yrði afhent umrædd lóð. Bærinn myndi síðan ráðstafa lóðinni til Búddistafélagsins.

Páll hefur einnig rætt við Gunnar bæjarstjóra og nú vill dóms- og kirkjumálaráðherra heyra sjónarmið bæjarstjórans í málinu. „Þetta er ekki í fyrsta sinn sem Páll hreyfir þessu máli við mig með lóð í huga. Áður en ég aðhefst frekar vegna þessara síðustu tilmæla Páls þætti mér æskilegt að fá viðhorf yðar milliliðalaust til málsins," skrifar ráðherra til bæjarstjóra. **- gar**



**BJÖRN BJARNASON**



**VÍFILSSTAÐIR** Búddistar á Íslandi vilja byggja hof við hlið gamla Vífilsstaðaspítalans. Um 650 manns eru skráðir í söfnuðinn. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Forsætisráðherra Svíþjóðar:

# Barnfóstran talin vinna svart

**SVÍÞJÓÐ** Sænskir fjölmiðlar segja að forsætisráðherrahjónin Fredrik og Filippa Reinfeldt hafi haft barnfóstru sem hafi unnið svart í Svíþjóð, meðal annars á hjúkrunarheimili fyrir aldraða, á sama tíma og hún bjó inni á heimili hjónanna.



**FREDRIK REINFELDT**

Konan kom til Svíþjóðar í desember 2003, að sögn Expressen. Hún sótti um hæli og fékk vinnu sem barnfóstra hjá Reinfeldt fjölskyldunni. Hún hafði atvinnuleyfi fram í september 2005 þegar hælisumsókninni var hafnað. Hún átti þá að hætta að vinna en hélt áfram í sex vikur.

Fredrik Reinfeldt, forsætisráðherra Svíþjóðar, heldur því fram að barnfóstran hafi farið strax heim til Serbíu þegar hælisumsókn hennar var hafnað og komið svo til baka og farið að vinna á hjúkrunarheimilinu. **- ghs**

Eimskip kaupir Norðurfrakt:

# Á alla hluti í fyrirtækinu

**VIÐSKIPTI Eimskip hefur keypt alla hluti í Norðurfrakt ehf. á Siglufirði, en fyrir átti félagið 52 prósenta hlut í fyrirtækinu. Seljendur eru Árni Helgason á Ólafsfirði og Ásmundur H. Einarsson á Siglufirði. Ásmundur stofnaði fyrirtækið fyrir átta árum og hefur verið framkvæmdastjóri þess frá upphafi. Í lok árs 2005 var flutningarekstur Árna Helgasonar á Ólafsfirði færður inn í Norðurfrakt. Samhliða varð Árni hluthafi í félaginu. Guðmundur Nikulásson, framkvæmdastjóri innanlandssviðs Eimskips, segir að kaupin séu liður í áframhaldandi uppbyggingu innanlandsstarfsemi félagsins.** **- ifv**

Leiðtogi hjá KFUM farinn í frí:

# Myndbirting á vefnum kærð

**LÖGREGLUMÁL** Leiðtogi í starfi KFUM og KFUK hefur kært birtingu myndar af sér á vef þar sem því var haldið fram að hann hefði reynt að eiga kynferðisleg samskipti við 14 ára stúlku.

Vegna vinnureglu hjá KFUM og KFUK hefur maðurinn tekið sér frí frá störfum fyrir félagið þar til niðurstaða fæst í málinu.

Maðurinn sem um ræðir heitir Arnmundur Kr. Jónsson. Á vef KFUM & KFUK segir að hann hafi gegnt mörgum trúnaðarstörfum fyrir félagið. Þar segir að hann fullyrði að andlitsmynd af sér hafi verið skeytt saman við mynd af neðri hluta líkama annars karlmanns. **- bj**





Alcatel·Lucent



SÍMKERFI SEM STÆKKAR MEÐ ÞÉR

- Kerfi sem stækkar með fyrirtækinu
- Mikill sparnaður í langlínusímtölum
- Starfsmenn innan fyrirtækis hringja frítt sín á milli óháð staðsetningu
- Tölvusími (softphone)
- Kynningarsvörun
- Talhólfsskilaboð send í tölvupósthólf
- Samþætting við MS Outlook
- Meira frelsi með þráðlausum höfuðtólum

*Þú færð Alcatel - Lucent OmniPCX Office IP símkerfi með 7 símtækjum og tölvusímum á aðeins 199.000 kr.*

Það er til lausn á öllu
Opið 9-18 alla virka daga og 10-16 á laugardögum
www.ejs.is // Grensásvegi 10, Reykjavík / 563 3000 // Tryggvabraut 10, Akureyri / 463 3000

EJS



**RENNIR SÉR VIÐ KREMLARMÚRA** Snjórinn er kærkominn krökkunum í Moskvu, rétt eins og annars staðar. Þessi strákur skemmti sér vel í Alexandersgarði rétt við Kremlarmúrana. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Tveir þingmenn vinstri grænna leggja fram þingsályktunartillögu á Alþingi:

# Vilja kosningaaldurinn í 16 ár

**ALÞINGI** Þingsályktunartillaga hefur verið lögð fram á Alþingi um að kosningaaldur verði lækkaður úr 18 árum í 16 ár. Að tillögunni standa tveir þingmenn Vinstrihreyfingarinnar - græns framboðs; Hlynur Hallsson og Kolbrún Halldórsdóttir.

Í greinargerð með tillögunni segir að kominn sé tími til að auka enn þátttöku ungs fólks í lýðræðinu. Með því að lækka kosningaaldurinn megi auka ábyrgð ungs fólks og gera því kleift að taka þátt í mótun samfélagsins.

Helstu rökin fyrir því að 16 ára fái að kjósa eru þau að það leiði til breyttra áherslna í landsmálum þar sem kjörnir fulltrúar landsins muni leitast við að verja hagsmuni stærri hluta þjóðarinnar, segir í greinargerðinni. Kosningaréttur hefði auk þess þroskandi áhrif á ungt fólk.

Rökin gegn slíkri breytingu séu til dæmis þau að börn og unglingar búi ekki yfir vitsmunaþroska til að taka afstöðu í þjóðmálum, og láti tilfinningar ráða frekar en dómgreind. Slík rök lýsi vantrausti á ungt fólk, og hafi í gegnum tíðina verið notuð til að koma í veg fyrir að konur, eignalausir, undirokaðir kynþættir og jafnvel almenningur hljóti kosningarétt, segir ennfremur í greinargerðinni. - bj



**KOSNINGAALDUR** Hlynur Hallsson, varaþingmaður vinstri grænna, vill að ungmenni fái aukna lýðræðislega ábyrgð. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Samkynhneigðir í Moskvu:

## Borgarstjórinn gefur sig ekki

**MOSKVA, AP Júrí Lúskov, borgarstjóri í Moskvu, segist aldrei nokkurn tímann ætla að leyfa samkynhneigðum að koma saman og efna til gleðigöngu í borginni.**

**Hann kallar viðburði af því tagi „sataníska“ og sakar Vesturlönd um siðferðislega spillingu.**

**„Sumar Evrópuþjóðir leyfa hjónabönd samkynhneigðra og eru með kynlífsleiðbeiningar í skólum. Slíkt er dauðans siðferðiseitur fyrir börn,“ sagði hann. Á síðasta ári bannaði hann einnig samkynhneigðum að halda göngu í Moskvu, en bannið var hunsað. Þátttakendur urðu hins vegar fyrir aðkasti og sumir hnepptir í fangelsi. - gb**

Bruni í Eyjafirði í gær:

## Sumarbústaður skemmdist í eldi

**ELDUR Sumarbústaður í landi Höskuldsstaða í Eyjafirði skemmdist töluvert eftir að kviknaði í honum aðfaranótt mánudags. Enginn var í bústaðnum þegar eldurinn kom upp, en fólk hafði verið í honum daginn áður. Eldsupptök eru ókunn.**

**Nokkur eldur var í bústaðnum þegar slökkvilið var kallað á staðinn um fjögurleytið en gekk að sögn vel að slökkva eldinn. Bústaðurinn er ekki talinn vera ónýtur. Málið er í rannsókn hjá lögreglunni á Akureyri. - sþs**

Ættleiðingar í Bretlandi:

## Samkynhneigð ekki fyrirstaða

**LONDON, AP** Tony Blair, forsætisráðherra Breta, skýrði forsvarsmönnum kaþólsku kirkjunnar í Bretlandi frá því að engin trúfélög fengju undanþágu frá reglum um að samkynhneigðir eigi að koma jafnt og aðrir til greina með að ættleiða börn.

Reglunum er ætlað að koma í veg fyrir að samkynhneigðum sé mismunað, en í síðustu viku fór kaþólska kirkjan fram á undanþágur fyrir trúfélög sem reka ættleiðingaskrifstofur.

Blair hafnaði því, og sagði „ekkert pláss fyrir mismunun í samfélagi okkar“. - gb

# Fimm ára brot sjást ekki á sakavottorði

**Þegar starfsumsækjandi skilar inn sakavottorði sjást þar aðeins fangelsisdómar sem eru fimm ára eða yngri. Reglurnar eru settar til að gefa mönnum annað tækifæri, segir saksóknari. Öryggisfyrirtæki vilja undanþágu frá þessari reglu.**

**DÓMSMÁL** Sakavottorð sem menn skila til vinnuveitanda við atvinnuumsókn, krefjist hann þess, inniheldur ekki endilega allar upplýsingar um sakaferil viðkomandi. Brot sem varða fangelsisvist þurrkast út á fimm árum á þessum vottorðum, og brot sem varða sekt þurrkast út á þremur árum.

Fréttablaðið sagði á dögunum frá fyrrverandi öryggisverði Securitas sem dæmdur var nýlega fyrir þjófnað í starfi. Hann hafði áður gengist undir sátt vegna ölvunaraksturs árið 1997 og greitt sekt fyrir líkamsárás árið 2002. Þrátt fyrir það skilaði hann inn hreinu sakavottorði þegar hann sótti um starf hjá Securitas í ágúst 2005.

„Allt sem fer á sakaskrána er alltaf þar inni, en það eru til nokkrar gerðir af vottorðum,“ segir Sigríður Friðjónsdóttir, saksóknari hjá ríkissaksóknaraembættinu.

„Á vottorðum sem einstaklingar skila til vinnuveitanda eru aðeins upplýsingar um sektardóma seinustu þriggja ára og fangelsisdóma seinustu fimm ára.“ Hún segir að þessar reglur hafi verið settar til þess að gefa mönnum annað tækifæri.

Í reglugerð um sakaskrá ríkisins segir að ríkissaksóknari geti í sérstökum tilvikum veitt undanþágu frá þessum tímamörkum. Sigríður segir að þessi undanþága sé sjaldan veitt, reglugerðin sé túlkuð á mjög þröngan hátt.

Árni Guðmundsson, forstöðumaður gæslusviðs hjá Securitas, segist kannast við þessa reglu. „Við vitum af því að einhver mál fyrnast á vottorðinu eftir eðli þeirra, en við höfum á voðalega litlu öðru að byggja þegar við ráðum fólk til starfa.“

Hann segist vona að hér verði farið eins að og í nágrannalöndunum þar sem ákveðin fyrirtæki geta fengið staðfestingu á því hvort einstaklingur sé með hreina sakaskrá eða ekki, og er þá um að ræða fulla sakaskrá viðkomandi.

„Við höfum látið reyna á þessa undanþágugrein í reglugerðinni en án árangurs. Því hver verið hafnað í ljósi þess að það eru margir sem hafa áhuga á þessu, og vinnan væri einfaldlega of mikil,“ segir Árni.

salvar@frettabladid.is



**ÚR DÓMSAL** Maður með fangelsisdóm á bakinu getur skilað inn hreinu sakavottorði til öryggisfyrirtækis, hafi hann gengið laus í fimm ár eða lengur.



**STARFSMENN ALCOA** Fyrirtækið er á lista 100 bestu þegar kemur að sjálfbærni.

Heimsviðskiptaráðstefnan:

## Alcoa fær hrós fyrir sjálfbærni

**STÓRIÐJA** Fyrirtækjasamsteypan Alcoa er á lista hundrað sjálfbærustu fyrirtækja heims. Þetta var tilkynnt á heimsviðskiptaráðstefnunni, World Economic Forum, í Davos í Sviss, og er þetta í þriðja skipti sem Alcoa kemst á listann.

Listinn er unninn af kanadísku fyrirtækjunum Innovest Strategic Value Advisors og Corporate Knights. Hann byggist á ítarlegum úttektum á 1.800 stærstu fyrirtækjum heims og inn á hann komast aðeins þau fyrirtæki sem sýna fram á yfirburða árangur, ábyrga umhverfis- og samfélagsstefnu og víðtæk efnahagsleg áhrif.

Fyrirtækið hefur starfsemi í 44 löndum og hjá því starfa um 124.000 manns. - kdk


## Foreldrar undrandi yfir SKO-æðinu

**„Ég er ekki viss um að það sé hollt að tala svona mikið í símann, þó að það sé ókeypis“**

Foreldrar SKO-ungmenna eiga oft erfitt með að skilja hvað vakir fyrir þeim. Einkum vekja grunsamlega lágir símreikningar ungmennanna furðu, enda á fólk ekki að venjast þessum upphæðum. „Þetta er ekki einleikið,“ sagði áhyggjufull móðir við blaðamann í gær. „Dóttir mín virðist alltaf getað talað við vini sína, en samt er símreikningurinn hennar ekkert hærri en áður. Hún segir að það sé vegna þess að það sé ókeypis að hringja í aðra SKO-síma, en hvernig getur það staðist? Ókeypis að hringja?“ segir móðirin og hlær.



HVÍTA HÚSIÐ / SÍA – 7596

## Strámaður ársins 2006

Þrjátíu og átta ára gamall Hafnfirðingur, Sigurgeir Björgvinsson, var í gær kosinn Strámaður ársins 2006. Á fimmta þúsund kjósenda greiddi atkvæði í símakosningu að þessu sinni og hlaut Sigurgeir yfirburða- kosningu en alls voru yfir 100 manns tilnefndir. Sigurgeir hefur verið ötull strásafnari um árabil og vann hann hug og hjörtu þjóðarinnar þegar hann safnaði ríflega hálfum kassa af stráum á síðasta ári. Stráin verða geymd í sérstöku strásafni sem hann hefur komið sér upp á heimili sínu í Smárahverfinu. Sigurgeir var hinn kátasti þegar fréttamaður heimsótti hann í gær. „Þetta er mikil hvatning fyrir mig til að halda áfram strásöfnuninni. Þetta er vissulega mikil vinna en mjög gefandi,“ sagði Sigurgeir.



„Ég er alsæl,“ segir ung námsmær í Reykjavík.

## „Þetta er allt annað líf“

**Ung stúlka í Reykjavík segir líf sitt hafa breyst eftir að hún fékk sér SKO.**

„Ég get til dæmis farið oftar á kaffihús og í bíó. Ég get einfaldlega leyft mér svo miklu meira,“ segir hún. Alls hafa um 5.000 Íslendingar skráð sig í þjónustu SKO síðan í apríl á síðasta ári og ekkert lát virðist vera á æðinu.

**Tala meira. Borga minna.**

0,00 kr./mín. Hringt í SKO GSM-síma

14,90 kr./mín. Hringt í aðra GSM- og heimasíma

SMS 4,90 kr. í alla GSM-síma á Íslandi

www.sko.is

SKO býður jafngóða GSM-þjónustu og hin símafyrirtækin, innanlands og erlendis. Eini munurinn er lægra verð! Það kostar EKKERT að færa GSM-símanúmerið til SKO. Þú skráir þig í þjónustuna á www.sko.is.

SKO ÓDÝRA SÍMAFÉLAGIÐ


Leikskólar á Akureyri:

## Hafa allir skólanámskrá

**LEIKSKÓLAMÁL Leikskólar á Akureyri hafa allir opinbera uppeldisstefnu og skólanámskrá. „Hér voru allir búnir að setja sér uppeldisstefnu áður en farið var að tala um skólanámskrá,“ segir Sesselja Sigurðardóttir, leikskólaráðgjafi hjá Akureyrarbæ. „Ég hef grun um að leikskólarnir á Akureyri hafi verið með þeim fyrstu sem framkvæmdu þetta,“ segir hún.**

**Leikskólar hafa ákveðið sjálfstæði til að móta eigin uppeldisstefnu eða skólanámskrá, samkvæmt reglugerð um aðalnámskrá. Menntamálaráðuneytið hefur sent sveitarfélögum bréf og óskað eftir skýringum ef leikskólarnir hafa ekki sett sér slíka stefnu og námskrá. Listi yfir leikskólana hefur ekki verið birtur en hann á að fylgja bréfi ráðuneytisins. - ghs**

**ÁSBYRGI**

### Leggja skíðagöngubrautir

Um helgina voru lagðar skíðagöngubrautir í Ásbyrgi, að því er segir á vef Umhverfisstofnunar. Lagðir voru tveir hringir, átta kílómetra og tveggja kílómetra. Stefnt er að því að leggja þessar brautir allar helgar í vetur eða eins lengi og snjóalög leyfa.

Þjófar ruddust inn í Illum:

## Óku bifreið inn í verslunina

**KAUPMANNAHÖFN, AP Tveir grímuklæddir menn óku á fleygiferð inn um aðalinngang stórverslunarinnar Illum í Kaupmannahöfn, stefndu þar rakleiðis að skartgripadeildinni og gerðu tvær tilraunir til að aka þar á öryggisgrind en óku síðan, þegar það mistókst, beina leið út úr versluninni hinum megin í húsinu. Engu var stolið en skemmdir urðu töluverðar.**

**Þetta gerðist á sunnudagskvöldið. Skömmu síðar fann lögreglan skemmdan bíl í nokkurra kílómetra fjarlægð, en mennirnir tveir voru ófundnir í gær.** - gb

Pólski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Ryszard Kapuscinski er látinn:

# Vitni að 27 stjórnarbyltingum

**VARSJÁ, AP** Pólski blaðamaðurinn og rithöfundurinn Ryszard Kapuscinski lést í Varsjá fyrir réttri viku, 75 ára að aldri, eftir að hafa gengist undir hjartaaðgerð. Hann hefur oft verið nefndur til sögunnar á síðustu árum sem líklegur viðtakandi Nóbelsverðlaunanna.

Kapuscinski er ekki mikið þekktur hér á landi en nýtur mikilla vinsælda í mörgum Evrópulöndum. Hann skrifaði á þriðja tug bóka á ferli sínum sem hófst á seinni hluta sjötta áratugarins þegar hann var fréttaritari pólsku fréttastofunnar PAP í Afríku. Þekktasta verk hans fjallaði um fall stjórnar Haile Selassies í Eþíópíu og kom út árið 1978.

Árið 1998 gaf hann út greinasafn um Afríku þar sem lesandinn fær óvenjulega innsýn inn í samfélög margra landa álfunnar. Hann segir meðal annars sögu af því þegar hann kom í þorp eitt í Afríku þar sem lítil börn þyrptust að honum. Kapuscinski taldi að börnin væru að biðja hann um peninga eða mat. Svo var ekki því þau vildu biðja hann um ritföng svo þau þyrftu ekki að skrifa með fingrunum í sandinn. Slíkar lýsingar lituðu skrif hans afar innilegum blæ og urðu til þess að einn þekktasti heimspekingur Spánar, Fernando Savater, kallaði hann „mikinn mannvin“.

Kapuscinski varð vitni að 27 stjórnarbyltingum á ferli sínum sem blaðamaður, var við víglínuna í tólf stríðum og var fjórum sinnum dæmdur til dauða. - ifv



**RYSZARD KAPUSCINSKI** Við ritvélina á heimili sínu í Póllandi árið 1986. Kapuscinski varð þekktur fyrir bækur sínar og fréttaskrif um stjórnarbyltingar í Afríku, Asíu og víðar í heiminum.



**NINTENDO WII** Nafnið er vísun í enska orðið „we“ sem þýðir „við“.

Gengur vel hjá Nintendo:

## Vinsældir Wii auka hagnað

**JAPAN, AP** Hagnaður tölvuleikjafyrirtækisins Nintendo hefur stóraukist, og er góð sala á leikjatölvunni Nintendo Wii sögð helsta ástæðan. Leikjatölvan, sem kom út í lok seinasta árs, hefur selst í rúmlega þremur milljónum eintaka um allan heim.

Hagnaður fyrirtækisins seinustu níu mánuði ársins 2006 var tæplega helmingi meiri en á sama tíma á seinasta ári. Wii hefur notið þess orðspors að vera „skemmtileg“ leikjatölva, en leikjum hennar er stjórnað með stýripinna sem skynjar hreyfingu. Spilarar sveifla honum um eins og veiðistöng, hafnaboltakylfu, sverði eða tennisspaða allt eftir því sem við á. - sþs

Sprotaþing 2007:

## Þinghald eins og á Alþingi

**IÐNAÐUR** Efnt verður til þinghalds á vegum sprotafyrirtækja á föstudag þar sem fulltrúar allra þingflokka, bæði þingmenn og ráðherrar, ræða framtíð íslenskra sprota- og hátæknifyrirtækja. Á þinginu verður fjallað um stöðu og starfsskilyrði sprota- og hátæknifyrirtækja. Sprotaþing 2007 markar upphaf Sprotavettvangs sem hefur störf í kjölfarið.

Á þinginu verður fylgt verklagi Alþingis, tillögur kynntar, ræddar í þingnefndum sem skipaðar verða fulltrúum þingflokka til nánari umfjöllunar eða afgreiðslu. Þingnefndirnar skila svo endanlegum tillögum í formi lagafrumvarps, þingsályktunar eða reglugerðarbreytinga áður en þingheimur greiðir um þær atkvæði. - ghs

### LÖGREGLUFRÉTTIR

**Kveikt í spýtum í Hveragerði**

Kveikt var í spýtnabraki og öðru rusli á nokkrum stöðum í Hveragerði á sunnudagskvöld. Tjón af völdum eldsins var ekki teljandi. Lögregla biður þá að hafa samband sem urðu varir við mannaferðir sem gætu tengst íkveikjunum.

### SJÓSLYS

**Gírókompás bilaði**

Sjóprófin á Wilson Muuga leiddu í ljós að gírókompás sem stjórnaði sjálfstýringu skipsins bilaði og þess vegna bar skipið af leið. Strandið bar brátt að, aðeins liðu átta til níu mínútur frá því gírókompásinn bilaði þar til skipið var komið upp í fjöru.





Af hverju að sætta sig við það næstbesta þegar þú getur fengið það besta? **Nissan Pathfinder** er rjóminn í 4x4, alvöru jeppi og leiðandi bíll á öllum sviðum, bæði hvað varðar styrk, tækni og fjölhæfni. Pathfinderinn er líkt og skapaður fyrir íslenskar aðstæður og býður upp á frábæra akstursupplifun, hvort sem er á þjóðveginum, upp til fjalla eða í borginni.

**Komdu og reynsluaktu og kynntu þér verðið!**

NISSAN PATHFINDER

**Ingvar Helgason** Sævarhöfða 2 Sími 525 8000 www.ih.is Opið: Mánudaga – föstudaga kl. 9.00 - 18.00 og laugardaga kl. 12.00 - 16.00

Umboðsmenn um land allt | Akranesi 431 1376 | Akureyri 464 7940 | Höfn í Hornafirði 478 1990 | Njarðvík 421 8808 | Reyðarfirði 474 1453



**FÉ STREYMDI TIL LÍBANON** Eftir að Ísraelar hófu árásir á Líbanon í júlí síðastliðnum beindist athygli umheimsins þangað. Skyndilegt og óvænt neyðarástand fær oft meiri athygli en viðvarandi neyð og betur gengur að afla fé til neyðaraðstoðarinnar. MYND/UNICEF: AL AZMEH

# Falin neyð barna víða um heim

**Víða um heim búa börn við neyðarástand án vitundar flestra annarra jarðarbúa. Því minna sem viðkomandi svæði er í fréttum, því erfiðara er að finna það fé sem þarf til að koma þeim til aðstoðar.**

Barnahjálp Sameinuðu þjóðanna þarf rúmlega 43 milljarða til að aðstoða börn og konur á neyðarsvæðum víða um heim. Þetta kemur fram í nýrri skýrslu Barnahjálparinnar, Humanitarian Action Report 2007, sem kynnt var í gær.

Neyðarsvæðin eru 33 talsins, ýmist vel þekkt svæði eins og Darfur og hins vegar lönd á borð við Haítí, Eritreu og Mið-Afríku-lýðveldið, sem ekki er fjallað mikið um í fjölmiðlum.

Náttúruhamfarir og átök taka sinn toll af lífi barna og kvenna víða um heim og í mörgum tilvikum vantar sárlega fjármagn til að sinna brýnni neyðaraðstoð. Gert er ráð fyrir að rúmlega fimmtungur af umbeðnu fé til neyðaraðstoðar verði varið til verkefna í Súdan, þar á meðal til Darfur-héraðs. Ótryggt ástand og átök ógna lífi um fjögurra milljóna manna, þar af 1,8 milljónum barna. Helmingur af þeim tveimur milljónum sem hafa þurft að flýja heimili sín í Súdan eru börn. Nærri tveimur þriðju fjárins verður varið til neyðaraðstoðar í Afríku.

Skýrslan vekur athygli á svokallaðri falinni neyð barna. Í Kólumbíu eru börn þvinguð af heimili sínu með ofbeldi eða þau látin berjast. Há tíðni HIV/alnæmis og viðvarandi fátækt veldur því að börn í Sambíu búa við fátæklegustu aðstæður í heimi. Fleiri börn í Chad flýja nú til nágrannaríkja í leit að betra lífi. Ofbeldi og átök á Haítí veldur því að dánartíðni barna þar er ein sú hæsta í Rómönsku Ameríku.

„Mörg neyðartilfellanna þar sem UNICEF starfar eru gleymd og grafin vegna þess að þau eru ekki lengur talin neyð samkvæmt skilningi almennings,“ sagði Dan Toole, yfirmaður neyðaraðstoðar UNICEF, þegar skýrslan var kynnt í New York í dag. „Neyðinni er ekki lokið þó svo umfjöllun fjölmiðla sé lokið, hvort sem það er í Darfur eða á Haítí. Eins lengi og börn búa við neyðarástand, þá mun UNICEF hjálpa.“

Á árinu 2006 aflaði UNICEF 513 milljónum dala (tölur frá 1. nóv.) til neyðaraðstoðar á 53 svæðum. Skyndileg og óvænt neyð nær að fanga athygli almennings fremur en sú neyð sem er viðvarandi eins og greint er frá í skýrslunni. Því fengu svæði sem búa við viðvarandi falið neyðarástand aðeins 37% fjármagnsins. Allt í allt gat UNICEF fjármagnað 49% af því sem samtökin þurftu til neyðaraðstoðar á árinu 2006.



**UNICEF - FALIN EYMD BARNA - LÍBANON - HAÍTÍ FÁIR VITA UM HAÍTÍ** Haítí er dæmigert fyrir mjög falið neyðarástand. Þar er hæsta dánartíðni barna í Rómönsku-Ameríku og börn búa við mikið ofbeldi í umhverfi sínu, auk þess sem HIV/alnæmi gerir illt verra. Ekkert fé rann til neyðaraðstoðar á Haítí á síðasta ári, ekki frekar en til Kólumbíu og Georgíu. MYND/UNICEF: LEMOYNE









# Aðeins hágæða efni frá Múrbúðinni

Þegar valið var flísalím í hina nýju glæsilegu Laugardalslaug varð fyrir valinu
**Dekaflex flísalím frá Múrbúðinni**

## Við bjóðum heildarkerfi í flísalögn sem stenst allar væntingar hins kröfuharða íslenska markaðar



Ardaflex Top — Ardaflex leicht — Ardaflex schnell — Ardaflex Marmor — Deka Flex flísalím — Deka flísalím



Flexdicht rakamembra — Flexborði 120 mm x 10 m — Unipox Epoxy fúga — Serpo fúga frá Maxit — Ardal Maxi fúga

**Ný gólfefnadeild**
Mikið úrval af frábærum flísum
TAU CERÁMICA

Meiri gæði
Lægra verð
MÚRBÚÐIN

**Opið mán. - fös. kl. 8-18**
**laugardaga 9-15**

LÆKKUM VERÐIÐ Á BYGGINGA-VÖRUM

**MÚRBÚÐIN**
*Byggingavöruverslunin í Árbænum*
Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · sala@murbudin.is · www.murbudin.is
*Akureyri - Húsavík*

***Neytendur athugið! Múrbúðin selur allar vörur sínar á lágmarks verði fyrir alla, alltaf. Gerið verð- og gæðasamanburð!***

## „ORÐRÉTT“

### Á móti stelpum?

**„Menn eru farnir að taka sjálfa sig og Morfís of hátíðlega ef umræðuefnið „stelpur“ er tilefni til móðgunar.”**

BRYNJARI GUÐNASYNI, FORMANNI MORFÍS, FINNST EKKERT ATHUGAVERT VIÐ AÐ TALA Á MÓTI STELPUM Í RÆÐUKEPPNI.

**Fréttablaðið 29. janúar.**

### Skynjar líðan páfagauka

**„Í raun lít ég svolítið á mig sem túlk milli fugls og eiganda og reyni að útskýra fyrir þeim hvernig fuglinn skynjar umhverfi sitt.”**

DÍANA LIND MONZON ER SÉRFRÓÐ Í PÁFAGAUKAFRÆÐUM OG LEITAR NÚ AÐ FIÐRUÐUM FYRIRSÆTUM FYRIR FRÆÐSLUBÓK.

**Morgunblaðið 29. janúar.**

*nær og fjær*
# tilveran

HVAÐ ER AÐ FRÉTTA? SÖLVI BLÖNDAL TÓNLISTARMAÐUR

## Tónlistin aftur orðin að áhugamáli



„Það er allt gott að frétta hjá mér. Ég var að klára plötunna hennar Silvíu Nætur sem kemur út í apríl og það er búin að vera virkilega skemmtileg vinna,“ segir Sölvi sem titlar sig núna sem sérlegan upptökustjóra Silvíu Nætur. „Við kláruðum plötuna úti í Bandaríkjunum og jólin fóru eiginlega í að klára þetta verkefni,“ segir Sölvi og bætir því við að það hafi verið afar skemmtilegt að eyða jólunum með Silvíu Nótt. „Hún var alltaf klædd í svo jólaleg föt og það jók á stemninguna,“ segir hann og útskýrir að Silvía Nótt sé alltaf uppáklædd í öllum atriðum hversu lítilfjörleg sem þau kunna að vera „Ég vil eiginlega ekki kannast við að Silvía Nótt sé eitthvað leikið atriði, fyrir mér er það ekki þannig.“
Samhliða upptökustjórninni stundar Sölvi nám í hagfræði við Háskóla Íslands og reynir að einbeita sér að því þessa dagana. „Núna er ég loksins kominn á þann stað í lífinu að tónlistin er orðin að hobbíi aftur. Tónlistin átti í rauninni aldrei að verða að atvinnu, það voru bara söguleg mistök. Núna er tónlistin aftur orðin áhugamál og þá er aftur orðið skemmtilegt að búa til tónlist,“ segir Sölvi sem stefnir á að klára hagfræðinámið fljótlega. „Hagfræðin á sína skemmtilegu spretti líka. Ég þarf að „dítoxa“ mig af tónlist annað slagið. Þegar ég geri tónlist verð ég alveg heltekinn þannig að ég verð að fara í bindindi annað slagið. Núna er ég í hálfgerðu tónlistarbindindi meðan ég einbeiti mér að skólanum.“

## SJÓNARHÓLL
**AÐ LOKNU FLOKKSÞINGI FRJÁLSLYNDA FLOKKSINS**



STEINGRÍMUR SIGURJÓNSSON

### Margt býr í Margréti

„Fleygur hefur verið rekinn í Frjálslynda flokkinn og sá fleygur heitir Nýtt afl,“ segir Steingrímur Sigurjónsson, húsasmíðameistari og bifreiðastjóri, um stöðuna í Frjálslynda flokknum. „Flokkurinn er í raun klofinn og það er ómögulegt að spá fyrir um hverjar lyktir málsins verða. Í raun er spurning hvort flokkurinn jafni sig nokkurn tíma á þessu,“ segir Steingrímur. Hann telur líklegt að Frjálslyndi flokkurinn verði af talsverðu fylgi í kosningunum í vor fyrst Margrét Sverrisdóttir var ekki kjörin varaformaður. „Það býr margt í Margréti, hún er vel talandi, föst og ákveðin.“ Hann segir kjörið um helgina enn fremur staðfestingu á að konur eigi erfiðara uppdráttar í samfélaginu en karlar. Steingrími hugnast annars margt í pólitík Frjálslyndra og segir enn fremur að sér hafi litist vel á ýmislegt hjá Nýju afli í síðustu kosningum. „Þeir gagnrýndu til dæmis öll sendiráðin og kostnaðinn við þau. Það er skömm að þeirri eyðslu.“

# Bræður munu berjast

**Það má búast við spennandi leik í dag þegar íslenska landsliðið í handknattleik mætir því danska í átta liða úrslitum á HM í Þýskalandi. Danir búsettir hér á landi halda með sínum mönnum og úti í Danmörku undirbúa Íslendingafélögin sig fyrir leikinn.**

Danir og Íslendingar hafa löngum eldað grátt silfur saman þótt vissulega sé stutt í vinskapinn. Gremja í garð Dana eftir áralanga einokun virðist seint ætla að eldast af Íslendingum og að sama skapi eiga Danir erfitt með að horfa upp á umsvif íslenskra kaupsýslumanna innan helgustu véa Dana. Í dag verður spennan í hámarki milli þjóðanna sem þó þykjast vera vinir inn við beinið.



**STEMNING** Stuðningsmenn íslenska landsliðsins láta í sér heyra. Það má búast við mikilli stemningu á leiknum í kvöld. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

**Heldur með sínum mönnum**

Ernst Hemmingsen ræðismaður Dana á Íslandi var heldur betur kominn í keppnisskap fyrir leikinn þegar blaðamaður sló á þráðinn í danska sendiráðið. „Ég er nú búinn að búa á Íslandi í rúm 30 ár en að sjálfsögðu held ég með mínum mönnum í leiknum,“ segir Ernst og bætir því við að hann verði ekkert voðalega tapsár þótt Íslendingarnir vinni. „Íslenska liðið leikur vel svo það er enginn skömm fyrir Dani þótt þeir tapi. Þetta eru í rauninni lík lið og ég á von á að leikurinn verði spennandi. Þessi lið spila hraðan og skemmtilegan handbolta og það er erfitt að gera upp á milli þeirra þótt ég haldi að sjálfsögðu með Dönunum.“

Ernst segir að ekki sé mikill samgangur milli Dana búsettra á Íslandi og á því ekki von á að þeir hópi sig saman til að fylgjast með leiknum. „Danir eru svo góðir vinir Íslendinga að þeir horfa bara á leikinn með þeim. Ég hef ekki orðið var við að það sé mikill rígur milli þjóðanna. Ég hugsa að sambandið sé bara gott enda erum við frekar lík,“ segir Ernst sem sjálfur ætlar að horfa á leikinn heima í stofu. „Konan mín er íslensk og börnin halda með Íslandi en samt á ég ekki von á neinum slagsmálum fyrir framan sjónvarpið,“ segir Ernst og hlær.

Ernst spáir því að Danir vinni leikinn naumlega. „Ætli þetta fari ekki 28-29 eða 30-31 fyrir mínum mönnum,“ segir hann bjartsýnn og bætir því við að Danir séu með betri taugar og nái líklega að vinna Íslendingana á því.



**STYÐUR DANI** Ernst Hemmingsen heldur með Dönum og er viss um að þeir hafi betri taugar en íslenska liðið. FRÉTTABALAÐIÐ/HEIÐA

**Horfa saman á leikinn**

Fjölmargir Íslendingar eru búsettir í Danmörku og búast má við því að hrópin „Áfram Ísland“ heyrist víða um landið. Dagmar María Hrólfsdóttir, formaður Íslendingafélagsins í Sönderborg, á von á skemmtilegri stemningu þar á bæ enda ætla Íslendingarnir á svæðinu að hittast og horfa á leikinn saman. „Við erum með húsnæði hérna og ætlum að hittast þar og fylgjast með leiknum,“ segir Dagmar. „Það er mikil stemning fyrir þessum leik og þegar okkur varð ljóst að við myndum mæta Dönum datt okkur auðvitað fyrst í hug að skella okkur bara í hópferð á leikinn í Þýskalandi enda örstutt að skreppa þangað. Svo kom í ljós að það var uppselt svo við ákváðum að að rífa upp smá stemningu hérna heima,“ segir Dagmar og bætir því við að einnig sé mikill áhugi fyrir leiknum meðal Dana. „Mér hefur verið strítt svolítið í vinnunni í dag og Danirnir þykjast vera búnir að vinna þetta fyrirfram. Annars er rígurinn ekki mikill og þetta er allt í góðu,“ segir Dagmar sem er bjartsýn á að Íslendingar vinni leikinn. „Ég held þetta verði spennandi leikur og það á örugglega eftir að vera mjótt á mununum. Ætli við vinnum þetta ekki bara með einu eða tveimur mörkum.“

thorgunnur@frettabladid.is


## Höldum óhreinindum á mottunni



Úti- og innimottur
fyrir íslenskar aðstæður

NOTRAX®
gólfmottukerfi

…fjarlægir óhreinindi og vætu af skó
…hindrar að gólfið innandyra verði há
…heldur anddyrinu hreinu og snyrtileg



**Sigþóra Gunnarsdóttir**
Sölumaður í verslun RV

**Rekstrarvörur**
*- vinna með þér*

25 ára Rekstrarvörur 1982–2007

TUNGLIÐ RV6217A


Danir og Íslendingar finna sér alltaf eitthvað til að rífast um:

# Eilífðarbarátta milli þjóðanna

**Danskt yfirvald**

Gremju Íslendinga í garð Dana má að sjálfsögðu rekja til þeirra ára þegar Ísland var undir danska stjórn komið. Fullveldi fengum við árið 1918 og árið 1944 vorum við með öllu laus við danska stjórn. Sögur af möðkuðu mjöli lifa þó enn meðal þjóðarinnar sem leit á það sem stórsigur að heimta handritin heim úr danskri helju árið 1971. Tilhugsunin um að íslenski þjóðararfurinn væri geymdur á danskri grund var óbærileg.

**Deilur um þjóðerni**

Danir hafa löngum viljað eigna sér íslenska listamenn. Þannig vill ekki nokkur Dani viðurkenna að myndhöggvarinn Bertel Thorvaldsen sé í raun bóndasonur úr Skagafirði og íslensku ætterni Edvards C.J. Eriksen, sem gerði styttuna af litlu hafmeyjunni, hefur aldrei verið haldið á lofti.



Hin síðari ár hafa Danir og Íslendingar mýkst í þessum málum og deila nú sameiginlegum eignarrétti á listamanninum Ólafi Elíassyni sem er bæði íslenskur og danskur.



**Blessuð danskan**

Íslensk skólabörn hafa kynslóð eftir kynslóð bölvað því að þurfa að læra dönsku í skóla. Námið virðist þó gagnlegt því mikill fjöldi Íslendinga sækir sína framhaldsmenntun til Danmerkur. Í dag búa um 8.000 Íslendingar í Danaveldi og þar af eru um 3.000 í námi. Þar að auki fljúga bæði Icelandair og Iceland Express með fullar flugvélar af Íslendingum til Kaupmannahafnar á hverjum degi. Danmörk er því kannski ekki svo slæm eftir allt saman.



Umsvif Íslendinga

Danskt þjóðarstolt var sært og kramið þegar íslenskir kaupsýslumenn réðust inn í danskt viðskiptalíf og hrifsuðu til sín öll helstu verðmæti Dana. Illums og Magasin Du Nord eru nú í eigu Íslendinga og aldrei að vita hvenær Tívolíið og konungshöllin bætast í hópinn.



**Keppnisskapið**

Spennan milli þjóðanna tveggja hefur oft fengið útrás í ýmsum kappleikjum. Mörgum er ekki liðinn úr minni knattspyrnuleikurinn á Parken árið 1967 sem lauk með tölunum 14-2 Dönum í vil. Niðurlægingin var algjör fyrir Íslendinga.

# SÍÐUSTU DAGAR ÚTSÖLUNNAR!

# ENN MEIRI AFSLÁTTUR!



**Takmarkað magn!**
**Fyrstur kemur - fyrstur fær!**

**VERÐDÆMI**

King Koil dýnusett og grind Queen size
(153x203 cm)
**frá 79.900 kr.**

Twinn XL size
(97x203 cm)
**frá 49.900 kr.**

King size
2x(97x203 cm)
**frá 99.900 kr.**

COMFORT solutions
By King Koil®

## Comfort solutions
by King Koil

- Amerískar heilsudýnur í hæsta gæðaflokki.

King Koil hefur framleitt hágæða rúm í Bandaríkjunum síðan árið 1898 og framleiðir í dag einu dýnurnar sem eru bæði með vottun frá FCER (alþjóðarannsóknasamtök kíropraktora) og Good housekeeping, stærstu neytendasamtök í Bandaríkjunum.

**PowerComfort™**
- fjölstillanleg amerísk rafmagnsrúm



**Svefnsófar frá 29.900...**

**... gestarúm frá 19.900...**

**... Queen size höfðagaflar frá 14.900 og náttborð frá 9.900**

Rekkjan
Heilsurúm

Rekkjan ehf | Skipholti 35 | 105 Reykjavík | 588 1955 | www.rekkjan.is

## Svona erum við
> Fjöldi sauðfjár á Íslandi




Heimild: Hagstofa Íslands

# baksvið
*fréttir og fróðleikur*

**FBL-GREINING:** GEORGÍA Í KÁKASUS OG GEORGÍUMENN:

## *Eiga rætur að rekja til Nóa*

Georgía er land sem Íslendingar þekkja lítið sem ekki neitt, hafa helst heyrt fréttir af samskiptum við Rússa. Georgía var til dæmis í fréttum nýlega þegar pólon-eitur fannst í fórum manns í Tbilisi, höfuðborg Georgíu. Pólon er eitrið sem var notað til að ráða njósnarann Alexander Litvinenko af dögum.

Hvar er Georgía?

Georgía er í Kákasus og nær að Svartahafi, Rússlandi, Aserbaídsjan, Armeníu og Tyrklandi. Georgía tilheyrði Sovétríkjunum en hlaut sjálfstæði 1991. Í landinu er fjöldinn allur af þjóðarbrotum eða minnihlutahópum. Þrjú sjálfstjórnarsvæði; Abkhazía í norðvesturhluta landsins, Ajaría í suðvesturhlutanum og Suður-Ossetía í norðurhlutanum. Georgíumenn eiga rætur að rekja til Nóa. Uppruni georgísku er óljós en málið er ekki skylt neinum af helstu tungumálum heims.

Hvernig eru Georgíumenn?

Þeir eru lífsnautnamenn sem hafa gaman af að drekka vín og skemmta sér með fólki. Gestrisni þeirra þykir með eindæmum góð.

Hver er helsti sonur Georgíu?

Jósef Dzhugashvili, síðar Stalín, fæddist og ólst upp í Gori í Georgíu. Hann er mjög dáður í landinu. Georgíumenn eru sér meðvitaðir um slæmu hliðarnar í stjórnartíð Stalíns en kjósa að horfa á björtu hliðarnar, líta á Stalín sem mikilmenni sem hafi átt stóran þátt í þróun heimsmálanna um miðja síðustu öld.

Hvernig eru efnahagsmálin?

Georgía var eitt ríkasta landið innan Sovétríkjanna á sínum tíma þó að Georgíumenn hafi ekki farið varhluta af þrengingum, til dæmis aftökum Stalíns á sínum tíma. Efnahagurinn tók dýfu þegar Sovétríkin liðuðust í sundur 1991 en með alþjóðlegri aðstoð hefur þeim tekist að snúa þróuninni við. Bandaríkjamenn teljast nú til helstu bandamanna Georgíumanna.

Heimildir: Vísindavefur HÍ og Lonely Planet.



# Ný flóðbylgja ódýrs vinnuafls?

**SPURT & SVARAÐ**
VERÐMUNUR Á FISKI Í KÖNNUN

## *Til háborinnar skammar*



MARÍA GYLFADÓTTIR
stjórnmálafræðingur

Verðkönnun ASÍ sýndi nýlega fram á gríðarlegan verðmun á fiski eftir verslunum á höfuðborgarsvæðinu, Könnunin sýndi einnig að verð hafði hækkað talsvert frá því í fyrra.

**Hvað finnst þér um þennan verðmun?** „Þetta kemur mér kannski ekki mikið á óvart en þessi niðurstaða sýnir tvennt: það er ekki virk samkeppni og samkeppniseftirlit í landinu og neytandinn stendur sig ekki í því að gera verðsamanburð. Við verðum að taka okkur saman neytendur og neita að kaupa vöru sem er allt að níutíu prósentum dýrari en hægt er að fá hana annars staðar. Svo finnst mér til háborinnar skammar hjá einni mestu fiskveiðiþjóð heims að fiskverð sé með því hæsta sem gerist á heiminum, sérstaklega á þessum tímum þegar umræðan snýst að miklu leyti um offitu."

**Hvað er hægt að gera?**
„Tvennt er að hægt að gera við þessu. Það er hægt að efla samkeppniseftirlitið svipað og það sem fjármálaráðherra hefur boðað ef birgjar og verslanir standa sig ekki í að skila lækkun virðisaukaskatts og afnámi vörugjalda til neytenda. Svo getum við neytendur sjálf veitt aðhald á þessum markaði. Við verðum að vera miklu meðvitaðri um það hvað við erum að borga fyrir matvöru. Það skiptir okkur máli. Ég spyr mig af hverju fiskur er kominn í flokk lúxusvara þegar það er ekki þar með sagt að hann eigi að vera þar.

**Með inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópusambandið um nýliðin áramót bættust rúmlega 30 milljónir fátækra Suðaustur-Evrópumanna inn í raðir þess. Þetta veldur ótta – verðskulduðum eða óverðskulduðum – um að ný flóðbylgja ódýrs vinnuafls sé í þann mund að skella á ríkari löndum álfunnar.**

Eftir inngöngu landanna tveggja við Svartahafið hafa öll eldri aðildarríkin fimmtán, nema Svíþjóð og Finnland, lokað á frjálsa för vinnuafls frá þessum löndum. Ísland og Noregur hyggjast einnig gera það, en samningum um EES-aðild ESB-nýliðanna er enn ólokið og því gilda enn sömu reglur um atvinnuréttindi Rúmena og Búlgara á Íslandi og fyrir inngöngu þeirra í ESB.

Hin fyrrverandi Austantjaldslöndin sem gengu í sambandið árið 2004 – Eistland, Lettland, Litháen, Pólland, Tékkland, Slóvakía, Slóvenía og Ungverjaland – hafa öll opnað sinn vinnumarkað fyrir Rúmenum og Búlgörum. Þó hafa stjórnvöld í Ungverjalandi, næsta grannríki Rúmeníu, sett vissar takmarkanir á frjálsa för fólks yfir landamærin fyrst um sinn eftir að þau urðu að innri landamærum ESB. Kýpverjar hafa látið allar takmarkanir falla, en Maltverjar halda í þær með sama hætti og vesturevrópsku eldri aðildarríkin þrettán sem áður eru nefnd.

### Tvær milljónir þegar farnar
Nú þegar er það svo að yfir tvær milljónir Rúmena og Búlgara dvelja og starfa í öðrum Evrópusambandslöndum. Við ESB-inngönguna hefur vaknað ótti um að enn meiri straums ódýrs vinnuafls sé að vænta frá hinum fátæka suðausturjaðri álfunnar. „Pólski pípulagningarmaðurinn" og „lettneska þjónustustúlkan" hafa á síðustu árum getið sér góðan orðstír í hinum ríkari löndum álfunnar. En eftir því sem þeim fjölgar vaxa efasemdir um að þessi straumur fólks að austan sé æskilegur.

### Heit umræða í Bretlandi
Þessi umræða hefur verið sérstaklega lífleg í Bretlandi á síðustu vikum. Gula pressan hefur ekki látið sitt eftir liggja og birt risaforsíðufyrirsagnir á borð við: „See EU soon" („Sjáumst ESBrátt") og „You can't stop us coming" („Þið getið ekki aftrað okkur frá að koma").

Þessi ótti, sem alið er á með fréttum af þessu tagi, er þó ástæðulaus með tilliti til þess að Bretar hafa í þetta sinn nýtt sér fyrirvara sem lokar í bili á frjálsa för launafólks frá nýjustu aðildarríkjunum tveimur, ólíkt því sem Bretar ásamt Írum, Svíum og Finnum gerðu við síðustu stækkun ESB árið 2004. Rúmenar og Búlgarar geta því ekki komið í atvinnuleit til Bretlandseyja nema vera fyrst búnir að útvega sér atvinnuleyfi. Ástæðan fyrir því að svo auðvelt er að ala á þessum ótta er reynslan sem fengist hefur af opnun vinnumarkaðarins fyrir íbúum Mið- og Austurevrópuríkjanna sem gengu í sambandið vorið 2004. Yfir hálf milljón manna frá þessum löndum hefur komið til Bretlands í atvinnuleit á þessu tímabili, flestir frá Póllandi.

### Rifizt um gagnsemi aðflutnings
En er svo fjölmennur straumur viljugs vinnuafls góður eða slæmur fyrir landið sem í hlut á? Margir hagfræðingar segja að slíkt aðstreymi sé af hinu góða, þar sem það geri vinnumarkaðinn skilvirkari og stuðli að auknum hagvexti. En hagsmunasamtök launþega – og stjórnmálamenn – sjá í aðkomufólkinu keppinauta sem þrýsta launum niður og grafa undan áunnum réttindum launþega.

Ótti Breta – og allra hinna „gömlu" ESB-þjóðanna – við hugsanlegan straum ódýrs vinnuafls frá Rúmeníu og Búlgaríu er hluti af víðtækari umræðu um hnattvæðinguna, þar sem kjarnaspurningin er: Þjónar aukið efnahagslegt frelsi hagsmunum allra í raun?

Hægrisinnaða hugveitan Migrationwatch ýtti á dögunum við umræðunni í Bretlandi með rannsóknarskýrslu, þar sem komizt er að þeirri niðurstöðu að innflytjendur skiluðu þegar á allt væri litið nær engum ávinningi fyrir hinn almenna borgara sem fyrir væri í landinu.

„Innflytjendur geta skilað samfélaginu áþreifanlegum ávinningi, en eingöngu ef rétt stjórn er höfð á aðstreyminu," sagði David Davis, skuggaráðherra Íhaldsflokksins í innanríkismálum.

### Ávinningurinn nær enginn?
Samkvæmt skýrslu Migrationwatch næmi sá hagræni ávinningur sem hver Breti hefði af innflytjendastraumnum andvirði eins Mars-súkkulaðistykkis á mánuði. „Þeir sem fyrst og fremst hagnast á aðflutningnum eru innflytjendurnir sjálfir, sem eru færir um að senda um tíu milljónir sterlingspunda (andvirði 1.370 milljóna króna) á dag til heimalanda sinna, en þetta fé streymir þar með út úr brezku hagkerfi og kemur því ekki til góða."

Þessu sjónarmiði andmælir Susan Anderson hjá brezku vinnuveitendasamtökunum CBI. „Aðflutt vinnuafl kemur með dýrmæta hæfni og hugmyndir með sér inn í brezkt hagkerfi og á þátt í að fylla í stöður sem Bretar geta eða vilja ekki þiggja. Þeir greiða hér skatta og skyldur og hjálpa með því að halda uppi velferðar- og lífeyriskerfi okkar, löngu eftir að margir hinna aðfluttu eru aftur fluttir heim til sín," segir hún. „Þátttaka þeirra á líka þátt í að halda verðbólgu lágri á tímum þar sem margt í hagkerfinu þrýstir í hina áttina."

### Frjáls for frá nýju aðildarríkjunum

Eftir inngöngu Rúmeníu og Búlgaríu í Evrópusambandið um nýliðin áramót hafa öll eldri aðildarríkin fimmtán nema Svíþjóð og Finnland lokað á frjálsa för vinnuafls frá þessum löndum. Ísland og Noregur hyggjast einnig gera það, en samningnum um EES-aðild ESB-nýliðanna er enn ólokið. Hin fyrrverandi austantjaldslöndin sem gengu í sambandið árið 2004 hafa öll opnað sinn vinnumarkað fyrir Rúmenum og Búlgörum.

NÆSTU LÖND Í BIÐRÖÐINNI Í SA-EVRÓPU




*Hugsanleg umsóknarríki þegar þau verða fær um að uppfylla lágmarksskilyrði um pólitískan stöðugleika, réttarríki og markaðshagkerfi*

| RÚMENÍA | Íbúar: 21,6 milljónir |
|---|---|
| | VLF á mann: 3.830 USD |
| | Atvinnuleysi: 7.0% |



**Calin Tariceanu** forsætisráðherra stýrir valtri samsteypustjórn. Gagnrýnir Vestur-Evrópulönd fyrir ástæðulausan ótta við frjálsa för vinnuafls. 1,5 milljónir Rúmena eru þegar farnar vestur síðan árið 1991

| BÚLGARÍA | Íbúar: 7,7 milljónir |
|---|---|
| | VLF á mann: 3.450 USD |
| | Atvinnuleysi: 13.7% |



Ríkisstjórn **Sergeis Stanishev** telur Búlgara ómaklega vera útilokaða frá frjálsri för til eldri ESB-landanna. Nú þegar eru hundruð þúsund Búlgara starfandi í V-Evrópu.

Heimildir: ESB, Alþjóðabankinn. Myndir: AP © GRAPHIC NEWS



**RÚMENSKIR SÍGAUNAR** Almestu öreigarnir í Rúmeníu eru sígaunar. Hér hafa nokkrir þeirra slegið upp búðum við frönsku borgina Lyon. NORDICPHOTOS/AFP



FRÉTTASKÝRING
AUÐUNN ARNÓRSSON
audunn@frettabladid.is

Morgunverður frá kl. 9:00 - 11:00
mánudaga - laugardaga
verslun opnar kl. 10:00



195,-
IKEA Restaurant & Café
IKEA
Þú átt allt gott skilið!
©Inter IKEA Systems B.V.2007

# skoðun

greinar@frettabladid.is

Vinstri grænt og hægri grænt:

## Nýr pólitískur snertiflötur

ÞORSTEINN PÁLSSON SKRIFAR

Enginn þarf að ganga að því gruflandi að afstaða til umhverfismála hefur vaxandi þýðingu í stjórnmálum. Þeir hörðu árekstrar sem orðið hafa milli sjónarmiða um nýtingu orkulinda og verndun náttúrugæða bera glöggt vitni þar um.

Reiptog milli sjónarmiða og hagsmuna af þessu tagi verður aldrei leyst í eitt skipti fyrir öll með því að annar hópurinn beri hinn ofurliði. Reyndar eru formælendur þess háttar öfga æði fáir. Eigi að síður lýstur þessum hagsmunum saman með harkalegum hætti.

Að einhverju leyti má skrifa þá árekstra á kostnað aðferðafræðinnar við framkvæmd virkjana. Á það hefur verið bent á þessum vettvangi að ekki hefur verið skilið nægjanlega vel á milli verðmats á réttindum og kostnaðar við virkjanir.

Ein af ástæðunum fyrir mikilli raforkueftirspurn til álframleiðslu hér á landi síðustu ár gæti verið sú að virkjanaréttindin hafi ekki verið réttilega metin til fjár. Sé svo endurspeglast sá kostnaður ekki í raforkuverðinu. Þá hallar aðferðafræðin á náttúruverndarsjónarmiðin. Lausnin getur að sönnu verið vandasöm.

Í raforkulögum hafa virkjanafyrirtækin, sem öll eru reyndar í opinberri eigu, eins konar sjálfsafgreiðslurétt til eignarnáms á orkuréttindum og eignarlöndum.

Veruleg þrenging eða afnám sjálfsafgreiðslu í þessum efnum gæti verið einn þáttur í að koma á betra jafnvægi milli stríðandi hagsmuna nýtingar og náttúruverndar.

Í viðtölum við þetta blað fyrr í þessum mánuði tóku þeir Atli Gíslason, forystumaður vinstri grænna í Suðurkjördæmi og Björgvin Sigurðsson, forystumaður Samfylkingarinnar í því kjördæmi, afdráttarlausa afstöðu um að skilyrði eignarnáms varðandi samninga Landsvirkjunar við landeigendur að neðri hluta Þjórsár væru ekki fyrir hendi.

Síðastliðinn sunnudag greindi Illugi Gunnarsson, frambjóðandi Sjálfstæðisflokksins í Reykjavík, frá því hér í blaðinu að hann hefði hreyft þeirri hugmynd innan flokksins að skoðað yrði sérstaklega hvort rétt væri að þrengja ákvæði í lögum um möguleika raforkufyrirtækja til eignarnáms þegar verið væri að virkja fyrir einn aðila svo sem til þess að selja raforku til stóriðju.

Vel má vera að mismunandi sjónarmið liggi að baki afstöðu þessara stjórnmálamanna. En þeir eiga alltént það sameiginlegt að telja ónóg rök fyrir eignarnámssjálfsafgreiðslu orkufyrirtækjanna.

Það athyglisverða er að hér sjá stjórnmálamenn bæði af hægri og vinstri vængjum stjórnmálanna að virðing fyrir eignarréttindum getur verið þáttur í að tryggja betra jafnvægi á þessu sviði. Það bendir eindregið til þess að í breyttri aðferðafræði geti falist nýr pólitískur snertiflötur á þessum viðkvæma vettvangi.

Hér þarf einnig að huga að því að þau vatnsréttindi eða jarðhitaréttindi sem ríkið á séu metin hæfilega til fjár. Þetta á sérstaklega við um neðri hluta Þjórsár. Þar á ríkið mikil vatnsréttindi. Hefur Landsvirkjun verið gert að greiða nægjanlega hátt verð fyrir þau? Vera má að svo sé. Fyrir því hefur þó ekki verið gerð skilmerkileg grein.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFÉLAG: 365

**RITSTJÓRAR:** Kári Jónasson og Þorsteinn Pálsson **AÐSTOÐARRITSTJÓRAR:** Jón Kaldal og Steinunn Stefánsdóttir **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir, Björgvin Guðmundsson og Sigríður Björg Tómasdóttir **FULLTRÚI RITSTJÓRA:** Páll Baldvin Baldvinsson. Fréttablaðið kemur út í 103.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu, Akureyri og þéttbýlissvæðum á suðvesturhorninu. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

### Lög eða ólög?

Nú, þegar þingmaðurinn Valdimar Leó er genginn í Frjálslynda flokkinn, sprettur enn upp umræða um hvort eðlilegt sé að menn geti skipt um flokk en haldið þingsæti sínu. Umræðan snýst um hvor á að eiga þingsætið; þingmaðurinn eða þingflokkurinn. Lög og reglur kveða skýrt á um að þingsætið sé þingmannsins og því er í raun tekist á um hvort lögin og reglurnar séu ólög og óreglur eða ekki. En hvað sem mönnum finnst um það má telja furðulegt fyrirkomulag að þurfi Valdimar að vera frá störfum og kalla inn varamann kemur sá hinn sami úr röðum Samfylkingarinnar en ekki Frjálslynda flokknum.



### Bara stundum

Valdimar er ekki fyrsti þingmaðurinn sem skiptir um flokk á kjörtímabilinu því Suðurnesjamaðurinn Gunnar Örlygsson sem nú er í Sjálfstæðisflokknum var kjörinn á þing fyrir frjálslynda. Þegar Gunnar fór á sínum tíma voru þær raddir háværar innan flokksins að auðvitað ætti hann að eftirláta varamanni sínum þingsætið ef hann gæti ekki hugsað sér að starfa fyrir þann flokk sem hann var jú kjörinn til að gegna þingmennsku fyrir. Þær raddir hafa ekki heyrst innan úr Frjálslynda flokknum með komu Valdimars.

### Og reiknið nú

Hollast væri fyrir landsmenn og svo sem útlendinga líka að ónáða embættismenn utanríkisráðuneytisins ekki mikið á næstunni. Þeir hafa nefnilega í nægu að snúast. Björgvin G. Sigurðsson hefur lagt fyrirspurn til utanríkisráðherra um starf sendiráða. Björgvin spyr hvert starf sendiráða hefur skilað á síðustu tíu árum, með bæði beinum og óbeinum hætti. Skal svarið sundurliðað eftir árum og sendiráðum. Þá vill hann vita hver heildarkostnaður er við öll sendiráðin á síðasta áratug. Hætt er við að það taki daga tvo eða þrjá að svara þingmanninum enda verður það varla sótt í möppu upp í hillu.



bjorn@frettabladid.is

# Af hverju málþóf?



VALGERÐUR BJARNADÓTTIR

**Í DAG** | RÚV og stjórnarskráin

Eftir mikið andóf minnihlutans á Alþingi var frumvarpið um RÚV ohf. (úff) samþykkt. Stjórnarandstaðan notaði einu leiðina sem hún getur til að mótmæla svo eftir yrði tekið, þingmennirnir töluðu þess vegna gegn frumvarpinu klukkustundum saman. Það fór því ekki fram hjá neinum að stjórnarandstaðan var mótfallin frumvarpinu.

Mér fannst málþófið svokallaða gott hjá stjórnarandstöðunni og gef lítið fyrir hneykslan fjölmiðla og fréttamanna. Þetta var vont frumvarp og þetta verða vond lög. Það á að leggja á nefskatt, sem þýðir að allir borga til Ríkisútvarpsins hvort heldur þeir hlusta eða horfa nokkurn tíma á það eður ei. Að vísu eru þeir sem greiða fjármagnstekjuskatt undanþegnir, (það má reikna með því að það sé fólkið sem hefur helst efni á að borga skattinn). Menntamálaráðherrann segir að það sé of flókið að hafa það ekki þannig en ætlar að laga lögin að raunveruleikanum einhvern tímann í framtíðinni. Ef hún segir það þá hlýtur það að vera skynsamlegt!

Ríkisútvarpið sem allir verða skyldugir að borga til mun svo keppa við einkafyrirtæki um auglýsingar og það sem kallað er kostun. Algjört fornaldar fyrirkomulag sem samrýmist engan veginn nútíma hugsun um samkeppni fyrirtækja. Ég styð hugmyndir um að ríkið reki gömlu gufuna en láti aðra um sjónvarpsrekstur og Rás tvö. Mismuninn ætti að nota til íslenskrar þáttagerðar. En frumvarpið sem samþykkt var er í anda þess pilsfaldakapítalisma sem Sjálfstæðisflokkurinn fordæmir á flokksþingum en stundar við hvert tækifæri sem honum gefst. Tækifærin sem ekki gefast er þegar EES- samningurinn bannar beinlínis háttarlagið.

Stjórnarmeirihlutinn kærir sig kollóttan þegar stjórnarandstaðan efnir til svo kröftugra mótmæla sem raun bar vitni. Það kom svo sem ekki á óvart því stjórnarmeirihlutanum er margt betur gefið en bera virðingu fyrir skoðunum þeirra sem ekki kusu

*Frumvarpið sem samþykkt var er í anda þess pilsfaldakapítalisma sem Sjálfstæðisflokkurinn fordæmir á flokksþingum en stundar við hvert tækifæri sem honum gefst.*

þá. Þeir sögðu því digurbarkalega „nú skal þingræðið ráða“. Í hugum þeirra er þingræði það sama og að meirihlutinn valti yfir minnihlutann. Í lýðræðisríkjum sem við berum okkur saman við, felur þingræði yfirleitt ekki í sér flokksræði eða meirihlutaofbeldi. Ríkisstjórnir á Íslandi hafa undanfarið kært sig kollóttar um það.

Í Danmörku háttar t.d. þannig að 30% þingmanna geta krafist þjóðaratkvæðagreiðslu um lagafrumvörp. Þetta ákvæði veldur því að hin þingbundna ríkisstjórn þarf í aðgerðum sínum að taka tillit til þessa og veður þess vegna ekki áfram á þann hátt sem við eigum að venjast með ríkisstjórnir hér á landi.

Það ætti að vera og hefði átt að vera eitt af verkefnum stjórnarskrárnefndarinnar að taka á þessu. Verkefni hennar hefði átt að vera að leggja til eitthvað kerfi sem gerði valdhöfum erfiðara og helst ókleift að taka ekki tillit til annarra en sjálfra sín. Allar horfur eru hins vegar á að árangur af starfi nefndarinnar verði lítill sem enginn. Vefréttir eru um að eitthvert samkomulag hafi náðst. Eftir því sem næst verður komist er í burðarliðnum tillaga um að 2/3 þingmanna geti samþykkt að stjórnarskrárbreytingar fari í þjóðaratkvæðagreiðslu og ef 25% þjóðarinnar taka þátt í slíkri atkvæðagreiðslu þá er hún gild annars ekki. Þetta er allavega það sem ég les út úr vefréttinni.

Enn einu sinni kemur á daginn að það er tóm vitleysa að láta alþingismenn fjalla um stjórnarskrána. Þeir eru alltaf í naflaskoðun og hugsa aldrei um neitt annað en flokkshagsmuni og í besta falli eigin hagsmuni. Ef vefréttin um tillögugerðina er rétt virðist sem tilraun til að koma til móts við þá sem stjórnarskráin á að þjóna, þ.e. alla landsmenn, hafi misheppnast, hafi einhvern tímann í starfi þessarar nefndar verið vilji til að taka tillit til hagsmuna þess fólks. Þingmenn eiga nefnilega mikilla hagsmuna að gæta þegar þeir fjalla um stjórnarskrána.

Stjórnarskráin er lagabálkurinn sem tryggir grunnverðmæti samfélags okkar og á að vernda okkur fólkið, borgarana, fyrir valdníðslu, hvort heldur það felst í ofbeldi meirihlutans eða ofurvaldi skriffinna og embættismannakerfis. Við, fólkið, eigum þess vegna að fjalla um stjórnarskrána og samþykkja hana en alls ekki þingmennirnir sem eins og fyrr segir hafa orðið vísir að því að hugsa fyrst og fremst um sjálfa sig og flokkshagsmuni. Þingmenn eiga ekki frekar en aðrir að vera dómarar í eigin sök. Auk þess legg ég til að eftirlaunaósóminn verði afnuminn með lögum

# Hvernig verður íslenskukennslan?

**UMRÆÐAN**

Íslenskukennsla



PAUL F. NIKOLOV

Ég sá frétt um daginn að menntamálaráðuneytið myndi ráðstafa 70 milljónum króna í styrki til íslenskukennslu fyrir útlendinga í ár. Að mörgu leyti eru það víst góðar fréttir, en í nóvember lofaði ráðuneytið 100 milljónum fyrir næsta ár, og því að námskeiðin yrðu ókeypis.

Hvað kom þá fyrir? Og ætlar ráðneytið að lækka styrki ennþá meira? Og þá koma fleiri spurningar: Stefán Stefánsson, deildarstjóri í menntamálaráðuneytinu, sagði í Fréttablaðinu að „Verkefnisstjórn hefði verið sett á laggirnar og unnið stíft. Vinna við námskrárgerð og námsefnisgerð sé þegar hafin og svo verði farið í það að kanna menntun kennara.“ Gott að heyra. En ætlar ráðneytið að spyrja þá útlendinga sem hafa stundað íslenskukennsluna hérlendis um þeirra ráð? Hvernig verður menntun og reynsla kennara könnuð? Hver verður staðallinn fyrir þessi námskeið og kennara? Ætlar ráðuneytið að búa til fleiri námskeið, bæði fyrir þá sem búa innan og utan höfuðborgsvæðisins? Eins og ég hef bent á, þá er nógu erfitt að finna tíma til að fara í nám og læra heima á meðan maður þarf að sinna 100% starfi og sjá um fjölskylduna. Þess vegna myndi ég gera kröfu um að þessi námskeið væru hluti af vinnutíma, til dæmis 4 klukkustundir á viku, eins og gert er hjá Svæðisskrifstofu Reykjaness um málefna fatlaðra. Eru nokkra áætlanir í gangi um að hafa íslenskunámskeið sem hluta af vinnutíma?

Ég myndi gera eftirfarandi kröfur:

1) Að þessi námskeið séu ókeypis (þar á meðal að menntamálaráðuneytið standi við fyrsta loforð sitt um 100 milljóna króna styrk). 2) Að þessi námskeið fylgi eftir einhverjum reglum um hvernig íslenska er kennd, eins og er í öðrum námskeiðum. 3) Að menntamálaráðuneytið heyri frá nemendunum sjálfum hvað virkar best í kennslu, til þess að finna út hvaða staðall er bestur. 4) Að þessi námskeið verði hluti af vinnutíma. 5) Að menntamálaráðuneytið búi til fleiri námskeið, bæði fyrir þá sem búa innan og utan höfuðborgarsvæðisins.

Mér finnst þessar spurningar bara eðlilegar og sanngjarnar. Íslenskunámskeið á ekki vera skylda, heldur réttindi. Ef ríkisstjórnin er sammála, þá væri gott að sjá að hún taki það alvarlega.

*Höfundur skipar þriðja sætið á lista vinstri grænna í Reykjavík norður.*




SAFT

SAFT (samfélag, fjölskylda og tækni) vinnur markvisst að almennri vakningu um örugga og ábyrga notkun á Netinu og tengdum miðlum. Kynntu þér örugga netnotkun og heilræði SAFT á www.saft.is

AUGA
Auglýsingar afl til góðra verka

AUGA er stuðningssjóður stofnaður af samtökum og fyrirtækjum í auglýsingaiðnaðinum, með það hlutverk að styðja gerð og birtingar auglýsingaherferða fyrir góð málefni. Þessi herferð er fyrsta verkefni AUGA. Nánari upplýsingar á www.sia.is/auga

vodafone

# Veruleikinn er ljótur

**UMRÆÐAN**
Skattleysismörkin


SIGURÐUR T. SIGURÐSSON

Á tæplega 12 ára valdatímabili núverandi stjórnarflokka hefur tekjuskipting á Íslandi breyst verulega til hins verra fyrir allan almenning í landinu. Munur á hæstu og lægstu launum hefur aukist svo gríðarlega að með ólíkindum verður að teljast. Samfara þeirri breytingu hafa stjórnvöld lagt áherslu á að rýra kaupmátt þeirra lægst launuðu með því að halda skattleysismörkunum niðri í stað þess að leyfa þeim að hækka í takt við launaþróunina í landinu. Þessi stöðugu afskipti hafa orðið þess valdandi að skattbyrðin hefur með síauknum þunga flust frá hátekjufólkinu niður á lágu kauptaxtana, örorkubæturnar og ellilaunin, mest á þá sem minnst hafa. Laun, sem duga ekki fyrir brýnustu nauðsynjum, eru nú skattlögð sem um hátekjur væri að ræða.

### Hækkun skattleysismarka

Af hræðslu við fylgistap í alþingiskosningunum í vor hækkuðu stjórnarflokkarnir skattleysismörkin um síðustu áramót úr kr. 79.055 í kr. 90.000 á mánuði. Þessi hækkun er þó langt frá því að vera nóg. Til að gefa þeim sem eru á lágmarkslaunum einhvern möguleika til þess að ná endum saman í heimilisrekstri sínum hefðu þau þurft að hækka a.m.k. í kr. 125.000. Sú hækkun væri samt ekki nóg til þess að bæta fyrir það sem upp á vantar að skattleysismörkin fylgi launaþróun frá 1988 þegar staðgreiðsla skatta var tekin upp. Til þess þurfa þau að hækka í kr. 133.000. Það er nöturleg staðreynd að í raun hafa skattleysismörkin lækkað hlutfallslega, þó svo að þau hafi hækkað í krónutölu.

### Lækkun skatta á hátekjur

Á liðnum árum hafa skattar hátekjufólks lækkað verulega, en hækkað á lágu laununum. Fyrir nokkrum árum var t.d. 4% hátekjuskattur felldur niður. Þetta var sérstaklega gert fyrir hátekjufólk, án þess að hliðstæð skattalækkun kæmi á lágmarkslaunin. Þessu til viðbótar hafa stjórnvöld með skipulegum hætti lækkað tekjuskattinn um 4 prósentustig. Með þeirri aðgerð, án hækkunar skattleysismarka, var sköttum létt af þeim tekjuháu og þeir færðir yfir á fólk sem er með laun á bilinu frá kr. 90.000 og upp í kr. 160.000 á mánuði. Samt ætlar ríkisstjórnin ekki að hækka skattleysismörkin nema í kr. 90.000 á mánuði. Þegar rætt er um lægstu kauptaxtana þá skulum við ekki gleyma því að til eru opinberar tölur sem sýna að tekjur einstaklings þurfa að vera yfir kr. 165.000 á mánuði svo að hann geti lifað eðlilegu lífi í íslensku þjóðfélagi. Núverandi lágmarkslaun eru því langt frá því að geta talist lífvænleg og fjarri öllu réttlæti að skattleggja þau.

### Fjandsamleg stefna

Ávallt þegar samið er um kaup og kjör verkafólks og annara lágtekjuhópa byrja ráðherrar og þingmenn stjórnarflokkanna að vara við of miklum kauphækkunum og segja að framleiðslugreinar þjóðarinnar þoli þær ekki. Jafnvel hafa stjórnvöld gengið svo langt að vera með hótanir í garð láglaunafólks undir þessum kringumstæðum. Svo þegar búið er að semja við þá lægst launuðu og í ljós kemur að kauphækkanir eru litlar og vel innan þolmarka efnahagslífsins þá þagna þessar raddir. En nokkru síðar kemur úrskurður frá kjararáði, kjaranefnd eða hvað sem þetta heimatilbúna óskabarn þeirra heitir, þar sem tilkynnt er að mánaðarlaun hvers ráðherra hækki sem svarar mánaðarlaunum verkamanns. Og í kjölfar þess hækka mánaðarlaun bankastjóra, forstjóra, framkvæmdastjóra, seðlabankastjóra og annarra hátekjumanna um ein, tvenn eða þrenn mánaðarlaun verkamanns, án þess að athugasemd komi frá stjórnvöldum. Og það skrítna er að nú minnist engin á þenslu í efnahagslífinu eða stöðu atvinnuveganna eða hver eigi að greiða öll þessi ósköp.

### Síðbúin leiðrétting

Ég ítreka þá skoðun mína að strax á þessu ári eigi að hækka skattleysismörkin upp í kr. 125.000 og þau verði síðan látin fylgja launaþróun í landinu. Með þeirri hækkun fengi almennt launafólk síðbúna en nauðsynlega leiðréttingu á skattgreiðslum sínum. Ég spyr: Eru núverandi stjórnarflokkar á móti því að láglaunafólki, ellilífeyrisþegum og öryrkjum verði gert jafn hátt undir höfði og þeim sem eru með hærri laun? Ef ekki þá eiga þeir að hækka skattleysismörkin því sú aðgerð skilar sér jafnt til allra, bæði þeirra tekjulágu og þeirra sem hafa milljónir í mánaðarlaun, en það gerir lækkun á skattprósentu ekki.

Sjáumst á kjörstað í vor!

*Höfundur er fyrrverandi formaður verkalýðsfélagsins Hlífar.*





MENNTAÁÆTLUN EVRÓPUSAMBANDSINS
til ársins 2013 var ýtt úr vör í janúar 2007. Markmið áætlunarinnar er að stuðla að þróun öflugs þekkingarsamfélags í Evrópu. Sérstök áhersla er lögð á samstarf og samnýtingu reynslu og þekkingar um menntun og þjálfun í 31 Evrópulandi.

OPNUNARRÁÐSTEFNA MENNTAÁÆTLUNARINNAR
verður haldin í Borgarleikhúsinu fimmtudaginn 1. febrúar klukkan 13:00

**DAGSKRÁ**

| | |
|---|---|
| 13.00-13.10 | **Tónlistaratriði og setning** |
| 13.10-13.20 | **Ávarp menntamálaráðherra,** Þorgerðar Katrínar Gunnarsdóttur |
| 13.20-13.50 | **Ávarp fulltrúa Evrópusambandsins** |
| 13.50-14.05 | **Ný Landskrifstofa - hlutverk og skipulag,** Karítas Kvaran, forstöðumaður Alþjóðaskrifstofu háskólastigsins |
| 14.05-14.10 | **Opnun nýrrar heimasíðu** Landskrifstofu Menntaáætlunar ESB |
| 14.10-14.30 | **Reynslusögur** tveggja þátttakenda úr fyrri menntaáætlunum |
| 14.30-15.00 | **Kaffi** |
| 15.00-16.30 | **Málstofur -** Comenius, Erasmus, Grundtvig og Leonardó áætlanirnar |
| 16.30 | **Móttaka í boði menntamálaráðuneytis** |

**Ráðstefnustjóri:** Ágúst Hjörtur Ingþórsson, forstöðumaður Rannsóknaþjónustu Háskóla Íslands

Allir sem starfa að menntun og hafa áhuga á kynna sér möguleika til styrkja í gegnum Menntaáætlun ESB eru hvattir til að taka þátt.

Vinsamlegast staðfestu þátttöku með skráningu á www.leonardo.is, www.ask.hi.is eða í síma 525 4311

Education and Culture

**LANDSKRIFSTOFA MENNTAÁÆTLUNAR ESB.**
**Leonardó áætlunin:** Dunhaga 5 | 107 Reykjavík | Sími: 525 4900
**Erasmus, Comenius, Grundtvig:** Neshagi 16 | 107 Reykjavík | Sími: 525 4311


# Endurheimtur fiskmerkja og veiðihlutfall

**UMRÆÐAN**
Sjávarútvegsmál


EINAR HJÖRLEIFSSON

Sigurjón Þórðarson, alþingismaður, ritaði stutta grein í Fréttablaðið í desember sl. þar sem hann fjallar um veiðálag á þorski. Sigurjón byggir umfjöllun sína á nýlegri skýrslu Hafrannsóknastofnunarinnar (Sigfús A. Schopka, Jón Sólmundsson, Vilhjálmur Þorsteinsson 2006. Áhrif svæðafriðunar á vöxt og viðgang þorsks. Niðurstöður úr þorskmerkingum út af norðanverðum Vestfjörðum og Húnaflóa sumurin 1994 og 1995. Fjölrit Hafrannsóknastofnunarinnar # 123) og vitnar til þess að hlutfall þorsks sem endurheimtist á 5 ára tímabili hafi verið 14%. Sigurjón ber þessa stærðargráðu saman við 25% aflareglu og telur að þessi mismunur verði ekki skýrður með merkjadauða eða merkjatapi og telur sýnt að um 80% af þorski drepist af öðrum orsökum en fiskveiðum. Rétt er að taka það fram hér að 25% aflareglan miðast við þyngd veiðistofns en endurheimtuhlutfall er reiknað út frá fjölda fiska. Að öllu jöfnu er talið að 25% aflareglna jafngildi veiðihlutfalli í fjölda upp á um 30%. Sigurjón byggir ályktanir sínar um veiðiálag á endurheimtuhlutfalli merkja, aðferð sem er vel þekkt innan stærðfræðilegrar fiskifræði. Í góðum bókum eru dregnir fram ýmsir vankantar við aðferðafræðina vegna merkjadauða, merkjataps, merkjaskila sem og annarra þátta. Sigurjón vísar til þessara annmarka þegar hann tilgreinir að mismunurinn á milli 14% og 25% verði ekki skýrður með „tapi á fiskmerkjum eða dauða sem verður við merkingar“.

Í umræddri skýrslu er fjallað nokkuð um þessa þætti, m.a. vegna þess að mikill munur var á endurheimtum eftir tegund merkja sem notuð voru. Þannig voru meðalendurheimtur plötumerkja 9,5% en endurheimtur slöngumerkja mun hærri eða 17,6%. Lausleg greining undirritaðs á merkingargögnum Hafrannsóknastofnunarinnar frá síðastliðnum árum, sýna að endurheimtuhlutfall hefðbundinna slöngumerkja fyrir þorska stærri en 60 cm sé í kringum 20%. Endurheimtuhlutfall rafrænna merkja frá sama tíma er hins vegar mun hærra, eða um 30% og þar af um 25% á fyrsta árinu. Líklega má rekja helmingi hærra endurheimtuhlutfall á rafeindamerkjum til betri skila á þeim merkjum þó svo að aðrir þættir geti einnig skýrt þennan mun. Merkingardauði, merkjatap og endurheimtuskil hafa hins vegar ekki verið rannsökuð og því er ekki hægt að álykta að 25% merkjaskil séu ígildi 25% veiðihlutfalls. Slíkar rannsóknir væru hins vegar mjög æskilegar, þar sem aðferðafræðin býður upp á mat á veiðihlutfalli sem er óháð öðrum aðferðum. En á meðan slíkt liggur ekki fyrir eru ályktanir Sigurjóns Þórðarsonar um að veiðihlutfallið sé í raun mun lægra en metið er með hefðbundnum aðferðum markleysa.

*Höfundur er fiskifræðingur hjá Hafrannsóknastofnun.*

# Engar hvalveiðar

**UMRÆÐAN**
Hvalveiðar


JÓRUNN SÖRENSEN

Í haust var sýnd í fréttum sjónvarpsins gömul mynd af því þegar hvalur var veiddur með skutli án sprengjuhleðslu. Þurfti að sögn þrjá skutla til þess að drepa hvalinn. Því var bætt við fréttina að nú væri notaður sprengiskutull og hvalurinn dræpist strax í 80% tilfella. Mér varð hugsað til stórra, íslenskra landdýra – hesta. Gerum okkur í hugarlund að hestar væru felldir þannig að þeir væru eltir á fjórhjóli um holt og móa. Þegar nógu nærri væri komið væri skotið skutli í hestinn sem kræktist einhvers staðar í búk hans og spryngi. Síðan væri hesturinn dreginn með spili að farartækinu og hann skotinn í hausinn væri hann ekki dauður. Ég hef grun um að landsmenn yrðu ekki sáttir við þessa aðferð þótt það væri fullyrt að það væri aðeins í 20% tilfella sem hestarnir dræpust ekki strax. Það er ekki meðaldánartíminn sem skiptir máli heldur fjöldi þeirra dýra sem ekki deyr samstundis eða innan nokkurra sekúndna eftir að hafa fengið sprengiskutulinn í sig. Staðreyndin er sú að það getur tekið 10, 15 eða 20 mínútur að drepa hval með sprengiskutli – jafnvel enn lengri tíma.

Fulltrúar hvalveiðiþjóða hafa viðurkennt að aðalvandamálið væri að hæfa hvalinn þannig að skutullinn skemmdi heilann eða spryngi í efri hluta brjóstholsins. Jafnvel skot beint í brjóstholið orsakar ekki tafarlaust meðvitundarleysi vegna hæfileika hvalsins til að lifa í langan tíma án þess að anda. Heili hvalsins er umluktur æðakerfi sem getur séð honum fyrir súrefni í margar mínútur eftir að blóðstreymi frá hjartanu er hætt.

Eftir stendur því sú staðreynd að enn hefur ekki verið fundin upp nein leið til þess að drepa hvali á mannúðlegan hátt jafnvel þótt hvalveiðimaðurinn sé allur af vilja gerður, fær í sínu fagi og búinn „bestu“ vopnum. Og ekki er fyrirsjáanlegt að sú aðferð finnist. Þegar bráðin er svona miklu stærri en veiðimaðurinn og bæði eru á hreyfingu er útilokað, með þeirri tækni sem nú þekkist, að drepa dýr úr mikilli fjarlægð, á mannúðlegan hátt. Siðferðilega er því ekki hægt að réttlæta dráp hvala.

Stjórnvöld hafa varið stórum upphæðum af almannafé til þess að reyna að sannfæra umheiminn um að við höfum rétt á því að veiða hvali og ráðamenn tala gjarnan um hvali sem „auðlind“ okkar Íslendinga. Þessi ætlaða „auðlind“ hefur reyndar aldrei skilað þjóðarbúinu miklu – fór ekki upp fyrir 1% af þjóðartekjum þegar veiðarnar voru í hámarki. Höfum við efni á því að kosta áfram stórfé til þess að reyna að breyta viðhorfi heimsbyggðarinnar til hvalveiða þegar útséð er að það mun aldrei takast? Þrjóskan hefur svoleiðis blindað íslenska ráðamenn að þeir sjá ekki það sem blasir við. Hvalurinn er hluti af lífríki jarðarinnar allrar en ekki prívat auðlind eins né neins. Fólk um víða veröld hefur samúð með hvölum og sættir sig ekki við að þeim sé miskunnarlaust slátrað en vill aftur á móti gjarnan borga fyrir að fá að sjá þá lifandi í hafinu. Hvað þarf til svo að við Íslendingar hættum að veiða hvali? Ég veit það ekki. Ríkisstjórnin hefur hingað til ekki tekið neinum skynsemisrökum. Von mín er bundin við þær þjóðir sem vilja ekki láta okkur Íslendinga komast upp með að veiða hvali, að þær finni þau ráð sem duga.

*Höfum við efni á því að kosta áfram stórfé til þess að reyna að breyta viðhorfi heimsbyggðarinnar til hvalveiða þegar útséð er að það mun aldrei takast?*

*Höfundur er kennari.*


ÚTSÖLULOK
allt á að seljast
Takmarkað magn
Gildir meðan birgðir endast
10000
TÍU ÞÚSUND KRÓNUR
PENINGABANKI ÍSLANDS
3+2 sæta kr. 69.000
20-70%
afsláttur
Sófasett
Heilsudýnur
King dýnur frá kr. 50.000
Útlitsgallaðir rafmagnsbotnar
Náttborð
Höfuðgaflar
Kommóður
Smávara og gjafavara
Má prútta
Inngangur
Klettháls 13
HÚSGÖGNIN HEIM
AKUREYRI
Svefn & heilsa
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal, 581 2233 • Dalsbraut 1, Akureyri, 461 1150
Opið virka daga 10:00 - 18:00 - laugardaga 11:00 - 16:00

# Vinaleið setur skólastarf í uppnám

**UMRÆÐAN**
Trúmál


TEITUR ATLASON

Svokölluð Vinaleið þjóðkirkjunnar hefur vakið sterk viðbrögð í samfélaginu. Sitt sýnist hverjum og ljóst er að ekki ríkir sátt um aðkomu trúarstofnunar á borð við þjóðkirkjuna inn í grunnskólana. Þar sem ég er áhugamaður um trúmál og samfélag hlustaði ég með athygli á þáttinn Ísland í bítið en séra Jóna Hrönn Bolladóttir var viðmælandi þáttarins. Mig rak í rogastans við málflutning Jónu Hrannar enda sjaldan sem ég hef heyrt ómálefnalegri svör við ágætum spurningum. Mér blöskraði þegar hún tiltók nýlega líkamsárás þriggja pilta sem dæmi um nauðsyn á því að koma á Vinaleið. Þarna er Jóna Hrönn að nota hræðilega árás og harmleik máli sínu til stuðnings. Ég ákvað í framhaldi að hripa niður nokkra punkta sem ég tel að eigi erindi við sem flesta sem áhuga hafa á vinaleiðinni.

1: -Trúarstofnanir eiga ekkert erindi inn í grunnskóla landsins! Að mínu mati skiptir engu máli þótt um 85% landsmanna tilheyri þjóðkirkjunni. Yfir 50.000 manns á landinu tilheyra öðrum söfnuðum. Það eru u.þ.b fjórir nemendur í hverjum bekk.

2: -Ef trúarstofnun á borð við þjóðkirkjuna er gefið færi á að vera með starfsmann inni í skólunum, þá er útilokað að banna öðrum trúfélögum hið sama. Það sést vel hvað Vinaleið er vond hugmynd ef við ímyndum okkur að eitthvað annað trúfélag en þjóðkirkjan standi fyrir henni. Hvernig líst fólki á að fulltrúi mormóna leitist eftir trúnaðarsamtölum við börnin okkar?

3: -Fylgjendur Vinaleiðar hafa bent á að ekki sé um trúboð að ræða heldur þjónustu sem er valkvæð. Þetta er ekki rétt. Biskup sjálfur hefur bent á að í vinaleið felist „stórkostlegt sóknarfæri“. Margir prestar hafa einnig viðurkennt það enda skilgreinir þjóðkirkjan sig sem boðandi kirkju. Ef vinaleið er ekki trúboð, má þá ekki hver sem er sinna vinaleið?

4: -Vinaleiðir hafa alltaf staðið til boða í öllum kirkjusóknum landsins! Kirkjurnar eru miklu eðlilegri staður fyrir Vinaleiðir en inni í skólunum. Hvers vegna að færa þessa þjónustu inn í skólana með þeirri ólgu sem því fylgir? Er þetta það sem þjóðkirkjan vill? Að sundra og kljúfa?

5: -Það er afar óþægileg staða fyrir foreldra að þurfa að mótmæla einhverju í skólastarfinu. Ég á dóttur á grunnskólaaldri sem býr í Garðabæ og fer í Flataskóla á næsta ári. Það setur hana strax í óþægilega aðstöðu að ég andmæli Vinaleiðinni. Það er óþverraverk að setja okkur feðginin í þessa stöðu.

6: -Það starf sem skóladjákni á að inna af hendi er þegar til staðar! Skólasálfræðingar, kennarar og annað starfsfólk skólanna hafa unnið þetta starf með sóma. Jóna Hrönn sagði að guðfræðingar og prestar hefðu mikla menntun á þessu sviði og tiltók trúarlífsfélagsfræði sem dæmi. Nú er það svo að ég er með BA-próf í guðfræði (með fyrstu einkunn) og lauk við trúarlífsfélagsfræði fyrir tveimur árum. Í þessum áfanga er ekkert sem viðkemur sáluhjálp eða vinnu með börnum. Trúarlífsfélagsfræði fjallar m.a. um tilgang og virkni trúarbragða í samfélögum og hefur ekkert að gera með sáluhjálp. Það sætir furðu að Jóna Hrönn tiltekur þennan áfanga sem réttlætingu fyrir Vinaleið.

*Í siðareglum kennara kemur fram að kennarar mega ekki mismuna nemendum vegna trúarbragða. Ég get ekki séð að Vinaleið samræmist þessari grein.*

7: -Þau lönd þar sem fulltrúar trúfélags eru inni í menntastofnunum eru aftarlega á merinni í fjölmörgum efnum. Gott dæmi um svona kerfi er Íran! Svona lagað finnst ekki neins staðar nema hugsanlega í einkaskólum.

8: -Í siðareglum kennara kemur fram að kennarar mega ekki mismuna nemendum vegna trúarbragða. Ég get ekki séð að Vinaleið samræmist þessari grein. Hvernig á kennari að geta horft upp á það þegjandi að fulltrúi eins trúfélags, einnar kirkjudeildar, starfi innan um nemendur sína? Vinaleið setur starf kennara í uppnám.

Vinaleiðin á heima í kirkjunum og söfnuðunum og þar sem Vinaleiðar er óskað. Trúaruppeldi á ekki að vera hlutverk grunnskóla, það er bannað með lögum og það er siðlaust. Samt fetar þjóðkirkjan þá leið að stíga inn í skuggann, inn á gráa svæðið. Það er óskiljanlegt að virðuleg stofnun á borð við þjóðkirkjuna skuli ryðjast inn í skólana og valda usla og óeiningu. Það er mér gersamlega óskiljanlegt.

*Höfundur er BA í guðfræði frá Háskóla Íslands.*

# Íslenski unglingurinn og sykurpúkinn

**UMRÆÐAN**
Tannvernd


ELÍSABET KJERÚLF

Siggi er 17 ára og er í menntaskóla. Hann er rosalega mikill sykurfíkill.

Um níuleytið á morgnana fer hann að verða órólegur ef hann hefur ekki fengið sykur í einhverju formi. Verður orkulaus og geðvondur, jafnvel örlar á höfuðverk ef það dregst fram að hádegi að fá eitthvað sem inniheldur sykur. „Sykur, sykur“ hvíslar sykurpúkinn á öxlinni á honum. Best finnst Sigga að fá sér gosdrykk strax kl. átta áður en hann fer í fyrsta tíma og ekki seinna en í fyrstu frímínútunum um níuleytið. Umm, yndisleg tilfinning þegar gosið leikur um tennurnar og rennur mjúklega niður hálsinn. „Rop, rop, ahhh.“ Eftir að hafa hangið í tölvunni fram eftir í gær og vaknað dauðþreyttur í morgun hressist hann allur við. Finnur hvernig orkan streymir um líkamann. Sykurpúkinn er sæll og glaður. Siggi hefur aldrei verið mikið fyrir að borða morgunmat, hefur ekki lyst svona snemma dags, er að borða snakk fram eftir á kvöldin. Löngufrímínútur. Farinn að finna fyrir smáhungri. Best að fá sér gos og snúð enda ódýrari en samlokan. Mjúkur og sætur, ætti að duga fram að hádegi. Siggi brosir til Möggu sem gengur framhjá. Tennurnar eru súkkulaðibrúnar eftir glassúrinn og hann skolar honum niður með gosinu. „Rop rop ahh.“ Siggi er hættur að geispa og hann og strákarnir tala saman um nýjustu myndina sem þeir „downloaduðu“ og World of Warcraft sem þeir spila á netinu. Í hádeginu er Siggi orðinn svangur en það er lítið inni á debetkortinu. „Shit.“ Tvö snickers og hálfs lítra gosdós bestu kaupin. Helmingi ódýrara en langloka. Siggi situr í setustofunni með strákunum og snickers-in renna ljúflega niður með gosinu og sykurpúkinn strýkur á sér magann alveg að springa. Tíminn flýgur og bjallan hringir inn í tíma. Siggi stendur upp og gengur í átt að skólastofunni. Skyndilega finnur hann fyrir verk í kjálkanum. Það er eins og sé verið að stinga prjón í gegnum höfuðið á honum og inn í tennurnar. Siggi hættir við að fara í tíma. Verkurinn ágerist og Siggi er ráðþrota en smám saman rennur upp fyrir honum ljós. Hann tekur upp gemsann og hringir. „Mamma, þetta er Siggi. Ég held ég sé kominn með tannpínu.“

Kæra ungmenni. Hann Siggi er ekki í góðum málum og neysluvenjur hans eru slæmar. Tennur okkar eru dýrmætar og engar tannlækningar trompa hönnun skaparans. Þær þurfa að endast alla ævi og ekki er sjálfsagt að gera við þær eða skipta út eins og varahlut í bíl. Sælgætisneysla og gosdrykkja er skaðleg tönnunum og ávísun á tannskemmdir. Þú tapar tönnum, peningum og fallegu brosi. Segðu sykurpúkanum stríð á hendur. Sveltu hann í hel. Ekki láta hann stjórna lífi þínu. Farðu reglulega til tannlæknis og láttu skoða tennur þínar. Fáðu kennslu í munnhirðu og leiðbeiningar um mataræði.Tannlæknirinn og tannfræðingurinn taka vel á móti þér og fræða þig um allt sem þú þarft að vita til að halda tönnum þínum heilum og heilbrigðum.

*Höfundur er tannfræðingur.*

# Borgin hækkar þjónustugjöld aldraðra

**UMRÆÐAN**
Efnahagsmál


BJÖRGVIN GUÐMUNDSSON

Eitt helsta kosningaloforð Sjálfstæðisflokksins fyrir borgarstjórnarkosningarnar vorið 2006 var, að bæta ætti aðbúnað og aðstöðu aldraðra. Það skýtur því nokkuð skökku við, þegar fréttir berast af því í upphafi nýs árs, að Reykjavík undir stjórn Sjálfstæðisflokksins sé að hækka öll þjónustugjöld aldraðra. Þetta eru hrein svik á kosningaloforði. Gjöld vegna félagsstarfs, fæðis, veitinga og þjónustugjalda í þjónustuíbúðum aldraðra hækkuðu að jafnaði um 8,8 prósent 1. janúar 2007. Jafnframt hækkaði verð á frístundastarfi eldri borgara um tæp tíu prósent. Þessi hækkun er meiri en verðbólguhækkunin. Eldri borgara munar verulega um 8,8 til tíu prósenta hækkun, þegar haft er í huga hve lífeyrir eldri borgara er lágur. Þessi hækkun á þjónustugjöldum getur því hæglega leitt til þess, að það dragi úr þátttöku aldraðra í félagsstarfinu í Reykjavík. Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði ætlað að efna kosningaloforð sitt við aldraða hefði átt að lækka þjónustugjöldin og auðvelda með því öldruðum að taka þátt í félagsstarfinu. En Sjálfstæðisflokkurinn fer í öfuga átt. Hann hækkar þjónustugjöldin.

**Matarverð hér 62 prósentum hærra en hjá ESB**

Á sama tíma berast fréttir af því utan úr heimi, að matarverð hér á landi sé 62 prósentum hærra en nemur meðaltali í löndum Evrópusambandsins. Er þetta meiri munur en áður var talað um. Munurinn á verði kjöts og brauðs er enn meiri, eða sjötíu til áttatíu prósent! En nú er ljóst, að væntanleg lækkun matvælaverðs hér, sem taka á gildi 1. mars nk., hrekkur skammt til þess að brúa þetta mikla bil á matvælaverði hér og í löndum ESB. Verslunin segir, að verð matvæla hér muni aðeins lækka um tíu prósent. Undanfarið hefur verð innfluttra matvæla hækkað í matvöruverslunum. Innflytjendur segja, að verðið hafi hækkað vegna hækkunar erlendis. Margir óttast hins vegar, að kaupmenn séu að hækka vörurnar nú vegna væntanlegrar lækkunar 1. mars!

*Ef Sjálfstæðisflokkurinn hefði ætlað að efna kosningaloforð sitt við aldraða hefði átt að lækka þjónustugjöldin.*

**Bitnar þungt á öldruðum**

Hið háa matvælaverð hér og hækkanir á því bitna þungt á öllu láglaunafólki og ekki síst á öldruðum. Um þriðjungur aldraðra eða um tíu þúsund manns hafa aðeins rúmar hundrað þúsund krónur í tekjur á mánuði. Hið geysiháa matvælaverð hér á landi bitnar þungt á þessum hluta aldraðra. Verulegur árangur í því að lækka matvælaverðið næst ekki án mikillar lækkunar landbúnaðarvara. Það þarf að lækka verulega tolla á innfluttum landbúnaðarvörum og auka samkeppni á þessu sviði. Einnig þarf að lækka verð á lyfjum. Hið geysiháa lyfjaverð bitnar þungt á öldruðum. Undanfarið hefur verð á ýmsum nýjum lyfjum, svo sem krabbameinslyfjum, stórhækkað. Hefur þessi hækkun komið mjög illa við aldraða.

*Höfundur er viðskiptafræðingur.*

VENDU ÞIG VIÐ GÆÐI – VENDU ÞIG VIÐ EIRVÍK




Hreinn sparnaður

Ef þú kaupir Miele þvottavél eða þurrkara færðu kaupverðið endurgreitt með betri meðferð á þvottinum

Miele

- Íslenskt stjórnborð
- Ný og betri tromla
- Verð frá kr. 114.800

EIRVÍK -hágæðaheimilistæki

Suðurlandsbraut 20, Reykjavík | Baldursnes 6, Akureyri Sími 588 0200 | www.eirvik.is



## TANNVERND

Tannverndarvika hefst í næstu viku og verður lögð áhersla á fræðslu um neyslu gosdrykkja sem veldur glerungseyðingu.

HEILSA 2



## MATARÆÐI GEGN KRABBAMEINI

Oddur Benediktsson greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli og brá á það ráð að neyta kínversks fæðis til að ráðast á meinið.

HEILSA 4



## ALLT HITT

[ HEILSA ]

**Trefjaneysla** dregur úr líkum á brjóstakrabbameini samkvæmt nýlegri rannsókn sem gerð var við Háskólann í Leeds. Um þrjátíu og fimm þúsund konur tóku þátt í rannsókninni og samkvæmt henni eru helmingi minni líkur á því að konur sem borða meira en þrjátíu grömm af trefjum á dag fái brjóstakrabbamein en þær sem borða minna en tuttugu grömm.



**Almennar** bólusetningar tóku ákveðnum breytingum 1. janúar síðastliðinn en þær höfðu þá verið óbreyttar að mestu síðan 1. janúar 2000. Breytingarnar felast fyrst og fremst í nýjum bóluefnum sem verða notuð í stað þeirra sem áður voru notuð.

**Kvef** er algengur fylgikvilli veðrabreytinga. Þó að hlýni aðeins í veðri er nauðsynlegt að halda afram að klæða sig vel þar sem enn þá er vetur.

## GÓÐAN DAG!

**Í dag er þriðjudagurinn 30. janúar, 30. dagur ársins 2007.**

| | Sólarupprás | Hádegi | Sólarlag |
|---|---|---|---|
| Reykjavík | 10.15 | 13.41 | 17.08 |
| Akureyri | 10.13 | 13.26 | 16.39 |

*Heimild: Almanak Háskólans*


Smáauglýsingasími 550 5000

Auglýsingasími Allt 550 5880

Þú getur pantað smáauglýsingar á visir.is




Eirdís hóf að æfa tennis þegar hún bjó ásamt fjölskyldu sinni í Japan fyrir nokkrum árum. Samtímis því lagði hún stund á píanónám. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# *Vill æfa í Kína*

***Eirdís Heiður Chen Ragnarsdóttir ferðast um heiminn endilangan til að sinna sínu helsta áhugamáli, tennis.***

„Ég fór að æfa tennis þegar við fjölskyldan bjuggum í tvö ár í Japan," segir Eirdís Heiður Chen Ragnarsdóttir, 13 ára, sem leikur tennis með Víkingi. Eirdís segist upprunalega hafa æft fimleika, en móðir hennar, afi og amma eru öll þekktir fimleikaþjálfarar í föðurlandinu Kína. Síðan hafi komið í ljós að fimleikar hentuðu Eirdísi einfaldlega ekki.

„Ég ákvað þá að prófa tennis hjá atvinnuþjálfara sem mamma kannaðist við," heldur Eirdís áfram. „Þá áttaði ég mig strax á því að þarna var eitthvað skemmtilegt á ferð."

Eirdís hélt áfram að æfa tennis eftir að fjölskyldan flutti til Íslands, þar sem hún bjó upphaflega áður en stefnan var sett á Japan. Hún segist hafa fundið fyrir ákveðnum mun á þjálfuninni hér og erlendis. „Japanar æfa miklu meira heldur en Íslendingar. Sömuleiðis Kínverjar. Þegar ég fór í eins og hálfs mánaðar langar æfingabúðir í Wuhan í Kína í fyrra æfði ég daglega í sex klukkutíma sex daga vikunnar í allt að 40 stiga hita. Hér æfi ég ekki nema þrisvar sinnum í viku, einn og hálfan tíma í hvert skipti. Kennslan er samt sem áður mjög góð."

Eirdísi dreymir nú um að komast aftur í æfingabúðir í Kína. „Þetta fer allt eftir því hvort mamma leyfir mér að fara," segir hún. „Vellirnir þarna úti eru svo góðir. Á höfuðborgarsvæðinu eru nefnilega engir tennissalir. Eins og er æfum við í leikfimishúsi Fjölnishúss. Kópavogsbær ætlar reyndar að bæta úr því með byggingu tennishúss sem verður opnað í mars. Ég hlakka til að sjá útkomuna."

*roald@frettabladid.is*






**Hlauparar geta loksins þeyst um götur**
án þess að eiga á hættu að lenda í skafli eða renna á hausinn í hálku. Nú er því kominn tími til að draga fram hlaupaskóna og byrja að trimma úti.


Svefn & heilsa ★★★★★
www.svefn.is

bailine
Bailine vaxtarmótunarmeðferð
Eru línurnar vandamál?
Við bjóðum þér upp á ÓKEYPIS PRUFUTÍMA í tölvustýrðu þjálfunartæki á meðan þú liggur og slakar á í notalegu umhverfi.
Viltu grenna þig og minnka ummálið, nú hefur þú tækifærið.
Hringdu núna í síma 568 0510 og kynntu þér málið.
Þú hefur engu að tapa nema sentimetrum.
Fyrir konur 18 ára og eldri.
Vegmúli 2 • 108 Reykjavík • Sími 568 0510 • www.bailine.is

Næstu fyrirlestrar og námskeið
Heilsuvöru-markaður
Opið virka daga kl. 10–20
laugardaga kl. 10–17
maður lifandi
Borgartúni 24 og Hæðasmára 6
www.madurlifandi.is
30. janúar Um mataræði og krabbamein í blöðruhálskirtli
Oddur Benediktsson prófessor
01. febrúar Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
13. febrúar Erum við andleg og líkamleg eiturefna-úrgangs-ruslaskrímsli...?!
Edda Björegvinsdóttir leikkona
15. febrúar Heilsukostur - Matreiðslunámskeið
Meistarakokkar Maður lifandi
20. febrúar Lífstíll, mataræði og óæskileg röskun á örveruflóru líkamans
Helgi Valdimarsson læknir

Kröftugu Detox tækin komin
Hreint vatn í byrjun
30 mín. seinna
Hjálpar líkamanum að hreinsa eitur og úrgangsefni úr sogæðakerfinu.
Pantanir óskast sóttar sem fyrst, takmarkað magn.
Uppl. Í símum 692-9079 (Sóley) / 892-8861 (Þóra)

Jurtakalk sem nýtist
Heilsuhornið
Póstsendum um land allt
S: 462 1889 • heilsuhorn@simnet.is • www.simnet/heilsuhorn
Útsölustaðir: Yggdrasill, Fræið - Fjarðarkaup, Maður lifandi Borgartúni og Hæðarsmára, Lífsins Lind - Hagkaup, Lyfjaval - Mjódd og Hæðarsmára, Nóatún Hafnarfirði, Krónan Mosfellsbæ, Heilsuhúsið Selfossi

www.svefn.is
IQ-CARE HEILSUKODDAR
Svefn & heilsa ★★★★★

allt matur
Alla föstudaga




„Í gosdrykkjum eru rotvarnarsýrur sem eiga að auka geymsluþol drykkjanna, en þessar sýrur eru það súrar að þegar þær leika um tennurnar oft á dag leysist yfirborð glerungsins upp og þannig flettist hann af lag fyrir lag", segir dr. Inga B. Árnadóttir tannlæknir.

# Glerungseyðing algengur sjúkdómur hjá unglingum

***Rotvarnarsýrur í gosdrykkjum valda alvarlegri glerungseyðingu.***

Á hverju ári stendur tannverndarráð fyrir svokallaðri tannverndarviku, en hún hófst í gær og stendur til 2. febrúar.

„Nýlega komu fram niðurstöður úr landsrannsókn á tannheilsu barna, sem leiddu í ljós að um þrjátíu prósent fimmtán ára unglinga eru haldin sjúkdómnum glerungseyðingu og því lá það ljóst fyrir að megináhersla þessarar viku þarf að vera á þetta mál," segir dr. Inga B. Árnadóttir, tannlæknir og sérfræðingur um glerungseyðingu. „Tannverndarvikunni er ætlað að minna fólk á að það þarf að gæta að tönnunum, ekki bara í þessari viku heldur á hverjum degi, svo lengi sem við erum tennt. Áhersluefni tannverndarviku eru mismunandi eftir því hvað við vitum að er brýnasta vandamálið hverju sinni en í ár viljum við leggja áherslu á að fólk drekki vatn í stað gosdrykkja til þess að koma í veg fyrir glerungseyðingu," segir Inga og bendir um leið á að drengir virðast vera með helmingi meiri glerungseyðingu en stúlkur.

„Stelpur drekka frekar gosvatn og það er lítil hætta af þeim drykkjum miðað við aðra gosdrykki. Í gosdrykkjum, og svokölluðum sportdrykkjum, eru rotvarnarsýrur sem eiga að auka geymsluþol drykkjanna, en þessar sýrur eru það súrar að þegar þær leika um tennurnar oft á dag þá leysist ysta lag glerungsins upp og þannig flettist hann af lag fyrir lag. Til að koma í veg fyrir að þetta gerist viljum við hvetja ungt fólk til að drekka frekar vatn en gosdrykki. Slíkt ætti ekki að vera mjög erfitt því á Íslandi eigum við besta vatn sem til er í heiminum."

Yngsta barn sem Inga hefur fengið til meðferðar með allar tennur skemmdar var aðeins þriggja ára gamalt og hún tekur fram að slíkt sé vissulega ekki á ábyrgð barnsins heldur foreldranna.

„Tannlæknaþjónusta er heilbrigðisþjónusta sem kostar peninga og fólk þarf að sækja í einkarekstur en ekki til hins opinbera. Sum börn eiga foreldra sem passa upp á að þau komi reglubundið í skoðun, en þó má ætla að um tuttugu prósent barna á Íslandi hafi ekki komið til tannlæknis síðustu átján mánuði," segir hún og tekur fram að börn ættu að koma í fyrsta sinn til tannlæknis um tveggja ára aldur, eða jafnvel fyrr.

„Það er þá fyrst og fremst til að venja það við að vera á tannlæknastofu, en með því að koma snemma má jafnframt kanna hvort tennur barnsins séu með einhverja galla og hvort barnið sé í áhættu," segir Inga að lokum.

*- mhg*



**Persona.is**

EYJÓLFUR ÖRN JÓNSSON
SÁLFRÆÐINGUR SKRIFAR

## Ofsafenginn kvíði

Nú þegar febrúar fer að ganga í garð er hætt við að margir séu haldnir talsverðum kvíða. Febrúarmánuður hefur gjarnan verið þekktur fyrir að þá koma afleiðingar jólaeyðslunnar inn um póstlúguna í formi kreditkortareikninga. Þessi tenging febrúar við skuldir og há útgjöld hefur gert það að verkum að margir fyllast miklum kvíða við tilhugsunina eina að febrúar sé handan við hornið. Fyrir flestum er þetta þó einungis augnabliks ótti sem leysist svo til af sjálfu sér en fyrir öðrum einkennist lífið, að miklu leyti, af kvíða sem þessum.

Kvíði er í raun náttúrulegt viðbragð mannsins við aðvífandi ógn. Kvíðaviðbragðið felur í sér að líkaminn verður undir það búinn að flýja eða berjast, sem getur oft á tíðum verið afar mikilvægt. En nú til dags hefur líkamlegum ógnum sem kalla á þessi viðbrögð fækkað til muna og aðrar óræðari ógnir tekið við. Nú til dags þurfum við að geta tekist á við fjölda erfiðra aðstæðna og standast samfélagslegar kröfur sem geta verið mjög illa skilgreindar. Gagnvart slíkum ógnum verður kvíðaviðbragðið, að miklu leyti, gagnslaust og getur orðið okkur til trafala ef við missum stjórn á því. Í hóflegu magni getur kvíðinn haldið okkur á tánum og hjálpað okkur að ná markmiðum okkar en þegar við missum stjórn á honum getur hann hæglega lamað okkur og komið í veg fyrir að við gerum nokkuð.

Persónulegir þættir ráða því hvort fólk missi stjórn á kvíðanum og þess vegna verða sumir kvíðnir fyrir ákveðnum aðstæðum en ekki öðrum á meðan sumir eru svo til alltaf kvíðnir. Sjálfsmynd viðkomandi spilar stórt hlutverk í þessari þróun kvíðans en það hvernig fólk upplifir að aðstæður geti haft áhrif á sjálfsmyndina gerir það að verkum að viðkomandi verður kvíðinn. Þegar kvíðinn verður svo stjórnlaus dregur hann úr sjálfstrausti okkar og smitar þannig út frá sér. Með þessum hætti getur kvíði því versnað og einstaklingur sem var einungis kvíðinn fyrir ákveðnum félagslegum aðstæðum verður kvíðinn fyrir öllum slíkum aðstæðum.

Til þess að takast á við svona kvíða er einna mikilvægast að læra að skilja hann. Kvíði hvers og eins er persónulegur og því er afar mikilvægt að læra að skilja hvaðan kvíðinn kemur, af hverju hann verður stjórnlaus og hvernig hann hefur áhrif á okkur. Þegar við höfum áttað okkur á þessu getum við tekist á við kvíðann og hugsanirnar sem að baki honum liggja. Til að takast á við kvíðann þurfum við oft að læra að temja okkur hæfilegt kæruleysi, slaka á og hugsa á lausnamiðaðan hátt.

*Gangi ykkur vel.*


Stressuð móðir hefur áhrif á þroska fósturisins.

# Nauðsynlegt að vera góð-ur við verðandi mæður

***Rannsóknir hafa sýnt að álag í sambandi foreldra á með-göngu getur haft áhrif á þroska barnsins.***

Tilvonandi feður gætu haft meira að segja um þroska barnsins en þeir átta sig á. Feðurnir eru ekki bara áhorfendur í meðgöngunni, heldur getur allt álag eða streita sem samband þeirra við mæð-urnar veldur haft áhrif á hvernig heili fóstursins þroskast.

„Hlutverk föðursins skiptir heilmiklu um hvernig barnið þroskast, jafnvel á meðgöngunni,“ segir Doktor Vivette Glover, frá Imperial College í London, en hún rannskaði áhrif streitu á fóstur á meðgöngu.

Gen og uppeldi ráða miklu um hvernig börnin verða en Glover komst einnig að því að meðgangan sjálf skiptir máli. Hún spurði 123 konur út í meðgönguna og fylgdist með þroska barna þeirra upp að 18 mánaða aldri.

„Tvær tegundir af streitu voru til staðar. Annars vegar streita af völdum kvíða eða ættgengra geð-sjúkdóma, hins vegar streita vegna sambands foreldrana,“ segir hún.

Eldri rannsóknir hafa sýnt að börn mæðra sem þjást af streitu á meðgöngu eru líklegri til að kljást við agavandamál, kvíða og önnur tilfinningaleg vandamál. Ekki er vitað nákvæmlega hvað veldur, en það er talið tengjast auknu magni á stresshormóninu cortisol í blóði móður.



Inntaka sýklalyfja hefur ekki góð áhrif á líkamann.

FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Ný gerð sýklalyfja

***Ný aðferð við inngjöf sýklalyfja vekur vonir um að hægt verði að minnka skammtastærðir allt að fimmtíufalt.***

Austurrískir vísindamenn hafa þróað aðferð sem gæti minnkað nauð-synlega skammtastærð sýklalyfja allt að fimmtíufalt. Aðferðin byggist á notkun svokallaðra bakteríuvektora, en svo kallast DNA-hringir sem bakteríur geyma í umfrymi sínu. Þessir vektorar geta verið bakteríunni gagnlegir en einnig mjög skaðlegir.

Með því að nota þessa vektora eiga sýklalyf greiða leið gegnum frumuhimnu bakteríunnar og því þarf mun minna magn af lyfjum. Þetta er sérstaklega gagnlegt þegar berjast þarf við matareitrun, en þá þarf ekki að gefa sýklalyf í stórum skömmtum sem drepa alla eðlilega flóru meltingarfæranna.

Aðferðin kæmi sér einnig vel í baráttunni gegn fjölónæmum bakter-íum sem afar fá sýklalyf vinna á og eru bráðhættulegar öllum þeim sem sýkjast.

*-tg*






Kæru viðskiptavinir
Verið velkomnir á stofuna mína
Hef tekið við rekstri Greiðunnar
Kveðja Lilja
GREIÐAN
Háaleitisbraut 58-60 • Sími 581 3090

SLENDERTONE
Nýjar línur
á auðveldan hátt
FLEX-buxur verð kr
19.995.-
Vaxtalaus kjör í 3 mán með Visa/Euro kr. 6.665.- pr. mán.
allt fyrir kroppinn
HREYSTI
Skeifunni 19 - S. 568 1717
Ný tæki - Léttari greiðslur
Ný glæsileg netverslun www.hreysti.is



Hálsmixtúra og Magamixtúra úr íslenskum fjallagrösum

Gæti matarfíkn verið málið?
Fræðsla, ráðgjöf og stuðningur
Helgarnámskeið: 2.-4. febrúar: Hótel Laki, lífstílshótel
Námskeiðið eru fyrir þá sem hafa áhuga á eða telja sig geta átt við matarfíkn og/eða aðrar átraskanir að stríða.
Viðkomandi fá fræðslu, greiningu og ráðgjöf í nýjum lífsstíl sem tekur á þessum vanda.
Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi
Námskeiðið felur í sér:
✓ Fræðslu um matarfíkn og aðrar átraskanir; orsakir og afleiðingar.
✓ Kynningu á leiðum til lausna.
✓ Leiðbeiningu um mataræði og skoðaðar breytingar sem gæti þurft að gera á því.
✓ Matreiðslunámskeið; eldhúsið heimsótt og lært að elda fyrir nýjan lífsstíl.
Við bjóðum upp á greiningu, einstaklingsmiðaða meðferð og fræðslu.
mfm miðstöðin
Meðferðar- og fræðslumiðstöð vegna matarfíknar
Ármúla 15, 108 Reykjavík, sími 568 3868 www.matarfikn.is

maður lifandi
Borgartúni 24, Reykjavík og Hæðasmára 6, Kópavogi
Kókosolía
til grenningar
Hágæða lífræn kókosolía frá BODE
Dæmi eru um að fólk hafi misst mörg kíló á skömmum tíma með því að taka inn 2–4 tsk. á dag.
Sjá ítarlegri upplýsingar á www.madurlifandi.is
Opið virka daga kl. 10–20, laugardaga kl. 10–17.



Oddur Benediktsson prófessor heldur fyrirlestur í versluninni Maður lifandi í dag um reynslu sína af kínversku mataræði sem lið í baráttu sinni við krabbamein í blöðruhálskirtli. FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Kínverskt mataræði í baráttunni gegn krabbameini

***Oddur Benediktsson greindist með krabbamein í blöðruhálskirtli fyrir rúmu ári og í kjölfarið tileinkaði hann sér kínverskt mataræði í baráttu sinni við meinið. Hann er sannfærður um að þessi breyting hafi átt stærstan hluta í sínum bata og í dag heldur hann fyrirlestur í versluninni Maður lifandi um reynslu sína.***

„Ég komst í kynni við bók Janet Plant, Prostate Cancer – Understand, Prevent and Overcome, um rannsóknir hennar á kínversku mataræði, stuttu eftir að ég greindist með blöðruhálskrabbamein. Samhliða lyfjameðferð breytti ég gjörsamlega um mataræði sem mælt er með í bókinni og ég er sannfærður um að það átti hlutdeild að mínum bata,“ segir Oddur Benediktsson, prófessor í tölvunarfræðum við Háskóla Íslands.

Höfundur bókarinnar, Janet Plant, er prófessor í umhverfisefnafræði og greindist sjálf með brjóstakrabbamein fyrir níu árum síðan.

Hún starfaði fyrir Sameinuðu þjóðirnar við athuganir á heilsufarslegum umhverfisáhrifum og bjó því yfir þeirri þekkingu og reynslu sem til þurfti þegar hún hóf eigin rannsóknir.

„Plant ákvað að kanna hvar tíðni krabbameins væri lægst í heiminum og uppgötvaði fljótlega að bæði brjósta- og blöðruhálskirtilskrabbamein væri margfalt sjaldgæfara í Kína en hjá öðrum Asíuþjóðum með svipað mataræði. Hún skipti gjörsamlega yfir í kínverskt mataræði og náði bata,“ segir Oddur.

Mjólkurvörur eru ein aðaluppistaðan í fæðu Vesturlandabúa, en þær finnast varla á matseðli Kínverja, og er Oddur þess fullviss að mjólkurvörur séu ekki jafn ákjósanlegar til manneldis eins og margir vilja meina.

„Þetta mjólkurþamb á Vesturlöndunum á sér ekki jafn langa hefð og fólk heldur. Plant segir í bókinni að hormón í mjólkinni sem stuðla að hröðum vexti kálfanna séu meðal þeirra efna sem valda krabbameini í manneskjum,“ segir Oddur og bendir á að sojaafurðir hjá Kínverjum séu notaðar sem aðalprótíngjafi og gjarnan í stað mjólkurafurða.

„Varla er það tilviljun að tíðni krabbameins sé margfalt lægri hjá þjóð sem neytir nánast engra mjólkurafurða.“

Oddur vill hvetja til árvekni um blöðruhálskrabbamein og vonast til þess að karlmenn yfir fimmtugt sem eru í áhættuhóp fari reglulega í rannsókn. Að sögn Odds er rannsóknin framkvæmd með mælingu á svokölluðu PSA-gildi í blóði sem gefur vísbendingu um möguleika á blöðruhálskrabbameini.

Í kvöld klukkan 17.30 heldur Oddur fyrirlestur hjá Manni lifandi, Borgartúni 24, um kenningar Janet Plant, jafnframt því sem hann deilir reynslu sinni af kínversku mataræði í baráttu sinni við meinið. Oddur hefur skráð alla reynslu sína á netsíðuna: http://www.hi.is/~oddur/info/pc/

Krabbameinsfélag Íslands hefur einnig góðar upplýsingar um blöðruhálskrabbamein: www.krabb.is/godirhalsar.

*rh@frettabladid.is*



Málþingið er sérstaklega ætlað starfsfólki í heilbrigðisþjónustu.

## Rætt um öryggi íslenskra sjúklinga

MÁLÞING UM ÖRYGGI SJÚKLINGA VERÐUR HALDIÐ 8. FEBRÚAR NÆSTKOMANDI.

Öryggi sjúklinga verður rætt á málþingum á vegum landlæknisembættisins þann 8. febrúar næstkomandi á Hótel Nordica. Sir Liam Donaldson, landlæknir Breta og framkvæmdastjóri verkefnis á vegum Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar sem snýr að öryggi sjúklinga, verður aðalfyrirlesari og fer málþingið fram á ensku. Málþingið er ætlað starfsfólki heilbrigðisstofnana og öðrum áhugasömum um öryggi í heilbrigðisþjónustu og er þátttökugjald ekkert. Málþingin hefst kl. 8.30 og stendur til 11.30. Nauðsynlegt er að skrá sig til þátttöku og er hægt að senda tölvupóst þess efnis á netfangið hrefna@landlaeknir.is fyrir 7. febrúar. *- eö*



## Munur milli sjúkrahúsa

SAMKVÆMT BANDARÍSKRI RANNSÓKN ER ALLT AÐ 28 PRÓSENTA MUNUR Á LÍFSLÍKUM MILLI SJÚKRAHÚSA.

Heilbrigðiskerfið í Bandaríkjunum er töluvert frábrugðið okkar kerfi og þar geta peningar skilið milli feigs og ófeigs. Einkareknir spítalar hafa úr meira að moða, ráða betri lækna og eiga öll nýjustu tæki og tól. Ný rannsókn hefur leitt í ljós að peningarnir geta bjargað lífi þínu. Í rannsókninni var litið á 26 sjúkdóma og fylgikvilla tengda þeim. Sé litið á lífslíkur sjúklinga er munurinn 28 prósent að meðaltali á sjúkrahúsum sem fá sérstakan stimpil fyrir gæði og öðrum sjúkrahúsum. Einungis fimm prósent sjúkrahúsa hljóta stimpilinn. Auk þess sem lífslíkur batna almennt eykst árangur meðferða og líkur minnka á fylgikvillum í kjölfar aðgerða. Könnunin þykir sýna svart á hvítu að bilið milli sjúkrahúsa fyrir þá efnuðu og sjúkrahúsa fyrir almenning sé að aukast. - tg

# Sofðu unga ástin mín

***Sumir eiga erfitt með svefn en á því má sigrast sé réttum aðferðum beitt.***

**1.** Fyrst og fremst er mikilvægt að komast að því hvað er að hrjá þig. Hugsanlega gætirðu verið haldinn sjúkdómi sem kemur í veg fyrir að þú sofir vel, en yfirleitt sefur fólk illa vegna streitu eða vegna þess að það hefur áhyggjur af einhverju sem reynist erfitt að hætta að hugsa um. Það besta sem hægt er að gera er að byrja á að skilgreina vandann, en um leið og þú veist hver hann er verður auðveldara að sigrast á honum. Til að beina huganum frá erfiðum hugsunum er líka gott að einbeita sér að andardrættinum. Hugsa aðeins um að anda djúpt, fylgjast með því hvar spennu er að finna í líkamanum og slaka svo á henni markvisst.

**2.** Komdu reglu háttatímann. Farðu að sofa á sama tíma og vaknaðu á sama tíma á hverjum morgni. Ef þér reynist erfitt að fara að sofa á sama tíma á hverju kvöldi skaltu samt reyna að vakna alltaf á sama tíma. Það leiðir frekar til þess að þú þreytist að kvöldi og langi bara til að fara upp í rúm að sofa.

**3.** Bíddu í að minnsta kosti þrjá klukkutíma með að leggjast til svefns eftir að þú hefur borðað. Að liggja á meltunni hjálpar þér ekki að sofa betur þar sem líkaminn þarf mikla orku í það starf. Ekki borða rautt kjöt eða þungan mat eftir klukkan sex og slepptu líka kaffi eða tei með koffíni því það er líklegra til að aftra þér frá því að sofna. Reyndu líka að sleppa því að reykja rétt áður en farið er í bólið. Sígarettur virka örvandi.

**4.** Klæddu þig í takt við veðrið úti. Ef það er hlýtt í veðri skaltu sleppa náttfötum. Farðu í eitthvað sem er mjúkt og þægilegt og ekki gleyma fótunum. Stundum er gott að sofa í sokkum.

**5.** Ekki sofna út frá sjónvarpinu eða útvarpinu. Ef það er opið fyrir þessi tæki á meðan þú sefur þá veldur það röskun á svefninum.

**6.** Hafðu eins dimmt og hægt er í herberginu. Slökktu ljósin eða notaðu mjög vægt næturljós. Dragðu fyrir gluggatjöldin svo að utanaðkomandi birta sleppi ekki inn til þín. Ef þú sefur við ljós þá getur það truflað framleiðslu ákveðinna hormóna sem hafa með svefnheilsu að gera. Til dæmis melatóníns.

**7.** Heitt bað fyrir háttatímann hjálpar líkamanum að slaka á og róa taugarnar. Flóuð mjólk hefur líka lengi reynst fólki vel til að slaka á, svo ekki sé minnst á rólega tónlist eða upplestur.



Sé farið að góðum ráðum má auðveldlega bæta svefnheilsuna.

allt
matur
Alla föstudaga

# Uppspretta fíkninnar

***Vísindamenn hafa fundið svæði í heilanum sem ber ábyrgð á löngun í sígarettur.***

Reykingar eru ávanabindandi bæði líkamlega og andlega. Nú hafa vísindamenn fundið hvaða svæði það er í heilanum sem virðist hafa mest áhrif á löngun reykingafólks í sígarettur.

Svæðið sem um ræðir er einnig talið ábyrgt fyrir ýmsum tilfinningum. Skaddist svæðið hættir fólk að reykja um leið. Löngunin hverfur sem og ánægjan sem fylgir reykingum.

Fundurinn er fyrsta beina sönnunin á tökum reykinga á heilanum sjálfum. *-tg*



Reykingar ná beinum tökum á heilastarfseminni.

# Parkinson sjúklingum fjölgar ört

***Parkinson sjúklingum mun fjölga um helming hjá 15 fjölmennustu þjóðunum fyrir árið 2032.***

Í nýjasta hefti vísindaritsins Neurology er því haldið fram að öldrunarsjúkdómar eins og Parkinson séu stærsta heilbrigðisvandamál framtíðarinnar. Áætlað er að í 15 fjölmennustu ríkjum heims muni fjöldi Parkinson sjúklinga tvöfaldast á næstu 25 árum.

Þetta kemur verst niður á fátækari löndum þar sem velferðarkerfið er ekki í föstum skorðum. Þetta á við um mörg af 15 fjölmennustu ríkjum heims. Ríkin sem um ræðir eru Kína, Indland, Indónesía, Bandaríkin, Brasilía, Pakistan, Bangladess, Nígería, Japan, Rússland og Evrópuríkin Frakkland, Þýskaland, Bretland og Ítalía. *-tg*



Kínverskt samfélag er á engan hátt búið undir þá gríðarlegu fjölgun ellilífeyrisþega sem fyrirséð er..













# *Orsök og afleiðing matarfíknar rædd í jöklanna skjóli*

***Fræðsla og ráðgjöf um nýjan lífsstíl fyrir matarfíkla verður aðalefni námskeiðs sem haldið verður um helgina á Hótel Laka í grennd við Kirkjubæjarklaustur.***



Esther Helga er ráðgjafi fólks með matarfíkn. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Námskeiðið er fyrir þá sem hafa áhuga á eða telja sig geta átt við matarfíkn að stríða,“ segir Esther Helga Guðmundsdóttir ráðgjafi um námskeið sem verður haldið á Hótel Laka í Skaftárhreppi 2.–4. febrúar. Sjálf hefur Esther Helga reynslu af matarfíkn og einnig ráðgjafarþjónustu því hún stofnaði á síðasta ári meðferðar- og fræðslumiðstöð (MFM) fyrir þá sem hafa ánetjast mat. Á námskeiðinu á Hótel Laka segir hún verða kynningu á leiðum til lausna, meðal annars verði matreiðslunámskeið í eldhúsi hótelsins.

„Fráhald er orð sem mikið er notað í sambandi við matarfíknina. Fráhald krefst þess að unnið sé með líkamlega, huglæga og andlega þáttinn jöfnum höndum. Þetta er því ekki enn einn matarkúrinn heldur miklu meira. Fólk fær fræðslu, greiningu og kennslu í nýjum lífsstíl sem tekur á þessum vanda. Svo er mælt með því að þátttakendur fylgi námskeiðinu eftir í stuðningshópum hjá MFM miðstöðinni eða með 12 spora bataleiðinni,“ segir Esther Helga spurð nánar um efnið sem hún ætlar að kynna þarna í jöklanna skjóli. Hún getur þess líka að dýrindis máltíðir verði um helgina á Hótel Laka en að allur maturinn verði án þeirra efna sem geti kveikt matarfíkn. „Það er frábært að komast út úr bænum og í sveitakyrrðina til að skerpa einbeitinguna,“ segir hún að lokum.

Nánari upplýsingar um námskeiðið er að finna á síðunum www.hotellaki.is og www.matarfikn.is



Hótel Laki var opnað nú í ársbyrjun. Það er í senn hefðbundið hótel og heilsulind.

## Hjúkrunarrými eykst

BÚIÐ ER AÐ ÚTHLUTA ÚR FRAMKVÆMDASJÓÐI ALDRAÐRA FYRIR ÁRIÐ 2007.

Siv Friðleifsdóttir, heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra, ákvað hvernig úthlutununum fyrir árið 2007 væri skipt í samræmi við tillögur samstarfsnefndar um málefni aldraðra sem fer með stjórn framkvæmdasjóðsins.

Samtals voru 711,8 milljónir króna til ráðstöfunar í sjóðnum og skiptust úthlutanirnar í þrjá flokka. 441 milljón var úthlutað til 12 aðila vegna fjölgunar hjúkrunarrýma, 136,9 milljónum króna var úthlutað til 13 aðila vegna breytinga eða byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista fyrir aldraða og 77,3 milljónum króna var úthlutað til 14 aðila vegna breytinga á vistrýmum og annarra endurbóta.

Í mörg ár hefur hluti af því fé sem úthlutað er úr sjóðnum verið notaður til reksturs öldrunarstofnana en nú hefur verið ákveðið að hætta því og frá árinu 2008 mun allt fé sem úthlutað er úr sjóðnum renna óskipt til uppbyggingar öldrunarþjónustu. *- eö*



136,9 milljónir verða notaðar á árinu til breytinga og byggingar þjónustumiðstöðva og dagvista fyrir aldraða.



Engu máli virðist skipta hvernig fólk brennir hitaeiningum, því engin ein aðferð er annarri betri samkvæmt nýrri rannsókn.

# Öll fita minnkar jafnt

***Megrun og hreyfing eru jafngóðar leiðir til að missa aukakílóin.***

Að borða minna og hreyfa sig meira er hvort um sig jafngóð leið til að losna við aukakílóin, samkvæmt nýrri bandarískri rannsókn sem stríðir gegn fullyrðingum margra líkamsræktarþjálfara og megrunarráðgjafa. Rannsóknir sem gerðar voru á of þungu fólki sýndu að hitaeining er bara hitaeining og skiptir engu máli hvort fólk missi hitaeiningar með breyttu mataræði eða hreyfingu. Sagt er frá rannsókninni á fréttavef Reuters en hún var afar ítarleg og sýndi jafnframt að ekki er til nein sérstök aðferð til að losna við fitu á sérstökum stöðum á líkamanum, eins og á maga eða lærum. Auk þess sem ekkert bendi til þess að aukinn vöðvamassi valdi því að fólk brenni fleiri hitaeiningum.

„Hitaeiningin skiptir öllu máli,“ segir Doktor Eric Ravussin hjá Pennington Biomedical rannsóknarstöðinni í Louisiana. „Svo lengi sem hitaeininguna vantar eru áhrifin þau sömu. Öll fita á líkamanum minnkar jafnt.“

Ravussin sagði að rannsóknin, sem birt er í tímartinum Journal of Clinical Endocrinology & Metabolism, sé ein fárra þar sem skilyrðum er stýrt og geti sýnt hvað gerist í raun í líkamanum þegar fólk er í megrun eða þjálfar sig.

Ravussin og hópur hans sem stóðu að rannsókninni hafa jafnframt verið að rannsaka hvort færri kaloríur hjálpi fólki að lifa lengur. Lágmarks fæða hefur sýnt að hægt er að lengja líf dýra eins og orma og jafnvel hunda með þessum hætti, en lengri tíma tekur að rannsaka apa og menn. *- keþ*



Hægt er að fá góða hreyfingu með því að ganga á gönguskíðum part úr degi.

# Á skíðum í Ásbyrgi

***Nú er hægt að vera á gönguskíðum í Ásbyrgi um helgar.***

Um síðustu helgi voru lagðar skíðagöngubrautir í Ásbyrgi. Hægt er að fara tvo hringi, annan um það bil tveggja kílómetra langan og hinn um það bil átta kílómetra langan. Brautirnar byrja báðar við Gljúfrastofu og er stefnt að því að þær verði lagðar allar helgar í vetur eða á meðan nægur snjór er til staðar.

Í byrjun febrúar er svo fyrirhugað að vera með skíðagöngukennslu í Ásbyrgi í samstarfi við Skíðasamband Íslands og verður hægt að fá allan búnað lánaðan á staðnum. *- eö*



C-vítamín er líkamanum nauðsynlegt en það má finna í ríkulegu magni í meðal annars jarðarberjum, kíví og blómkáli.

## Hvað gerir C-vítamín fyrir líkamann?

GEGNIR UNDIRSTÖÐUHLUTVERKI Í MYNDUN KOLLAGENS SEM ER AÐAL STUÐNINGSPRÓTEINIÐ Í HÚÐ, BEINUM, BRJÓSKI, STOÐVEF OG SINUM.

Mannslíkaminn myndar ekki sitt eigið C-vítamín og því er okkur nauðsynlegt að fá það úr mat. Reykingafólk þarfnast sérstaklega mikils C-vítamíns, en með hverri sígarettu sem er reykt, eyðast 25 mg af C-vítamíni úr blóðinu.

**C-vítamín:**
Græðir sár, brunasár og blæðandi tannhold.
Hraðar bata eftir uppskurð.
Hefur mikilvægu hlutverki að gegna við myndun bandvefjar.
Er stór þáttur í vexti og heilbrigði æða, beina, góms og tanna.
Eykur viðnám líkamans gegn sýkingum.
Dregur úr blóðfitu.
Styður meðhöndlun og fyrirbyggingu kvefs.
Dregur úr áhrifum ofnæmismyndandi efna.
Kemur í veg fyrir skyrbjúg.
Dregur úr hættu á sumum tegundum krabbameins, hjarta- og æðasjúkdómum, háþrýstingi, fituúrfellingu æðaveggja og augndrera.
Verndar húðina gegn skaðlegum áhrifum útfjólublárra geisla A og B og ver húðina þar með gegn ótímabærri öldrun og hrukkum. *- mhg*

# Barist við sykur- og fitupúkana

***Með því að ná tökum á sykurneyslu má sigrast á fitupúkanum segir Þorbjörg Hafsteinsdóttir.***

Þriðjudaginn 6. febrúar næstkomandi munu Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti og Oscar Umahro Cadogan halda fyrirlestur þar sem fjallað verður um hvernig megi losna við tvo hvimleiða púka – fitu og sykurpúkana. Með fyrirlestrinum munu þau leitast við að leiðbeina fólki um hvernig hægt er að breyta mataræðinu til betri vegar og með því ná að losna við aukakílóin. „Til að losna við fitupúkann er best að byrja á því að ná tökum á sykurpúkanum fyrst,“ segir Þorbjörg og bætir því við að sykur breytist í fitu og þar með sé skynsamlegast að ráðast fyrst á þann garð.

„Ef maður getur stjórnað sykurneyslu sinni þá getur maður rekið fitupúkann út og þar af leiðandi grennst án þess að þessir hvimleiðu púkar vaxi og dafni aftur,“ segir hún og hlær. Á námskeiðinu munu Þorbjörg og Umahro leiðbeina fólki um hvernig er hægt að breyta mataræðinu á skynsamlegan hátt. Hvaða venjum er æskilegt að láta af og hvað á þá að borða í staðinn. „Margir eru hræddir við að þetta sé hreint ógerlegt og óskaplega leiðinlegt, en það er mikill misskilningur. Ef vilji er til þess að breyta lifnaðarháttum þá verður það skemmtilegt viðfangsefni,“ segir Þorbjörg.

Námskeiðið verður haldið í Heilsuhúsinu við Lágmúla og stendur frá 19 til 22. Boðið verður upp á blóðsykursvænar veitingar og verðið á námskeiðinu er 4.900 kr. Skráning fer fram í síma 6928489. *- mhg*



Þorbjörg Hafsteinsdóttir næringarþerapisti heldur fyrirlestur um hvernig má sigrast á fitu- og sykurpúkunum.




SÖGUSTUNDIR STYRKJA TENGSL

*Þórir S. Guðbergsson* SJÁ BLS. 2



SKRAUTLEG MIÐBÆJARKRÍLI

*fallegar barnaflíkur* SJÁ BLS. 4



[ SÉRBLAÐ UM BÖRN – ÞRIÐJUDAGUR 30. JANÚAR 2007 ]

# Börn og foreldrar



NORDICPHOTOS/GETTYIMAGES

## EFNISYFIRLIT


**SÖGUSTUNDIR STYRKJA TENGSLIN**
*Lestur fyrir börn á hverjum degi venur þau á virka hlustun og eflir málþroskann.* BLS. 2

**REIFAR OG POKAR ÚR FLÍSEFNI**
*Flís-reifarnar úr versluninni Skírn þykja góðar til að róa ungabörn og fylla þau öryggiskennd og vellíðan* BLS. 2





**SKRAUTLEG MIÐBÆJARKRÍLI**
*Falleg barnaföt í miðbæ Reykjavíkur* BLS. 4





**ÖRUGG NETNOTKUN BARNA**
*SAFT er vakningarátak um örugga notkun íslenskra barna og unglinga á netinu og tengdum miðlum* BLS. 8

**BLESSUÐ BÖRNIN**
*Viðtöl við skemmtileg leikskólabörn* BLS. 2, 6, 7



30%









Baðsloppar
20% afsláttur
Handklæði
30% afsláttur
Rúmteppasett
20-40% afsláttur
Sængurfatnaður
20% afsláttur

30% afsláttur af rúmum
**rafstillanleg og hefðbundin.**
Nýtt kortatímabil

**Útsala**
**20-50% afsláttur**


rúmco

Langholtsvegi 111, 104 Rvk. Sími 568 7900
Opið virka daga 11-18, laugardaga 11-16



Ilmur segist hafa fengið krullurnar frá ömmu sinni. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Pítsa á þriðjudögum

Ilmur Marí Árnadóttir er fjögurra ára nemi í leikskólanum Sólstöfum.

*Rosalega ertu með fínar krullur.*
Já, ég fékk þær frá ömmu minni.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?*
Að búa til rennibraut með því að setja grænan bekk á stól. Við rennum okkur svo niður en ef að við notum ekki púða förum við rosalega laust.

*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í leikskólanum?*
Þá finnst mér skemmtilegast að fara með mömmu og pabba í kirkjuna. Mér finnst líka gaman að horfa á mynd og leika mér.

*Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn?*
Pítsa. Það er alltaf á þriðjudögum.

*Áttu einhver systkini?*
Já, en bara tvö, stóran bróður og stóra systur. Systir mín er sextán ára og bróðir minn er nítján.

*Áttu einhver dýr?*
Já, ég á kisu sem heitir Skotta og er sjö ára. Hún átti einu sinni kettlinga sem eru orðnir fullorðnir en einn er tveggja ára ennþá og er heima hjá ömmu minni og afa. Hann heitir Loðmundur.

*Loðmundur er fínt nafn, hver valdi það á hann?*
Skotta.



Þórir er umkringdur barnabókum á heimili sínu enda er hann ötull þýðandi þeirra. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Sögustundir styrkja tengslin

Fáir hafa lesið fleiri barnabækur en Þórir S. Guðbergsson. Hann er ekki í vafa um gildi þeirra bókmennta fyrir börn og mælir með daglegri sögustund.

„Lestur fyrir börn á hverjum degi venur þau á virka hlustun og eflir málþroskann. Svo veitir hann þeim hlýju og nánd og styrkir samband þeirra og fullorðinna,“ segir Þórir sannfærandi en hann er kennari, félagsráðgjafi og þýðandi. Hann kveðst tala af reynslu því hann hafi orðið sögustunda aðnjótandi sem barn og síðar faðir, uppalandi og kennari. Einnig hafi hann kynnt sér rannsóknir um þessi efni og þær sýni fram á hversu mikilvægt það sé að lesa upphátt fyrir börnin. Jafnvel þó að þau séu orðin læs sé mælt með því að foreldrarnir sitji hjá þeim við lesturinn. „Það er sálrænt og félagslegt atriði að vera með barninu þegar það situr með bókina, annað hvort að lesa með því, skoða með því eða tala um söguna. Það örvar það til að tjá eigin hugsanir og tilfinningar sem skapast við lesturinn.“

Þórir hefur verið viðloðandi barnabækur í 40 ár, bæði sem höfundur og þýðandi fyrir bókaútgáfuna Setberg. Á síðasta ári voru bækurnar 13 sem hann þýddi auk þess sem eiginkona hans Rúna Gísladóttir og sonurinn Hlynur þýddu tvær bækur hvort um sig. Þórir segir eigin þýðingar einkum vera fyrir yngri börnin. „Það skapast af því að Arnbjörn Kristinsson, bókaútgefandi í Setbergi, hefur sérhæft sig í bókum fyrir börn á aldrinum núll upp í tíu ára. Hann er búinn að gefa út bækur í 50 ár og hans hugsjón og skoðun er sú að börn eigi allt það besta skilið,“ segir Þórir. Áherslur orðanna lýsa því að hann er Arnbirni hjartanlega sammála.

Öfugt við það sem ætla mætti segir Þórir orðfæstu bækurnar oft erfiðastar í þýðingu. „Textinn þarf að segja svo mikið og hitta alveg í mark. Vera lipur og léttur en þó ekki of léttur heldur ögra börnunum þannig að þau velti aðeins vöngum og langi að spyrja. Það hjálpar þeim að auðga hugmyndaflugið og vera þátttakendur í því sem er að gerast,“ útskýrir hann og bætir við að lokum.

„Lestur fyrir börn á unga aldri opnar þeim heim bókarinnar og þroskar með þeim löngun til að kanna þann heim nánar.“

*gun@frettabladid.is*




allt heimili
Alla fimmtudaga

# Auka öryggiskennd og ró

Ungbarnareifar og pokar úr flísefnni fást í versluninni Skírn í Listhúsinu í Laugardal.

Flís-reifarnar úr versluninni Skírn þykja góðar til að róa ungabörn og fylla þau öryggiskennd og vellíðan. Þau eru frá ameríska fyrirtækinu Kiddopotamus sem hlaut verðlaun fyrir þessa vöru. Auðvelt er að skipta á barninu þegar með þarf því neðri hluti reifanna er poki sem auðvelt er að opna. Reifarnar fást í fjórum litum að sögn verslunarstjórans í Skírn, Önnu Sigurjónsdóttur. Frá sama fyrirtæki er hún með flíspoka sem gefa barninu meira svigrúm. „Gott er að setja barnið í samfellu og leyfa því að sparka innan í pokanum með hendurnar frjálsar,“ segir Anna og bætir því við að erlendis séu börn látin sofa í svona pokum svo þau dragi ekki yfir sig sængina og sparki henni heldur ekki af sér. *- gun*



Reifarnar fást í fjórum litum og kosta 2.500 krónur.

Fótum barnsins er stungið niður í poka og franskir lásar síðan notaðir til að vefja barnið þétt í reifarnar. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Pokarnir veita barninu bæði svigrúm og yl. Þeir kosta 2.700 krónur.

# HVELLUR *í einum grænum*

**Reiðhjólaverslun | Varahlutir | Verkstæði | Allt árið**



## DISCOVERY

Demparar
18 gíra Shimano

**6 LÉTT**

**MIKIÐ ÚRVAL AUKAHLUTA**

**30% afsláttur**

KED HELMSYSTEME KIDS

Þýskir hágæða reiðhjólahjálmar frá KED



Bubbi byggir
kr.



Baby Born
kr. 3.660



Felix
kr. 3.660

## KILDEMOES Classic Retro



7 gíra
Fótbremsa
Bretti
Bögglab
V-brems
Standari

**3 LÉTT**

**3 LÉTT & 6 LÉTT**
vaxtalausar léttgreiðslur í 3 - 6 mánuði

## Þríhjól með stöng

Stillanlegt sæti
Handbremsa
Stýristöng



## Jafnvægishjól - best í byrjun

Stillanlegt sæti og stýri
Standari





## BABY born

Stillanlegt stýri



**Hvellur | G. Tómasson ehf. | Súðarvogi 6 | 104 Reykjavík | www.hvellur.com | 577 6400**






Marimekko. Jakki / peysa 4.410 kr. á útsölu (áður 6.300 kr – 30% afsl.)

Du Pareil au Même. Skór 3.590 kr. –



Marimekko. Kjóll 3.430 kr. á útsölu (áður 4.900 kr. – 30% afsl.)

# Skrautleg miðbæjarkríli

Miðbærinn er kjörinn til að finna fallegar barnaflíkur.

Þrátt fyrir að veður sé fremur kalt þessa dagana þá ætti ekki að láta það hindra sig í að kíkja aðeins í miðbæ Reykjavíkur. Þar má finna margar skemmtilegar búðir með barnavörur og sem stendur eru útsölur í þeim öllum og vorvörurnar eru smám saman að tínast inn. Mikill afsláttur er af eldri vöru og oftast er að minnsta kosti 10% afsláttur af nýrri vöru. Gaman er að rölta dúðaður niður Laugaveginn og Skólavörðustíginn og skoða hvað er á boðstólum og kíkja svo kannski í kaffi eða heitt súkkulaði á einu af kaffihúsum bæjarins og láta fara vel um sig. Búðirnar eru stútfullar af litríkum og skrautlegum klæðum á litlu krílin og er helsti vandinn fólginn í því að velja á milli. Hér er brot af því úrvali sem finna má á smáfólkið.

*- hs*



Iana. Sokkabuxur 1.190 kr. (1.071 kr. með 10% afsl. meðan á útsölu stendur)
Kjóll 2.195 kr. á útsölu (áður 4.390 kr. – 50% afsl.)



Englabörnin. Oilily flauelsbuxur 4.990 kr. á útsölu (áður 8.490 kr. – 40% afsl.)
Oilily flíspeysa 6.990 kr. (áður 11.890 kr – 40% afsl.)



Du Pareil au Même. (Nýjar vörur)
Bolur 1.490 kr.
Gallabuxur 2.990 kr.



Du Pareil au Même. Skór 3.590 kr. –



Hnokkar og hnátur. Smáfolk kjóll 4.390 kr.





Hnokkar og hnátur. Bolur 2.890 kr.



Du Pareil au Même. Sokkabuxur 990 kr.
Kjóll / skokkur 2.590 kr.

Frú fiðrildi
Eyrnaskjól 890 kr.
Silke & Suus vettlingar 1.540 kr. á útsölu (áður 2.200 kr. – 30% afsl.)
Silke & Suus jakkapeysa 5.530 kr. á útsölu (áður 7.900 kr. – 30% afsl.)
Silke & Suus pils 3.773 kr. á útsölu (áður 5.390 kr. – 30% afsl.)
Sokkabuxur frá Englabörnum 1.790 kr. (áður 2.980 kr. – 40% afsl.)

Útsalan er í fullum gangi í Frönskubúðinni

Allar útsöluvörur með

50%

afslætti

Du Pareil au même

Sendum einnig í póstkröfu!!!

Laugavegur 17 og Kringlunni
Sími 552-6744 og 588-6750



# Höfum opnað nýja verslun

**í Hafnarstræti 99-101 (Amarúhúsinu)**

**600 Akureyri, s: 461 3006**

***Hjá okkur færðu ullarfatnað á alla fjölskylduna***



***Merino ull***
***Má þvo í þvottavél***





**Janusbúðin**

Barónsstíg 3, 101 Reykjavík
s: 552 7499, www.janusbudin.is

## Á margar teiknimyndir


Grími finnst gaman í íþróttaskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

Grímur Nói Einarsson er fjögurra ára nemi í leikskólanum Sólstöfum.
*Ertu búinn að vera lengi í þessum leikskóla?*
Já.
*Finnst þér gaman í leikskólanum?*
Já, mér finnst gaman að leika mér með dýr.
*Áttu góða vini í leikskólanum?*
Já, Orra.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í leikskólanum?*
Æfa mig í íþróttaskólanum.
*Hvað gerið þið í íþróttaskólanum?*
Við gerum æfingar og klifrum upp á eitthvað. Það er svolítið erfitt.
*Áttu systkini?*
Já, ég á lítinn bróður. Ég á líka spólu. Bambaspólu. Ég á líka hundamynd og Gosamynd og tvær bambamyndir.





Sjöfn Þórðar, verkefnisstjóri SAFT vakningaátaks á vegum Heimilis og skóla um örugga netnotkun íslenskra barna. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Örugg netnotkun barna

SAFT - samfélag, fjölskyldan og tækni er vakningarátak um örugga notkun íslenskra barna og unglinga á netinu og tengdum miðlum.

Flestir hafa eflaust orðið varir við athyglisverða auglýsingu í sjónvarpinu þar sem ungur strákur kallar vin sinn fávita á netinu og hefur það í för með sér ýmsar miður skemmtilegar afleiðingar. Sjöfn Þórðar, annar af verkefnastjórum SAFT, útskýrir tilgang auglýsingaherferðarinnar og verkefninu sem hún tengist.

„SAFT er vakningarátak á vegum Heimilis og skóla um örugga notkun íslenskra barna og unglinga á netinu og tengdum miðlum og stendur skammstöfunin fyrir „samfélag, fjölskylda og tækni". Markmið auglýsingaátaksins er að hvetja til heilbrigðari samskipta á netinu og vekja fólk til umhugsunar um nauðsyn þess að nota sömu viðmið í samskiptum okkar hvort sem er í hinum áþreifanlega veruleika eða í netheimum," segir Sjöfn og bætir við að AUGA, góðgerðarsjóður auglýsenda, auglýsingastofa og fjölmiðla, taki að þessu sinni höndum saman við SAFT.

„Verkefnið SAFT er unnið innan aðgerðaáætlunar Evrópusambandsins um aukið öryggi á netinu og er markmiðið að stuðla að öruggri og ábyrgri notkun á netinu og efla vitund um hvernig hægt er að njóta netsins og nýrra miðla á öruggan, jákvæðan, skemmtilegan og fræðandi hátt. Netið er góður upplýsinga- og samskiptamiðill með óendanlega möguleika og mikilvægt er að nýta hann á jákvæðan hátt en ekki til að meiða eða særa aðra," segir Sjöfn og telur brýna þörf á vakningarátaki af þessu tagi og þá ekki síst í ljósi þess sem hefur verið að gerast síðastliðna daga.


Það er brýnt að foreldrar setji sig inn í netheim barna sinna.

Markhópur átaksins er börn og unglingar, foreldrar og samfélagið allt. Segir Sjöfn mjög mikilvægt að stilla ekki ungu fólki upp sem sökudólgum þar sem slæm netnotkun sé alls ekki bundin við þann hóp. „Foreldrar eru miðill í þeim skilningi að þeir ræði hvað góð netsamskipti eru við börn sín. Foreldrar eru fyrirmyndir barna sinna og það er brýnt að mínu mati að foreldrar setji sig inn í netheim barna sinna og skilji þetta völundarhús." segir Sjöfn sem hvetur foreldra eindregið til að kynna sér samskiptamöguleikana sem eru í boði á netinu, eins og t.d. msn og myspace. Aðferðin sem SAFT notar er að einfalda skilaboð með því að búa til fimm netorð sem ná yfir flest sem misferst í samskiptum á netinu. Þau eru:

1. Allt sem þú gerir á netinu endurspeglar hver þú ert.
2. Komdu fram við aðra eins og þú vilt láta koma fram við þig.
3. Ekki taka þátt í neinu sem þú veist ekki hvað er.
4. Mundu að efni sem þú setur á netið er öllum opið, alltaf.
5. Þú berð ábyrgð á því sem þú segir og gerir á netinu.

Það stendur til að færa verkefnið út til skólanna á næstu dögum og gefur SAFT út kennsluefni sem sýnir börnum og unglingum hvernig beri að haga sér á netinu. Nálgast má kennsluefnið sem og allar frekari upplýsingar um SAFT-átakið á heimasíðunni www.saft.is. Á döfinni er síðan merkileg ráðstefna 6. febrúar næstkomandi sem er Alþjóðlegi netöryggisdagurinn. Ráðstefnan er öllum opin og verður haldin í húsnæði DeCode, Sturlugötu 8. Þar verður meðal annarra fyrirlesarinn Anne Kirah en hún er mann- og sálfræðingur að mennt, starfar sem yfirhönnuður hjá Microsoft ásamt því að vera rektor alþjóðlegs háskóla í Kaupmannahöfn. Hjá Microsoft hefur hún stjórnað alþjóðlegu rannsóknarstarfi með það að markmiði að hafa áhrif á vöru- og þjónustuþróun Microsoft með notkun og þarfir notandans í huga, og þar m.a. borið ábyrgð á þróun MSN.

Nánari upplýsingar: www.heimiliogskoli.is og www.saft.is.







## Uppeldismistök

Uppeldi er vandaverk og alls ekki óalgengt að foreldrum verði á mistök. Ein þeirra eru að missa stjórn á skapi sínu. Þegar fólk venur sig á að öskra á börnin sín endar það yfirleitt á því að þau öskra á móti. Ástæðan er sú að með því að öskra á barn sýnir foreldri að sú hegðun sé ásættanleg. Börn eru yfirleitt móttækilegri fyrir vinsamlegum beiðnum og leiðbeiningum frá foreldrum sínum. Það er hægt að vera ákveðin(n) án þess að vera reið(ur).



# Skoðar pöddur í smásjá

Kara Lind Johnsdóttir er fimm ára og er í leikskólanum Sólstöfum.
*Ertu búin að vera lengi í þessum leikskóla?*
Já.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?*
Kannski lita.
*En hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í leikskólanum?*
Bara að bývaxa kerti.
*Áttu einhver systkini?*
Já tvö. Eina litla systur og eina stóra.
*Hefurðu einhvern tímann farið í ferðalag til útlanda?*
Já, ég held það.
*Áttu einhver dýr?*
Nei, en pabbi minn hefur einu sinni átt dýr.
*Fékkstu eitthvað skemmtilegt í jólagjöf?*
Já, ég fékk smásjá.
*Er ekki gaman að nota hana?*
Jú, ég skoða pöddur og svoleiðis.



Kara ætlar að verða vísindakona þegar hún verður stór. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

*Ætlarðu kannski að verða vísindakona þegar þú verður stór?*
Já.

# Skemmtilegast að sauma

Sunneva Embla Guðrúnardóttir er fjögurra ára nemi í leikskólanum Sólstöfum.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?*
Lita, leika mér úti og leika mér inni og föndra og sauma. Ég sauma á blað í gatið og aftur í gat og aftur í gat og aftur í gat og það verður flott, segir Sunneva brosandi.
*Áttu góða vini í leikskólanum?*
Já, eina góða vinkonu sem heitir Sæsól.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í leikskólanum?*
Leira.
*Áttu einhver systkini?*
Já, bara eitt. Sem er lítill. Sem er strákur og hann heitir Ásgeir Máni. Hann er líka með tennur, litlar. Hann er sætur og hann er með pínu hár. Ég er búin að klippa hárið mitt. Mamma mín klippti það.
*Áttu einhver dýr?*
Nei, Ásgeir Máni er hræddur við kisu og hund og svoleiðis og fugla. Hann hefur samt ekki séð fugla.
*Ertu búin að ákveða hvað þú ætlar að verða þegar þú verður stór?*
Já, fimm ára.
*Langar þig að segja eitthvað að lokum?*
Já, ég vil segja að ég á mörg föt, mörg glös og tvo bursta heima hjá mér, einn litlan og einn stóran. Svo á ég fullt af skálum og fullt af mat og fullt af nammi. Líka fullt af dóti handa mér og fullt af dóti handa Ásgeiri Mána.



Sunneva ætlar að verða fimm ára þegar hún verður stór. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Gaman í íþróttaskólanum

Una Mist Óðinsdóttir er fimm ára nemi í leikskólanum Sólstöfum.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?*
Ég veit það ekki.
*Áttu einhver systkini?*
Ég á einn bróður sem er stærri en ég. Hann er tíu ára.
*Leikið þið ykkur saman?*
Stundum. Hann leikur oftast við vini sína.
*En átt þú einhverja vini sem þú leikur við?*
Já, Sæsól og Sunnevu.
*Ertu í einhverjum íþróttum?*
Já ég er í íþróttaskóla. Það er gaman.
*Áttu einhver dýr?*
Nei, en bróðir minn á mús. Hún er í búri og er svona ljósbrún á litinn.
*Hvað ætlarðu að gera þegar þú verður stór?*
Ég ætla að verða kennari í skóla.
*Hlakkar þú til að byrja sjálf í skóla?*
Já, ég ætla að fara í sama skóla og bróðir minn.



Una ætlar að verða kennari. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA

# Á balletskó og kjól

Álfrún Tinna Guðnadóttir er fjögurra ára nemi í leikskólanum Sólstöfum.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera í leikskólanum?*
Leika.
*Hvað er uppáhaldsmaturinn þinn í leikskólanum?*
Pitsa.
*Hvað finnst þér skemmtilegast að gera þegar þú ert ekki í leikskólanum?*
Fara í ballett. Ég á ballettskó og kjól.
*Áttu einhver systkini?*
Já, Rökkva, hann er lítill.
*Fékkstu eitthvað fínt í jólagjöf?*
Já, brúna tösku.



Álfrúnu finnst gaman að leika sér í leikskólanum. FRÉTTABLAÐIÐ/RÓSA








**Dreift til rúmlega 80% heimila**

Notaðu mest lesna* blað landsins til að dreifa kynningarefni til þinna viðskiptavina

Áhugasamir auglýsendur vinsamlegast hafið samband við Örn Geirsson | 5505844 | orn.geirsson@365.is
Vertu inní Fréttablaðinu með þitt kynningarefni

Einblöðungar - bæklingar - blöð - umslög

FRÉTTABLAÐIÐ

– Vel lesið

*Gallup maí 2006


GOTT FÓLK McCANN
ALAN
ELDRI EN 25 ÁRA
JOHANNA
YNGRI EN 25 ÁRA
JÓGVAN
ELDRI EN 25 ÁRA
TINNA
DATT ÚT 26.01.07
SIGURÐUR
ELDRI EN 25 ÁRA
GÍS
SÖNGHÓPUR
GYLFI
YNGRI EN 25 ÁRA
FJÓRFLÉTTA
SÖNGHÓPUR
INGA SÆLAND
ELDRI EN 25 ÁRA
JÁ
SÖNGHÓPUR
GUÐBJÖRG
YNGRI EN 25 ÁRA
HARA
SÖNGHÓPUR
X FACTOR
Í BEINNI ALLA
FÖSTUDAGA KL. 20:30
MIÐASALA ER HAFIN
í Nesti Ártúnshöfða og Fossvogi
Esso

www.orlagalinan.is
Örlaga línan
Miðlar, spámiðlar, draumráðningar.
Opið öll kvöld í síma
595 2001 & 908 1800

Nympha-dora
Tarot-lestur og kristalkúla með leiðsögn að handan
VISA 562 8211 EURO

**Bella.is s. 5 67 07 57. EURO/VISA**
Spilaspá. Tarot. Draumaráðningar. Andleg leiðsögn. Bið fyrir þeim sem vilja. Áratuga góð reynsla. Kl. 16 - 24 virka daga og 18 - 24 laugardaga.

Bella.is

Spásíminn 908 5666. Stjörnuspá. Tarot. Ársspá. Draumráðningar, ást og peningar. Andleg hjálp. Trúnaður.

Spennandi tími fram undan? Spákonan Yrsa í beinu samb. S. 908 6414. Símaspá, draumaráðningar.

**Englajós til þín 908 5050**
Er spennandi tími framundan. Hvað viltu vita á nýja árinu. Andleg leiðsögn, fyrirbænir, trúnaður. Er við alla daga frá 16-02. Lára spámiðill. Visa/Euro, s. 863 1987, 175 kr. mín.

## Iðnaður

**Færibönd til leigu.**
Höfum til leigu jarðvegs og múrbrot færibönd. Uppl. í s. 567 7570 Bortækni.

## Múrarar

Múrviðgerðir, flísalagnir, arinhleðslur. Múrarameistari. Uppl. í s. 896 5778 & 567 6245.

## Rafvirkjun

Raflagnir Dyrasímar
Set upp ný dyrasímakerfi og geri við eldri. Endurnýja raflagnir í eldra húsnæði ásamt viðgerðum og nýlögnum.
Fljót og góð þjónusta
Sími 893 1733
Jón Jónsson
Löggiltur rafverktaki
www.raflagnir.is

## Trésmíði

Smiður. Set upp innréttingar, hurðir, parketlagnir o.fl. Uppl. í s. 662 1304.

## Önnur þjónusta

Tökum að okkur gámalosun og gámaþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Erum einnig með 20 tonnmetra krana + körfu fyrir almennar hífingar. S. 820 0070 & 577 5177 Línuborun ehf.

# HEIMILIÐ

## Gefins

Vel með farin sérsmíðuð eldhúsinnrétting, fæst gefins gegn brottflutningi. S. 893 3517.

## Dýrahald

English Springer Spaniel hvolpur (tík) til sölu. Heilsufarsskoðaður og örmerktur. Uppl. í s. 822 8283.

# HEILSA

## Heilsuvörur




Taktu þér tak! Með Herbalife nærðu árangri og betri líðan. Erla Bjartmarz, s. 899 4183 www.eco.is

Botnlaus orka betri líðan! Herbalife Shapework. Heilsuráðgjöf og eftirfylgni. Kaupauki fylgir. Halldóra Bjarna hjúkrunarfræðingur. www.halldorabjarna.is S. 861 4019 & 868 4876.

Árangur með Herbalife! Ráðgjöf og eftirfylgni. Edda Borg www.lifsstill.is. S. 896 4662.

Viljum við ekki öll ná kjörþyngd og lifa heilbrigðu lífi? LR Figuaktiv áætlunin er kannski það sem hentar þér!!!!! Nánari uppl. í s. 891 6264 / Aðalheiður.

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Þú getur það með Herbalife! Hafðu samband. Ólöf. S. 861 5356, olsiar@hotmail.com

Shapeworks - Herbalife Vilt þú bæta heilsuna og missa jafnvel nokkur kg í leiðinni? Hafðu samband Elísabet s. 661 8178 www.heilsufrettir.is/eoge

## Nudd

Viltu nudd? Tilboð í gangi! Hafðu samband í síma 869 6914.

Reynir Katrínarson. Nuddmeðferðirheilun-spámiðlun. Tímapantanir í s. 861 2004.

## Snyrting




# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

Leigjendur, takið eftir! Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Til sölu eða leigu hæð í hjarta Reykjavíkur (2 rými), uppl. í s. 893 2329. gessi@simnet.is eða 865 1938.

Tveggja herb íbúð u.þ.b. 70 m2 í kjallara í raðhúsi í 110 R. 70 þús á mán. Reyklaus. Engin dýr. Sími 864 8351.

Til leigu 70 fm. atvinnuhúsnæði á Stórhöfða. Hentar vel fyrir verslun eða þjónustu. Laust fljótlega. Uppl. í s. 868 6488.

Pokóje do wynajecia. Herbergi til leigu. Uppl. í s. 844 0454.

## Húsnæði óskast

Íbúð óskast á Akranesi eða nágr. Grundartanga. Reglusamur & reyklaus, Ragnar s. 863 4980.

Óska eftir herbergi í Rvk. Uppl. í síma 692 0855.

## Sumarbústaðir

Óska eftir litlum sumarbústað í nágr. Rvk. á leigu frá feb. til maí. Er að leyta að vinnunæði. 40 þús. á mán. S. 865 1110.

## Atvinnuhúsnæði

Skrifstofuherbergi til leigu í Ármúlanum. Góð aðstaða, hagstæð kjör. S. 899 3760.

Til leigu ca. 700 fm húsnæði á jarðhæð við Dalshraun í Hfj. Möguleiki á að skipta húsnæðinu í minni einingar. Laust strax. Uppl. í s. 891 6768.

## Geymsluhúsnæði

Þinn eigin geymslubílskúr. 7, 10 og 17 m2. Einnig bretti. Búslóðir, fyrirtæki, iðnaðarmenn. Upphitað og vaktað. S. 564 6500. www.geymslaeitt.is

# TILKYNNINGAR

## Ýmislegt



**Uppskriftir**
Deildu uppskriftum þínum með vinum og fjölskyldu. www.matseld.is

**Engar skuldir - Hærri tekjur**
Skoðaðu www.Kennsla.com ef þú vilt losna við skuldir og fá miklu hærri tekjur.

# ATVINNA

## Atvinna í boði

**Þjónustustarf/vaktavinna.**
**Viljum bæta við okkur vönum í þjónustustörf. Leitum að góðum manni sem getur hafið störf sem fyrst. Þarf helst að vera 20 ára eða eldri.**
**Upplýsingar á staðnum eða í s. 893 2323 & www.kringlukrain.is**

**Jolli**
**Jolli Hafnarfirði óskar eftir fólki í hlutastarf. Breytilegar vaktir í boði. Tilvalin vinna fyrir skólafólk. Skemmtileg vinna með skemmtilegu fólki.**
**Umsóknareyðublöð fast á staðnum. Einnig gefur Líney uppl. í síma 565 4990.**

**Aktu Taktu auglýsir eftir fólki í fullt starf og hlutastarf.**
**Ef þú hefur áhuga á skemmtilegu starfi á skemmtilegum vinnustað þá er þetta rétta starfið fyrir þig.**
**Umsóknareyðublöð á aktutaktu.is og á öllum stöðum Aktu Taktu um allt höfuðborgarsvæðið.**

**Pítan Skipholti**
**Hresst fólk á Pítunni er að leita að liðsauka í fullt starf. Einnig kvöld- og helgarvinna í boði. Unnið er á reglulegum vöktum í góðu fyrirtæki. Kíktu á okkur. Umsóknir á www.pitan.is**

SUBWAY

**Næturvinna Hringbraut**
**Vantar fólk á næturvaktir, 100% starf. Leitum að jákvæðu og lífsglöðu fólki með mikla þjónustulund. Hægt er að sækja um á subway.is og á staðnum. Góð laun í boði.**
**Nánari upplýsingar gefur Birgitta í síma 696 7018.**

**DAGRÆSTING OG STUÐNINGUR VIÐ ALDRAÐA**
Hlutastörf
Félagsmiðstöðin Norðurbrún 1
Kröfur:
-Reynsla af ræstingum
-Góð íslenskukunnátta
-Færni í mannlegum samskiptum
Umsækjandi þarf að geta byrjað sem fyrst.
Frekari upplýsingar veittar í síma 5686960.

**Skipstjóri**
**Skipstjóri óskast á ísfisktogara sem gerður er út frá Hafnarfirði.**
**Upplýsingar í síma 565 0830.**

**Næturvakt**
**Óskum eftir að ráða starfsmann á næturvakt á Select í Suðurfelli. Um almenna afgreiðslu og þjónustu er að ræða.**
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð. .**

**Starfsmaður í útiþjónustu.**
**Óskum eftir að ráða starfsmann í útiþjónustu á Shellstöðina á Suðurströnd. Um vaktavinnu er að ræða.**
**Nánari upplýsingar veitir Pálína í síma 444 3000.**
**Umsóknareyðublöð má nálgast á www.skeljungur.is eða á næstu Shell- eða Selectstöð.**

**Starfsmaður í eldhús.**
**óskum eftir starfsmanni í eldhús, lærðum eða með mikla reynslu**
**Upplýsingar í síma 864 6112.**

**Hvar í veröldinni sem er!!**
Nýtt, spennandi, skemmtilegt og fjölbreytt tækifæri. Kíktu á www.peningar.com

Útvegum starfsfólk frá Póllandi í flestar starfsgreinar. Uppl. í s. 821 1714.

Söluturninn Rebbi óskar eftir hressu starfsfólki sem hefur gaman af samskiptum við skemmtilegt fólk. Það vantar starfskraft í fullt starf á dagvinnutíma og einnig á kvöld- og helgarvaktir. Nánari upplýsingar veitir Haukur í síma 866 3444.

Smiður, Lærlingur. Hússmíðameistari óskar eftir ráða smið og mann sem vill læra húsamíði. Fjölbreytilega vinna. Upplýsingar í síma 698 2261.

Byggingafélagið Kambur ehf auglýsir eftir starfsfólki. Annars vegar starfskrafti með réttindi á skotbómulyftara og hins vegar í almenna verkamannavinnu. Hafið samband við Sissa 895 0105 eða Pétur 894 1782 ef frekari uppl. er óskað.

## Atvinna óskast

23 ára pólsk stúlka, talar ensku og svolítið í íslensku, óskar eftir dagvinnu. Reyklaus, stundvís og með góða framkomu. Uppl. í s. 554 5907 e. kl. 17.



## ATVINNA

**RAFLAGNIR ÍSLANDS ehf.**
**RÍ-VERSLUN & ÞJÓNUSTA**

### Sölumaður

Sölumaður óskast til að annast sölu á
**FAMI** stálhillum og iðnaðar innréttingum
**NABCO** álrennihurðum og hurðaopnurum
**CIBES** lokuðum pallalyftum
**CAMA** opnum pallalyftun
**IMEM** víralyftum

Umsóknir sendist til framkvæmdastjóra
Bjarni H. Matthíasson, bjarni@ri-verslun.is

*RAFLAGNIR ÍSLANDS*
*TRAUST TÆKNIFYRIRTÆKI Í 17 ÁR*

**www.ri-verslun.is**

**allt ferðir**
Alla miðvikudaga og laugardaga

## TIL LEIGU

**Grímubúningaleiga og saumaverkstæði til sölu án húsnæðis.**

Upplýsingar í síma 862 0021

## ATVINNA



### *Smiðir*

Vegna góðrar verkefnastöðu óskar Byggingarfélag Gylfa og Gunnars eftir smiðum í mælingavinnu. Nánari upplýsingar veita Guðjón í síma 562-2991 eða 693-7305 og Gunnar í síma 693-7310.

*Hjá okkur er virkt starfsmannafélag og góður aðbúnaður. Við leitum eftir fólki á öllum aldri.*

BYGG
Byggingarfélag Gylfa og Gunnars ehf.
Borgartún 31. 105. Reykjavík.
www.bygg.is

## ÚTBOÐ

### ÚTBOÐ VIÐGERÐIR.

**Húsfélagið Skúlagötu 46 Reykjavík óskar hér með eftir tilboðum í ýmsar viðgerðir utan- og innanhúss.**



***Helstu verkþættir eru:***

- Endursteining og múrviðgerðir utanhúss.
- Svalaílagnir.
- Lagfæring á glervegg (Profilit glerprófílar) á austurhlið, rif og enduruppsetning.
- Lagfæring á sprungnum gólfplötum, með epoxyinndælingu, flísalögn og málun.

Verkin skal að fullu lokið 1. september 2007.

Útboðsgögn verða til sölu frá og með 30 janúar á Verkfræðistofunni Hamraborg sf. Hamraborg 10, Kópavogi, gegn 5.000 kr. gjaldi.

Tilboð verða opnuð á á sama stað miðvikudaginn 7. febrúar 2007 kl. 16.00 að viðstöddum þeim bjóðendum sem þess óska.

VH Verkfræðistofan Hamraborg
Hamraborg 10 - 200 Kópavogi
Sími: 554 2200 - Fax: 564 2277
Netfang: saevar@hamraborg.is

FRÉTTABLAÐIÐ **AUGLÝSINGASÍMI 550 5000**








# Verðandi skjólstæðingar þínir?

Grunnlaun og árangurstengd sölulaun fyrir harðduglega. Vinnutími frá 17-22. Sendu okkur umsókn á: starf@365.is með upplýsingum um þig. Við munum svara öllum umsóknum.

Við leitum að duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur.

365



# Viltu gerast umboðsmaður Jacks?

Við leitum að duglegu sölufólki í kvöld og helgarvinnu. Frábært starfsumhverfi fyrir ákveðna, metnaðarfulla og áræðna einstaklinga sem vilja tryggar aukatekjur.

Grunnlaun og árangurstengd sölulaun fyrir harðduglega. Vinnutími frá 17-22. Sendu okkur umsókn á: starf@365.is með upplýsingum um þig. Við munum svara öllum umsóknum.

365


Einstakt tækifæri fyrir golfáhugafólk
Spilaðu á einum besta golfvelli landsins, þegar þér hentar
Losnaðu við biðina sem myndast á öðrum völlum á álagstímum
Vertu þinn eigin herra á þínum eigin golfvelli
Þér býðst nú eignaraðild að Golfborgum sem er samheiti yfir svæði í Grímsnesi, sem skipulagt hefur verið sem frístundasvæði með hágæða golfvöll sem helsta aðdráttaraflið. Á svæðinu verða 17 lúxus frístundahús við miðju golfvallarins og glæsilegt 1000 m² klúbbhús. Auk þess verður þar einstök æfingaaðstaða þar sem hágæða flöt verður ræktuð innandyra.
Þetta tækifæri er góður fjárfestingakostur, auk þess sem því fylgir ómæld ánægja og frelsi við það að leika golf á eigin velli.
Í boði er takmarkaður fjöldi hlutabréfa í þessu metnaðarfulla verkefni, sem er einstakt sinnar tegundar hér á landi, en orðið vel þekkt erlendis.
Grand HÓTEL REYKJAVÍK
Opinn kynningarfundur verður haldinn á Grand Hótel Reykjavík miðvikudaginn 31. janúar, kl. 17.00 í salnum Gallerí
Umsjónaraðili:
In Sight ehf
Síðumúla 8
108 Reykjavík
Sími 533 3040

## VISSIR ÞÚ ...

... að krókormarnir Ancylostoma duodenale og Nectar americanus eru blóðþyrstustu sníkjudýrin? Egg þessara krókormategunda er að finna í saur 1,3 milljarða jarðarbúa. Í verstu tilfellunum hafa krókormarnir þakið slímhúðina í meltingarveginum svo kirfilega að hún líkist helst flosteppi. Talið er að blóðmagnið sem þeir sjúga daglega úr fólki um allan heim sé um 10 milljónir lítra.

... að hin breska Julie Jones er elsti hokkíleikmaður veraldar sem enn leikur í deildakeppni? Jones, sem er fædd 13. júlí 1934, lék alla leiktíðina 2004-2005 með liði sínu Yeovil & Sherbourne í Channel 2A West Clubs-kvennhokkídeildinni í Dorset, Bretlandi, þá orðin sjötug.

... að högninn Jake, sem býr hjá hjónunum Michelle og Paul Contant í Ontario í Kanada, er með fleiri tær en nokkur annar köttur? Var hann með 28 tær, sjö á hverri loppu, þegar þær voru taldar í september 2002.

... að myndbandið The Making of Michael Jackson´s Thriller er söluhæsta tónlistarmyndbandið? Það hefur selst í meira en 900.000 eintökum síðan það var gefið út í desember 1983.

... að mannskæðasta árás sem hefur orðið af völdum krókódíla átti sér stað við búrmísku eyjuna Ramree (nú Mjanmar) 19. febrúar 1945? Þá varð japönsk herdeild að hörfa yfir 16 km breiðan fenjaviðarflóa við eyjuna. Krókkt er af ósakrókódílum (Crocodylus porosus) í fenjunum en þeir eru yfirleitt vel á fimmta metrann. Af þeim 1.000 japönsku hermönnum sem reyndu að komast yfir flóann að morgni 20. febrúar komust aðeins 20 lífs af.

... að léttasta tjaldið sem völ er á í heiminum er Laser Competition-tjaldið frá Terra Nova Equipment á Bretlandi sem var sett á markað í október 2005. Þetta einmenningstjald vegur aðeins 930 g en í því er himinn, svefntjald súlur og hælar, að ógleymdum umbúðunum.

... að hin breska Agatha Christie, fædd Miller en síðar Lafði Mallowan, er vinsælasti skáldsagnahöfundur heims? Tveir milljarðar eintaka hafa selst af 78 glæpasögum hennar og þær hafa verið þýddar á 44 tungumál. Hún samdi auk þess nítján leikrit og sex ástarsögur undir dulnefninu Mary Westmacott. Höfundarréttargreiðslur af verkum hennar nema hundruð milljónum króna.

... að Bretinn Cranston Chipperfield er sá yngsti sem gegnt hefur stöðu sirkusstjóra? Hann brá sér í hlutverk sirkusstjóra 26. desember 2005 og var þá aðeins þriggja ára. Hann varð þar með sá yngsti sem það hefur gert. Hann er áttundi ættliðurinn í Chipperfield-fjölskyldunni sem verður sirkusstjóri.

... að í maí 2005 höfðu bandarísku sjónvarpsþættirnir Sesame Street fengið flest verðlaun allra eða 101.

... að stærsti fundur fólks í górillugervi átti sér stað þegar 637 brugðu sér í slíkt gervi og sprönguðu um götur Lundúna 25. september 2005. Var það gert í fjáröflunarskyni fyrir Dian Fossey-górilluverndarsjóðinn. Ekki fer sögum af viðbrögðum vegfarenda.

... að jarðsvínið Orycteropus afer er svo sérstætt að það er að öllu leyti ómögulegt er að setja það í flokk með nokkru öðru spendýri? Því hefur það sérstaka ættkvísl út af fyrir sig, nánar tiltekið Tubulidentata (Píputannar).

... að Bretinn Jenson Button, fæddur 19. janúar 1980, er yngstur til að fá stig í formúluakstri? Hann var 20 ára og 67 daga gamall þegar hann hafnaði í sjötta sæti í Brasilíukappakstrinum 26. mars 2000.

## BÓKIN Á NÁTTBORÐINU

# Frábær leiðarvísir

**SVANDÍS SVAVARSDÓTTIR BORGARFULLTRÚI**

„Það er gaman að segja frá því að ég er að lesa bókina hans Steingríms Sigfússonar, Við öll. Er meira að segja með hana með mér hér úti í Helsinki. Hvernig er hún? Hún er bara frábær leiðarvísir um pólitík okkar vinstri grænna. Svo er hún líka góð lesning fyrir alla sem hafa áhuga á samfélagsmálum. Hún tekur afstöðu til flókinna viðfangsefna sem blasa við í nútímanum eins og utanríkismálum, umhverfismálum og margs fleira sem við þurfum að velta fyrir okkur á nýrri öld.“



Svandís var úti í Helsinki þegar spurningin um bókina á náttborðinu var borin undir hana.
FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

Pioneer

MEÐ FULLKOMNA FORYSTU Í PLASMA–SJÓNVARPSTÆKJUM!

**PUREBLACK Panel 2** – Ótrúlega nákvæmir og náttúrulegir litir, mögnuð dýpt og skerpa.
**Direct Colour Filter 2** – Einstök filma í stað glerhlífar veitir glampavörn og nær ótakmarkað sjónsvið.
**Dynamic HD Converter** – Stækkar venjuleg sjónvarpsmerki upp í HD upplausn og gefur óvenju skarpa mynd.
Innbyggður DVB-T stafrænn sjónvarpsmóttakari og C.I. rauf fyrir afruglarakort.
Tvö stafræn HDMI tengi og PC-tölvuinngangur.

Upplausn: 1024 x 768
Contrast: 3000:1
Birta: 1100 cd/m2
Svartími: ~0 ms
Mynd-í-mynd (2 tuner, multi-mode)

HDMI HD ready DVB

3ja ára ábyrgð!
PIONEER–ORMSSON

**PIONEER PDP-427XD 42" PLASMA: Verð kr. 399.900**
**PIONEER PDP-507XD 50" PLASMA: Verð kr. 499.900**

PIONEER PDP-427XD / PDP-507XD
Sjöunda kynslóð margverðlaunaðrar plasmatækninnar frá Pioneer.
**Það flottasta á markaðnum!**

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**
Útborgun 149.900 kr. **(PDP427XD)**
Mánaðarleg afborgun: **7.221 kr.**
**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

ORMSSON LÁN 48 MÁNAÐA ÁN KREDITKORTS

**Heimabíókerfi með DVD upptöku og hörðum disk**
**PIONEER RCS-404H**
Kraftmikill 360W RMS magnari
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 114.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 99.900 kr.**

**48 MÁNAÐA ORMSSON LÁN**
Mánaðarleg afborgun: **2.886 kr.**
**Jafnaðarafborgun með vöxtum í 48 mánuði.**

**5.1 rása Heimabíókerfi**
**PIONEER DCS-353**
Kraftmikill 360W RMS magnari
HDMI útgangur skilar stafrænni mynd og hljóði alla leið
USB inngangur til að spila tónlist og sýna ljósmyndir beint af minniskubbum og MP3 spilurum
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 49.900 kr.**

**5 rása A/V Heimabíómagnari**
**PIONEER VSX-416**
5 x 100W RMS @ 8 ohm
Styður Dolby Digital, DTS, Pro Logic II og WMA9Pro
FM/AM útvarp með RDS
Sound Retriever tækni – bætir hljómgæði frá MP3, WMA og AAC þjöppuðu hljóði
192Khz/24-bit D/A breytir
Fáanlegur svartur eða silfraður
**Verð: 39.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 33.900 kr.**

Pioneer
MEÐ FULLKOMNA FORYSTU

**7 rása A/V Heimabíómagnari með HDMI**
**PIONEER VSX-1016V**
7 x 150W RMS @ 6 ohm
Sjálfvirk stilling með Auto-MCACC (hljóðnemi fylgir) og Phase Control
FM/AM útvarp með RDS
Forritanleg fjarstýring með skjá
USB inngangur fyrir MP3 spilara og minniskubba
Innbyggður HDMI (2:1) og Component (3:1) video-skiptir
Fáanlegur svartur eða silfraður
**Verð: 96.900 kr.**

**DVD upptökutæki með 80 GB hörðum disk**
**PIONEER DVR-440H**
Innbyggður 80GB harður diskur (allt að 227 klst. upptaka)
Tekur upp á allar gerðir DVD diska (Dual-Layer)
Chase Play – samhliða afspilun og upptaka
Spilar öll DVD svæði, MP3, JPEG og DivX
**Verð: 65.900 kr.**
**TILBOÐSVERÐ: 55.900 kr.**

**Bíltæki**
**PIONEER DEH-1800**
4 X 45 W magnari
D4Q Digital · RDS Móttakari
FM/AM/LW · 18 stöðva minni
Laus framhliðEEQ forstilltur tónjafnari
RCA útgangur
Verð 17.900.-

UMBOÐSMENN UM LAND ALLT · WWW.ORMSSON.IS

KVIKA

ORMSSON

ORMSSON SÍÐUMÚLA 9 SÍMI 530 2800 · ORMSSON SMÁRALIND SÍMI 530 2900 · ORMSSON RADIONAUST SÍMI 461 5000 · ORMSSON KEFLAVÍK SÍMI 421 1535 · MODEL AKRANESI SÍMI 431 3333 · ÁRVIRKINN SELFOSSI SÍMI 480 1160 · ÞRISTUR ÍSAFIRÐI SÍMI 456 4751 · VÍK NESKAUPSTAÐ SÍMI 477 1900 · VÍK REYÐARFIRÐI SÍMI 474 1477 · VÍK EGILSSTÖÐUM SÍMI 471 2038 · BÓKABÚÐIN HÚSAVÍK SÍMI 464 1515

## KAUPHÖLL ÍSLANDS *[Hlutabréf]*

**ICEX-15** 7.000 **+0,19%** **Fjöldi viðskipta:** 614 **Velta:** 13.312 milljónir

| MESTA HÆKKUN | | MESTA LÆKKUN | |
|---|---|---|---|
| **Sláturfélag Suðurl.** | 5,13% | **365** | 2,49% |
| **Atlantic Petroleum** | 1,85% | **Icelandair** | 0,35% |
| **Straumur-Burðarás** | 1,09% | **Landsbankinn** | 0,33% |

**HLUTABRÉF Í ÚRVALSVÍSITÖLU:** 365 4,30 -2,49% ... Actavis 70,50 -0,14% ... Alfesca 4,92 +0,00% ... Atlantic Petroleum 550,00 +1,85% ... Atorka 6,60 +0,92% ... Bakkavör 66,30 -0,15% ... Eimskipafélagið 33,20 +0,91% ... FL Group 29,20 +0,34% ... Glitnir 25,40 +0,79% ... Kaupþing 931,00 +0,11% ... Landsbankinn 29,90 -0,33% ... Marel 74,30 +0,00% ... Mosaic Fashions 14,70 +0,34% ... Straumur-Burðarás 18,60 +1,09% ... Össur 112,50 +0,00%

**viðskipti**

Umsjón: MARKAÐURINN nánar á visir.is

# Copeinca hækkar mikið

### Fyrsta skráning Glitnis í erlenda kauphöll er sjávarútvegsfyrirtæki frá Perú.

Gengi hlutabréfa í Copeinca, fjórða stærsta fiskimjölsframleiðanda í Perú, hækkaði um 16 prósent frá útboðsgengi í desember á fyrsta viðskiptadegi eftir að félagið var skráð í Kauphöllina í Ósló í Noregi í gær. Glitnir Securities, dótturfélag Glitnis í Noregi, annaðist skráninguna að undangengnu hlutafjárútboði til fagfjárfesta.

Copeinca er fyrsta suðurameríska fyrirtækið og jafnframt fyrsta erlenda sjávarútvegsfélagið sem er skráð í Ósló. Þetta er einnig í fyrsta skipti sem Glitnir lýkur við skráningu á fyrirtæki í erlendri kauphöll.

„Það felst mikil áskorun í því að vera komin inn á hlutabréfamarkað svo við ætlum ekki að bregðast trausti hluthafa,“ segir Samuel D. Coriat, hinn þrítugi forstjóri Copeinca og sonur stofnanda fyrirtækisins. Markmið þess er að vaxa hratt með yfirtökum á samkeppnisaðilum í Perú.

Copeinca, sem rekur stóran uppsjávarflota og nokkrar verksmiðjur, er metið á 19 milljarða króna. Útboðsgengi félagsins í desember nam 40 norskum krónum á hlut en fór í 45 krónur á hlut í fyrstu viðskiptunum með bréf í félaginu í kauphöllinni í Ósló í gær. **- eþa**



**SKRÁNINGU FAGNAÐ** Forsvarsmenn Copeinca glaðir í bragði við skráningu félagsins í kauphöllina í Ósló í Noregi í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/BO MATHISEN

# Kaupþingi spáð methagnaði

Kaupþing birtir ársuppgjör í dag en greiningardeildir spá bankanum um 79,8 milljörðum króna í meðaltalshagnað fyrir árið 2006. Ekkert íslenskt fyrirtæki hefur hagnast eins mikið á einu rekstrarári, en árið 2005 nam hagnaður bankans tæpum fimmtíu milljörðum króna.

Glitnir reiknar með að Kaupþing hafi hagnast um 11.945 milljónir á síðasta ársfjórðungi en Landsbankinn býst við að afkoman hafi numið 13.234 milljónum.

Þetta eru öllu minni hagnaður en á þriðja ársfjórðungi 2006, besta fjórðungi í sögu bankans þegar hann hagnaðist um 35,5 milljarða króna. Á fjórða ársfjórðungi í fyrra skilaði Kaupþing tæpum 15,5 milljörðum. **- eþa**

**AFKOMA KAUPÞINGS***

**4. ársfjórðungur 2006**

| | |
|---|---|
| Spá Glitnis | 11.945 |
| Spá Landsbankans | 13.234 |
| Meðaltalsspá | 12.590 |

* Upphæðir í milljónum króna

# Afkoma Glitnis gæti tvöfaldast

Glitnir, sem birtir ársuppgjör sitt í dag, skilar um 37,3 milljarða króna hagnaði fyrir árið 2006 ef horft er til meðaltalsspáa greiningardeilda Kaupþings og Landsbankans. Til samanburðar hagnaðist Glitnir um 19,1 milljarð króna árið 2005.

Landsbankinn reiknar með að Glitnir hafi hagnast um 9.632 milljónir króna á fjórða ársfjórðungi en Kaupþing telur að niðurstaðan verði 8.300 milljónir. Glitnir skilaði 3,7 milljarða króna hagnaði á síðasta ársfjórðungi ársins 2005. **- eþa**

**AFKOMUSPÁ GLITNIS***

**4. ársfjórðungur 2006**

| | |
|---|---|
| Spá Kaupþings | 8,300 |
| Spá Landsbankans | 9.632 |
| Meðaltalsspá | 8.966 |

* Upphæðir í milljónum króna

# Er spáð tíu prósenta aukningu

Hagnaður Straums-Burðaráss Fjárfestingarbanka á síðasta ári nemur tæplega 29,3 milljörðum króna miðað við meðalspá greiningardeilda bankanna. Uppgjör verður birt í dag. Til samanburðar nam hagnaður Straums-Burðaráss 26,7 milljörðum króna árið 2005.

Greiningardeild Glitnis spáir Straumi-Burðarási tæplega 7,2 milljarða króna hagnaði á fjórða ársfjórðungi 2006, Kaupþing spáir 7,8 milljörðum og Landsbankinn mestu, ríflega 10 milljarða króna hagnaði. Straumur-Burðarás hagnaðist um 12,6 milljarða króna á síðasta ársfjórðungi ársins 2005. **- óká**

**AFKOMUSPÁ STRAUMS***

**4. ársfjórðungur 2006**

| | |
|---|---|
| Glitnir | 7.167 |
| Landsbankinn | 10.042 |
| Kaupþing | 7.800 |
| Meðalspá | 8.336 |

*Upphæðir eru í milljónum króna.

MARKAÐURINN

Einfalt mál




EINA VIÐSKIPTABLAÐIÐ SEM ÞÚ ÞARFT

Hvort sem þú ert sérfróður um viðskipti eða einn af þeim sem finnst viðskiptafréttir yfirleitt of flóknar og háfleygar, getur þú fylgst með öllu því sem er að gerast í viðskiptalífinu í gegnum Markaðinn. Við færum þér fréttirnar skýrt og skorinort.



Með Fréttablaðinu alla miðvikudaga



Í hádeginu kl 12:12 á Stöð 2



Viðskipti á Vísi alla daga

VIÐSKIPTAFRÉTTIR ALLA DAGA VIKUNNAR

OLAF PALME (1927-1986) FÆDDIST Á ÞESSUM DEGI

*„Í okkar huga snýst lýðræði um mannlega reisn. Og mannleg reisn er pólitískt frelsi.“*

*Palme var forsætisráðherra Svíþjóðar þegar hann var ráðinn af dögum árið 1986.*



# tímamót

timamot@frettabladid.is

ÞETTA GERÐIST: 30. JANÚAR 1649

## *Karl I hálshöggvinn fyrir landráð*



Á þessum degi árið 1649 var Karl I Englandskonungur tekinn af lífi fyrir landráð. Karl komst til valda árið 1625 eftir að faðir hans, Jakob I, lést. Á fyrsta ári sínu í embætti misbauð Karl þegnum sínum sem voru mótmælendatrúar með því að kvænast Henríettu Maríu, kaþólskri prinsessu frá Frakklandi. Hann leysti þingið upp nokkrum sinnum til að kveða niður pólitíska andspyrnu og árið 1629 hætti hann alfarið að taka tillit til þess. Árið 1642 leiddu deilurnar milli kóngs og þings til þess að fyrsta enska borgarastyrjöldin braust út.

Oliver Cromwell fór fyrir liði þingræðissinna sem unnu mikilvægar orrustur gegn konungssinnum á Marston-heiði árið 1644 og við Naseby árið eftir. Cromwell kom einnig í veg fyrir innrás konungssinna í Skotland og árið 1646 gafst Karl I upp fyrir skoska hernum. Árið 1648 var hann dreginn fyrir dóm sem dæmdi hann til dauða fyrir landráð. Í byrjun næsta árs var hann hálshöggvinn.

Konungsveldið var afnumið og Oliver Cromwell tók við stjórn enska lýðveldisins. Þegar hann lést árið 1658 tók elsti sonur hans, Richard, við völdum. Ári síðar flúði hann til Frakklands í kjölfar þess að konungsveldið var endurreist og Karl II, sonur Karls I, settist á valdastól. Oliver Cromwell var dæmdur fyrir landráð að sér látnum, lík hans var grafið upp og hengt upp í gálga við Tyburn.

### MERKISATBURÐIR

**1948** Mahatma Gandhi lætur lífið í banatilræði á Indlandi.

**1957** Sameinuðu þjóðirnar fara fram á að Suður-Afríka endurskoði aðskilnaðarstefnu sína.

**1982** Snjóflóð fellur í Ingólfsfjalli í Ölfusi með þeim afleiðingum að piltur og stúlka farast.

**1972** „Blóðugi sunnudagurinn“ þegar breskir hermenn drepa þrettán manns í mannréttindagöngu kaþólikka á Norður-Írlandi.

**2002** Rómversk-kaþólska kirkjan á Írlandi samþykkir bótagreiðslur upp á sex til sjö hundruð milljónir króna til barna sem prestar kirkjunnar hafa misnotað síðustu áratugi.

MIDEM-RÁÐSTEFNAN: ÞJÓÐARBÁS Í FJÓRÐA SINN

# Fullur af útlendingum



**LAY LOW** Svanhildur Konráðsdóttir hjá Höfuðborgarstofu fær Lay Low til að draga úr nafnspjöldum gesta sem mættu í móttökuna. Sá heppni vann orkuferð til Reykjavíkur.

Útflutningsráð Íslands stóð fyrir þjóðarbási í fjórða sinn á Midem-tónlistarráðstefnunni í Cannes sem lauk fyrir helgi.

Yfir þrjátíu Íslendingar frá sautján fyrirtækjum og samtökum tóku þátt í básnum að þessu sinni. Höfuðborgarstofa eða Visit Reykjavík sáu um móttöku þar sem Lay Low og Fabula komu fram. Lay Low og Reykjavík! komu síðan fram á tónleikum sem nefndust Midem Buss Bands.

Óttar Felix Hauksson var á meðal þeirra sem sóttu hátíðina fyrir hönd útgáfufyrirtækis síns Zonet. Hann gerði samninga við Savph í Sjanghai fyrir Robertino jafnframt því að ná samningum við 2 Brains Entertainment Group. Hann átti jafnfamt áhugaverðar viðræður við ítölsk og þýsk fyrirtæki. „Það var mjög góð þátttaka Íslendinga að þessu sinni. Ég held að þetta sé það mesta sem hefur verið undanfarin ár,“ segir Óttar Felix. „Það sem skipti sköpum var að Höfuðborgarstofa kom að þessu með Útflutningsráði og hélt mjög myndarlega kynningu á öðrum degi. Síðan var haldin veisla og básinn fylltist af útlendingum.“

Óttar Felix segist hafa náð góðum samingum við Robertino. „Ég er að ganga frá samningi um að gefa Robertino út í Hollandi, Belgíu og Lúxemborg. Síðan hef ég fengið góðar viðtökur frá Sviss, Austurríki og Ítalíu. Ég er einnig búinn að gera samning í Sjanghai um þriðju plötu Robertinos sem kemur út þar á undan Íslandi,“ segir hann.

Berglind Steindórsdóttir sem sá um þjóðarbásinn fyrir hönd Útflutningsráðs sagði að mikið hefði verið að gera alla fjóra dagana sem kaupstefnan stóð yfir. „Það er gaman að sjá hvað árangurinn eykst ár frá ári en ekki síður hvað þeir sem hafa komið hér oft eru viljugir til að aðstoða þá sem eru að koma í fyrsta sinn,“ segir Berglind. **freyr@frettabladid.is**

---



†

*Elsku litla dóttir okkar, systir og barnabarn,*

**Lísa Guðný Jónsdóttir**

Tröllateigi 49, Mosfellsbæ,

**sem lést á gjörgæsludeild Landspítalans að kvöldi 23. janúar, verður jarðsungin frá Kópavogskirkju miðvikudaginn 31. janúar kl. 11.00. Blóm og kransar vinsamlega afþökkuð en þeim sem vilja minnast hennar er bent á Barnaspítala Hringsins.**

**Kristín Einarsdóttir** | **Jón Karlsson**
**Einar Karl**
**Unnar Karl**
**Emma Sól**
**Guðný Kristín Árnadóttir** | **Einar Markússon**
**Unnur Óskarsdóttir** | **Karl Jóhannsson**

---



†

*Elskuleg móðir okkar tengdamóðir, amma og systir,*

**Hjördís Sturlaugsdóttir (Lolla)**

Stífluseli 11,

sem lést á heimili sínu 24. janúar sl. verður jarðsungin frá Fossvogskirkju fimmtudaginn 1. febrúar kl. 15.

**Sigrún Reynisdóttir** | **Tryggvi Guðmundsson**
**Anna Soffía Reynisdóttir** | **Jónas Freyr Harðarson**
**Thelma Lind** | **Ómar og Orri Freyr**
**Unnsteinn Freyr, Hjördís María og Dagbjört Ásta**
**Sigríður L. Sturlaugsdóttir Kester**
**Ása G. Sturlaugsdóttir**
**Anna Soffía Sturlaugsdóttir Donsbach**
**Edda Sturlaugsdóttir**

---



†

*Elskulegur eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Svavar Svavarsson**

múrarameistari, Austurvegi 16, Grindavík,

andaðist á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þann 22. janúar. Útförin fer fram frá Grindavíkurkirkju miðvikudaginn 31. janúar kl. 14.00. Þeim sem vilja minnast hins látna er bent á orgelsjóð Grindavíkurkirkju.

**Sæbjörg M. Vilmundsdóttir**
**Kristín Þorsteinsdóttir** | **Hallur Gunnarsson**
**Lárus Svavarsson**
**Svavar Þór Svavarsson**
**barnabörn og barnabarnabörn.**

---



†

*Systir okkar, frænka, mágkona og svilkona,*

**Alfa Þorbjörg Hjálmarsdóttir**

lyfjafræðingur,

lést að morgni föstudagsins 26. janúar á dvalar-og hjúkrunarheimilinu Grund. Útförin fer fram frá Dómkirkjunni í Reykjavík, mánudaginn 5. febrúar kl. 13.

Fyrir hönd aðstandenda,

**Erla H. Hjálmarsdóttir** | **Hjálmar V. Hjálmarsson**
**Sigríður Gísladóttir**
**Áslaug Ásmundsdóttir**
**Ingveldur Ásmundsdóttir**
**Kristín Jónsdóttir**

---



†

*Elskuleg móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,*

**Guðbjörg Jóhannsdóttir**

Búðargerði 5, Reykjavík,

lést á Landakotsspítala laugardaginn 27. janúar.

**Ásta G. Guðbrandsdóttir** | **Garðar Ágústsson**
**Jóhanna J. Guðbrandsdóttir** | **S. Stefán Ólafsson**
**Jón Marinó Guðbrandsson** | **Elín Elísabet Baldursdóttir**
**Anna Kristín Guðbrandsdóttir** | **Benjamín M. Kjartansson**
**Guðbjörg Jóna Jóhanns,**
**ömmubörn og langömmubörn.**

---



†

*Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samhug og hlýju vegna andláts og útfarar,*

**Haraldar Leós Hálfdánarsonar**

Hábæ 33,

**Ragnhildur Oddný Guðbjörnsdóttir**
**Jónína Haraldsdóttir**
**Stefanía Halldóra Haraldsdóttir**
**Sigurður Már Haraldsson**
**tengdabörn, barnabörn og barnabarnabörn.**

---

**Það sem hafa ber í huga varðandi andlát og útför**



Sverrir Einarsson | Hermann Jónasson | Geir Harðarson | Bryndís Valbjarnardóttir

ÚTFARARSTOFA ÍSLANDS

Suðurhlíð 35 Fossvogi • www.utforin.is

Vaktsími: **581 3300 & 896 8242 • Sólarhringsvakt**

**Komum heim til aðstandenda ef óskað er**

Kistur • Krossar • Sálmaskrár • Duftker • Blóm • Fáni • Gestabók • Erfidrykkja • Prestur
Kirkja • Legstaður • Tónlist • Tilkynningar í fjölmiðla • Landsbyggðarþjónusta • Líkflutningar

---



†

*Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,*

**Jónas Grétar Sigurðsson**

múrarameistari, Akureyri,

andaðist á líknardeild Landakots miðvikudaginn 24. janúar. Útförin fer fram frá Akureyrarkirkju föstudaginn 2. febrúar kl. 13.30.

**Fanney Rósa Jónasdóttir** | **Jónas Jose Mellado**
**Ásta Hrönn Jónasdóttir**
**Heiðrún Hulda Jónasdóttir** | **Sigurmar Davíð Gíslason**
**Lilja Margrét Jónasdóttir** | **Guðjón Andri Gylfason**
**Erna Guðný Jónasdóttir** | **Þröstur Magnússon**
**Jenný Edda Jónasdóttir** | **Jón Benóný Hermannsson**
**Sandra Friðriks Jónasdóttir** | **Eiríkur Ellertsson**
**Hulda Friðriksdóttir**
**afa- og langafabörn.**

---



**LEGSTEINAR**

**TILBOÐSDAGAR**

**allt að 50% afsláttur**

af legsteinum og fylgihlutum

Sendum myndalista

***MOSAIK*** Hamarshöfða 4 110 Reykjavík
sími 587 1960 www.mosaik.is

---

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið **timamot@frettabladid.is.**

Auglýsingar á að senda á **auglysingar@frettabladid.is** eða hringja í síma **550 5000.**


HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
ÚTSALA
10-20% afsláttur af nýjum vörum
30-70% afsláttur af völdum vörum
Stendur til 1. febrúar
Premier
HLJÓÐFÆRAHÚSIÐ
Hljóðfærahúsið Laugavegi 176 105 Reykjavík www.hljodfaerahusid.is info@hljodfaerahusid.is Sími 591 5340





# STUÐ MILLI STRÍÐA: Loksins er þér öllum lokið

**FREYR GÍGJA GUNNARSSON** SENDIR JANÚAR TÓNINN



Janúarmánuður virðist hafa einhvern sérstakan blæ yfir sér. Fyrir utan einn ágætan afmælisdag í fjölskyldunni er þessi mánuður óvenjulega langur, myrkur og kaldur. Breskir vísindamenn hafa enda reiknað út að miður janúar sé leiðinlegasta tímabil sem fólk á Vesturlöndum lifir. Stutt sé síðan jólin voru og hétu en langt í að sumarið hefjist af einhverri alvöru.

Einungis nokkrir dagar eru síðan ég hafði loks geð í mér til að taka allt jólaskrautið niður. Ljósin frá steindauðu trénu höfðu verið eina tíran í svartnættinu. Auðvitað reyndist það svo of stórt til að hægt væri að draga það niður stigaganginn þannig að kaupa varð sög í BYKO og kvöldið fór í að láta tréð gjalda fyrir janúarleiðindin. Jólaljósin hurfu inn í geymsluna og eftir stóð nakin stofan. Rætt var um pottaplöntu eða annað sem myndi fylla upp í tómarúmið. Hver jólasveinninn á fætur öðrum var settur aftur ofan í kassann eftir tiltölulega stutta dvöl og vondu bitarnir úr konfektkassanum sem enginn hafði virt viðlits í jólagleðinni voru nú hey í harðindum.

Janúar virtist hins vegar ekkert hafa styst í annan endann þótt jólahaldið hefði verið kvatt. Í pósthólfinu biðu ógnvænlega þykk umslög frá einhverjum banka og allt í einu var vænlegast í stöðunni að þykjast ekkert kannast við þennan mann sem bréfin voru stíluð á. Þegar umslögin voru loksins rist á hol hvarflaði sú fáránlega hugsun að mér að ef til vill væru bankarnir að svína á fólkinu í landinu með ofurvöxtum. En var fljótur að skipta um skoðun þegar ég sá starfsmann eins bankans í auglýsingu þar sem hann hreinlega hoppaði upp um þakið í þágu viðskiptavinarins. Það getur auðvitað ekki verið að bankarnir gefi manni hoppandi starfsfólk en himinháa vexti eða hvað? Ljósi punkturinn í bréfastaflanum var yfirlit frá gömlum banka sem upplýsti mig um að fjögur hundruð krónurnar á fermingarreikninginum höfðu ávaxtast um heila krónu frá síðasta ári.

# myndasögur

## Pondus

Eftir Frode Øverli




## Gelgjan

Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




## Handan við hornið

Eftir Tony Lopes




## Kjölturakkar

Eftir Patrick McDonnell




## Barnalán

Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman




MAX
VALDAR VÖRUR
15-90%
AFSLÁTTUR
ÖRFÁ VERÐ DÆMI
DÚNDUR DAGAR
DÚNDUR verð 1.999 kr.
Ideline 748090
• Súkkulaðipottur
• Fyrir heimatilbúið konfekt ofl
• Bræðir súkkulaði án bruna
• Hentar fyrir allt súkkulaði
• Margir fylgihlutir
• Uppskriftabæklingur fylgir
Fullt verð 3.999
DÚNDUR verð 54.999 kr.
Pioneer DCS360
• 360w heimabíókerfi
• Með DVD spilara
• HDMI stafrænt tengi
• Progressive Scan
• USB tengi fyrir tónlist og ljósmyndir
• FM útvarp
Spilar alla DVD og CD diska, MP3, WMA, JPEG og DivX
Fullt verð 65.988
DÚNDUR verð 24.999 kr.
SONY CMTSPZ50
• 50w RMS míkró samstæð
• 3ja diska geislaspilari
• MP3 spilari
• FM útvarp og segulband
• Spilar MP3, CD-R/RW
Fullt verð 33.999
DÚNDUR verð 14.999 kr.
Elna ELNA2110
• Saumavél með 15 sporgerðir
• Sporval með stilliskífu
• Nál stillanleg frá miðju
• Innbyggð spóluvinda
• 5 saumfætur og Overlock
Fullt verð 19.699
DÚNDUR verð 5.999 kr.
Kenwood VC1807
• 1800w ryksuga
• 2 fylgihlutir
• Litur: Silfur
Fullt verð 9.999
DÚNDUR verð 199.999 kr.
Siemens KA60NA60
• 179 sm Amerískur ísskápur
• 504 lítrar, 334l kælir, 170l frystir
• Orkunýting A
• Rafeindastýring, sjálfvirk afþýðing
• Frystigeta 10kg á dag
• Dýpt án hurða 60sm
• Ísvél í hurð á framhlið
Fullt verð 259.999
DÚNDUR verð 49.999 kr.
DeLonghi EAM3400
• Fullkomin 1,8l Espresso kaffivél
• Malar kaffibaunir og býr til kaffið
• Hægt að stilla hve fín mölunin er
• Býr til gufu til að flóa mjólk ofl
• Tveir katlar
• Minni fyrir uppáhalds stillingar ofl
• Cappucino System
• Slekkur sjálfvirkt á sér
Fullt verð 68.999
DÚNDUR verð 3.189 kr.
Fullt verð 3.999
Besta verðið
Geisladiskar
DVD myndir
Tölvuleikir
DÚNDUR verð
OPNUNARTÍMI
Mánudaga til föstudaga kl. 11-19.
Laugardaga kl. 11-18 og Sunnudaga kl. 12-18.
Við erum beint á móti IKEA
MAX RAFTÆKI
MAX / Kauptúni 1 / 210 Garðabæ / Sími 412 2200

**Kl. 20.00**
*Finnski rithöfundurinn Hannu Niklander les úr verkum sínum í kaffistofu Norræna hússins og segir frá ferðum um Norður-Atlantshafsssvæðið og dvöl meðal kanadískra Finna í Québec. Erindið er á sænsku og eru allir áhugasamir velkomnir og enginn aðgangseyrir.*

# menning

menning@frettabladid.is

## *Flóðarannsóknir*

Hið hefðbundna umræðukvöld Félags íslenskra fræða um liðið bókaár verður haldið á miðvikudagskvöld í húsi Sögufélagsins í Fischersundi og hefst kl. 20. Þar flytur Þorgerður E. Sigurðardóttir erindi sem hún nefnir: Eftir flóðið. Farið verður yfir nýafstaðið jólabókaflóð og lagt mat á hvernig landið liggur eftir flóðbylgjuna miklu. Enn á eftir að koma í ljós hvaða bókmenntaverk munu setja mark sitt á landslagið eftir þennan storm en nú er tækifærið til að spá í spilin og velta fyrir sér hvert stefnir í íslenskum bókmenntum og hvers má vænta á næstunni. Megináherslan verður lögð á fagurbókmenntir og fjallað um viðtökur gagnrýnenda og lesenda, öll bókmenntaverðlaunin og metsölulistana, en meiri áhersla verður lögð á að setja hlutina í samhengi en að fjalla ítarlega um einstök verk eins og löngum hefur verið gert hjá forsögumanni á þessum fræðakvöldum eftir jól. Þorgerður E. Sigurðardóttir er bókmenntafræðingur og sjálfstætt starfandi fræðimaður, hún fæst m.a. við stundakennslu í Listaháskóla Íslands og leiklistargagnrýni í Víðsjá.



**BÓKMENNTIR** Þorgerður E. Sigurðardóttir dregur fram strauma í jólabókaflóðinu.



**> Ekki missa af…**

tónleikum **Michaels Clarke** og **Þórarins Stefánssonar** á **Myrkum músíkdögum**. Í dag leika þeir félagar og syngja tónlist eftir **Gunnar Reyni Sveinsson, Jóns Hlöðver Áskelsson** og **Oliver Kentish** í Laugaborg í Eyjafjarðarsveit en á morgun endurtaka þeir leikinn í **Norræna húsinu.**

# Úr torfi og grjóti

Fyrsta sérfræðileiðsögn þessa árs á Þjóðminjasafninu verður í hádeginu í dag þegar dr. Anna Lísa Rúnarsdóttir mannfræðingur leiðir gesti um sýninguna „Á tímum torfbæja: híbýlahættir og efnismenning í íslenska torfbænum frá 1850“. Á sýningunni eru kynntar niðurstöður viðamikillar rannsóknar sem Anna Lísa vann að meðan hún gegndi rannsóknarstöðu Kristjáns Eldjárns árið 2006.

Anna Lísa rannsakaði lífið í torfbæjunum á tímabilinu 1850 til búsetuloka fram yfir 1950 en ótrúlega stutt virðist síðan ný byggingarefni leystu hin gömlu af hólmi. Í tengslum við rannsóknina tók hún meðal annars viðtöl við fjölda fólks sem bjó í torfbæjum og beindist rannsókn hennar ekki síst að daglegu lífi þeirra.

Nokkrir torfbæir eru varðveittir á landinu og eru flestir þeirra í vörslu Þjóðminjasafns Íslands sem annast viðhald ásamt húsafriðunarnefnd ríkisins. Þessir bæir eru merkilegir minnisvarðar um byggingargerð sem vart á sinn líka í veröldinni.

Á sýningunni varpa myndir og textar ásamt úrvali gripa ljósi á þær miklu breytingar sem urðu á þessu síðasta tímabili torfbæjanna. Einnig verður gengið um hluta grunnsýningarinnar og skoðað efni tengt torfbæjarlífinu.

Ítarleg skýrsla er væntanleg um rannsókn Önnu Lísu í ritröðinni Skýrslur Þjóðminjasafns Íslands en hún starfar á safninu sem sérfræðingur í byggingarsögu og verkefnisstjóri varðveislu Núpsstaðar.

Dagskráin hefst kl. 12.10



**HANDVERK OG HÍBÝLAKOSTUR** Íslensku torfbæirnir eiga vart sinn líka í allri veröldinni. MYND/ÞJÓÐMINJASAFNIÐ



**VEFLIST** James fyrir framan verk sitt í bandaríska sendiherrabústaðnum.

FRÉTTABLAÐIÐ/HEIÐA

# Vefnaður var karlastarf

**Bandaríski myndlistarmaðurinn og vefarinn James Koehler ferðast víða til að kenna list sína en nýlega var hann á ferð hér á land þar sem hann heimsótti meðal annars kollega sína sem þó fer fækkandi.**

Í eina tíð ófu menn mikið á Íslandi: tóvinna leiddi af sér margs konar vinnu með ull og hár. Þessi hluti menningar okkar hefur glutrast niður úr almennri menntun, handíðir fóru halloka þegar þess var krafist að drengir og stúlkur skyldu læra hvort tveggja vinnu með band og tré. Jafnréttisbaráttan skilaði því að klippt var á þráð. Og það sem meira var: þegar vefnaður fór alfarið halloka rétt eins og saumar, prjón og hekl í grunnmenntun hvarf hann alveg upp úr.

Þegar bandaríski sendiherrann valdi sér á dögunum teppi til að hengja upp í bústað sendiherrans kallaði hann til amerískan veflistamann, James Koehler, með verk sitt. James hefur ofið frá því hann settist ungur maður á bekk hjá benediktín-munkum í klaustri í Nýju-Mexíkó. Hann er vefari af hugsjón, fer víða um Bandaríkin og kennir að vefa. Ull sína sækir hann eins og margir aðrir til Ástralíu og Nýja-Sjálands, en silki á hinn alþjóðlega markað með silki. Eftir heimsókn sína lýsti hann áhuga á að fá íslenskt band til vinnslu en verður að láta sér nægja eftirhreytur í þúsund ára iðnhefð sem fáir hafa áhuga á lengur: hér áttum við efni í vef úr jurtum, tágum, rótum, skinni, ull, bæði þeli og togi, að ógleymdu hrosshári.

James sækir efni sitt mest í bylgjur náttúrunnar, litina líka. Hann segist vinna vefi sína á margs kyns stóla, mest þó á sænska afbrigðið sem kallað er, stóra vefstóla, enda eru vefir hans stórir og margir með geómetrísku munstri.

Heimsókn sína nýtti hann fleirum til gagns: hann heimsótti húsmæðraskóla og verkmenntaskóla, átti ekki orð til að lýsa hrifningu sinni með vefverkstæðið í Verkmenntaskólanum á Akureyri. Þar var á síðustu öld miðstöð ullarvinnslu í landinu. Síðustu leifar þess verksmiðjukjarna voru brotnar niður við lágan kurr verndarmanna í lok síðasta árs til að gefa pláss fyrir verslunarmiðstöð.

Líkt og flestir veflistamenn litar James sjálfur sitt band. Hann byggir á langri hefð vefnaðar í suðvestri Bandaríkjanna og segist ekki sækja minnst til vefnaðarhefða þeirra þjóða sem byggðu álfuna fyrir daga innrásar hvítra manna í landið. Hann segir mikla þörf í samfélagi vestanhafs að halda við handíðum af ýmsu tagi: þar eigi sér djúpar rætur og veiti nútímafólki styrk í neyslusamfélaginu.

Hann sótti líka heim íslenska vefara. Fór vel á með þeim Ásgerði Ester Búadóttur. Ekki tóku nemendur honum síður þegar hann leit til þeirra í Hússtjórnarskólanum í Reykjavík en í Verkmenntaskólanum á Akureyri.

Mörg merki eru uppi um það í íslensku samfélagi listanna að þörf sé á almennri menntun um vef og band: jafnvel samtímalistamenn sækja í vefgerð og nýta hann með margvíslegum hætti í myndlist sína.

Þá er ekki gleymd sú alþýðuhreyfing sem er í landinu meðal kvenna á öllum aldri sem geymir enn hefðir og kunnáttu í handíðum. Því var James Koehler aufúsugestur hvar sem hann kom í liðinni viku. - pbb



**VEFLIST** James ásamt Ásgerði Esther fyrir framan eitt verka hennar.

LJÓSMYND/BANDARÍSKA SENDIRÁÐIÐ



**SPRON STYRKIR VETRARHÁTÍÐ** Vilhjálmur Þ. Vilhjálmsson borgarstjóri og Guðmundur Hauksson sparisjóðsstjóri vönduðu sig við undirskriftirnar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

# Vetrarhátíð í bæ

Vetrarhátíð verður haldin í sjötta sinn í Reykjavík þann 22.-24. febrúar næstkomandi en þá fá borgarbúar og gestir þeirra notið menningardagskrár þar sem áhersla lögð er á sem fjölbreyttasta viðburði.

Þema hátíðarinnar þetta árið er tengt Frakklandi því samtímis hefst formlega menningarhátíðin „Pourquoi pas?“ sem skipulögð er af franska sendiráðinu á Íslandi í samvinnu við menntamálaráðuneytið.

Meðal fastra viðburða á Vetrarhátíð eru Safnanótt sem nú verður fagnað í þriðja sinn og Heimsdagur barna. Að venju verður einnig boðið upp á fjölda tónleika, námskeiða og kynninga auk þess sem erlendir gestir færa alþjóðlega menningarstrauma með sér, til dæmis hinn óvenjulegi belgíski flamengo danshópur, La Guardia Flamenca, sem vísast mun auka blóðhita áhorfenda.

Fæstir dagskrárliðanna krefjast aðgangseyris og er henni ætlað að endurspegla fjölbreytileika borgarlífsins svo allir ættu að geta fundið eitthvað við sitt hæfi. Orkuveita Reykjavíkur hefur verið bakhjarl hátíðarinnar frá upphafi en í ár bætist henni einnig stuðningur frá SPRON og var samningur þess efnis undirritaður í gær.

Höfuðborgarstofa sér um framkvæmd Vetrarhátíðar en verkefnisstjóri er Sif Gunnarsdóttir. Nánari upplýsingar um hátíðina verður að finna á heimasíður Reykjavíkurborgar, www.rvk.is.




FABRIKAN

# Í DAG ER SÍÐASTI DAGUR ÚTSÖLUNNAR!

## ENN MEIRI AFSLÁTTUR – ÓTRÚLEG VERÐ

TEKK COMPANY

BÆJARLIND 14-16 | 201 KÓPAVOGI | SÍMI 564 4400 | FAX 564 4435 | TEKK@TEKK.IS

LÖNG OPNUNARHELGI! OPIÐ Í DAG, SUNNUDAG, 13-18




**Children Of Loki kynnir 50 WAYS TO LEAVE YOUR LOVER**
Fös 2 feb. kl. 20 / Lau 3. feb kl. 20

**Verzlunarskóli Íslands kynnir SEXTÁN**
Fim 1. feb kl. 10 uppselt / Fim 1. feb kl. 14 uppselt /
Sun 4. feb kl. 19 / Mið 7. feb kl. 19 / Sun 11. feb kl. 16 /
Þri 13. feb kl. 19 / Fim 15. feb kl. 19 / Mið 21 feb kl. 19 /
Sun 25 feb kl. 17 / Mið 28 feb kl. 19 / Fös 2 mar kl. 20
Miðasala Austurbæjar opin 13 - 17 alla daga sími : 551 4700 / www.midi.is

Flagari í framsókn – The Rake's Progress – IGOR STRAVINSKY

**FLAGARI Í FRAMSÓKN - The Rake's Progress e. STRAVINSKY**
Frumsýning fös. 9. feb. kl. 20 - örfá sæti laus
2. sýn. sun 11. feb. kl. 20 – 3. sýn. fös. 16. feb. kl. 20 – 4. sýn. sun. 18. feb. kl. 20
Kynning fyrir sýningu í boði VÍÓ Kl. 19.15 (ekki á frumsýningu)
Ingibjörg Eyþórsdóttir, tónlistarfræðingur hefur umsjón með kynningunni
**ÞÚ FINNUR EKKI BETIR SKEMMTUN - TRYGGÐU ÞÉR MIÐA STRAX**
**25 ÁRA OG YNGRI FÁ 50% AFSLÁTT AF MIÐAVERÐI Í SAL !**
Landsvirkjun
www.opera.is | opera@opera.is | Sími: 511 4200
Miðasalan er opin alla daga nema mánudaga kl. 14-18 og fram að sýningu sýningardaga.
Símasala kl. 10-18 þriðjudaga - föstudaga. Miðasala á Netinu allan sólarhringinn.
ÍSLENSKA ÓPERAN
ÞJÓÐARÓPERA ÍSLENDINGA Í 25 ÁR

„DAUÐUR, SKÍTUGUR, TÓMUR“
DAGUR VONAR

**ÓFAGRA VERÖLD**
Lau 3/2 kl. 20 Fös 9/2 kl. 20
Sun 18/2 kl. 20 Fim 22/2 kl. 20

**VILTU FINNA MILLJÓN?**
Fös 2/2 kl. 20 UPPS. Lau 10/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Fös 2/3 kl. 20

**SAN FRANCISCO BALLETTINN**
Samstarfsverkefni Listahátíðar í Reykjavík og Borgarleikhússins.
Mið 16/5 kl. 20 UPPSELT
Fim 17/5 kl. 20 UPPSELT
Fös 18/5 kl. 20 Lau 19/5 kl. 14
Lau 19/5 kl. 20 UPPSELT
Sun 20/5 kl. 14 Sun 20/5 kl. 20

**MEIN KAMPF**
Fim 15/2 kl. 20 AUKASÝNING
Lau 24/2 kl. 20 AUKASÝNING
Síðustu sýningar

**EILÍF HAMINGJA**
Í samstarfi við Hið lifandi leikhús
Fim 1/2 kl. 20 UPPS. Sun 4/2 kl. 20
Fös 9/2 kl. 20 Sun 11/2 kl. 20
Fös 16/2 kl. 20 Sun 18/2 kl. 20

**LADDI 6-TUGUR**
Lau 17/2 kl. 20 Lau 24/2 kl. 20
Lau 3/3 kl. 20 Fim 8/3 kl. 20
Miðasala hafin Miðaverð 3.400

**DAGUR VONAR**
Lau 3/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 4/2 kl. 20 UPPSELT
Fös 9/2 kl 20 UPPSELT
Sun 11/2 kl. 20 UPPSELT
Lau 17/2 kl. 20 UPPSELT
Sun 18/2 kl. 20
Fös 23/2 kl. 20
Ekki er hleypt inn í salinn eftir að sýning er hafin.

**RONJA RÆNINGJADÓTTIR**
Sun 4/2 kl. 14 Sun 11/2 kl. 14
Sun 18/2 kl. 14 Sun 25/2 kl. 14

**ALVEG BRILLJANT SKILNAÐUR**
Fim 8/2 kl. 20 Fös 16/2 kl. 20
Fim 22/2 kl. 20 Síðustu sýningar

**KARÍUS OG BAKTUS**
Sun 4/2 kl. 13 UPPS. Sun 4/2 kl. 14 UPPS.
Sun 4/2 kl. 15 UPPS. Sun 11/2 kl. 13 UPPS.
Sun 11/2 kl. 14 UPPS. Sun 11/2 kl. 15 UPPS.
Sun 18/2 kl. 13 UPPS. Sun 18/2 kl. 14 UPPS.
Sun 18/2 kl. 15 UPPS. Sun 25/2 kl. 13 UPPS.
Sun 25/2 kl. 14 UPPS. Sun 25/2 kl. 15 UPPS.
Sun 4/3 kl. 13 UPPS. Sun 4/3 kl. 14 UPPS.
Sun 4/3 kl. 15 UPPS. Sun 11/3 kl. 13 UPPS.
Sun 11/3 kl. 14 UPPS. Sun 11/3 kl. 15 UPPS.
Sun 18/3 kl. 13 UPPS. Sun 18/3 kl. 14 UPPS.
Sun 18/3 kl. 15 UPPS. Sun 25/3 kl. 13 UPPS.
Sun 25/3 kl. 14 UPPS. Sun 25/3 kl. 15 UPPS.
AUKASÝNINGAR Í SÖLU NÚNA!
Sun 1/4 kl. 13 Sun 1/4 kl. 14
Sun 1/4 kl. 15 Sun 15/4 kl. 13
Sun 15/4 kl. 14 Sun 15/4 kl. 15
Sun 22/4 kl. 13 Sun 22/4 kl. 14
Gestaleikur frá Leikfélagi Akureyrar

Miðasala 568 8000
www.borgarleikhus.is
BORGARLEIKHÚSIÐ

ÞJÓÐLEIKHÚSIÐ



**Stóra sviðið kl. 20:00**
**STÓRFENGLEG!** eftir Peter Quilter.
Fös. 2/2 örfá sæti laus, fös. 9/2 nokkur sæti laus. Aðeins þessar tvær sýningar eftir.
**SITJI GUÐS ENGLAR** eftir Guðrúnu Helgadóttur. Leikgerð Illugi Jökulsson.
Í dag sun. 28/1 **kl. 14:00** uppselt, sun. 4/2 **kl. 14:00 örfá sæti laus**, lau. 10/2 kl. 14:00 **nokkur sæti laus**, sun. 11/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus,** lau.17/2 kl. 14:00 **örfá sæti laus, sun. 18/2 nokkur sæti laus, lau. 24/2 kl. 20:00, sun. 25/2 kl. 14:00 örfá sæti laus**.
**BAKKYNJUR** eftir Evripídes.
Lau. 3/2 nokkur sæti laus. **Hlín Agnarsdóttir flytur fyrirlesturinn “Hvers vegna láta konurnar svona”?**
**í Leikhúskjallaranum kl. 19.00 fyrir sýninguna.** Síðasta sýning!

**Smíðaverkstæðið kl. 20:00**
**PATREKUR 1,5** eftir Michael Druker.
Fös. 2/2 nokkur sæti laus, mið. 7/2 **örfá sæti laus,**
lau. 10/2, lau. 17/2 **kl. 16:00 nokkur sæti laus,** mið. 21/2 uppselt.
**Ath! Miðaverð aðeins 1.500 kr. fyrir nema gegn framvísun skólaskírteinis.**

**Kassinn kl. 20:00**
**SÆLUEYJAN** eftir Jacob Hirdwall. Leikgerð: Gréta María Bergsdóttir og María Ellingsen.
**Fös. 2/2, lau. 10/2, fös. 16/2.**

**Kúlan**
**SKOPPA OG SKRÍTLA** eftir Hrefnu Hallgrímsdóttur
**Lau. 3/2 kl. 11:00 örfá sæti laus, 12:15 og kl, 14:00 uppselt, sun. 4/2 kl. 11:00 örfá sæti laus, kl. 12:15 og kl. 14:00. Síðustu sýningar.**
**PÉTUR OG ÚLFURINN - Brúðusýning Bernds Ogrodniks eftir verki Prokofievs**
Frumsýning lau. 17/2 kl. 13:30 uppselt og kl. 15:00, sun. 18/2 kl. 13.30 og kl. 15:00

**Miðasala í síma 551 1200 og á netinu www.leikhusid.is.**
**Afgreiðsla er opin kl. 12:30 – 18:00 mán. – þri. Aðra daga kl. 12:30 – 20:00.**
**Leikhúskjallarinn opinn fyrir og eftir sýningar föstudaga og laugardaga.**
**Upplýsingar í miðasölusíma.**


# Þýðingar fyrir og eftir aldamót

Síðbúin ritgerð og skrá sem henni fylgir eftir Svanfríði Larsen um þýðingar í prentmiðlum á Íslandi frá 1874 til 1910 kom út í ritröð Studia Islandica í síðustu viku. Ritgerðin var unnin sem meistaraprófsverkefni í þýðingafræði við Háskóla Íslands á árunum 1998 til 2003 og hefði því mátt komast fyrr á prent.

Betra er seint en aldrei. Greinargóður inngangur er ritgerðin fyrst og fremst: meginefni hennar er skráin sem tínir til úr hátt í fimmtíu tímaritum og blöðum þessa tíma þýtt efni af ýmsu tagi, ekki aðeins það sem telja má til skáldskapar, bæði í lausu og bundnu máli, heldur líka ýmislegt efni almenns eðli.

Í ljós kemur að eftir að prentfrelsið var gefið eftir 1856 og ritfrelsið fengið 1874 kom mikill kippur í útgáfu blaða og tímarita á Íslandi. Útgáfa bóka var enn vandkvæðum háð en blöð og tímarit blómstruðu. Er skráin sem Svanfríður vinnur ítarlegri en eldri skrár og hún greinir efnið niður, birtir um það greinargóðar upplýsingar frá ári til árs, auk þess sem hún gerir grein fyrir efninu, aðstæðum þýðenda, mikilvirkum þýðendum og hverjir eru höfundar efnisins. Skráin er þó með þeim annmarka að úr henni eru tekin trúarleg rit og barnablöð – um það bil fimmtíu rit – sem er annað eins og skráin geymir. Flokkun á því efni er víst erfiðari en heildarúttekt á rituðu efni þessa tíma heimtaði slíkt heildaryfirlit.

Svanfríður segir í riti sínu að óunnið sé það verkefni að skrá efni blaða og tímarita fyrir tímabilið frá 1911 til 1930 en það mun geyma um hundrað útgáfur til. Ljóst má því vera að hér er gífurleg og merkileg viðbót að koma í ljós við bókmenntasögu þjóðarinnar, þýdd verk umsköpuð í íslenskt klæði.




**BÓKMENNTIR**

**Af erlendri rót**

Þýðingar í blöðum og tímaritum á íslensku 1874-1910. Studia Islandica 59
Svanfríður Larsen

★★★★

Frábært yfirlit með greinargóðum inngangi sem mun breyta sýn manna á bókmenntasöguna..

Hér eru heldur engir aukvisar þýddir: í nafnaskrá má glögglega sjá hverjir eru mest þýddir: Heine, Maupassant, Turganieff, Twain, Tolstoy, Petöfí, Longfellow. Kielland, Lagerlöf, Goethe svo þeir stærstu séu nefndir. Og ekki er skrá þýðenda veigaminni: Hannes Hafstein, Matthías og Steingrímur, Þorgils gjallandi, Þorsteinn Gíslason, Guðmundur skólaskáld – langflestir þýðendur eru karlar, konur í miklum minnihluta.

Almennilegar skrár eru til alls fyrstar í öllum rannsóknum: hafi menn ekki glögga sýn yfir framboð texta hér á landi á tilteknum tímabilum hrapa þeir að röngum ályktunum. Það er kurteislega orðað hjá höfundi þá hún vitnar í einn slíkan dóminn (bls. 77), reyndar úr nýlegri fimm binda bókmenntasögu um þýddar bókmenntir: „oftast var um reyfarabókmenntir að ræða, alþýðlegan skemmtiskáldskap sem átti sér hliðstæðu í almúgabókum 18. aldar,“ segir Matthías Viðar Sæmundsson þar. Undrar engan.

Hafi menn í bókmenntafræðum íslenskum ratað áfram lengi vel án þess að vita hvað til var í þýðingum blaða, tímarita og smáprents, eins og sjá má af skrá Svanfríðar, er ekki nema von að þýðingar skyldu alfarið bornar frá borði í ritun íslenskrar bókmenntasögu. En þá er líka stórt gat í sögunni og allir dómar og hugmyndir manna um stefnur og strauma í sögulegri þróun því byggðir í sandkassa á róluvelli fræðanna. Niðurstaða Svanfríðar er enda óyggjandi: „Gegnum þýðingar kynntust menn fjölmörgum bókmenntategundum, meðal annars skáldsögum og urmul styttri sagna, með framandi innihald og form. Í fyrsta sinn gafst almenningi tækifæri til að ganga inn í heim skáldsögunnar á eigin tungumáli.“ (77)

Það er því full ástæða hvort ekki verði bætt við sjötta bindinu við bókmenntasöguna: Þýðingum, eins og fundið var að við útkomu síðustu bindanna tvegga liðið haust.

Stóri kosturinn við skrá Svanfríðar er að allt efnið er aðgengilegt á vef: skönnuð tímarit frá þessu tímabili gefa mönnum greiðan aðgang að þessu efni til frekari rannsókna og skemmtunar. Svanfríður hefur stækkað bókmenntasöguna með þessu verki. Vonandi hefur hún þrek og tækifæri til að halda vinnunni áfram: tímabilið frá 1911 til 1930 er ekki síður spennandi.

**Páll Baldvin Baldvinsson**

# Drama í dragt og jakkafötum

Það hlaut að koma að því að hlutskipti millistjórnenda yrði dramatíserað, en á dauða mínum átti ég von en ekki að það yrði jafn fyndið og Eilíf hamingja.

Í verki þessu er tekið nokkuð snaggaralega á kómískum aðstæðum fjögurra framagosa sem starfa hjá markaðsdeild óskilgreinds stórfyrirtækis. Þrír karlar og ein kona keppast þar við að leysa sjálfsmyndarkrísu fyrirtækisins, sem og sína eigin. Allar eru persónurnar mátulega steríótýpískar og ámátlegar til þess að salurinn engdist um af hlátri yfir yfirborðsmennsku þeirra, hégómleik og einfeldningskap.

Það skal ósagt látið hversu sannfærandi mynd þetta verk dregur upp af íslensku viðskiptalífi eða aðstæðum á skrifstofum en baksvið þess er kunnuglegt og ádeilubroddurinn til staðar þótt hann sé síður en svo að mála hlutskipti fólks í ímyndariðnaði of svörtum litum. Fjórmenningarnir eru fólk úr „efri lögum“ samfélagins, fólk í samkeppni og vellystingum og jakkafötum sem á ansi bágt með sig. Öll burðast þau með sín leyndar- og vandamál. Í þeim brýst fram klassísk íslensk sjálfsréttlætingarárátta sem sannast máski best á óborganlegri senu þar sem hópurinn „jákvæðir“ dauðasyndirnar sjö í þágu fyrirtækisins – allar dyggðirnar eru fráteknar og því verður að „nýta“ syndirnar.

Kynferðismálin flækja atburðarásina töluvert, skilnaður forstjórans verður til þess að finna verður nýja ímynd á fyrirtækið sem einnig hefur „vaxið upp úr henni“. Ástarflækjur valda gífurlegri togstreitu á vinnustaðnum og farsakennd framsetning þeirra kitlaði nokkrar hláturtauganna og þótt slíkt geti tæplega haldið uppi heilli sýningu. Verkið Eilíf hamingja hverfist ekki síst um aðstöðu deildarstjórans (Sara Dögg Ásgeirsdóttir), konunnar sem enginn tekur mark á – hún er Þrándur í götu Geira (Jóhannes Haukur Jóhannesson) sem ekki vill taka



skipunum frá kvensu utan úr bæ, hún er vinkona Ingvars (Guðjón Þorsteinn Pálmarsson) sem sér í henni andlegan bandamann og hún er viðfang Ólafs (Orri Huginn Ágústsson) sem að lokum svíkur hana fyrir „buddy-bandalagið“ á skrifstofunni.

Þetta er skemmtilega skrifað verk, hnyttni höfundanna tveggja er augljós og hugvitsamlega útfærð í ofurstílhreinni leikmynd. Leikhópurinn stendur sig með stakri prýði og gerir vel úr gríninu og stöku alvöruþrungnum andartökum. Af öðrum ólöstuðum verður að nefna frábæra takta Jóhannesar sem leikur hinn smekklausa og kvenkúgandi Geira sem gæti hafa selt sálu sína fyrir gulleitan Porche Cayenne jeppling. Hann leikur einnig breskan leikhúsfræðing sem brýtur upp atburðarrásina með óvenjulegum fyrirlestrakornum um lögmál „fjórða veggsins“ og gerir úr honum alveg drephlægilega fígúru. Reyndar þurfa áhorfendur að skilja ensku til þess að meðtaka allt það grín en máski er það til marks um fjölþjóðleika landsmanna að tvær senur íslenskrar leiksýningar fari nú fram á því tungumáli.

Sviðsetningin var í flesta staði til fyrirmyndar. Hópurinn nýtir sér rými Litla sviðsins eins og framast er kostur og nostrað er við þau fáu smáatriði sem tískumínímalisminn býður upp á. Hins vegar hefði að ósekju mátt velja örlítið minni sólgleraugu á hinn velgifta Ólaf Thors sem varð hreinlega skrípalegur með þau í samanburði við ofurdressað samstarfsfólk sitt. Tónlistin samanstóð af velþekktum slögurum sem höfðu kómíska tilvísun í aðstæður verksins og heppnaðist það grín misvel að mínu mati. Lýsingin var haglega notuð og þrautæfð eins og sena leikhúsfræðingsins bar með sér.

**LEIKLIST**

**Eilíf hamingja**

Andri Snær Magnason og Þorleifur Örn Arnarson

**Leikarar:** Orri Huginn Ágústsson, Sara Dögg Ásgeirsdóttir, Jóhannes Haukur Jóhannesson og Guðjón Þorsteinn Pálmarsson / **Leikmynd:** Dría Ármannsdóttir / **Leikstjóri:** Þorleifur Örn Arnarson

★★★★

Fyndin hugmynd útfærð á frumlegan hátt með frábærum leikurum.

Það væri langt seilst að ætla að verk þetta birti smækkaða mynd af íslenskum veruleika en ég leyfi mér þó að ætla að Eilíf hamingja verði það verk sem öll millistjórnendadrömu framtíðarinnar verði miðuð við.

**Kristrún Heiða Hauksdóttir**



PET SHOP BOYS

## Pet Shop Boys

Bresku tvísöngspiltarnir Pet Shop Boys eru um þessar mundir helsta viðfangsefni sýningar í National Portrait Gallery í London. Dregnar eru fram myndir af þeim félögum frá löngum ferli, ljósmyndir af plötuumslögum og annað ítarefni frá ferli þeirra. Níunda söngvasafn þeirra er væntanlegt í vor. Við opnun sýningarinnar létu þeir þess getið að væntanleg væri á markað kvikmynd sem leikstjórinn Derek Jarman stýrði um tónleikaferð þeirra félaga 1989. Hún var lögð á hilluna á sínum tíma. Þeir hafa verið duglegir að þreifa fyrir sér á nýjum sviðum. Í fyrra tóku þeir þátt í söngleik og nú hafa þeir tilkynnt að þeir hyggist semja tónlist fyrir ballett.

# …ég byrja bara og …

Það er þemakvöld hjá Félagi þjóðfræðinga í Sögufélagshúsinu Fischersundi á fimmtudagskvöld 1. febrúar kl. 20. Fyrirlesarar eru Ingibjörg Gestsdóttir og Rósa Þorsteinsdóttir. Ingibjörg Gestsdóttir kynnir efni lokaritgerðar sinnar, „Ég byrja bara og svo kemur hitt“.

Ingibjörg vann ritgerð sína upp úr viðtölum og rannsókn á efniviði sagnamannsins Gests Friðjónssonar. Hún skoðar vísur og frásagnir Gests og lítur á umheiminn í gegnum sögurnar, í hvaða formi sem þær eru.

Rósa Þorsteinsdóttir nefnir erindi sitt „Sögukona úr Sellátri“. Rósa fjallar um Kristínu Níelsdóttur sem fæddist árið 1910 og ólst upp í einni af hinum óteljandi eyjum Breiðafjarðar. Sögur hennar og kvæði voru hljóðrituð á árunum 1965 til 1975.

Stóran hluta af sagnasjóði sínum hefur Kristín átt frá barnæsku og þar eiga sagnir úr fjölskyldunni sér fastan stað. Þessar sagnir af forfeðrum sínum, sem oft sáu eða heyrðu eitthvað yfirnáttúrulegt, segir hún aftur og aftur, í hverri upptökunni af annarri. Sagnir af æskuslóðunum, eyjunum á Breiðafirði, eru henni einnig hugleiknar og hún trúir efni þeirra yfirleitt. Það sem vekur athygli er að þótt Kristín virðist hafa verið alin upp við sagnir frekar en ævintýri, hefur áhugi hennar á fullorðinsárum frekar beinst að ævintýrum. Langflest fjalla þau um greindar og ráðagóðar stúlkur sem reynast oftast fremri karlkyns hetjunum við að ráða fram úr málum og birta með því oft á tíðum sömu lífsviðhorf og sagnirnar sem Kristín segir af formæðrum sínum.



**BÓKMENNTIR** Rósa Þorsteinsdóttir greinir frá söguhefð úr Sellátrum á Breiðafirði.

# SMS-skáldverk á bók

Sú frétt fer nú eins og eldur í sinu um helstu fjölmiðla jarðarkringlunnar að fyrsta finnska „smáskilaboða-skáldsagan“ sé komin út. Saga þessi, sem samanstendur einvörðungu af sms-textum, ber heitið „Síðustu skilaboðin“ og segir þar af yfirmanni í upplýsingatæknigeira sem segir upp starfi sínu og leggst í ferðalög um Evrópu og Indland. Þessi tæknivæddi ferðalangur sendir vinafólki sínu og fjölskyldu skilaboð á leið sinni en þau, ásamt svarskeytunum, eru yfir þúsund talsins og rúmast á 332 blaðsíðum bókarinnar.

Höfundurinn Hannu Luntiala hefur einnig gert sér far um að halda inni styttingum, innsláttar- og málfræðivillum til þess að texti bókarinnar sé sem sannferðugastur. Haft er eftir Luntiala á fréttavef AP að hann trúi því að smáskilaboð geti afhjúpað margt í manneskjunni – meira en nokkurn grunar. Luntiala þessi er í forsvari fyrir fyrirtæki í Finnlandi sem vistar gagnabanka.

Í fréttinni kemur aukinheldur fram að finnska útgáfufélagið Tammi hyggist þýða bókina á fleiri tungumál. Að lokum er klykkt út með því að viðeigandi sé að finnskir höfundar nýti sér tækni- og vísanaheim farsímaiðnaðarins sem blómstrað hefur í þúsund vatna landinu og það áréttað að finnski forsætisráðherrann Matti Vanhanen hafi nýlega hætt með kærustunni sinni með því að senda henni sms.



**NÝTIR SÉR NÚTÍMATÆKNI** Finnski forsætisráðherrann komst á síður slúðurblaða þegar hann hætti með kærustunni sinni með því að senda henni sms-skeyti. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Þess má geta að á undanförnum árum hafa sögur verið gefnar út eða gerðar aðgengilegar til lesturs í gegnum farsíma, þannig hafa komið út „bækur“ í Sviss, Indlandi og Kína sem hægt er að lesa með farsímatækni. Í Frakklandi hefur líka komið út smásagnasafn á frönsku og ensku sem skrifað er sem smáskilaboð en höfundur þeirrar bókar, Phil Marso, stærði sig af því að hafa aldrei notað farsíma og var á sínum tíma einn af forsprökkum „Farsímalausadagsins“. Ekki er öll vitleysan eins.

**- khh**

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JANÚAR

27 28 29 30 31 1 2

**Þriðjudagur**

### SÝNINGAR

☐ 10.00 **Sigurborg Stefánsdóttir** sýnir bókverk í **Þjóðarbókhlöðunni**. Bókverk eru myndlistarverk í formi bókar, ýmist með eða án leturs. Sýningin stendur til 28. febrúar.

☐ 13.00 **Þórunn Hjartardóttir** sýnir málverk og ljósmyndir í **Anima gallerí**, **Ingólfsstræti 8,** 101 Reykjavík. Anima er opið þriðjudaga-laugardaga kl.13-17, **www.animagalleri.is.**

☐ 09.00 í **Hallgrímskirkju** stendur yfir sýningin **Mynd mín af Hallgrími** þar sem 28 íslenskir listamenn sýna andlitsmyndir sínar af sálmaskáldinu. Sýningarstjóri er Jón Reykdal en **Listvinafélag kirkjunnar** stendur fyrir henni.

☐ 11.00 Sýningin **Frelsun litarins/ Regard Fauve** í **Listasafni Íslands** geymir verk frönsku expressjónistanna frá upphafi 20. aldar. Sýningin kemur frá Musée des beaux-arts í Bordeaux í Frakklandi, 52 verk eftir þrettán listamenn, þar á meðal meistarana **Renoir** og **Matisse**.

☐ 11.00 Færeysku listmálararnir **Edward Fuglø**, **Astri Luihn**, **Sigrun Gunnarsdóttir**, **Torbjørn Olsen**, **Eyðun av Reyni** og **Ingálvur av Reyni** sýna verk sín í menningarmiðstöð Hafnarfjarðar í **Hafnarborg**. Listamennirnir á sýningunni Einsýna List eru að mörgu leyti ólíkir en þau eiga það sameiginlegt að vera óhrædd við að gera tilraunir með tækni, form og myndbyggingu. Sýningin stendur til 4. febrúar.

☐ 13.00 Þýski myndlistarmaðurinn **Alex Gross** sýnir í **galleriBOXi** á Akureyri. Sýning hans stendur til 4. febrúar.

☐ 13.00 Á **Listasafninu á Akureyri** standa yfir tvær sýningar. Annars vegar á verkum **Jóns Óskars**, sem kallast **Les yeux de l'ombre jaune** eða **Augu Gula-Skuggans** og hins vegar innsetning eftir bandaríska listamanninn **Adam Bateman** en sýning Batemans ber heitið **Tyrfingar**. Listasafnið á Akureyri er opið alla daga nema mánudaga en frítt er inn á fimmtudögum

### BÆKUR

☐ 20.00 Finnski rithöfundurinn **Hannu Niklander** les úr verkum sínum í kaffistofu **Norræna hússins** og segir frá ferðum um **Norður-Atlantshafsssvæðið** og dvöl meðal kanadiskra Finna í **Québec**. Erindið fer fram á sænsku og eru allir áhugasamir velkomnir og enginn aðgangseyrir.

Upplýsingar um viðburði og sýningar sendist á **hvar@frettabladid.is** ekki síðar en sólarhring fyrir birtingu.



fjörið ... **Fólk**
folk@frettabladid.is

# Stórfyrirtæki fékk lén kántrísveitar

Vefur kántrígrúppunnar Baugs var mikið sóttur fyrir helgi þegar b2.is birti tengil á síðuna, baugur.is. Þegar Fréttablaðið setti sig í samband við söngvarann Guðbjörn Dan Gunnarsson sagði hann að lénið hefði einfaldlega verið á lausu og því hefðu þeir gripið það. „Við höfðum fengið töluvert af allskyns pósti tengdum Baugi Group en áframsent hann með bestu samvisku,“ sagði Guðbjörn Dan á föstudaginn.

Á síðunni mátti sjá lögulega stúlku í kúrekafötum, heyra kántrílagið Þú lyftir mér hærra og tengil yfir á MySpace-síðu sveitarinnar. Enginn Jón Ásgeir eða Jóhannes Jónsson. „Lénið var afskráð hjá þeim fyrir nokkru og við sáum að það var laust,“ útskýrði Guðbjörn. „Þeir hefðu aldrei gert slíkt ef þeir hefðu minnsta grun um að þeir þyrftu að nota þetta,“ sagði hann. „Þeir heita líka Baugur Group í dag,“ bætti Guðbjörn við.


**JÓN ÁSGEIR** Heimasíðan baugur.is er komin aftur heim til stórfyrirtækisins.

Seinna á föstudagskvöldinu hafði síðunni hins vegar verið breytt. Stórfyrirtækið Baugur Group blasti við netnotendum í öllu sínu veldi þegar baugur.is var slegið inn. Þegar Fréttablaðið hafði aftur upp á Guðbirni Dan sagði hann að Netheimar, sem sjá um alla netvistun fyrir Baug Group, hefðu sett sig í samband við hann aðeins korteri eftir að samtali hans við Fréttablaðið lauk. „Í ljós kom að þetta voru einhver mistök, lénið átti ekki að vera á lausu. Þeir borguðu mér bara skráningargjaldið og þar með var málið dautt,“ segir Guðbjörn og bætir því við að hljómsveitin leiti nú logandi ljósi að nýju léni.


**Í LÍKI BAUGS** Guðbjörn Dan og félagar fengu lénið fyrir mistök.

Af kántrísveitinni Baugi er það hins vegar að frétta að hljómsveitin er komin á plötusamning hjá útgáfufyrirtækinu Andvaka og segir Guðbjörn að stefnt sé á útgáfu í maí.

**- fgg**


**BOTNLANGANN HEIM** Lindsay Lohan geymir botnlanga sinn í frystikistunni af ótta við að hann komist í rangar hendur og verði boðinn upp á eBay.
FRÉTTABLAÐIÐ/GETTY

# Annt um botnlanga

Lindsay Lohan, sem eins og kunnugt er gekkst undir uppskurð vegna botnlangabólgu fyrir nokkru, hefur ekki sagt skilið við botnlangann að öllu leyti, því líffærið hvílir nú í frystikistu leikkonunnar. Lohan ku hafa haft svo miklar áhyggjur af því að botnlangi hennar kæmist í rangar hendur, og yrði í kjölfarið boðinn upp á Ebay, að hún tók hann með sér heim af spítalanum. Sögur herma að Kimberley Stewart, dóttir Rod Stewart og vinkona Lohan, reyni nú að fá leikkonuna til að bjóða líffærið upp sjálf og láta ágóðann af sölunni renna til góðgerðamála.


**MÆÐGUR** Jolie ásamt móður sinni Marcheline Bertrand á góðri stundu.
FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Móðir Jolie er látin

Marcheline Bertrand, móðir leikkonunnar Angelinu Jolie, er látin úr krabbameini. Hún lést á sjúkrahúsi sl. laugardagskvöld og voru Jolie, eldri bróðir hennar James Haven og kærastinn Brad Pitt henni þar til halds og trausts.

Bertrand, sem var á 57. aldursári, fór með lítil hlutverk í nokkrum kvikmyndum á ferli sínum. Ól hún þau Angelinu og Haven upp einsömul eftir að hún skildi við föður þeirra, leikarann Jon Voight.

# Rithöfundalaun eyrnamerkt útvöldum

**Ármann Reynisson, rithöfundur með meiru, hefur sagt sig formlega úr Rithöfundasambandi Íslands. Ármann segir úrsögnina tilkomna vegna „sérhagsmunagæslu stjórnar sambandsins fyrir sig og sína“.**

Ármann segir þetta ekki síst birtast við úthlutun úr launasjóði rithöfunda „þar sem sama fólkið virðist eyrnamerkt sjóðnum og nýliðar og ferskir vindar illa séðir nema þeir séu innvígðir í áskriftarhópinn eftir torkennilegum leiðum“.

Ármann sótti um laun úr sjóðnum í ár en fékk ekki. Hann hefur gefið út sex bækur, Vinjettur I-VI, söfn örsagna sem hann skrifar í knöppu formi. Ármann gefur út og selur bækur sínar sjálfur og segist vera með rúmlega 3.000 fasta kaupendur að hverri bók. Hann gerði í fyrra útgáfusamning við þýskt bókaforlag sem hefur þegar gefið út eina vinjettubóka hans í tvítyngdri útgáfu á þýsku og íslensku.


**ÁRMANN REYNISSON** Vinjettuhöfundinum finnst bókmenntagrein sinni lítill sómi sýndur þar sem hann komst ekki í hóp þeirra sem fá úthlutun úr launasjóði rithöfunda þetta árið. Hann hefur sagt sig úr Rithöfundasambandinu og segir sér ekki vært í félagi sem sé stjórnað af fólki sem sé í sérhagsmunagæslu fyrir sig og sína og geri nýliðum erfitt um vik.

„Ef þetta er ekki nægjanlegt til þess að fá úthlutað úr launasjóði rithöfunda Íslands einu sinni á sex árum þá er eitthvað meira en lítið að úthlutun úr sjóðnum,“ segir Ármann.

Ármann vandar stjórn RSÍ ekki kveðjurnar í úrsagnarbréfi sínu þar sem hann segist telja framkomu „úthlutunarnefndarinnar og tengiliða hennar við hagsmunagæsluna hafa sýnt nýrri bókmenntahefð vanvirðingu“. Ármann telur vanvirðinguna ekki aðeins eiga við sig og vinjetturnar sínar heldur segir hann unga og efnilega rithöfunda einnig enn einu sinni hafa verið „hundsaða“. Í þessu sambandi nefndi Ármann, í samtali við Fréttablaðið, sérstaklega rithöfundinn Eirík Örn Norðdahl sem hlaut ekki náð fyrir augum úthlutunarnefndarinnar í ár.


**PÉTUR GUNNARSSON** Formaður Rithöfundasambands Íslands segir úthlutun úr sjóðnum alltaf öðrum þræði vera hugsaða til að sinna nýliðun en hafa verði í huga að eldri höfundar þurfi einnig á sjóðnum að halda. „Á þessum minnsta bókamarkaði í heimi skilar bóksala fólki ekki þeim ritlaunum sem gætu talist árslaun í neinum skilningi.“

„Þetta er ákaflega þrálátt og kemur alltaf reglulega upp í kringum úthlutun starfslaunanna,“ segir Pétur Gunnarsson, formaður RSÍ, um ásakanir Ármanns. „Það hefur verið erfitt að kveða þetta í kútinn en það er svo auðvelt að sýna fram á að það geta ekki verið nein tengsl milli stjórnar sambandsins og nefndarinnar sem úthlutar laununum önnur en þau að stjórnin velur fólk til starfans.“

Pétur segir stjórnina hins vegar skipta sér almennt af starfslaununum og þá helst með því að þrýsta á menntamálaráðherra og aðra ráðamenn að fjölga starfslaunum. „Þetta hefur staðið í stað í 10 ár og gerir alla nýliðun erfiða þar sem hún verður á kostnað einhverra sem fyrir eru.“

Pétur segist ekki telja úrsögn Ármanns einsdæmi og segist ekki munu elta ólar við hana. „Ég held að það séu fleiri dæmi um þetta og mér finnst það ósköp skiljanlegt að menn sem eru langþreyttir og langvonsviknir finni vonbrigðum sínum einhverja útrás. En hér er verið að hengja bakara fyrir smið.“

**thorarinn@frettabladid.is**

# Heimsþekktur afhommari á Íslandi

„Þetta tókst vel. Það sem vakti fyrir mér var að sýna fólki fram á að það er valkostur fyrir hendi,“ segir Kristinn Ásgrímsson forstöðumaður Hvítasunnusafnaðarins í Keflavík.

Kristinn stóð fyrir hingaðkomu Alans Chambers sem hefur farið víða og lýst reynslu sinni. Vitnisburður hans er sá að hafa verið hommi en hafi frelsast frá því fyrir tilstilli trúarinnar. Chambers kom á fimmtudag og talaði á ýmsum samkomum og ráðstefnum á vegum Hvítasunnusafnaðarins áður en hann flaug aftur til Bandaríkjanna í gær. Chambers er forstöðumaður Exodus International – samtaka sem að sögn Kristins fá yfir 400 þúsund símtöl árlega hvaðanæva að úr Bandaríkjunum frá fólki sem vill losna frá samkynheigð sinni.


**HEIMIR MÁR PÉTURSSON** Segir megi bæla allt niður til dæmis ást karlmanna á konum, öfugt og alla vega.

„Margir vilja losna út úr þessu og við vildum sýna fram á að það er valkostur. Eins og Chambers sagði í sínum vitnisburði þá var þetta ekki auðvelt fyrir hann. En þetta var það sem hann vildi. Eftir að hafa hlustað á þennan mann skil ég betur baráttuna sem þetta fólk á í. Mikil innri barátta og maður finnur til með þessu fólki sem ekki bað um þessar tilfinningar.“

Kristinn segist aðspurður þekkja dæmi frá Íslandi þar sem menn hafi afhommast fyrir tilstilli trúarinnar og fengið lausn frá sinni samkynhneigð. En svo séu auðvitað þeir sem ekki vilja það.

„Þetta var nokkurra ára ferli fyrir Chambers. Misjafnt hversu langt þetta er komið. Því yngra sem fólkið er sem leitar sér hjálpar þeim mun auðveldara er að losna frá þessu. Kannski eins og með alkóhólisma. Þó það sé kannski ekki gott dæmi.“

Biblían kallar samkynheigð synd að sögn Kristins. En Biblían segir líka að kynlíf utan hjónabands sé synd. „Ég vil ekki gera upp á milli. Við erum öll breisk og allir hafa syndgað.“


**ALAN CHAMBERS** Segist lifandi sönnun þess að það megi afhommast fyrir tilstilli trúarinnar.

„Það er hvorki hægt að afhomma né afstreita fólk frekar en þú breytir sóleyju í fífil án mikilla genabreytinga. Það er hins vegar hægt að bæla allt niður, meira að segja ást karlmanna á konum og öfugt,“ segir Heimir Már Pétursson, framkvæmdastjóri Hinsegin daga.

**- jbg**

# BT

# AMILO P2 CORE X VISTA

VAR AÐ LENDA

15.4"



NÝTT!

Nýja stýrikerfið frá Microsoft : Windows Vista

- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

NÝTT!

Bættu við 1.416 kr á mánuði (Visa vaxtalaust) fyrir:
79G-00007
OFFICE 2007 fyrir heimili
Inniheldur leyfi fyrir 3 tölvur

**MEDION**

CCN:ISL-110103-002
FSC AMILO P2 COREX VISTA
Intel Core 2 Duo T7200
15.4" WXGA Crystal View
ATI Mobility Radeon x1400 128MB
- up to 512MB Hypermemory
1024MB DDR533 Vinnsluminni
160GB SATA 5400rpm Harður diskur
DVD skrifari Dual Layer
WiFi LAN Intel 3945ABG
Kortalesari 4 - 1
IEEE 1394 - DV Ready
7.1 Hljóð í gegnum SPDIF
Express Card rauf
DVI, 3xUSB2, S-Video tengi
Windows Vista lyklaborð

Microsoft Windows Vista Premium
Microsoft Works Vista
Norton Internet Security Suite 2007
PowerDVD

7.007**

- Core 2 Duo 7200 -Fyrir kraftinn
- ATI Radeon X1400 -Fyrir leikina
- 1GB minni -Fyrir vinnsluna
- 160GB harður diskur -fyrir gögnin
- DV Ready -Fyrir tökuvélina
- CrystalView -Skjár

| 7.007 | 15.799 | 189.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |

## WINDOWS VISTA STÝRIKERFIÐ FRÁ MICROSOFT



- Flottara
- Öruggara
- Einfaldara

Fæst í BT

## OFFICE 2007 HUGBÚNAÐURINN FRÁ MICROSOFT



Fæst í BT

Loksins komið!

# 40" LCD VEGGSJÓNVARP

26.400.- verðlækkun

**MEDION**

MD30202
40" Medion LCD veggsjónvarp



40"

**HD ready**
Upplausn fyrir næstu kynslóðir Blueray eða HD-DVD spilara

**HDMI tengi**
Tengi fyrir næstu kynslóðar Blueray eða HD-DVD spilara

**Skerpa 1:1200**
Svartur er dekkri og hvítur er bjartari

**2 Móttakarar**
Fylgstu með 2 stöðvum í einu með mynd í mynd

**Svartími 8ms**
Myndin flöktir ekki og íþróttir komast vel til skila

**DVI tengi**
Notaðu sjónvarpið serm 40" tölvuskjá

FYLGJA



**7.086

| 7.086 | 15.799 | 189.588 |
|---|---|---|
| **Tölvu- og tækjalán 36 mán. | *Vaxtalaust 12 mán. | Staðgreitt |




SMÁRABÍÓ SÍMI 564 0000

| | |
|---|---|
| CHARLOTTE'S WEB ENSKT TAL | kl. 5.20 og 8 |
| VEFUR KARLOTTU ÍSL. TAL | kl. 5.50 |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| SÝND Í LÚXUS | kl. 5.40, 8 og 10.20 |
| APOCALYPTO | kl. 8 og 10.10 B.I. 16 ÁRA |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.45, 8 og 10.15 B.I. 12 ÁRA |
| ARTÚR OG MÍNIMÓARNIR ÍSL. TAL | kl. 3.40 |

MIÐASALA Í SMÁRABÍÓ OG REGNBOGANN Á midi.is

REGNBOGINN SÍMI 551 9000

| | |
|---|---|
| LITTLE CHILDREN | kl. 5.30, 8 og 10.30 B.I. 14 ÁRA |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.40 og 8 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 5.50 og 8 B.I. 12 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 5.50, 8 og 10.10 B.I. 7 ÁRA |
| CASINO ROYALE | kl. 10.10 B.I. 14 ÁRA |
| MÝRIN | kl. 10.20 B.I. 12 ÁRA |

450 kr. í bíó! Gildir á allar sýningar í Regnboganum merktar með rauðu

BORGARBÍÓ SÍMI 462 3500

| | |
|---|---|
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 5.50, 8 og 10.10 |
| APOCALYPTO | kl. 10.00 B.I. 16 ÁRA |
| LITTLE MISS SUNSHINE | kl. 6 og 8 B.I. 7 ÁRA |

midi.is BÍÓ.IS – allt á einum stað





# Syngur á spænsku

Söng- og leikkonan Jennifer Lopez ætlar að gefa út sína fyrstu plötu á spænsku hinn 3. apríl. Platan nefnist Como Ama Una Mujer, eða How a Woman Loves.

Lagahöfundur plötunnar og upptökustjóri var Marc Antony, eiginmaður Lopez, og naut hann aðstoðar þeirra Estefano og Julio Reyes.

Lopez söng síðast á spænsku í kvikmyndinni Selena, sem kom henni á stjörnukortið í Hollwyood fyrir tíu árum.

Hún er einnig að vinna að plötu á ensku sem kemur út í lok ársins. „Ég hef þroskast sem söngkona," sagði Lopez. „Marc gaf mér líka sjálfstraust í hljóðverinu. Þegar einhver trúir svona mikið á mann þá vill maður ekki valda honum vonbrigðum."



**JENNIFER LOPEZ** Næsta plata Lopez verður öll sungin á spænsku.

# Stóra trúbadorkeppnin á Sportbarnum í startholum

**Glæsileg trúbadorkeppni er nú í undirbúningi á Sportbarnum við Hverfisgötu. Leitað er að nýjum Bubba.**

„Stóra trúbadorkeppnin verður haldin. Tuborg kostar keppnina með hundrað þúsund króna verðlaunum sem deilast niður á fjögur efstu verðlaunasætin," segir Friðrik Indriðason, blaðamaður með meiru.

Hann stendur nú í ströngu við að undirbúa sérstaka trúbadorkeppni sem haldin verður á Sportbarnum við Hverfisgötu. Skráning er hafin og að sögn Friðriks geta menn hringt á staðinn, skilið eftir nafn og símanúmer og svo verður haft samband við þá. Fyrsta keppniskvöldið er fyrirhugað 15. febrúar. Stefnt er að því að átta keppendur taki þátt í keppninni sem þýðir að alls tekur hún sex kvöld. Útsláttarkeppni, undanúrslit og svo úrslitakvöld. Er gert ráð fyrir því að áhorfendur geti hvatt sína menn, og/eða þá sem eru að standa sig sérstaklega vel, og komið þeim þannig áfram.

„Tommi Tomm hefur hótað því að mæta með bassa. Og mun þar með verða fyrsti bassatrúbador sögunnar," segir Friðrik. Er þar að tala um hinn geðþekka og flinka bassaleikara Stuðmanna, Tómas Tómasson. En gaman er að segja frá því að þeir félagar, Friðrik og Tómas, vinna nú að öðru bindi sagnabálksins Sögur Tómasar frænda sem greina frá ævintýrum bassaleikarans á flandri hans um heim allan með Stuðmönnum. Að sögn Friðriks verður Claudia Koestler, hinn duglegi umboðsmaður Stuðmanna í Þýskalandi, sérstakur gestaskrifari í bókinni. Sjö sögur verða frá ævintýrum Stuðmanna í Þýskalandi.

En aftur að Stóru trúbadorkeppninni á Sportbarnum. Aðspurður segist Friðrik ekki vera orðinn skemmtanastjóri staðarins þó svo að hann hafi fengið þessa hugmynd. Hann hefur hins vegar snarað sér bak við barborðið og skenkir viðskiptavinum bjór þegar svo ber undir.

„Leitin að hinum nýja Bubba. Hann byrjaði að glamra á gítar í verbúð. Þá ætti Sportbarinn, þessi músíkalski staður, ekki að vera verri kostur til að koma sér á framfæri. Hér liggja djúpar tónlistarlegar rætur. Til dæmis má nefna að þetta er þriggja bassa staður. Hér starfa við barinn þrír fanta bassaleikarar: Tommi, Arnar sem var í Vínyl og Stefán Gauti úr eðalgrúppunni Bakkus. Sem hæfir ágætlega."

jakob@frettabladid.is



**FRIÐRIK INDRIÐASON** Leitin að nýja Bubba er hafin og Sportbarinn, „þriggja bassa staðurinn" hlýtur að teljast ákjósanlegur vettvangur.

**TÓMAS TÓMASSON** Verður hugsanlega fyrsti bassatrúbador sögunnar.

# Breyttar áherslur

Clap Your Hands Say Yeah (CYHSY) skaust upp á stjörnuhimin tónlistarheimsins með frumraun sinni, samnefndri sveitinni, sem kom út árið 2005. Plötuna höfðu þeir félagar algjörlega unnið sjálfir og innihélt litríkar indí-poppsperlur. Á annarri breiðskífu kappanna kveður við svolítið annan tón. Piltarnir fengu Dave nokkurn Friedman til þess að sjá um upptökustjórn en hann hefur áður gert afbragðs hluti með sveitum á borð við Weezer, Mercury Rev, Sleater-Kinney, Mogwai, Low og ekki síst Flaming Lips. Áherslan á að þróa hljóm sveitarinnar virðist því CYHSY-liðum hugleikin.

Strax í fyrsta laginu sem heitir því sama og platan, Some Loud Thunder, kemur bersýnilega í ljós að áherslurnar hafa breyst. Alec Ounsworth, söngvarinn, virðist syngja í gegnum ónýtan hljóðnema og allt annað hljómar í meira lagi hrátt. Lagið er samt skemmtilegt og æsandi kúabjalla gerir mikið fyrir lagið. Næstu lög feta svipaða línu, örlítið drungaleg og meiri sækadelía í gangi en á fyrri plötunni. Lögin eru hins vegar ekki nógu eftirtektarverð, ekki fyrr en kemur að Satan Said Dance sem er líklegast besta lag sem ég hef heyrt með CYHSY til þessa, uggvænlega grípandi.

Því miður ná CYHSY ekki að fylgja eftir því frábæra lagi. Restin af plötunni er þó langt frá því að vera slor. Lög eins og Yankee Go Home og Five Easy Pieces er bæði metnaðarfull (þótt nafnið á því seinna gefi annað til kynna) og hljómurinn mikill og góður.

Tónlistargagnrýnendur eru oft gagnrýndir fyrir að bera tónlistarfólk of mikið saman við fyrri verk en hins vegar ætti slíkt að teljast einstaklega eðlilegt. Staðreyndin með CYHSY er líka þessi: Fyrsta platan er einfaldlega betri en sú seinni. Og jafnvel þó að Some Loud Thunder væri fyrsta eða jafnvel fimmta plata CYHSY þá væri hún ekki nógu eftirtektarverð. Eingöngu fiskur í torfu sem þó er bragðgóður. **Steinþór Helgi Arnsteinsson**



**TÓNLIST**
**Some Loud Thunder**
Clap Your Hands Say Yeah
★★★

Plata sem á nokkra eftirminnilega spretti en þegar á heildina er litið siglir hún einum of lygnan sjó þrátt fyrir tilraunir til annars.

# Djásnin blóði drifin

Ógæfu Afríku hefur orðið flest að vopni, ekki síst í Síerra Leóne þar sem hart er bitist um auðugar demantanámur með ömurlegum afleiðingum fyrir íbúa landsins. Blood Diamond gerist þar, rétt fyrir síðustu aldamót í miðri borgarastyrjöld, og segir frá málaliðanum og demantasmyglaranum Danny Archer sem kemst á snoðir um risastóran demant sem fiskimaðurinn Solomon Vandy fann og faldi þegar hann var þræll uppreisnarhermanna. Solomon samþykkir að aðstoða Archer við að finna demantinn gegn því að hann hjálpi sér að finna konu sína og dætur í flóttamannabúðum og son sinn, sem uppreisnarherinn nam á brott. Við fléttuna bætist blaðakonan Maddy Bowen sem er á höttunum eftir frétt til að knésetja gimsteinasala á Vesturlöndum, sem eiga sína sök á ööldinni.

Edward Zwick velur sér eldfimt efni til að fjalla um sem þarf ekki mikinn neista til að kveikja í. Blood Diamond er því að mörgu leyti áhrifamikil og til þess fallin að vekja áhorfendur á Vesturlöndum til umhugsunar um eigin ábyrgð á ömurlegu hlutskipti fólks í þessum hrjáða heimshluta. Hin samofna hasarsaga tekst verr upp; fyrir það fyrsta er myndin alltof löng með of mörgum dauðum punktum (Zwick sýndi líka í The Last Samurai að hann er mikið fyrir romsur).

Það eru gæðaleikarar í hverju rúmi en því miður fá Leonardo DiCaprio og Jennifer Connelly úr litlu að moða. DiCaprio er prýðilegur leikari og á góða spretti en á köflum gerir hann fullmikið úr suður-afríska hreimnum, virðist leggja lykkju á leið sína til að láta flámælið njóta sín og grettir sig til áhersluauka. Samband hans og blaðakonunnar er polldjúpt og samtöl þeirra um siðferðislega ábyrgð fleyta kerlingar á yfirborðinu. Djimon Hounsou skarar hins vegar fram úr í hlutverki fiskimannsins örvinglaða, betur að sinni Óskarsverðlaunatilnefningu kominn en DiCaprio.

Blood Diamond situr vissulega eftir í manni eftir að úr bíósalnum er komið, fyrst og fremst vegna þess að efni hennar er aðkallandi og það bjargar henni frá meðalmennsku. **Bergsteinn Sigurðsson**



**KVIKMYNDIR**
**Blood Diamond**
Leikstjóri: Edward Zwick
Aðalhlutverk: Leonardo DiCaprio, Jennifer Connelly og Djimon Hounsou.
★★★

Niðurstaða: Að mörgu leyti áhrifamikil mynd um aðkallandi efni en líður fyrir hasarsögu sem er full-laus í reipunum.







**Háskólabíó**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 6 - 9 | B.i.16 | THE HOLIDAY | kl. 6 | B.i. 7 |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | | FLAGS OF OUR FATHERS | kl. 5:30 | B.i. 16 |
| BABEL | kl. 6 - 9 | B.i.16 | THE DEPARTED | kl. 8:30 | B.i. 16 |
| THE CHILDREN OF MEN | kl. 8 - 10:10 | B.i.16 | | | |

**SAMBÍÓIN / ÁLFABAKKA**

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 5:30 - 8 - 10:50 | B.i.16 | THE PRESTIGE | kl. 8:30 - 10:50 | B.i.12 |
| BLOOD DIAMOND VIP | kl. 8 - 10:50 | | STRANGER THAN FICTION | kl. 5:40 - 8 - 10:20 | Leyfð |
| VEFUR KARLOTTU M/- Ísl tal | kl. 4:10 - 5:50 | Leyfð | FRÁIR FÆTUR M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| BABEL | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 3:30 | Leyfð |
| BABEL VIP | kl. 5 | | SKOLAÐ Í BURTU M/- Ísl tal. | kl. 3:40 | Leyfð |
| FORELDRAR | kl. 6 - 8 - 10 | Leyfð | BÆJARHLAÐIÐ M/- Ísl tal. | kl. 4 | Leyfð |

**SAMBÍÓIN / KRINGLUNNI**

| | | | |
|---|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl. 8 - 10:50 | B.i.16 | DIGITAL |
| VEFUR KARLOTTU M/- Ísl tal. | kl. 6 | Leyfð | DIGITAL |
| CHARLOTTE´S WEB Ensk tal | kl. 6 - 8 - 10:10 | Leyfð | DIGITAL |
| THE PRESTIGE | kl. 8 - 10:30 | B.i.12 | |
| HAPPY FEET M/-Ensk tal. | kl. 5:50 | Leyfð | DIGITAL |

**SAMBÍÓIN / KEFLAVÍK**

| | | |
|---|---|---|
| FORELDRAR | kl. 10 | Leyfð |
| NIGHT AT THE MUSEUM | kl. 8 | Leyfð |
| TENACIOUS D IN... | kl. 8 | B.i. 12 |
| KÖLD SLÓÐ | kl. 10:15 | B.i. 12 |

**SAMBÍÓIN / AKUREYRI**

| | | |
|---|---|---|
| BLOOD DIAMOND | kl 8 | B.i.16 |
| VEFUR KARLOTTU m/ísl. tali | kl. 6 | Leyfð |
| BABEL | kl 8 | B.i.16 |
| FRÁIR FÆTUR m/ísl. tali | kl 6 | Leyfð |

Skráðu þig á SAMbio.is


# Tvöfalt frá Cave

DVD-mynddiskurinn The Abattoir Blues Tour með hljómsveitinni Nick Cave and the Bad Seeds kemur út á mánudag. Á mynddisknum, sem er tvöfaldur, er efni frá tvennum tónleikum sveitarinnar.

Fyrri diskurinn var tekinn upp í Brixton Academy í London árið 2004 þegar Nick Cave og félagar fylgdu eftir tvöföldu plötunni Abattoir Blues/The Lyre of Orpheus. Síðari diskurinn inniheldur tónleika frá Hammersmith Apollo í London árið 2003 í tilefni af útgáfu plötunnar Nocturama.

Á mynddisknum eru einnig myndbönd við lög á síðustu tveimur plötum hljómsveitarinnar auk mynda sem voru teknar baksviðs af gítarleikaranum Mick Harvey.

Í viðhafnarútgáfu mynddisksins fylgja einnig tvær plötur með lögum frá Abattoir Blues-tónleikaferðinni sem var farin um Evrópu árið 2004. Á meðal laga þar eru The Ship Song, Stagger Lee og Babe, You Turn Me On.



**NICK CAVE AND THE BAD SEEDS** Mynddiskurinn The Abattoir Blues Tour hefur m.a. að geyma efni frá tvennum tónleikum sveitarinnar.

# Frumsýnd í Kína

Daniel Craig, sem fer með hlutverk James Bond, var nývirð viðstaddur frumsýningu Casino Royale í Peking. Bond-myndin er sú fyrsta í seríunni sem er sýnd í Kína.

Craig sagði að það væru forréttindi að myndin skuli vera sýnd í Kína og bætti því við að hann hefði lengið langað að heimsækja landið.

Hingað til hafa Bond-myndirnar ekki hlotið náð fyrir augum kínverska kvikmyndaeftirlitsins. Engu að síður hafa þær ávallt selst vel á myndbands- og DVD-spólum. Casino Royale verður sýnd í rúmlega eitt þúsund kvikmyndahúsum, sem er besta dreifing sem mynd utan Kína fær þar í landi.



**BOND** Craig fer með hlutverk njósnara hennar hátignar, James Bond, í Casino Royale.



**DEATH CAB FOR CUTIE** Gítarleikari Death Cab, Chris Walla, gefur í haust út sína fyrstu sólóplötu.

# Sóló í haust

Chris Walla, gítarleikari bandarísku indí-sveitarinnar Death Cab For Cutie, gefur út sína fyrstu sólóplötu í haust.

Platan nefnist It´s Unsustainable og á henni spilar Walla á öll hljóðfæri nema trommur. Tvö lög sem ekki komust á síðustu plötu Death Cab, Plans, verða á plötunni. Walla er um þessar mundir að leggja lokahönd á plötuna í Portland. Ákvað hann að taka sér frí frá því að stjórna upptökum á plötum The Decemberists og Tegan and Sarah vegna verkefnisins.




## > Ráðherrum fjölgar á HM

Þótt íslenskir handboltaunnendur komist ekki á leik Íslendinga og Dana þá verður það ekki sagt um ráðherra íslensku þjóðarinnar. Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir mennta- og íþróttamálaráðherra hefur verið á síðustu tveim leikjum liðsins og hún verður á vellinum í dag. Tveir aðrir ráðherrar munu bætast í hópinn því von er á Jónínu Bjartmarz umhverfisráðherra og Valgerði Sverrisdóttur utanríkisráðherra á leikinn í dag. Til stóð að Siv Friðleifsdóttir kæmi líka en af því varð ekki.



**sport**

sport@frettabladid.is

JÓNATAN ÞÓR MAGNÚSSON: HEFUR EKKI FENGIÐ SIG LAUSAN FRÁ FRANSKA LIÐINU ST. RAPHAEL

# *Mun ekki spila með Akureyri í vetur*

Handknattleikskappinn Jónatan Þór Magnússon mun að öllum líkindum ekki spila með Akureyri í DHL-deildinni á þessu tímabili eins og ráðgert hafði verið. Hann hafði skamma viðdvöl í Frakklandi og er nú kominn heim en fær hins vegar samningi sínum ekki rift fyrr en í sumar. Jónatan staðfesti í samtali við Fréttablaðið að allt útlit væri fyrir að hann myndi ekki klæðast búningi Akureyrar fyrr en á næsta tímabili.

„Þrátt fyrir að ég muni ekki geta spilað með Akureyri þá mun þetta ekki koma í veg fyrir að ég geti þjálfað kvennaliðið,“ sagði Jónatan sem var ráðinn þjálfari meistaraflokks kvenna hjá Akureyri ekki alls fyrir löngu. Jónatan hefur verið að glíma við meiðsli og hefur ekkert getað æft síðustu þrjá mánuði. „Þó ég hefði fengið samningnum rift þá er alveg ljóst að ég get ekkert spilað á næstunni. Þetta eru einhver meiðsli við lífbeinið og er ekki búið að finna það enn út hvað það er nákvæmlega sem er að hrjá mig.“

Jónatan segist þó vera alveg rólegur þrátt fyrir þessi meiðsli þar sem útlit er fyrir að hann muni ekki spila næst leik fyrr en í október. Þessa dagana fylgist hann grannt með heimsmeistaramótinu eins og flestir Íslendingar. „Ég er gríðarlega ánægður með liðið. Strákarnir hafa sýnt að þeir eru í heimsklassa og hafa burði til þess að komast í úrslitaleikinn. Ég er á því að ef sigur vinnst gegn Danmörku þá muni Ísland spila til úrslita,“ sagði Jónatan.



Hann segir gríðarlega mikla stemningu á Akureyri vegna mótsins. „Menn hafa hist í sérstakri HM-stofu á Greifanum og þar hefur alltaf verið troðið út úr dyrum og mjög gaman,“ sagði Jónatan.



**LUCAS NEILL** Entist í 48 mínútur í búningi West Ham um helgina. GETTYIMAGES

Neill og Ashton meiddir:

## Meiðsli hrjá West Ham

**FÓTBOLTI** Stuðningsmenn West Ham fengu slæmar fréttir í gær. Í ljós kom að þeir Dean Ashton og Lucas Neill verða frá næstu vikurnar vegna meiðsla.

Neill er nýkominn til West Ham og meiddist í sínum fyrsta leik gegn Watford um helgina. Hann mun hið minnsta missa af næstu þremur leikjum liðsins.

Ashton hefur verið frá í fimm mánuði vegna ökklabrots en meiddist nýverið aftur á ökkla. Hann verður því enn lengur frá. - esá

Keflavík vann Hamar:

## Keflavík í úrslit

**KÖRFUBOLTI Keflavík kvaddi í gær hina bandarísku TaKeshu Watson með 104-80 sigri á liði Hamars í undanúrslitum Lýsingarbikarkeppni kvenna.**

**Leikmenn Hamars, sem eru nýliðar í Iceland Express deild kvenna, komust þó vel frá leiknum. Þær héldu í við Keflvíkinga allan leikinn en fyrr í vetur hefur viðureignum liðanna lokið með stórsigri Keflavíkur.**

**Watson, sem er meidd, var stigahæst Keflvíkinga með 25 stig en hún spilaði einungis í 23 mínútur. Bryndís Guðmundsdóttir skoraði 18 stig.**

**Hjá Hamar var Latreece Bagley 22 stig og 19 fráköst og hin 16 ára Hafrún Hálfdánardóttir skoraði 16 stig.** - óój





**MCLEISH** Skipti um starf við Walter Smith. NORDIC PHOTOS/GETTY

Eftirmaður Walter Smith:

## McLeish tekur við Skotlandi

**FÓTBOLTI** Alex McLeish var í gær kynntur sem nýr þjálfari skoska landsliðsins. Hann var þar til í haust stjóri Glasgow Rangers en var rekinn úr því starfi. Eftirmaður hans þar var Walter Smith sem hætti sem landsliðsþjálfari Skota til að taka við Rangers.

Skotland hefur náð frábærum árangri í undankeppni EM 2008 undir Smith og trónir á toppi B-riðils eftir frækinn sigur á Frökkum. Heimsmeistarar Ítala eru í þriðja sæti riðilsins. - esá

**HM Í ÞÝSKALANDI**



**TEKIÐ Á ÞVÍ** Markús Máni Michaelsson tekur armbeygju í hinni glæsilegu Colour Line höll í Hamborg í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Vinnum með góðri vörn

### Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari á von á mjög jöfnum og spennandi leik gegn Dönum í kvöld er liðin mætast í Hamborg í átta liða úrslitum á HM.

**HANDBOLTI** Íslenska landsliðið tók létta æfingu í Colour Line höllinni í gærkvöldi eftir fjögurra tíma akstur frá Halle. Alfreð Gíslason var rólegur að sjá og hann gerir ráð fyrir jöfnum leik í kvöld.

„Þetta verður hörkuleikur og vonandi skemmtilegur. Ég tel þessi lið mjög áþekk að getu og Danirnir hafa hugsanlega aðeins meiri breidd en ég get samt ekki séð á mínum mönnum að þeir séu eitthvað þreyttir. Boldsen hjá Dönunum hefur verið að spila frábærlega á þessu móti og ég þykist nú vita að hann sé í lélegra formi en margir af okkar leikmönnum. Ég held að úrslit leiksins muni ráðast á stemningu, dagsforminu og síðan vörn og markvörslu,“ sagði Alfreð en Roland Eradze verður tæplega með íslenska landsliðinu en hann er með mikil útbrot á líkamanum sem eru afleiðing ofnæmis sem ekki hefur enn verið greint.

„Við verðum að standa vörnina gríðarlega vel og ef við gerum það þá er ég sannfærður um að við munum vinna þennan leik,“ sagði Alfreð sem hefur litlar áhyggjur af meiðslunum í hópnum.

„Ég hef ekkert miklar áhyggjur af stöðu mála. Það eru smáatriði hjá mörgum en helsta áhyggjuefnið á þessari stundu er Róbert en ég taldi rétt að láta mynda hann svo við værum vissir með stöðuna á honum,“ sagði Alfreð.

„Breiddin er að aukast hjá okkur og það er jákvætt og hjálpar okkur í þessum leik gegn Dönum. Ég er bjartsýnn og er viss um að úrslit ráðist á smáatriðum.“




HM Í ÞÝSKALANDI
HENRY BIRGIR GUNNARSSON
*skrifar frá Dortmund*
henry@frettabladid.is


Meiðsli Róberts Gunnarssonar ekki eins alvarleg og óttast var:

# Róbert er ekki kjálkabrotinn

**HANDBOLTI** Línumaðurinn Róbert Gunnarsson er ekki kjálkabrotinn eins og óttast var í gær og mun því spila í leiknum mikilvæga gegn Dönum í kvöld.

Róbert fékk þungt högg í andlitið í leiknum gegn Þjóðverjum. Róbert hefur áður kjálkabrotnað og því var óttast að hið sama hefði gerst gegn Þjóðverjum. Róbert fór í röntgenmyndatöku um leið og íslenska liðið kom til Hamborgar í gær og myndatakan leiddi í ljós að það er í fínu lagi með kappann.

Hann er nokkuð marinn og á erfitt með að borða en mætir engu að síður af fullum krafti í leikinn í kvöld.

Smávegis veikindi hafa herjað á íslenska hópinn og Ásgeir Örn Hallgrímsson gat ekki æft með liðinu í gær vegna veikinda. Hann ætti engu að síður að vera klár í kvöld. - hbg



**KJÁLKINN KÆLDUR** Róbert Gunnarsson fékk högg í andlitið gegn Þjóðverjum. Óttast var að hann væri kjálkabrotinn en svo reyndist ekki vera. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**EINAR ÖRN MEÐ** Guðjón Valur Sigurðsson tekur hér skot að marki á æfingu íslenska liðsins í gær. Einar Örn Jónsson er fyrir miðri mynd. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Íslenski hópurinn:

## Einar inn og Ragnar út

**HANDBOLTI Alfreð Gíslason landsliðsþjálfari hefur tilkynnt hornamanninn Einar Örn Jónsson í íslenska hópinn en hann hefur engan þátt tekið í mótinu til þessa.**

**Ragnar Óskarsson hefur þar með lokið þátttöku sinni en hann yfirgaf hópinn fyrir nokkru til að vera hjá konu sinni sem á von á barni. Hún hefur enn ekki fætt frumburð þeirra hjóna.** - hbg



**Á ÆFINGU?** Svo virðist sem það sé hressilega tekið á því á æfingum íslenska landsliðsins. Bolur Sigfúsar Sigurðssonar hefur verið tættur sundur og Vigni Svavarssyni er greinilega skemmt. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Spænsku dómararnir:

## Viðurkenndu mistök

**HANDBOLTI** Spænsku dómararnir Breto og Huelva eru ekki sérstaklega vinsælir á Íslandi eftir dómgæslu þeirra í leik Íslands og Póllands þar sem hallaði nokkuð mikið á strákana okkar.

Þeir félagar eru komnir til Hamborgar og annar þeirra gekk að Alfreð Gíslasyni í gær og viðurkenndi að þeir hefðu gert tvö mistök undir lok leiksins. Svo bað hann Alfreð afsökunar. „Mér fannst það sýna mikinn karakter hjá þeim félögum,“ sagði Alfreð en hver veit nema þeir dæmi leik Íslands í dag. - hbg

# Upphengd klósett á tilboðsverði!







## Upphengd klósett & innbyggður kassi frá kr. 29.999,-

**Vatnsvirkinn býður gott úrval hreinlætistækja, blöndunartækja, gufuklefa, sturtuklefa, nuddpotta og fleira auk fjölbreytts vöruúrvals til pípulagna.**

VATNSVIRKINN

Ármúla 21 - Reykjavík - Sími 533 2020 - Dalshrauni 13 - Hafnarfirði - Sími: 555 2080 - Fax 533 2022 - www.vatnsvirkinn.is

HM í Þýskalandi:

## Keppni á Autobahn

**HANDBOLTI** Þjóðverjar hafa verið gagnrýndir fyrir margt á HM og eitt þeirra eru stanslaus ferðalög liðanna. Það þótti mjög furðuleg ákvörðun að hafa annan milliriðilinn á tveimur stöðum og sú ákvörðun að ferja lið alla leið til Hamborgar var heldur ekki vinsæl. Fjarlægðin frá búðum íslenska liðsins í Halle er um 400 kílómetrar.

Fjöldamörg lið hafa í mörgum tilfellum mátt ferðast yfir 100 kílómetra á dag til að komast á leikstað. Er rætt um mótið sem keppni á Autobahn enda eru leikmenn og fjölmiðlamenn meira og minna á ferðalagi. **- hbg**

Dregið í 16-liða úrslit ensku bikarkeppninnar í gær:

# Manchester United mætir Reading

**FÓTBOLTI** Í gær var dregið í 16-liða úrslit ensku bikarkeppninnar. Englandsmeistarar Chelsea og núverandi topplið Manchester United fengu bæði heimaleiki. United mætir Íslendingaliðinu Reading en Chelsea annað hvort Blackpool eða Norwich.

Aðeins þrír úrvalsdeildarslagir eru á dagskrá. Auk United og Reading mætast Fulham og Tottenham í Lundúnaslag auk þess sem annað hvort Arsenal eða Bolton tekur á móti Blackburn.

Annars getur Manchester United kórónað frábæra byrjun á tímabilinu með sínum nítjánda sigri á miðvikudagskvöldið er liðið mætir botnliði Watford. Ef Alex Ferguson og hans menn vinna sigur verður það besta árangur liðsins í fyrstu 25 leikjum tímabilsins frá upphafi.

Metið á reyndar Ferguson sjálfur er hann krækti í 59 stig eftir 25 leiki árið 2001. Hann á nú möguleika á að bæta það met um eitt stig. **- esá**

### 16-LIÐA ÚRSLIT

| |
|---|
| Chelsea-Blackpool/Norwich |
| Watford-Ipswich |
| Preston North End-Manchester City |
| Fulham-Tottenham |
| Manchester United-Reading |
| Bristol/Middlesbrough-WBA |
| Plymouth-Derby |
| Arsenal/Bolton-Blackburn |



**FRAMHERJAR CHELSEA** Andryi Shevchenko og Didier Drogba.
NORDIC PHOTOS/GETTY

Ferguson um Ben Foster:

## Mun verja mark Englands

**FÓTBOLTI Sir Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Manchester United, telur að Ben Foster muni taka við af Paul Robinson sem aðalmarkvörður enska landsliðsins. Ferguson segir Foster vera að komast í landsliðsklassa. Þessi 23 ára markvörður er á lánssamningi hjá Watford frá United og hefur verið einn allra besti leikmaður botnliðs úrvalsdeildarinnar.**

**„Mánaðarlega fæ ég skýrslu frá Adrian Boothroyd varðandi Foster. Hvernig formi hann er í, hvernig hann stendur sig á æfingum og um framfarir hans. Hann mun snúa aftur á Old Trafford næsta tímabil. Það var frábært að fá hann hingað frá Stoke,“ sagði Ferguson.** **- egm**

**HM Í ÞÝSKALANDI**



**STUÐNINGSMENN ÍSLANDS** Verða fámennir í Hamborg ef af líkum lætur.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ísland-Danmörk:

## Ísland fær fáa miða á leikinn

**HANDBOLTI Það gengur ekki þrautalaust hjá Einari Þorvarðarsyni, framkvæmdastjóra HSÍ, að fá miða á leik Íslands og Danmerkur í dag. Þýska handknattleikssambandið hafði ekki svarað beiðni Einars um miða um kvöldmatarleytið í gær og sagði Einar ekki vera bjartsýnn. Fararstjóri liðsins sagðist vera búinn að fá um sex miða í gærkvöldi en Color Line-höllin í Hamborg tekur 13.800 manns í sæti.**

**Það er margt skrýtið í skipulaginu hér í Þýskalandi og verður til sá maður sem trúi því að lið sem eigi að spila fái ekki úthlutað neinum miðum á sína leiki.**

**Sökum miðaleysis og handboltaáhuga í Hamborg hefur verið ákveðið sýna leiki dagsins á risaskjá á Kunst sem er nálægt rauða hverfinu í borginni.** **- hbg**

HM í Sjónvarpinu:

## Allir leikir 8-liða úrslita sýndir

**HANDBOLTI** Ríkissjónvarpið mun sýna alla fjóra leikina í fjórðungsúrslitum HM í handbolta. Tvo þeirra í beinni útsendingu, Þýskaland-Spánn og Ísland-Danmörk.

Í dagskrárlok í kvöld verða síðari hálfleikir hinna leikjanna, Frakkland-Króatía og Pólland-Rússland, sýndir frá kl. 23.30.

Allir leikirnir fjórir verða svo sýndir í heild sinni í upphafi dagskrár á morgun, frá kl. 11.05. **- esá**

### LEIKIR DAGSINS

| FJÓRÐUNGSÚRSLIT | |
|---|---|
| SPÁNN-ÞÝSKALAND | 16.30 |
| PÓLLAND-RÚSSLAND | 16.30 |
| KRÓATÍA-FRAKKLAND | 19.00 |
| ÍSLAND-DANMÖRK | 19.00 |
| **LEIKUR UM NÍUNDA SÆTIÐ** | |
| SLÓVENÍA-UNGVERJALAND | 14.00 |
| **LEIKUR UM ELLEFTA SÆTIÐ** | |
| TÚNIS-TÉKKLAND | 14.00 |

# Ólafur bætir HM-leikjametið í dag

**Leikurinn gegn Dönum í 8 liða úrslitum HM í Þýskalandi verður 44. leikur Ólafs Stefánssonar í úrslitakeppni HM. Hann tók fyrst þátt í HM á Íslandi fyrir tæpum tólf árum.**

**HANDBOLTI** Ólafur Stefánsson, fyrirliði íslenska landsliðsins, leiðir ekki aðeins sína menn inn í einn stærsta leik í sögu handboltalandsliðsins í dag heldur mun hann einnig skrifa sitt nafn á spjöld íslenskru handboltasögunnar. Ólafur mun leika sinn 44. leik í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins í Hamburg og bæta þar með met Guðmundar Hrafnkelssonar sem hefur staðið undanfarin sex ár. Ólafur er aðeins fjórði maðurinn til að slá metið á síðustu þremur áratugum en hinir methafarnir eru Geir Sveinsson og Hjalti Einarsson. Ólafur er löngu orðinn langmarkahæsti íslenski leikmaðurinn í úrslitakeppni HM en hann hefur alls skorað 184 mörk í þessum 43 leikjum. Næsti maður á listanum er Guðjón Valur Sigurðsson (132 mörk) sem fór fram úr Patreki Jóhannessyni (121 mark) í Þýskalandi.

Ólafur Stefánsson lék sinn fyrsta leik í úrslitakeppni HM í Laugardalshöllinni 7. maí 1995. Mótherjarnir voru Bandaríkjamenn og íslenska landsliðið vann öruggan 11 marka sigur, 27-16.



**184 MÖRK** Ólafur Stefánsson hefur skorað 52 mörkum fleira í úrslitakeppni HM en næsti maður. Hér er eitt 184 marka hans í uppsiglingu.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Ólafur spilaði ekki mikið í leiknum og klikkaði á eina skoti sínu. Ólafur leysti bæði af Sigurð Val Sveinsson í skyttunni sem og þá Valdimar Grímsson og Bjarka Sigurðsson í horninu. Hann var með í öllum sjö leikjunum og skoraði 11 mörk og gaf 11 stoðsendingar. Ólafur nýtti skotin sín mjög vel og skoraði meðal annars úr 8 af 16 langskotum sínum.

Frá og með keppninni í Kumamoto 1997 hefur Ólafur verið í lykilhlutverki hjá íslenska landsliðinu og er nú á góðri leið með að gefa flestar stoðsendingar fimmtu heimsmeistarakeppnina í röð. Fyrir leikinn í kvöld hefur Ólafur alls gefið 255 stoðsendingar á félaga sína sem gefa 5,9 stoðsendingar að meðaltali í leik í úrslitakeppni HM. Hann hefur ennfremur átt þátt í 11,8 mörkum eða meira í leik á síðustu fjórum keppnum. Ólafur var markhæsti leikmaður íslenska liðsins á bæði HM 2001 í Frakklandi og á HM í Portúgal 2003 en fyrir tveimur árum skoraði aðeins Guðjón Valur Sigurðsson fleiri mörk en Ólafur.

Ólafur hefur spilað flesta HM-leiki á móti Júgóslavíu og Rússlandi eða þrjá á móti hvorri þjóð. Hann hefur alls spilað gegn 28 þjóðum á HM en leikurinn í kvöld er sá fyrsti sem hann spilar gegn Dönum í úrslitakeppni heimsmeistaramótsins. Ísland hefur ekki mætt Dönum á HM síðan á HM í Svíþjóð 1993. Leikurinn í kvöld verður einnig fimmti HM-leikur Ólafs í útsláttarkeppni og vonandi gengur betur en áður því þrír af fjórum leikjum hans með landsliðinu í 16 eða 8 liða úrslitum heimsmeistaramótsins hafa tapast.

Guðmundur Hrafnkelsson bætti leikjamet Geirs Sveinssonar á HM í Frakklandi 2001 og bætti síðan við það í HM í Portúgal tveimur árum síðar. Metleikurinn var í 22-24 tapi fyrir Egyptum. Það er vonandi að Ólafur nái að breyta út af venjunni því metleikur Geirs Sveinssonar á HM 1993 tapaðist einnig en Ísland lá þá 21-22 fyrir Tékkum í leik um 7. sætið.

**ooj@frettabladid.is**



**MISSIR METIÐ** Guðmundur Hrafnkelsson missir HM-leikjametið sitt í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/E. ÓL

### HM-KEPPNIR ÓLAFS

| | |
|---|---|
| 1995 | 7 leikir, 11 mörk, 11 stoðs. |
| 1997 | 9 leikir, 26 mörk, 54 stoðs. |
| 2001 | 6 leikir, 32 mörk, 42 stoðs. |
| 2003 | 9 leikir, 58 mörk, 60 stoðs. |
| 2005 | 5 leikir, 25 mörk, 34 stoðs. |
| 2007 | 7 leikir, 32 mörk, 54 stoðs. |

### SAGA LEIKJAMETSINS

| | |
|---|---|
| 12 Gunnlaugur Hjálmarss. | 1958-70 |
| 12 Einar Sigurðsson | 1958-70 |
| 12 Ragnar Jónsson | 1958-70 |
| 14 Hjalti Einarsson | 1970-1993 |
| 31 Geir Sveinsson | 1993-2001 |
| 43 Guðmundur Hrafnkelss. | 2001-07 |
| 44 Ólafur Stefánsson | 2007- |

### FLESTIR LEIKIR Á HM

| | |
|---|---|
| Ólafur Stefánsson (1995-2007) | 43 |
| Guðm. Hrafnkelsson (1990-2003) | 43 |
| Patrekur Jóhannesson (1993-2003) | 34 |
| Dagur Sigurðsson (1995-2005) | 33 |
| Geir Sveinsson (1986-1997) | 31 |
| Guðjón V. Sigurðss. (2001-2007) | 27 |
| Valdimar Grímsson (1990-1997) | 26 |
| Júlíus Jónason (1993-1997) | 23 |
| Bjarki Sigurðsson (1990-1997) | 22 |
| Gústaf Bjarnason (1993-2003) | 22 |

Aron Kristjánsson býst við spennandi viðureign í Hamborg í kvöld:

# Danir búnir að bóka sæti í úrslitaleiknum

**HANDBOLTI** Það mátti sjá á dönskum fjölmiðlum í gær og í fyrradag að handboltaspekingar þar í landi eru afar sigurvissir fyrir leik Íslands og Danmerkur í fjórðungsúrslitum HM í handbolta í kvöld.

„Þeir eru mjög sigurvissir. Ég fann það strax eftir leikinn á sunnudag,“ sagði Aron Kristjánsson, þjálfari danska úrvalsdeildarliðsins Skjern. „Margir sögðu að það væri nánast formsatriði fyrir liðið að komast í úrslitaleikinn. Pólland og Rússland yrðu engin fyrirstaða, hvað þá Ísland.“ Sigurvegari leiksins í kvöld mætir sigurvegara leiks Póllands og Rússlands sem hefst klukkan 16.30 í dag.

Aron sagði að þjálfurum og leikmönnum danska liðsins hefði tekist að draga aðeins úr væntingum landa sinna, þetta væri ekki alveg svo auðvelt.

„Þeir reyndu að segja að þessar þjóðir væru góðar líka, alveg eins og Spánn, Króatía og Frakkland. En því var samt ekki að leyna að þeir eru frekar sigurvissir.“

Gengi danska liðsins hefur verið nokkuð hliðstætt gengi Íslands á HM. Bæði lið töpuðu óvænt snemma á mótinu (fyrir Ungverjalandi og Úkraínu) og unnu svo sterka þjóð til að koma sér aftur á beinu brautina (Spán og Frakkland).

Aron segir hins vegar muninn á danska og íslenska liðinu liggja í breiddinni.

„Margir leikmenn danska liðsins hafa komið við sögu til þessa og hefur verið misjafnt hvaða leikmaður dregur vagninn í hverjum leik. Það jákvæða við þetta er að leikmenn eru ekki eins þreyttir og leikmenn annarra liða. Á móti kemur að liðið hefur átt erfitt með að finna taktinn sinn vegna tíðra skiptinga.“



**ARON KRISTJÁNSSON** Segir Dani vera gífurlega sigurvissa fyrir leikinn í kvöld.
FRÉTTABLAÐIÐ/FREYR

Hann segir að vörn og markvarsla sé mesti kostur liðsins. „Í síðustu leikjum hefur liðið verið að spila frábæra 6/0 vörn og markverðirnir hafa verið mjög sterkir,“ segir Aron sem býst við jafnri og spennandi viðureign í kvöld.

„Ef leikmenn Íslands eru í góðu líkamlegu standi býst ég við galopnum leik. Ég vona bara að íslenska hjartað hafi þetta á endanum.“

Aron þekkir vitanlega vel til Arnórs Atlasonar sem hefur slegið í gegn með FCK í dönsku deildinni í haust. Hann stóð sig einnig afar vel með Íslandi á EM í Sviss í fyrra en hefur ekki náð sér á strik í Þýskalandi.

„Þetta hefur komið mér mikið á óvart. Hann hefur verið frábær í deildinni í haust og hefur greinilega getuna. Þetta hlýtur því að vera spurning um sjálfsöryggi og sjálfstraust.“

Arnór sé því dottinn aftar í goggunarröðina, sérstaklega eftir frammistöðu Markúsar Mána gegn Þýskalandi þar sem hann skoraði tíu mörk.

„Alfreð hlýtur að velja þá menn í sinn hóp sem hafa verið að standa sig hvað best til þessa á mótinu.“ **- esá**

# Fyrir hverju vilt þú berjast?

- UMFERÐARÖRYGGI OG UMFERÐARFLÆÐI
- TVÖFÖLDUN SUÐURLANDSVEGAR
- BETRI VEGUM, FLEIRI VEGRIÐUM OG HRINGTORGUM
- BÆTA HRINGVEGINN OG BURT MEÐ EINBREIÐAR BRÝR
- ÖRYGGIM VEGUM  Á VESTFJÖRÐUM
- MEIRI LÖGGÆSLU, UMFERÐARÁRÓÐUR OG HÆKKUN SEKTA
- MEIRI FJÁRMUNUM TIL VEGAGERÐAR VARIÐ Í ÖRYGGISMÁL
- FORGANGSRÖÐUN VERKEFNA OG GÖNG Á LANDSBYGGÐINNI
- HEILDARSTEFNA Á ALÞINGI Í UPPBYGGINGU VEGAKERFISINS

Með **SAMSTÖÐU** getum við náð árangri.

Í nóvember árið 1999 var stofnaður áhugahópur um örugga Reykjanesbraut. Með samstöðu íbúa svæðisins, þingmanna og framkvæmdaraðila tókst að hefja framkvæmdir við tvöföldun Reykjanesbrautar fyrr en áætlað var. Og nú eftir rúmlega sjö ára baráttu og jákvæðan áróður hópsins er fyrsti áfangi brautarinnar tilbúinn og árangurinn staðreynd. Í stað allt að sex banaslysa á ári hefur enginn látist á brautinni frá því að fyrsti áfanginn var vígður árið 2004.

Við getum náð árangri – líka á þínu svæði. Markmiðin eru skýr.
**Gerum alla vegi landsins örugga með SAMSTÖÐU og slysalausri sýn árið 2007**

Skráðu þig í þinn baráttuhóp á **www.nullsyn.is**

Við styðjum grasrótarsamtökin Samtöðu:

UMFERÐARSTOFA

SAMSTAÐA
SLYSALAUS SÝN

HVÍTA HÚSIÐ / SÍA



**MATRIX** Materazzi neitar því að hafa ögrað Del Vecchio. NORDIC PHOTOS/GETTY

Marco Materazzi:

# Segist ekki hafa gert neitt rangt

**FÓTBOLTI** Marco Materazzi, varnarmaður Inter, segist ekki hafa sagt neitt við Gennaro Del Vecchio sem ætti að hafa leitt til þess að hann var skallaður. Atvikið varð í leik Inter og Sampdoria á sunnudag og minnti á frægt atvik í úrslitaleik heimsmeistaramótsins síðasta sumar. Del Vecchio fékk að líta rauða spjaldið fyrir að skalla Materazzi.

„Ég gerði ekkert rangt, ég sagði honum bara að hætta þessu,“ sagði Materazzi eftir leikinn en honum fannst Del Vecchio fara of harkalega í markvörðinn Julio Cesar. „Áður en hann var rekinn af velli hafði hann farið harkalega í Adriano og endurtók síðan leikinn í viðskiptum við markvörðinn okkar þegar hann var með hendur á knettinum,“ sagði Materazzi. Inter vann leikinn 2-0 og hefur liðið nú unnið fjórtán deildarleiki í röð. - egm

Leikmannamál á Englandi:

# Agahowa semur við Wigan

**FÓTBOLTI Paul Jewell, knattspyrnustjóri Wigan Athletic, hefur fengið nígeríska landsliðsmanninn Julius Aghahowa í sínar raðir. Samningar hafa náðst við leikmanninn og er aðeins beðið eftir atvinnuleyfi. Agahowa kemur frá Shaktar Donetsk og sagði Jewell að félagið hafi fylgst með honum í nokkurn tíma. Wigan ætlar einnig að reyna að klófesta Papa Bouba Diop frá Fulham áður en félagaskiptaglugganum verður lokað. Newcastle er einnig að fá nýjan leikmann, bandaríska varnarmanninn Oguchi Onyewu frá Standard Liege. Hann er betur þekktur undir nafninu Gooch og verður lánaður út leiktíðina en svo fær Newcastle forkaupsrétt á honum.** - egm



JULIUS AGAHOWA

Phoenix Suns búið að vinna 17 leiki í röð í NBA-deildinni í körfubolta:

# Sjöunda lengsta sigurgangan

**KÖRFUBOLTI** Leikmenn Phoenix Suns eru ekkert að gefa eftir í NBA-deildinni þótt margir spekingar bíði eftir að blaðran springi. Phoenix vann sinn 17. leik í röð þegar liðið sótti 115-100 sigur til Cleveland í fyrrinótt og vantar nú aðeins þrjá sigurleiki til viðbótar til þess að geta státað af annarri lengstu sigurgöngu sögunnar.

Ekki hefur liðið aðeins unnið 17 leiki í röð því það hafði nýlokið 15 leikja sigurgöngu áður en það lagði af stað í þessa sem enn sér ekki fyrir endann á. Síðasta tap Suns var í Dallas 28. desember og liðið er búið að vinna 34 af síðustu 38 leikjum sínum eftir að hafa tapað 5 af fyrstu 6 leikjum sínum á tímabilinu.

Steve Nash heldur áfram að leiða lið sitt með einstakri spilamennsku en að þessu sinni var hann með 23 stig og 15 stoðsendingar. Nash hélt öllum sínum lykilmönnum inni í leiknum því Shawn Marion skoraði 23 stig, Amare Stoudemire var með 22 og Leandro Barbosa kom að venju sterkur inn af bekknum og bætti 19 stigum.

„Þeir eru óstöðvandi eins og þeir spila núna,“ sagði LeBron James eftir leikinn en Nash var ekki alveg sammála. „Fólk talar ekki um hvort lið hafi unnið 33 leiki í röð heldur um það hvort lið hafi orðið meistarar. Okkur líður ekkert eins og við séum ósigrandi því við þurfum enn að bæta margt í okkar leik,“ sagði Steve Nash og vísaði þar í met Los Angeles Lakers frá 1971-72 en liðið vann þá 33 leiki í röð. - óój

**LENGSTU SIGURGÖNGUR Í SÖGU NBA:**

| | |
|---|---|
| **LA Lakers (1971-72)** | **33 leikir** |
| **Mileaukee (1970-71)** | **20** |
| **LA Lakers (1999-2000)** | **19** |
| Boston (1981-82) | 18 |
| **Chicago (1995-96)** | **18** |
| **New York (1969-70)** | **18** |
| Phoenix (2006-07) | 17 |
| **Boston (1959-60)** | **17** |
| San Antonio (1995-96) | 17 |
| Washington (1946-47) | 17 |

**Feitletruð lið urðu NBA-meistarar**



**Á FLEYGIFERÐ** Það reynist liðum ómögulegt að hægja á stórskotaliði Phoenix Suns þessa dagana. NORDIC PHOTOS/GETTY

# Munu ekki skiptast á upplýsingum

**Bræðurnir Pétur og Jón Arnar Ingvarssyni ætla ekkert að ræða íslenskan körfubolta á meðan þeir eru að þjálfa lið í sömu deild. Á sunnudagskvöldið komu þeir sínum liðum óvænt í bikarúrslitaleikinn.**

**KÖRFUBOLTI** Þær skemmtilegu kringumstæður eru nú komnar upp að tveir bræður munu þjálfa á móti hvorum öðrum í bikarúrslitum karla í körfubolta í næsta mánuði. „Það að komast í bikarúrslitaleikinn lyftir þessu upp á annað plan,“ segir Pétur Ingvarsson sem mætir yngri bróður sínum Jóni Arnari í Höllinni en báðir hafa þeir verið að ná frábærum árangri í vetur.

„Þeir eru búnir að rústa okkur tvisvar í vetur og við höfum ekki unnið þá síðan að ég veit ekki hvenær. Þetta eru ekki óskamótherjarnir fyrir okkur. Þetta er eina liðið sem við höfum spilað við síðan ég veit ekki hvenær sem hefur náð að keyra upp hraðann á móti okkur. Við réðum ekkert við þá,“ segir Pétur en Jón Arnar hefur náð að koma ÍR á mikið flug síðan að hann kom í Breiðholtið.

„Ég vissi það frá fyrstu mínútu að þessi hópur ætti að geta gert miklu betur. Þetta var spurning um hvort að við myndum fara vel af stað og ná fljótt upp sjálfstraustinu. Það gekk eftir og menn eru alltaf að átta sig betur og betur á hvað sé hægt að gera,“ segir Jón Arnar.

Jón Arnar hrósar bróður sínum fyrir frábært starf hans í Hveragerði. „Það er eins og það komi mönnum alltaf á óvart hvernig þeir standa sig þarna. Pétri tekst alltaf að vinna vel úr erfiðum stöðum. Hann er búinn að gera það ár eftir ár og ég held að menn verði bara að fara átta sig á því að hann er hörku þjálfari,“ segir Jón Arnar sem fær líka hrós frá bróður sínum.



**MÆTIR STÓRA BRÓÐUR** Jón Arnar Ingvarsson hefur náð að snúa við gengi ÍR-inga síðan að hann tók við liðinu í október. FRÉTTABLAÐIÐ/DANÍEL

„Hann er að gera frábæra hluti með ÍR-liðið og þeir eru með eitt best mannaða liðið á landinu eins og staðan er í dag. Mér sýnist að hann sé búinn að ná að kveikja í þeim,“ segir Pétur og bætir við.

„Ég er ekki með neina elítumenn upp til hópa í mínu liði og hann hefur úr fleiri slíkum mönnum að spila. Það sem einkennir þetta lið er þolinmæði og við getum kannski ekki gert neitt annað en að vera þolinmóðir,“ segir Pétur. Jón Arnar veit líka að Pétur hefur þegar farið með lið í bikarúrslitaleik en hann kom Hamar í Höllina 2001. „Hann er reynslunni ríkari,“ segir Jón Arnar. Þeir bræður hafa báðir orðið bikarmeistarar en þeir voru í aðalhlutverki þegar Haukarnir unnu bikarinn 1996. Jón Arnar var þá með 11 stig í úrslitaleiknum en Pétur skoraði 8 stig.



**NÍUNDA TÍMABILIÐ** Pétur Ingvarsson er búinn að þjálfa Hamars-menn síðan haustið 1998. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

„Við höfum algjörlega unnið fyrir því að spila í þessum úrslitaleik,“ sagði Jón Arnar en ÍR hefur lagt Íslandsmeistara Njarðvíkur, silfurlið Skallagríms og svo Grindavík á útivelli á leið sinni í Höllina. „Við höfum verið mjög heppnir og fengið heimaleiki allan tímann á meðan að þeir þurftu að vinna Grindavík á útivelli,“ segir Pétur.

Þeir bræður viðurkenna báðir að þeir ræði ekki íslenska boltann þessa daganna. „Við höfum rætt mikið um körfubolta en pössum okkur á að segja ekki neitt núna. Ég er með allt öðruvísi lið en hann og með allt aðrar áherslur. Ég held að við fylgjumst báðir það vel með að ég held að við vitum alveg jafn mikið um hvað hinir þjálfararnir eru að gera,“ segir Pétur og Jón Arnar er á sömu skoðun.

„Við tölum töluvert saman um körfubolta og höfum báðir mikinn almennan áhuga á körfubolta. Þegar við erum báðir að keppa á móti hvorum öðrum þá ræðum við minna um deildina hér heima,“ segir Jón og bætir við.

„Við höfum oft keppt á móti hvor öðrum þannig að það verður ekkert vandamál og bara gaman að fá að mæta honum. Það eru mjög ólík lið og það er ljóst að það er misjafnt hvað þjálfarnir eru að reyna að ná fram í leikjum þessarra liða. Við munum reyna að nota okkar styrkleika og þeir eru allt öðruvísi en hjá þeim,“ segir Jón Arnar og báðir búast þeir við flottum úrslitaleik.

„Þetta verður skemmtilegur leikur fyrir alla. Það hafa oft verið Suðurnesjalið í bikarúrslitunum og liðin í ár eru klárlega ekki þaðan,“ segir Pétur að lokum. ooj@frettabladid.is




Stjórnarfundur Knattspyrnusambands Íslands um aðra helgi:

# Framboðsfrestur runninn út

**FÓTBOLTI** Frestur til tilkynna framboð til þeirra embætta sem kosið verður um á næsta ársþingi KSÍ rann út á laugardaginn. Þingið verður þann 10. febrúar næstkomandi.



**GEIR ÞORSTEINSSON**



**HALLA GUNNARSDÓTTIR**



**JAFET ÓLAFSSON**

Þrír eru í framboði til embættis formanns sambandsins en Eggert Magnússon lætur af því starfi nú eftir átján ára formannssetu.

Þau eru Geir Þorsteinsson, framkvæmdastjóri KSÍ, Halla Gunnarsdóttir blaðamaður og Jafet Ólafsson viðskiptafræðingur.

Kosið verður um fjögur sæti í aðalstjórn KSÍ. Þeir sem sækjast eftir endurkjöri eru Halldór B. Jónsson varaformaður, Eggert Steingrímsson gjaldkeri og Björn Friðþjófsson. Fjórir til viðbótar sækjast eftir kjöri: Guðjón Ólafur Jónsson, Guðrún Inga Sívertsen, Stefán Geir Þórisson og Vignir Már Þormóðsson.

Allir ofantaldir eru frá Reykjavík nema Björn, frá Dalvík, og Vignir, frá Akureyri.

Allir fjórir aðalfulltrúar landsfjórðunga bjóða sig fram á nýjan leik og fá ekki mótframboð.

Kosið er um þrjú sæti varamanna í aðalstjórn en allir sitjandi varamenn bjóða sig fram til endurkjörs auk eins í viðbót.

Kjörrétt á aðalþingi KSÍ hafa fulltrúar knattspyrnufélaganna í landinu. Félög í efstu deildum karla og kvenna fá að senda fjóra fulltrúa á þingið, 1. deildarfélög í karlaflokki þrjá fulltrúa en einn í kvennaflokki. Félög í 2 . deild karla fá tvo fulltrúa og 3. deildarfélög einn fulltrúa á ársþinginu.

Viðar Halldórsson er formaður kjörstjórnar en hugleiddi um tíma að bjóða sig fram til embættis formanns KSÍ.

Geir er talinn njóta stuðnings fráfarandi formanns, Eggerts Magnússonar. Auk þess komu saman formenn knattspyrnufélaga á Suðurnesjum í upphafi janúar og gáfu út sameiginlega yfirlýsingu til stuðnings Geirs.

Halla hefur opnað heimasíðu í tengslum við framboð sitt, hallaksi.blog.is. - esá




Það þyrfti nauðsynlega að bæta þessum frábæru dómum á auglýsinguna okkar.
Má taka út þar sem stendur: Sýnd í SAM-bíónum

"Nanna Kristín sýnir magnaðan leik. Nýtt viðmið í íslenskri kvikmyndagerð"
***Bergsteinn Sigurðsson/Fréttablaðið***

****

"Frammistaða leikarana er firnasterk. Ingvar galdrar fram einstaka persónu
Samvinna Ragnars Bragasonar og Vesturports er sannarlega gæfuspor í íslenskri kvikmyndamenningu."
***Heiða Jóhannsdóttir/Morgunblaðið***

****

"Betri leikur en áður hefur þekkst í íslenskum myndum.
Foreldrar er ekkert síðri en Börn, frábær mynd sem hver Íslendingur ætti að sjá."
***Davíð Örn Jónsson/kvikmyndir.com***

***1/2 Topp5

"Tónlist Péturs Ben hreint út sagt frábær.
Foreldrar eru áhrifamikið verk. Hvergi er dauður punktur og persónurnar snerta mann djúpt."
***Sigríður Pétursdóttir/Víðsjá RUV***

****

VESTURPORT í samstarfi við ARTBOX, KLIKK PRODUCTIONS og KÖGGULL KVIKMYNDAGERÐ kynnir
Kvikmynd eftir RAGNAR BRAGASON
Aðalhlutverk INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON ofl.
Framleiðendur GÍSLI ÖRN GARÐARSSON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, NÍNA DÖGG FILIPPUSDÓTTIR, ÓLAFUR DARRI ÓLAFSSON, RAGNAR BRAGASON og VÍKINGUR KRISTJÁNSSON Executive Producer KRISTÍN ÓLAFSDÓTTIR / B.T.B
Stjórn kvikmyndatöku BERGSTEINN BJÖRGÚLFSSON Klipping SVERRIR KRISTJÁNSSON
Tónlist PÉTUR ÞÓR BENEDIKTSSON Hljóðhönnun HULDAR FREYR ARNARSON
Handrit RAGNAR BRAGASON, INGVAR E.SIGURÐSSON, NANNA KRISTÍN MAGNÚSDÓTTIR, VÍKINGUR KRISTJÁNSSON & LEIKHÓPURINN
Leikstjórn RAGNAR BRAGASON

Styrkt af KVIKMYNDAMIÐSTÖÐ ÍSLANDS

Deloitte.

## > HARRISON FORD

Fæddur 13. júlí 1942. Harrison Ford var ekki mikill námsmaður á sínum yngri árum og sneri sér snemma að leiklistinni. Hann skrifaði undir Hollywood samning við Columbia og síðar Universal. Hann vakti athygli fyrir frammistöðu sína í sjónvarpi og kvikmyndum og komst efst á stjörnuhimininn eftir að hafa leikið Han Solo í Star Wars 1977. Hann er einnig frægur fyrir að hafa leikið Indiana Jones. Hann hefur unnið til Óskarsverðlauna og leikið í fjölda mynda, þar á meðal Six Days, Seven Nights sem sýnd er á Stöð 2 Bíó í kvöld.



# dagskrá

## VIÐ TÆKIÐ KAREN KJARTANSDÓTTIR BROSIR BREITT EN EKKI BREYTT

# *Brosir breytt*

Leiðin að hamingju liggur til lýtalæknastofa. Þetta hef ég fyrir satt frá þáttagerðarmönnum Extreme makeover. Ég sit límd fyrir framan skjáinn í hvert sinn sem þátturinn er sýndur og nótera hjá mér þá speki sem þar er að finna. Lengi hrósaði ég happi yfir því að tilheyra ekki þeim hópi fólks sem grét af gleði þegar þáttastjórnendur tilkynntu því að það mætti leggjast undir hnífinn, svona rétt eftir að nærgöngular myndir höfðu verið teknar af því á nærbuxunum svo hægt væri að sýna heiminum hve ljótt það væri. Ég taldi mig vel af guði gerða ólíkt ljóta fólkinu í þáttunum en annað kom á daginn.

Fyrir skömmu fylgdist ég nefnilega með grátandi konu sem nær aldrei hafði látið taka af sér myndir vegna þess viðbjóðslega lýtis sem hana plagaði. Hún var með frekjuskarð. Í lok þáttarins var aftur á móti allt annað að sjá hana því hún var komin með fullkomið bros að mati lýtalækna og nef eftir uppskrift Janetar Jackson í kaupauka. Mikið var konan glöð og ánægð.

Eftir nokkur ár vil ég fá að sjá þátt þar sem talað er við ljóta fólkið sem Extreme makeover gerir fallegt og fá að vita hvort hamingjan varir enn. Konan með frekjuskarðið getur að minnsta kosti brosað breytt.



## EKKI MISSA AF



▶ **18.05** Miss Congeniality 2 STÖÐ 2 BÍÓ



▶ **19.35** West Ham - Liverpool SKJÁR SPORT



▶ **20.10** Veronica Mars RÚV



▶ **20.30** Ali G SIRKUS



▶ **21.40** Shark STÖÐ 2

## SJÓNVARPIÐ

**15.45 Lögin í Söngvakeppni Sjónv.**

**16.00 HM-stofan** Fjallað um HM í handbolta með góðum gestum.

**16.20 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Þjóðverja og Spánverja í átta liða úrslitum.

**18.00 Táknmálsfréttir**

**18.10 HM-stofan**

**18.20 Fréttir**

**18.45 Veður**

**18.50 HM í handbolta** Bein útsending frá leik Íslendinga og Dana í átta liða úrslitum.

▶**20.10 Veronica Mars** (21:22) Bandarísk spennuþáttaröð um unga konu sem tekur til við að fletta ofan af glæpamönnum.

**20.55 Allra meina bót** (4:8) (Bota mig)

**21.25 Þrír blaðamenn leita rithöfundar: Lars Saabye Christensen** (Tre reportere söker en forfatter) Norskur þáttur um norska rithöfundinn Lars Saabye Christensen, höfund skáldsögunnar Hálfbróðirinn sem fékk fádæma góðar viðtökur.

**22.00 Tíufréttir**

**22.25 Draugasveitin** (1:8) (The Ghost Squad) Bresk spennuþáttaröð.

**23.15 Lögin í Söngvakeppni Sjónvarpsins (e)**

**23.29 HM í handbolta** Sýndur verður seinni hálfleikur leiks Frakka og Króata.

**23.30 Njósnadeildin (e)** (1:10) (Spooks)

**00.10 HM í handbolta**

**00.25 Kastljós**

**00.55 Dagskrárlok**

## STÖÐ 2 BÍÓ

**06.00 Lína langsokkur á ferð og flugi**

**08.00 Six Days, Seven Nights**

**10.00 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous** (Ungfrú leynilögregla 2)

**12.00 The Terminal** (Flugstöðin)

**14.05 Lína langsokkur á ferð og flugi**

**16.00 The Terminal** (Flugstöðin)

▶**18.05 Miss Congeniality 2: Armed and Fabulous** (Ungfrú leynilögregla 2)

**20.00 Six Days, Seven Nights** Aðalhlutverk: Harrison Ford, David Schwimmer, Anne Heche. 1998.

**22.00 The Stepford Wives**

**00.00 Jeepers Creepers 2**

**02.00 Hellraiser: Inferno**

**04.00 The Stepford Wives**

## STÖÐ 2

**06.58 Ísland í bítið**

**09.00 Bold and the Beautiful**

**09.20 Í fínu formi 2005**

**09.35 Martha** (Julie Bowen)

**10.20 Ísland í bítið (e)**

**12.00 Hádegisfréttir**

**12.40 Nágrannar** (Neighbours)

**13.05 Silfur Egils**

**14.40 Homefront** (Heimavígstöðvarnar)

**15.25 Whose Line Is it Anyway? 4**

**15.50 Horance og Tína**

**16.13 Shin Chan**

**16.38 Nornafélagið**

**17.03 Tasmanía** (Taz-Mania)

**17.28 Bold and the Beautiful**

**17.53 Nágrannar** (Neighbours)

**18.18 Íþróttir og veður**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.40 The Simpsons 15** (3:22)

**20.05 Jack Osbourne - No Fear** (1:4) (Óttalaus Osbourne) Nú þegar Jack Osbourne - sonur rokkarans Ozzys - hefur skipt rækilega um lífstíl heldur hann í þessari nýju þáttaröð áfram að prófa hinar ýmsu jaðaríþróttir þar sem reynir fyrst og síðast á hugrekki hans og óttaleysi.

**20.55 Prison Break** (14.22) (Flóttinn) Harðræði Bellicks kemur honum loksins rækilega í koll og fyrrverandi eiginkona Mahone leitarstjóra skýtur á ný upp kollinum. 2006. Bönnuð börnum.

▶**21.40 Shark** (4:22) (Hákarlinn) Par er skotið til bana í strandhúsi sem það leigði frá einkaspæjara en sá veit öll safaríkustu leyndarmálin um fræga fólkið í Hollywood - þar með talinn Stark sjálfan.

**22.25 The Unit** (6:13) (Úrvalssveitin) Teymið þarf að koma hlerunartæki til njósnara í íranska sendiráðinu þar ríkiserindrekar frá Bandaríkjunum, Íran og Rússlandi ætla að halda fund. Grunur leikur á að Rússar ætli að selja Írönum efni til efnavopnaframleiðslu.

**23.10 Twenty Four (e)** (2.24)

**23.55 Nip/Tuck**(4:15) (Klippt og skorið)

**00.45 Cold Case** (4:24)

**01.30 Out to Sea** (Á sjó)

**03.15 The Simpsons 15** (3.22) (e)

**03.40 Ísland í bítið e**

**05.15 Fréttir og Ísland í dag**

**06.25 Tónlistarmyndbönd frá Popp TíVí**

## SIRKUS TV

**18.00 Insider (e)**

**18.30 Fréttir, íþróttir og veður**

**19.00 Ísland í dag**

**19.30 Seinfeld** (19:24) (e)

**20.00 Entertainment Tonight (e)**

▶**20.30 Ali G**

**21.00 American Dad 3** Þriðja serían um Stan og baráttu hans gegn hryðjuverkum. Frábærar teiknimyndir frá höfundum Family Guy þar sem aðalsöguhetjan er Stan Smith og fjölskylda hans. Stan er útsendari CIA og er því alltaf til taks í baráttunni gegn ógnum heimsins. Fjölskylda hans er ekki eins og aðrar fjölskyldur því að á heimilinu búa m.a kaldhæðin geimvera og þýskumælandi fiskur.

**21.30 The Loop** Gamanþættir um Sam sem er yngsti stjórnandinn hjá stóru flugfélagi. Það hljómar kannski spennandi en tvennt er að angra hann þar sem yfirmaðurinn hans er brjálæðingur og vinnufélagi hans er sífellt að reyna við hann. Á meðan Sam reynir að uppfylla kröfurnar í vinnunni þarf hann einnig að uppfylla kröfur meðleigjanda sinna. Sam býr með bróður sínum og tveimur vinkonum þeirra og vilja þau stunda samkvæmislífið aðeins meira en Sam ræður við.

**22.00 Twenty Four** (13:24) (24 - 2) Jack yfirheyrði Syed Ali, Lyanne komst að tengslum Sherry og Stantons og veiðimaður bjargar Kim í skóginu í síðasta þætti. Spennan magnast í kvöld þar sem Jack er að renna út á tíma að finna sprengjuna.

**22.45 Twenty Four** (14:24) (24 - 2)

**23.30 Insider**

**00.00 Janice Dickinson Modeling Agency (e)**

**00.30 Four Kings (e)**

**00.55 Seinfeld** (19:24) (e)

**01.20 Entertainment Tonight**

**01.45 Tónlistarmyndbönd frá Popp TV**

## N4 SJÓNVARP NORÐURLANDS

**18:15 N4 Fréttir** og að þeim loknum veðurfréttir og magasínþáttur. Dagskráin er endursýnd á klukkutíma fresti til kl. 10:15 næsta dag.

**16:45** og **17:45 Átak með Guðrúnu Gísla**. Endursýning á klukkutíma fresti frá 05:45 til 09:45 næsta dag.

## OMEGA

Dagskrá allan sólarhringinn.

## SKJÁREINN

**07.15 Beverly Hills 90210 (e)**

**08.00 Rachael Ray (e)**

**08.45 Vörutorg**

**09.45 Melrose Place (e)**

**15.15 Vörutorg**

**16.15 Just Deal (e)**

**16.45 Beverly Hills 90210**

**17.30 Rachael Ray** Ísland kemur við sögu í þætti dagsins en þá mun Rachel Ray notast við Reyka Vodka sem framleiddur er í Borgarnesi.

**18.15 Melrose Place**

**19.00 Everybody Loves Raymond (e)**

**19.30 Out of Practice (e)**

**20.00 Skólahreysti - NÝTT** Grunnskólakeppni í fitnessþrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Þetta er liðakeppni milli skóla og hvert lið er skipað tveimur drengjum og tveimur stúlkum úr 9. og 10. bekk. Fjörið hefst með keppni í Laugardalshöll en síðan verður haldið út fyrir höfuðborgina og keppt í Kópavogi, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Borgarnesi. Úrslitakeppnin fer síðan fram í Laugardalshöll og verður hún sýnd í beinni útsendingu.

**21.00 Million Dollar Listing**

**22.00 Close to Home** Lögfræðidrama af bestu gerð. Annabeth Chase er ungur saksóknari sem vill ólm fá öll erfiðustu glæpamálin og hlífir sér hvergi. Það getur verið hættulegt að missa stjórn á skapi sínu í umferðinni.

**22.50 Everybody Loves Raymond**

**23.15 Jay Leno**

**00.05 Heroes (e)**

**01.05 Beverly Hills 90210 (e)**

**01.50 Vörutorg**

**02.50 Melrose Place (e)**

## SKJÁR SPORT

**07.00 Ítölsku mörkin (e)**

**16.00 Ítölsku mörkin (e)**

**17.00 Juventus - Bari (frá 20.jan)**

▶**19.35 West Ham – Liverpool (beint)** Á sama tíma eru eftirtaldir leikir í beinni á hliðarrásum: Arsenal – Man. City, Sheff. Utd. - Fulham, Reading - Wigan, Bolton - Charlton

**22.00 Arsenal - Man. City (frá 30.jan)**

**00.00 Sheff. Utd. - Fulham (frá 30.jan)**

**02.00 Dagskrárlok**




ÖLL GÖMLU GÓÐU LÖGIN ÞÍN
Á GULL BYLGJUNNI

Gull Bylgjan er á Suðvestur horninu á tíðninni 90,9,
á bylgjan.is og Digital Íslandi.

GULL BYLGJAN 909
- ÞESSI GÖMLU GÓÐU!

## Í KVÖLD

### STÖÐ 2 KL. 20.05

**Jack Osbourne – No Fear**



Nú þegar Jack Osbourne – sonur rokkarans Ozzys – hefur skipt rækilega um lífsstíl heldur hann í þessari nýju þáttaröð áfram að prófa hinar ýmsu jaðaríþróttir þar sem reynir fyrst og síðast á hugrekki hans og óttaleysi. Þegar Jack litli kom fyrst fyrir almenningssjónir í þáttunum vinsælu um Osbourne-fjölskylduna stefndi allt í að hann yrði sófahlass hið mesta; hékk inni í tölvuleikjum, lifði á skyndibita, gaf skít í allt sem kalla mætti heilbrigði og nennti varla að stíga fæti út fyrir hallarinnar dyr. En á ögurstundu, þegar útlit var fyrir að hann myndi verða ólyfjan að bráð, ákvað hann að skipta algjörlega um lífsstíl, fór í megrun, uppgötvaði ævintýramanninn í sér og ánetjaðist jaðaríþróttum. Í þessari fjögurra þátta röð fylgjumst við með honum í ham, prófa ótrúlegustu iðju sem fólk um allan heim iðkar í tómstundum sínum.

### ▶ VIÐ MÆLUM MEÐ SKÓLAHREYSTI SKJÁR EINN 20.00

Grunnskólakeppni í fitness-þrautum. Haldnar verða tíu forkeppnir um allt land og mun stigahæsta skólaliðið úr hverjum riðli komast í úrslit. Þetta er liðakeppni milli skóla og hvert lið er skipað tveimur drengjum og tveimur stúlkum úr 9. og 10. bekk. Fjörið hefst með keppni í Laugardalshöll en síðan verður haldið út fyrir höfuðborgina og keppt í Kópavogi, Selfossi, Egilsstöðum, Akureyri, Ísafirði og Borgarnesi. Úrslitakeppnin fer síðan fram í Laugardalshöll og verður hún sýnd í beinni útsendingu.



### RÁS 1 FM 92,4/93,5

**06.45** Veðurfregnir 06.50 Bæn 07.00 Fréttir 07.05 Morgunvaktin 07.30 Fréttayfirlit 08.00 Fréttir 08.30 Fréttayfirlit 09.00 Fréttir 09.05 Laufskálinn 09.45 Morgunleikfimi 10.00 Fréttir 10.03 Veðurfregnir 10.13 Heima er best
**11.00** Fréttir
**11.03** Samfélagið í nærmynd
**12.03** Hádegisútvarp
**12.20** Hádegisfréttir
**12.45** Veðurfregnir
**13.00** Vítt og breitt
**14.00** Fréttir
**14.03** Útvarpssagan: Slóð fiðrildanna eftir Ólaf Jóhann Ólafsson. (21:23)
**14.30** Seiður og hélog
**15.03** Orð skulu standa (e)
**16.00** Fréttir
**16.10** Veðurfregnir
**16.13** Hlaupanótan
**17.03** Víðsjá
**18.00** Kvöldfréttir
**18.25** Spegillinn
**19.00** Vitinn
**19.30** Laufskálinn (Frá því í morgun)
**20.10** Fóstbræðralag (1:2)
**20.50** Í heyranda hljóði
**21.55** Orð kvöldsins
**22.00** Fréttir
**22.15** Lóðrétt eða lárétt
**23.00** Myrkir músíkdagar 2007 - Hljóðritun frá tónleikum Aton í Listasafni Íslands.
**00.10** Útvarpað á samtengdum rásum

**FM 90,9** Talstöðin **FM 99,4** Útvarp Saga **FM 98,9** Bylgjan **FM 95,7 FM957** / Topp tónlistarstöðin **FM 102,2** Útvarp Latibær / Fjölskyldu útvarp **FM 102,9** Lindin / Kristilegt efni **FM 96,7** Létt Bylgjan / Tónlist og afþreying **FM 105,5** Útvarp Boðun / Kristilegt efni **FM 89,5** Kiss / Nýja bítið í bænum **FM 88,5** XA-Radíó / 12 spora efni **FM 91,9** XFM / Tónlist og afþreying **FM 97,7 X-IÐ** / Enginn viðbjóður

### SÝN

**17.00 Gillette Sportpakkinn**
**17.30 Spænski boltinn**
**19.10 Spænsku mörkin** Ítarleg umfjöllun um síðustu umferð í spænska boltanum. Mörkin úr öllum leikjum umferðarinnar, tilþrifin og umdeildu atvikin.
**19.55 Ensku bikarmörkin 2007**
**20.25 Ali/s Dozen** Í þessum þætti númer tvö um Muhammad Ali verður farið yfir sögulegustu og mikilvægustu augnablikin á hnefaleikaferli hans. Kappinn sjálfur valdi atvikin sem hér verða sýnd en hann er fyrir löngu orðin goðsögn í íþróttaheiminum. 2007.
**21.20 PGA Tour 2007 - Highlights** Svipmyndir frá síðasta móti á PGA-mótaröðinni í golfi í Bandaríkjunum.
**22.15 World Supercross GP 2006-2007**
**23.10 Coca Cola mörkin**
**23.40 FA Cup 2006** (QPR - Luton/Blackburn) Útsending frá leik í enska bikarnum.

### FASTEIGNASJÓNVARPIÐ

**20.00 Nýjar eignir** – nýjustu eignirnar á markaðnum sýndar
**21.00 Einbýlishús** – Ertu að leita að einbýlishúsi – þú finnur það hér!
**22.00 Fjölbýli og hæðir** – Litlar og meðalstórar eignir sýndar
**23.00 Nýjar eignir** e.
**0.00 SMS eignir** – veldu þá eign sem þú vilt skoða með því að senda SMS-skilaboð

### DR 1

**6.00** Den lille prinsesse **6.10** SKRÅL **6.30** Snip Snap Snude **6.50** Nasse **7.00** Gurli Gris **7.05** Alfons Åberg **7.15** Charlie & Lola **7.30** Rabatten **8.00** Design for fremtiden **8.30** Ude i naturen **9.00** DR Explorer: Baltikum **9.30** Hva' så Danmark? - reform af den offentlige sektor **10.00** Familiejagten **10.30** Desperate boligdrømme **11.00** TV Avisen **11.10** Horisont **11.35** Grøn glæde **12.00** Genbrugsguld **12.25** Aftenshowet **12.50** Aftenshowet **13.20** Nyheder på tegnsprog **13.30** Ildsjæle **14.00** TV Avisen med vejret **14.10** Dawson's Creek **15.00** Snoop Dogg Special **15.15** SPAM **15.30** Shin Chan **15.35** Lucky Luke **16.00** Store Nørd **16.30** Lille N¢rd **17.00** Aftenshowet **17.30** TV Avisen med Sport **17.55** Vejret på DR1 **18.00** Aftenshowet **18.30** Hvad er det værd **19.00** Uventet besøg **19.30** Kender du typen **20.00** TV Avisen **20.25** Kontant **20.50** SportNyt **21.00** Hvor kragerne vender **21.45** Columbo: En identitetskrise **23.20** Georgi og sommerfuglene **5.30** Pippi Langstrømpe **6.00** Den lille prinsesse

### NRK 1

**11.05** Finansdebatten **12.00** Siste nytt **12.05** Finansdebatten **13.00** Siste nytt **13.05** Finansdebatten **13.40** Distriktsnyheter **14.00** Siste nytt **14.05** Ian tar regien **14.30** Robotboy **14.45** Robotboy **15.00** Siste nytt **15.03** Sport uten grenser **15.15** Siger i blikket **15.30** Liga **16.00** Siste nytt **16.10** Oddasat - Nyheter på samisk **16.25** V-cup skiskyting **16.55** Nyheter påtegnspråk **17.00** Postmann Pat **17.15** Konrad katt **17.25** Robotgjengen **17.40** Distriktsnyheter **18.00** Dagsrevyen **18.30** Ut i naturen: Magasin **18.55** Tinas mat **19.25** Brennpunkt **19.55** Distriktsnyheter **20.00** Dagsrevyen 21 **20.30** Standpunkt **21.15** Extra-trekning **21.30** Safari **22.00** Kveldsnytt **22.10** Kulturnytt **22.15** Utsyn: ? leve med aids **23.05** Jazz: Saksofonisten Barney Wilen **0.00** Larry Sanders-show

### SVT 1

**11.00** Rapport **11.05** Nationalparken - fristad för vem? **11.30** Från ö till ö **13.15** Bohus Bataljon **15.00** Rapport **15.10** Gomorron Sverige **16.00** En doft av choklad **17.00** Världens största kör **17.10** Herr Mask är bäst **17.15** Dra mig baklänges **17.30** Allt och lite till **18.00** Den tatuerade mamman **18.30** Rapport **19.00** Uppdrag Granskning **20.00** Den undre världen **21.00** Sharaf hjältar **21.50** Rapport **22.00** Kulturnyheterna **22.10** Josh Groban - live **23.10** Sändningar från SVT24 **5.00** Gomorron Sverige



**HRÓSIÐ ...**



*...fær Bjarni Þór Bjarnason, fyrsti íslenski presturinn sem settur er í embætti prests ensku biskupakirkjunnar, sem sinnir sálusorgun fyrir enskumælandi trúmenn á landinu.*

# Keyrir landsliðið um af stakri snilld

„Ég pantaði hann enda þekki ég vel hvernig hann vinnur,“ segir Alfreð Gíslason, landsliðsþjálfari Íslands í handbolta. Íslenska landsliðið er eina liðið sem hefur haft sama bílstjórann í gegnum alla heimsmeistarakeppnina í Þýskalandi. Sá heitir Thomas Bockelmann en gengur alla jafnan undir nafninu Bokie hjá „strákunum okkar“.

Fyrst sá Bokie um aksturinn í Magdeburg þar sem landsliðið tryggði sér sigur í sínum riðli. Og svo fylgdi hann liðinu til Dortmund en þar hafa Strákarnir okkar tryggt sér sæti meðal átta bestu. „Þetta er einfaldlega besti dræver sem þú getur fengið,“ heldur Alfreð áfram. „Hann sér um allt og gerir allt,“ bætir hann við. „Og það er alltaf klárt kaffi þegar maður kemur inn í rútuna,“ segir Alfreð og ber Bokie augljóslega vel söguna.



**ALFREÐ** Ber bílstjóranum vel söguna og segir hann einfaldlega alltaf hafa sitt á hreinu.

Bokie er öllu hnútum kunnugur innan landsliðsins enda ekki í fyrsta skipti sem hann situr undir stýri þegar það er annars vegar. Þegar liðið fór í keppnisferðalag til Póllands í fyrra fékk Alfreð bílstjórann Bokie til að ferja liðið. Og Alfreð sjálfur þekkir bílstjórann vel frá fornu fari. Bokie keyrði Magdeburgar-liðið undir stjórn landsliðsþjálfarans þegar hann stýrði því til sigurs í þýsku deildinni og Evrópukeppninni. „Ég hef bara haft alveg hrikalega góða reynslu af honum,“ segir Alfreð en vildi þó ekki ganga svo langt að kalla Bokie lukkutröll íslenska landsliðsins.

-fgg



**BOKIE** Thomas Bockelmann þykir hinn besti ökumaðurinn og hefur ferjað íslenska landsliðið á HM í Þýskalandi.
FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR



**LÁRÉTT**
**2** tryggur **6** þverslá á siglutré **8** örn **9** tímabils **11** vörumerki **12** blundur **14** kortabók **16** karlkyn **17** geislahjúpur **18** for **20** ryk **21** fimur.

**LÓÐRÉTT**
**1** atlaga **3** guð **4** verkfæri **5** þakhæð **7** aðgætinn **10** sæti **13** hamfletta **15** þó **16** kóf **19** slá.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2** trúr, **6** rá, **8** ari, **9** árs, **11** ss, **12** svefn, **14** atlas, **16** kk, **17** ára, **18** aur, **20** im, **21** frár. **LÓÐRÉTT: 1** árás, **3** ra, **4** úrsnari, **5** rís, **7** árvakur, **10** set, **13** flá, **15** samt, **16** kaf, **19** rá.

SMÁAUGLÝSINGAR FRÉTTABLAÐSINS
**Yfir 150.000 gestir daglega.**
**Stórmarkaður í stofunni heima.**
PÖNTUNARSÍMI 550 5000
EÐA Á VISIR.IS
FRÉTTABLAÐIÐ



**HÓTEL GLYMUR** Í hjarta Hvalfjarðar.

HÓTEL GLYMUR: GRIÐASTAÐUR FRÆGA FÓLKSINS

# Emma Thompson og Stephen Fry í Hvalfjörðinn

Enska Óskarsverðlaunaleikkonan Emma Thompson og gamanleikarinn Stephen Fry hafa í hyggju að halda stórt kvikmyndahandritanámskeið á Hótel Glym. Þetta staðfestir annar eigandi hótelsins, Hansína B. Einarsdóttir, en hún rekur hótelið ásamt Jóni Rafni Högnasyni. Ætlunin er að Thompson og Fry komi hingað í lok þessa árs og mun fjöldi fólks sitja fyrirlestra og vinnufundi tengda gerð kvikmyndahandrita. Námskeiðið er haldið í nánu samstarfi við Icefusion.com, samstarfsfyrirtæki hótelsins í London.

Hótel Glymur hefur vakið mikla athygli hérlendis sem erlendis og segir Hansína að þau séu markvisst að gera út þá ró og kyrrð sem er í Hvalfirðinum. Þau kalla þetta Working Week in Iceland eða Vinnuviku á Íslandi. Vegalengdirnar séu enda stuttar, aðeins níutíu mínútna akstur frá Keflavík. „Við höfum fengið einn þekktasta útvarpsmann BBC, Tony Hawks, til að aðstoða okkur við gerð kvikmyndar um hótelið og svæðið og Hawks las meðal annars allan textann inn á myndina fyrir okkur,“ upplýsir Hansína og bætir því að þau séu í góðu samstarfi við Icefusion.com, en nú er verið að leggja lokahönd á þrjár lúxussvítur sem taka á í notkun á næstunni. Þá eru heitir pottar hótelsins annálaðir fyrir þægindi og breska blaðið The Indipendent valdi þá meðal þeirra fimm bestu í heiminum.



**EMMA THOMPSON** Óskarsverðlaunaleikkonan hefur í hyggju að halda handritanámskeið á Hótel Glym.

Allt starfsfólk hótelsins er á fullu við að undirbúa stórt námskeið undir Chesney Hawks, frægs sönglagahöfundar, sem haldið verður í apríl. Þá munu átján söngleikjahöfundar hvaðanæva að úr heiminum koma til að ráða ráðum sínum og semja. „Stórt upptökuver verður sett upp í kirkju Hallgríms Péturssonar í Saurbæ og það hlýtur að teljast spennandi fyrir þessa listamenn að semja á slóðum þessa merkasta skálds okkar Íslendinga,“ segir Hansína en meðal þátttakenda má nefna Sean Lennon, son John Lennon og Yoko Ono. Þá mun Tim Rice, nánasti samstarfsmaður Andrews Lloyd Webber, ætla að leggja hótelið undir sig og krikket-teymi þannig að í nógu verður að snúast hjá þeim Hansínu og Jóni í Hvalfirðinum.



**HANSÍNA OG JÓN RAFN** Eigendurnir gera út á Working Week in Iceland þar sem fólk getur athafnað sig í friði og ró.

freyrgigja@frettabladid.is

## FRÉTTIR AF FÓLKI

Rithöfundurinn og myndlistarmaðurinn **Hallgrímur Helgason** hefur tekið veraldarvefinn í sína þjónustu og komið upp heimasíðunni hallgrimur.is. Á síðunni, sem er bæði rituð á ensku og íslensku, kennir ýmissa grasa. Fyrir utan fréttir af skáldinu og gengi hugverka hans á erlendum slóðum má meðal annars finna yfirlit yfir þau málverk sem Hallgrímur málaði á árunum 1983 til 1996, yfirlit yfir ritverk hans og greinar sem hann skrifar í fjölmiðla, þar á meðal Fréttablaðið. Ofurbloggarar þurfa hins vegar ekki að óttast að Hallgrímur taki sneið af þeirra köku, þá iðju hefur hann ekki hugsað sér að taka upp.



Spurningaballið er að byrja á Stöð 2 en fyrsti þáttur Meistarans er á dagskrá á fimmtudaginn. Gestir í fyrsta þættinum eru annars vegar **Siv Friðleifsdóttir** og **Jóhannes** eftirherma **Kristjánsson** sem munu keppa við **Vilhjálm Þ. Vilhjálmsson** borgarstjóra og **Gísla Martein Baldursson** borgarfulltrúa. **Logi Bergmann Eiðsson** stjórnandi þáttarins gerir að sögn fastlega ráð fyrir blóðugri baráttu. Að viku liðinni eru það svo feðginin **Lára** og **Ómar Ragnarsson** sem takast á við bræðurna **Steingrím S.** og **Jón Ólafsson.** Eftir þessa tvo upphitunarþætti tekur alvaran við.



Hollendingar virðast hafa hrifist af kvikmyndatvíleiknum Börn og Foreldrar sem **Ragnar Bragason** leikstýrir en kvikmyndirnar eru nú sýndar á Rotterdam-hátíðinni. Samkvæmt opinberri heimasíðu hátíðarinnar eru báðar myndirnar á topp tíu lista gesta yfir bestu myndirnar. Börn fer alla leið upp í fimmta sætið en í níunda sæti sitja Foreldrar.



- bs/jbg/fgg

Námskeið fyrir millistjórnendur:
**Verkstjórnarnámskeið**



**Námskeiðið er ætlað öllum verkstjórnendum eða þeim sem hafa áhuga á þannig starfi.**

Markmiðið er að þjálfa millistjórnendur sem geta tekið á málum sem varða hagsmuni fyrirtækja og starfsmanna.

Námsþættirnir eru yfir 20. Meðal þeirra eru:

- Almenn samskipti
- Samningatækni
- Hvatning og starfsánægja
- Áætlanagerð
- Valdframsal
- Stjórnun breytinga

Námskeiðið er samtals *100 stundir* og skiptist í tvo hluta. Næstu námskeið hefjast *5. febrúar, 12. mars* og *23. apríl*.

Nánari upplýsingar og skráning í *síma 570 7100* og á vefsíðu okkar *www.iti.is*

Iðntæknistofnun

# Radíusbróðir í predikunarstól

„Ég segi nú ekki að ég sé farin að troða upp í kirkjum, en ég var beðinn að predika á sunnudag og fannst ég ekki geta skorast undan,“ segir Davíð Þór Jónsson þýðandi sem predikaði í guðsþjónustu í Neskirkju á sunnudag.

Davíð segir að það sé að færast í aukana að leikmenn séu beðnir að predika í messum. „Þetta er ekkert einsdæmi, langt því frá. Ég ákvað að þekkjast boðið þar sem ég lærði guðfræði á sínum tíma og hugðist jafnvel gerast prestur.“ Hann kveðst þó ekki hafa átt gamla stólaræðu í fórum sínum heldur frumsamdi hann hana fyrir þetta tækifæri. „Ég las bara texta dagsins og velti honum fyrir mér. Í ræðunni fjalla ég um það hvernig manni hættir til að setja sig bara í samband við guð þegar maður er í sparifötunum; við eigum til að umgangast hann frekar eins og bankastjóra sem við leitum til þegar okkur vantar eitthvað en ekki eins og sannan vin sem maður bæði leitar til og gefur eitthvað til baka.“



**DAVÍÐ ÞÓR JÓNSSON** Lærði guðfræði á sínum tíma og hafði hugsað sér að gerast prestur.

Vel var mætt í messu og segir Davíð að predikun sinni hafi verið vel tekið. Hann játar þó að lengi vel tóku menn síður mark á honum þegar hann ræddi trúmál þar sem hann var þekktur grínisti, og þeim Steini Ármanni Magnússyni í Radíusbræðrum fátt heilagt í gamanmálum sínum. „Það hefur sem betur fer breyst, ég held að Jón Gnarr hafi rutt brautina mikið í þessu leyti. Fólk hefur áttað sig á að maður getur verið að grínast aðra stundina og rætt um andans mál þá næstu.“

Prédikun Davíðs má finna á vefsíðunni tru.is.

-bs

**UPPSELT Á ALLAR SÝNINGAR Í FEBRÚAR OG MARS!**

**VEGNA GRÍÐARLEGRAR EFTIRSPURNAR: AUKASÝNINGAR Í APRÍL**




# KARÍUS OG BAKTUS




Nú er tónlistin úr leikritinu komin út á geisladisk.

**Fáanlegt í Borgarleikhúsinu: Diskurinn, bókin, veggspjöld og stuttermabolir.**

Sýningin tekur 25 mínútur í flutningi.
Miðaverð 1.450 kr.


Samstarfsaðili: Colgate

BORGARLEIKHÚSIÐ


## Tryggðu þér miða strax!

| | | | |
|---|---|---|---|
| Sun. **4. feb.** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **11. feb.** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **18. feb.** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **25. feb.** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **4. mars** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **11. mars** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **18. mars** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |
| Sun. **25. mars** | kl. 13 **UPPSELT**, | kl. 14 **UPPSELT**, | kl. 15 **UPPSELT** |

**Aukasýningar í apríl í sölu núna:**

Sun. **1. apríl** kl. 13 **í sölu núna!**, kl. 14 **í sölu núna!**, kl. 15 **í sölu núna!**
Sun. **15. apríl** kl. 13 **í sölu núna!**, kl. 14 **í sölu núna!**, kl. 15 **í sölu núna!**
Sun. **22. apríl** kl. 13 **í sölu núna!**, kl. 14 **í sölu núna!**, kl. 15 **í sölu núna!**

**Fyrstir koma – fyrstir fá!**

**Sýnt í Borgarleikhúsinu.**

**Miðasölusíminn: 568 8000**

**Sala á netinu: www.borgarleikhus.is**

LEIKFÉLAG AKUREYRAR

# FRÉTTABLAÐIÐ

**SÍMANÚMER FRÉTTABLAÐSINS:** 550 5000, fax: 550 5099 **Ritstjórn:** 550 5005, fax: 515 7506, ritstjorn@frettabladid.is
**DREIFING:** dreifing@posthusid.is **Auglýsingadeild:** auglysingar@frettabladid.is **Veffang:** visir.is

**VIÐ SEGJUM FRÉTTIR** **SMÁAUGLÝSINGASÍMINN ER 550 5000**

Hin árlega stórsýning á fasteignum á Spáni:
**LÁTTU DRAUMINN RÆTAST** 2007
Í Perlunni 3-4. febrúar kl. 12-18

heimili FASTEIGNASALA
Síðumúla 13 – Sími 530-6500
www.heimili.is

gloria casa
Síðumúla 13 – Sími 517-5280
www.gloriacasa.is



**BAKÞANKAR**

ÞÓRHILDAR ELÍNAR ELÍNARDÓTTUR

## *Neyslumegrun*

Munurinn á gamla tímanum þegar við létum selja okkur maðkað mjöl og nýja tímanum þegar við látum selja okkur hvað sem er á uppsprengdu verði er sorglega lítill. Ennþá tuðum við yfir óréttlætinu í fimm mínútur og svo er það búið. Í tengslum við umræðu um himinhátt verðlag á Íslandi sem margir tengja ofurtollum og sígildri gróðafíkn seljenda hefur samt vaknað til nýs lífs hugmyndin um hinn meðvitaða neytanda.

**FYRIR** hugsjónina um einfaldara, umhverfisvænna líf hefur hópur fólks í útlöndum nú í heilt ár lifað ágætu lífi án þess næstum að kaupa nýtt snitti, heldur aðeins notað. Undanskilin eru lyf, matur og lágmarksfatnaður sem þó skal helst vera framleiddur í héraði úr hreinum efnum. Þessar dramatísku aðgerðir eru byggðar á því að við höfum val og í hvert sinn sem við drögum upp veskið erum við að greiða atkvæði.

**IÐULEGA** stend ég mig að því í biðröðinni við búðarkassann að skima aftur fyrir mig í búðina og ofan í körfur annarra eftir einhverju fleiru sem ég gæti hugsanlega keypt, sem mögulega gæti vantað. Einhvers staður á leiðinni hlýt ég að hafa gleymt því að hófsemi er dyggð og finnst helst að allt þurfi alltaf að vera til. Og þó flest mín útsöluinnkaup séu dæmd til að mistakast finnst mér ég vera að missa af einhverju þegar ég heyri kræsilegan afsláttinn auglýstan. Þannig er ég skólabókardæmi um ofurneytanda, meira að segja þótt mér finnist leiðinlegt að versla.

**ÞAÐ** er einhver rómantík yfir hugmyndinni um innkaupalítið líf, þó reyndar sé spurning um raungildi þeirrar rómantíkur. Eftir svona tvo mánuði án aðkeyptrar vöru og þjónustu væri ég sennilega orðin lufsulegur hippi sem ræktaði rófur og blómkál á svölunum, klippti sjálf á mér hárið og gengi í endurunnum ullarsokkum frá Kattavinafélaginu.

**Á** tímum þegar hinir útvöldu hampa ríkidæmi sínu og finnst ekkert vera of mikið fyrir sig og sína, væri að minnsta kosti snjallt hjá sumum okkar hinna að velta fyrir okkur hollustu dálítillar neyslumegrunar. Varningurinn sem við mokum daglega úr búðum í bílinn og heim er stundum bara byrði. Hleðst upp í geymslunni og oft verðum við fegnust þegar draslið er loks komið í Sorpu.

Gefðu dýrmætasta efni í heimi
Hjálparstarf kirkjunnar
www.help.is

